# HÆTTA Á HRÚTLEIÐINLEGU ÍSLANDI

Guðmundur Ólafsson og Anna Svava Knútsdóttir setjast á rökstóla VIÐTAL 26





LITAGLEÐI HINNA UNGU MÁLARA
MYNDLIST 34



STRÁKARNIR Í NOLO SLÁ Í GEGN
TÓNLIST 44


# FRÉTTABLAÐIÐ

PITT

HELGARÚTGÁFA

16. janúar 2010 — 13. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


**ÞRIÐJA GRÁÐAN** 36



Tobba Marinós er nýr stjórnandi Djúpu laugarinnar.

**HEILBRIGÐISMÁL** 26

Rætt við Geir Gunnlaugsson, nýskipaðan landlækni.

**STÍLL** 46

Klútar frá Philippe Clause.



**TVÖ SÉRBLÖÐ Í DAG**






**LANDAÐ ÚR GEIRFUGLI** Skipverjarnir þrír á línubátnum Geirfugli GK66 lönduðu rúmu þremur og hálfu tonni af ýsu og þorski í Hafnarfirði eftir hádegi í gær. Aflinn kom eftir einn drátt á 12 þúsund króka og verðmætið er nálega milljón. Jón Ásgeir Halldórsson, sem hér sést, var nokkuð ánægður eftir níu tíma túr og sagði daginn hafa verið ágætan. FRÉTTABLAÐIÐ / GVA

Uppgötvun hjá Hjartavernd:

## Mikilvægt skref í læknisfræði

**HEILBRIGÐISMÁL** Vísindamenn Rannsóknarstöðvar Hjartaverndar í samvinnu við alþjóðlegan hóp vísindamanna hafa fundið níu genasvæði sem tengjast innra leiðslukerfi hjartans.

Niðurstöður rannsóknar vísindamannanna opna hugsanlega fyrir nýja möguleika til að spá fyrir um hjartsláttartruflanir og þá um leið möguleika til að nýta niðurstöðurnar í fyrirbyggjandi læknisfræði. Niðurstöður birtust nýlega í vefriti hins virta vísindatímarits Nature Genetics.



Rannsóknin náði til tæplega 29 þúsund manns og er samvinna sjö stórra hóprannsókna. Þeirra á meðal er öldrunarrannsókn Hjartaverndar.

Innra leiðslukerfi hjartans hefur verið rannsakað með hjartalínuritum í yfir hundrað ár og er það eitt af mikilvægari tækjum í hefðbundinni læknisfræði í dag. Ítarlegri þekking á þeim þáttum sem stýra innri leiðslu og samdrætti hjartans opnar fyrir nýja möguleika til að greina fyrr alvarlegar hjartsláttartruflanir eins og gáttaflökt en fimm af þessum genasvæðum sem fundust í erfðamenginu tengjast eðlilegri leiðni í hjartanu og einnig gáttaflökti. - shá

# Komið 1,5 milljarða fram úr

**Eftir miklar tafir á að taka menningarhúsið á Akureyri í notkun í sumar. Kostnaður við bygginguna nemur rúmum 3,4 milljörðum króna, 79 prósentum umfram upphaflega áætlun sem uppreiknuð er 1,9 milljarðar.**

**AKUREYRI** Upphafleg kostnaðaráætlun Hofs, menningarhússins á Akureyri, frá nóvember 2003, nam 1,2 milljörðum króna. Hefur kostnaður nú aukist um 2,2 milljarða og nemur 3,4 milljörðum króna.

Uppreiknuð með vísitölu neysluverðs hljóðar áætlunin frá 2003 upp á 1,9 milljarða. Umframkostnaður nemur um 1,3 milljörðum króna og er rakinn að hluta til gengishruns krónunnar.

„Þetta er eðlileg þróun,“ segir Guðríður Friðriksdóttir, framkvæmdastjóri fasteigna Akureyrarbæjar. „Húsið hefur tekið miklum breytingum síðan upphaflega áætlunin var gerð og hefur stækkað um nær helming. Tónlistarskólinn verður þarna til húsa og einnig er búið að byggja kjallara undir alla bygginguna, en hvorugt þessara var partur af upphaflegu kostnaðaráætluninni.“

Þeir sem að byggingu menningarhússins standa segja að þrátt fyrir ákveðna erfiðleika hafi margt jákvætt komið út úr kreppunni. Til að mynda hafi verið ákveðið að bjóða húsgagnahönnun og framleiðslu út til innlendra aðila. „Það er mjög viðeigandi og mikilvægt að í nýju menningarhúsi sé til staðar íslensk hönnun enda er hún hluti af okkar menningu,“ segir Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri menningarfélagsins Hofs.

Í apríl 2003 undirrituðu Kristján Þór Júlíusson, þá bæjarstjóri á Akureyri, og Tómas Ingi Olrich, sem þá var menntamálaráðherra, samning sem staðfesti byggingarframkvæmd menningarhúss á Akureyri. Átti upprunalega að taka húsið í notkun í lok árs 2007. Opnuninni var svo frestað til vors 2009 og enn stendur menningarhúsið óklárað. Opnun er fyrirhuguð 28. ágúst næstkomandi.

„Það var að mínu mati skynsamleg ákvörðun að fresta opnuninni þegar kreppan skall á okkur í lok árs 2008 og skapa þannig jafnari vinnu til lengri tíma fyrir þá sem vinna við bygginguna,“ segir Ingibjörg, en framkvæmdin hefur búið til allt að 50 störf á síðustu misserum.

Starfsemin í menningarhúsinu verður fjölþætt, en það á að hýsa Tónlistarskólann á Akureyri, ásamt Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, og fleiri stofnanir, auk þess sem Leikfélag Akureyrar verður með aðstöðu til þess að setja upp stærri sýningar. Búið er að bóka ráðstefnur í Hofi fram í desember 2011. - sv



MYND/HEIÐA.IS

**HOF** Mun meiri peningum hefur verið varið til hússins en áætlað var.





Fréttablaðið er með 143% meiri lestur en Morgunblaðið.

Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18 – 49 ára. Könnun Capacent í ágúst 2009 – október 2009.






## SPURNING DAGSINS



*Birna, eru þetta þessir læknar án landamæra?*

„Nei, þessir eru ekki bara án landamæra, heldur líka lausir við hlekki hugans!“

Könnun Læknafélags Íslands gefur vísbendingar um að þriðjungur lækna í sérnámi erlendis ætli ekki endilega að koma heim að loknu námi. Áður sneru þeir flestir heim. Birna Jónsdóttir er formaður Læknafélagsins.

Óljóst hvenær endurskoðun efnahagsáætlunar AGS fer fram:

# Skuldatryggingarálag hækkar

**EFNAHAGSMÁL** Skuldatryggingarálag hækkaði á fimmtudag eftir að hafa staðið í stað um skamma hríð í rúmlega 500 punktum og hækkaði upp í rúmlega 540 punkta. Í Morgunkorni Íslandsbanka er hækkunin tengd yfirlýsingum Dominique Strauss-Kahn, framkvæmdastjóra Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, (AGS) og Fredrik Reinfeldt, forsætisráðherra Svíþjóðar, en af orðum þess fyrrnefnda mátti skilja að aðgerðaráætlun sjóðsins og stjórnvalda kunni að tefjast á meðan óvissa er um afdrif Icesave.

Reinfeldt sagði í samtali við Reuters að Svíar myndu ekki lána Íslendingum fyrr en AGS hefði endurskoðað áætlun sína.

Strauss-Kahn sagði á blaðamannafundi á fimmtudag að hann skildi að Íslendingum þætti ósanngjarnt að þurfa að taka á sig byrðar vegna gerða Landsbankans. „Á hinn bóginn hafa lönd alþjóðlegar skuldbindingar og þeir verða að skilja að Ísland, sem sjálfstætt ríki, getur ekki verið undanskilið því sem fjármálageiri þess orsakaði.“

Ekki var búið að ákveða dagsetningu fyrir endurskoðun áætlunarinnar, en reiknað var með að hún færi fram í janúar. Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra sagði í samtali við Fréttablaðið á miðvikudag að alls óvíst væri að svo gæti orðið. Stjórnvöld ynnu að því hörðum höndum að svo gæti orðið. - kóp



**STRAUSS-KAHN** Framkvæmdastjóri AGS segir að Ísland geti ekki verið undanskilið því sem fjármálageiri þess orsakaði. NORDICPHOTOS/AFP

Starfsmaður Samskipa í haldi:

# Grunaður um fíkniefnasmygl

**LÖGREGLUMÁL Tveir karlmenn um fertugt voru í gær úrskurðaðir í gæsluvarðhald til 21. janúar, grunaðir um að hafa staðið að innflutningi á þremur til fjórum kílóum af fíkniefnum. Um er að ræða hvítt efni, en ekki fékkst staðfest í gær hvort um amfetamín eða kókaín væri að ræða.**

**Efnin voru flutt með vöruflutningaskipi frá Samskipum en annar maðurinn starfar hjá fyrirtækinu. Skipið kom hingað frá Árósum í Danmörku á miðvikudaginn en skip Samskipa koma við í mörgum höfnum áður og ekki er upplýst hvar efnin eru talin hafa verið sett um borð.** - jss



**VINKONURNAR** Anna og Elísabet fá eina milljón króna fyrir að eiga þrjár bestu tillögurnar um forsíðu nýjustu Símaskrárinnar.

Keppni um forsíðu Símaskrár:

# Vinkonur tóku öll verðlaunin

**LISTIR** Vinkonurnar Anna Ingólfsdóttir og Elísabet Brynhildardóttir áttu saman þær tillögur sem lentu í þremur efstu sætum í forsíðusamkeppni Símaskrárinnar. Þema keppninnar var „Ísland í jákvæðu ljósi.“

Um 1.530 tillögur í keppnina en skilafrestur rann út 1. desember síðastliðinn. Fimm manna dómnefnd valdi þær þrjár tillögur sem henni þóttu bestar auk þess sem almenningi gafst kostur á að veita álit sitt á þeim í netkosningu. Dómnefndin hafði enga vitneskju um nöfn höfunda fyrr en að vali loknu.

Vinkonurnar skipta með sér verðlaunafénu öllu, samtals einni milljón króna sem afhent var í gær, auk heiðursins sem í því felst að fá verkið prentað framan á 150 þúsund símaskrár. - jab

# Unnið að sendingu átta fanga úr landi

**Dómsmálaráðuneytið vinnur að því að senda átta fanga héðan til afplánunar í föðurlandi sínu. Beðið er eftir ákvörðun um brottvísun sex þeirra. Tveir fara sjálfviljugir. Ellefu erlendir fangar eru með þyngri dóm en tveggja ára fangelsi.**

**FANGELSISMÁL** Í fangelsum hér á landi sitja í dag ellefu erlendir fangar með þyngri dóma en tveggja ára fangelsi. Unnið er að flutningi tveggja fanganna til afplánunar í föðurlandi sínu og hjá Útlendingasofnun er nú unnið að brottvísun sex til viðbótar. Þrír af þessum ellefu munu ekki afplána í föðurlandi sínu þar sem þeim hefur ekki verið vísað úr landi.

Þetta segir Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra, spurð um flutning erlendra fanga héðan til afplánunar í föðurlandinu.

„Ljóst er að flutningur fanga til afplánunar í heimalandi sínu er ekki raunhæft úrræði til að takast á við þann vanda sem fangelsiskerfið á við að etja þar sem ferlið er mjög langt og þungt í vöfum,“ segir dómsmálaráðherra. Þarna gildir einu þótt dómsmálaráðherrar Íslands og Litháens hafi 2008 gert með sér samkomulag um að veita beiðnum á grundvelli Evrópuráðssamningsins forgang þannig að þær yrðu afgreiddar eins fljótt og kostur væri.

„Einungis er hægt að flytja fanga sem hlotið hafa þunga dóma, til dæmis tveggja til þriggja ára dóma eða þyngri,“ segir ráðherra.

Ástæða þess er meðal annars að sjálft undirbúningsferlið hér á landi tekur langan tíma. Flestir fanganna vilja ekki afplána í sínu heimalandi og því þarf að liggja fyrir brottvísunarúrskurður áður en ákveðið er að senda beiðni til föðurlands fangans, að sögn Rögnu. Mál erlendra afbrotamanna eru tekin fyrir hjá Útlendingastofnun þegar fullnaðardómur hefur gengið í máli þeirra. Ákvörðun Útlendingastofnunar er síðan hægt að kæra til dómsmálaráðuneytisins.



**FANGELSI** Ellefu erlendir fangar með meira en tveggja ára fangelsisdóm afplána nú í fangelsum landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

„Þegar endanleg ákvörðun liggur fyrir um brottvísun er hægt að senda dóma og önnur nauðsynleg gögn í þýðingu,“ útskýrir Ragna. „Þá þarf að afla afstöðu fangans en samkvæmt núgildandi samningi þarf að gera sérstaklega grein fyrir afstöðu þeirra til flutnings í beiðninni til heimalandsins. Þegar hægt er að senda út beiðni er fanginn búinn að afplána nokkra mánuði, jafnvel ár í gæsluvarðhaldi auk nokkurra mánaða sem brottvísunarferlið og annað undirbúningsferli tekur. Þá setur gildandi samningur það að skilyrði að að minnsta kosti sex mánuðir séu eftir af afplánun viðkomandi fanga.“

Aðspurð segir Ragna að rætt hafi verið að freista þess að gera svipað samkomulag og gert var við Litháen við önnur ríki sem erlendir brotamenn koma frá.

jss@frettabladid.is

### FJÖLDI FANGA

| | |
|---|---|
| **Afplánun** | **118** |
| Íslendingar | 103 |
| Útlendingar | 15 |
| **Gæsluvarðhald** | **26** |
| Íslendingar | 13 |
| Útlendingar | 13 |
| **Einangrun** | **8** |
| Íslendingar | 3 |
| Útlendingar | 5 |

Heimild: Fangelsismálastofnun

Leikskólabörn á Ströndum:

# Skólabíll tekur ekki öll börnin

**SKÓLAMÁL** Ekki er lengur pláss fyrir öll leikskólabörn í skólabílnum á Ströndum og hefur verið ákveðið að börn frá tveimur bæjum skiptist á um að fá far með bílnum. Samkvæmt samkomulagi sem sveitarfélagið Strandabyggð náði við alla foreldra fá börnin frá bæjunum Miðhúsum far með skólabílnum daglega en barn frá Heydalsá og barn frá Tröllatungu skiptast á um að nota skólabílinn. Þannig fái barnið frá Heydalsá að nota skólabílinn aðra vikuna og barnið frá Tröllatungu vikuna á móti. Einn sveitarstjórnarmaður lét bóka að hann væri ósáttur við fyrirkomulagið því það mismunaði börnum. - gar



**JEAN-CLAUDE TRICHET** Bankastjóri Seðlabanka Evrópu.

Óbreyttir vextir á evrusvæði:

# Hækkun hugsanleg á árinu

**EFNAHAGSMÁL Seðlabanki Evrópu ákvað í vikunni að stýrivöxtum yrði haldið í einu prósentustigi. Stýrivextir voru færðir niður í eitt prósent í maí í fyrra og hafa þeir aldrei verið lægri.**

**Bandaríska stórblaðið New York Times segir vaxtaákvörðunina sýna að aðildarríki myntbandalagsins glími enn við að koma efnahagskerfinu upp úr kreppunni. Ekki megi útiloka að bankinn grípi til aðhaldsaðgerða á seinni hluta árs til að halda verðbólgudraugnum frá og hækki stýrivexti.** - jab

## VIÐSKIPTI

### Sjóvá til sölu

Sjóvá-Almennar tryggingar verða settar í söluferli á mánudag af fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka. Öllum áhugasömum fjárfestum, sem geta sýnt fram á eignastöðu umfram fimm hundruð milljónir, gefst kostur á að bjóða í allt að hundrað prósent hlutafjárins. Fyrirvari er þó settur um samkeppnisreglur og samþykki Fjármálaeftirlitsins.






Rætt um þverpólitíska samráðsnefnd vegna Icesave-deilunnar:

# Vonast eftir viðbrögðum á morgun

**STJÓRNMÁL** Forystumenn ríkisstjórnarinnar vonast eftir viðbrögðum Breta og Hollendinga við þreifingum um nýjar samningaviðræður um Icesave á næstu dögum, jafnvel á morgun.

„Jóhanna hefur talað um fyrri hluta næstu viku, það er orðalagið sem hún hefur notað,“ segir Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins. Heimildir innan stjórnarráðsins vildu þó ekki staðfesta þetta.

Á fundi oddvita stjórnmálaaflanna í Stjórnarráðinu í gær var reynt að ná samkomulagi um áframhald Icesave-umræðna.

Meðal annars var rætt um skipan þverpólitískrar samráðsnefndar, kæmi til nýrra viðræðna við Breta og Hollendinga. Sú nefnd hefði meðal annars samráð um hvernig yrði skipað í hugsanlega viðræðunefnd.

Einnig bar á góma hver markmið Íslands ættu að vera í slíkum viðræðum.

„Það er mikilvægt að við séum sammála um þær áherslur áður en þetta færi að stað, því annars er þetta andvana fætt,“ segir Bjarni.

Birgitta Jónsdóttir úr Hreyfingunni segir einnig mikilvægt að flokkarnir nái saman um sameiginlega sýn á málin.

„Bretar og Hollendingar hljóta að gera sér grein fyrir því að þjóðirnar þurfa að ræða málin,“ segir hún.

Heimildir blaðsins telja það jákvætt merki að fulltrúar erlendu ríkjanna hafi enn ekki hafnað hugsanlegum viðræðum. - kóþ, kóp



**Á RÖKSTÓLUM** Sumir heimildarmenn blaðsins telja ólíklegt að Bretar og Hollendingar verði við beiðnum um að fara enn á ný í viðræður við Íslendinga fyrr en fullkomin sátt næst milli stjórnmálaflokkanna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# útsalan heldur áfram

OPIÐ TIL
21:00
Skútuvogi

## AÐEINS BROT AF ÚRVALINU!



30% AFSLÁTTUR
2.290
3.849
Kastari Colorado
Einfaldur, margir litir
6000682-686
AF ÖLLUM
**HEIMILISLJÓSUM**



40% AFSLÁTTUR
11.750
19.590
Útiljós Durban 9W
6002052
AF ÖLLUM
**ÚTILJÓSUM**



20-55% AFSLÁTTUR
2.299kr/m²
2.890kr/m²
Pekín Marfil,
veggfl. 25x36,5 sm
8611010
AF **VEGG- OG GÓLFFLÍSUM**



20% AFSLÁTTUR
55.900
69.900
Ísskápur
142sm, orkunýting A
Kælirými 171 ltr
Frystirými 41 ltr
1805498
AF ÖLLUM
**HEIMILISTÆKJUM**



20-70% AFSLÁTTUR
2.999
5.999
Matarstell, 20 stk
2009241
AF ÖLLUM
**BÚSÁHÖLDUM**



20% AFSLÁTTUR
sérverð
7.499
14.999
Hitachi áltaska
Þrískipt, 45x25x72 sm
5247618
AF **VERKFÆRABOXUM**



**Allar**
pottaplöntur
**20-50%**
afsláttur

blómaval
heillandi heimur

## NÝTT!

Vandaðar
dúnúlpur
á frábæru
kynningarverði

Væntanlegt í
**allar** verslanir
Húsasmiðjunnar
í næstu viku



**12.990**

Herra, svartar,
S - XXXL
Dömu, svartar
og rauðar, S - XXL
5869816-34

## Við berjum niður verðið!

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

## GENGIÐ 15.01.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 124,76 | 125,36 |
| Sterlingspund | 203,03 | 204,01 |
| Evra | 179,47 | 180,47 |
| Dönsk króna | 24,111 | 24,253 |
| Norsk króna | 22,014 | 22,144 |
| Sænsk króna | 17,695 | 17,799 |
| Japanskt jen | 1,3742 | 1,3822 |
| SDR | 195,98 | 197,14 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

234,107

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fjörutíu og sex börn á Haítí eiga íslenskar stuðningsfjölskyldur:

# Getum dregið úr neyðinni á Haítí

**HAÍTÍ** Fjörutíu og sex börn í barnaþorpi SOS í Santo rétt utan við Port-au-Prince á Haítí eiga stuðningsforeldra á Íslandi. Þau sluppu öll heil á húfi frá jarðskjálftanum á þriðjudagskvöld, að sögn Ragnars Schram, hjá SOS á Íslandi.

Linda Laufey Bragadóttir og fjölskylda hennar hafa stutt eitt þessara barna, hina níu ára Judeline, í um tvö ár og fengu jólakort frá henni daginn eftir skjálftann.

Á kortið hafði Judeline teiknað peningapoka með dollaramerki og óskum um gleðileg jól. „Það er ótrúleg tilviljun að Judeline skyldi skreyta kortið á þennan hátt,“ segir Linda Laufey. „Í ljósi þessara hörmulegu atburða fær þessi litli peningapoki aukið vægi og minnir okkur öll á hversu gott við getum látið af okkur leiða með fjárframlögum og dregið úr neyð þessa fólks.“

Ragnar Schram segir að þótt SOS starfi ekki við neyðaraðstoð veiti samtökin nú nauðstöddum þá hjálp sem þau geta. Þegar frá líði bíði gríðarleg enduruppbygging. Munaðarlausum börnum í SOS-þorpunum muni áreiðanlega fjölga á næstunni. SOS eru alþjóðleg samtök sem starfa í 132 ríkjum og reka tvö barnaþorp á Haítí. Íslendingar hafa stutt börn í þorpinu í Santo. **- pg**

### SAFNA FYRIR FÓRNARLÖMB Á HAÍTÍ

Að minnsta kosti þrenn samtök hér á landi taka við framlögum þeirra sem vilja styðja neyðarhjálp og uppbyggingarstarf á Haítí. Ýmist er hægt að hringja í söfnunarsíma eða leggja inn á reikninga. Nánari upplýsingar um safnanir er til dæmis að finna á heimasíðum Rauða kross Íslands (rki.is), Unicef (unicef.is) og SOS barnaþorpa (sos.is).




**JÓLAKORTIÐ** „Peningapokann hefur hún áreiðanlega hugsað sem táknrænan fyrir þann fjárhagsstuðning sem við veitum henni,“ segir stuðningsmóðir Judeline, níu ára stúlku á Haítí.

Fjárhagsvandinn á Álftanesi:

## Frestur lengdur um eina viku

**SVEITARSTJÓRNIR** Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga hefur framlengt frest sem sveitarfélag Álftaness fékk til að koma skikk á fjármál sín um eina viku. Í desember fengu Álftnesingar frest til 20. janúar til þessa en þurfa nú ekki að skila áætlun sinni fyrr en 27. janúar. „Við vinnum í þessu af krafti. Það er bæði efnahagshlutinn og rekstrarhlutinn undir,“ segir Kristinn Guðlaugsson, forseti bæjarstjórnar. Lagt var fyrir Álftnesinga að skoða sameiningu við önnur sveitarfélög en Kristinn segir það bíða næsta áfanga þegar tekist hefur að koma betra skipulagi á fjármálin. **- gar**



**KRISTINN GUÐLAUGSSON**

### LEIÐRÉTTINGAR

Ragnar Z. Guðjónsson, fyrrverandi sparisjóðsstjóri Byrs, vill koma því á framfæri að hann hafi ekki gist í fangaklefa yfir nótt vegna rannsóknar sérstaks saksóknara á málefnum Byrs og Exeter, eins og Fréttablaðið hafði eftir fréttastofu Stöð 2 á fimmtudag. Hann hafi kosið að bíða í fangaklefa eftir lögmanni sínum í nokkrar klukkustundir.

Í viðtali við Bylgju Dís Gunnarsdóttur söngkonu á blaðsíðu 20 í blaðinu í gær var farið rangt með tímasetningu óperettutónleika Óp-hópsins í Íslensku óperunni. Hið rétta er að þeir eru á dagskrá þriðjudagskvöldið 19. janúar. Hlutaðeigandi og lesendur eru beðnir velvirðingar.

Guðrún Jónsdóttir, sviðsstjóri á verðbréfasviði Fjármálaeftirlitsins, var ranglega nefnd Helga í frétt blaðsins í gær. Beðist er velvirðingar á mistökunum.

# Gefur kraft að finna stuðning frá Íslandi

**Alþjóðlegar björgunarsveitir fundu 20 manns á lífi í rústunum í Port-au-Prince á Haítí í fyrradag. Íslenska sveitin fann þrjá þeirra. Stórar flugvélar streymdu að í gær með hjálpargögn, að sögn fjarskiptamanns hjá íslensku sveitinni.**

**HAÍTÍ** „Menn eru mjög ánægðir í svona leiðangri ef þeir ná að bjarga einum. Þannig að við erum mjög ánægðir með þann árangur sem við höfum náð nú þegar,“ sagði Lárus Björnsson, fjarskiptamaður hjá íslensku Alþjóðasveitinni í gær.

Í gærmorgun höfðu alþjóðlegar rústabjörgunarsveitir fundið samtals um tuttugu manns á lífi í húsarústum í höfuðborginni Port-au-Prince á Haítí. Þeirra á meðal voru konurnar þrjár sem íslenska sveitin bjargaði úr rústum Caribbean-matvælamarkaðarins.

Fréttablaðið ræddi við Lárus Björnsson klukkan átján í gær að íslenskum tíma eða klukkan eitt um hádegi á Haítí. Um morguninn var íslenska sveitin pöruð saman við björgunarsveit frá Flórída og sveitirnar fengu úthlutað einu af 22 skilgreindum leitarrsvæðum í Port-au-Prince. „Þeir eru að keyra um og skoða hvar þörf er á aðstoð og aðstoða þar sem þörf er á,“ sagði Lárus.

Að sögn Lárusar er unnið í samvinnu við heimamenn eins og hægt sé. „Þeir eru náttúrulega daprir en hafa tekið okkur mjög vel,“ sagði Lárus sem kvað fara vel mjög vel um Íslendinganna þótt hitinn væri 35 stig og mikill raki í lofti. „Við erum með búðir í útjaðri flugvallarins og þar eru allar alþjóðasveitirnar komnar á sama punktinn. Sameinuðu þjóðirnar eru komnar.



**HEIL Á HÚFI** Íslenska rústabjörgunarsveitin náði þremur konum á lífi úr rústum verslunarhúss í Port-au-Prince í fyrradag, tveimur sólarhringum eftir jarðskjálftann. Fréttamenn CNN fylgdust með björguninni og ræddu við liðsmenn sveitarinnar í beinni útsendingu að björgun lokinni. MYND/LANDSBJÖRG

Við lánuðum þeim eitt tjald til að stjórna sínum aðgerðum. Hjálpargögn eru að streyma að. Við heyrum reglulega í stórum vélum að lenda.“

Ólafur Loftsson, einn stjórnenda íslensku sveitarinnar, sagði skipulag björgunarstarfsins fara ört batnandi. Sérstök sveit samhæfi aðgerðir og samstarf björgunarsveita frá ýmsum löndum undir merkjum Sameinuðu þjóðanna. Stjórnendur íslensku sveitarinnar voru kallaðir að því starfi enda margreyndir úr alþjóðlegu samstarfi. Unnið væri að því að koma upp færanlegum sjúkrastöðvum og öðru til að bæta aðhlynningu fórnarlamba og koma í veg fyrir frekara neyðarástand.

„Ég hef grun um að þegar maður verður kominn heim og fer að draga andann og fer að fjarlægð frá þessu þá upplifi maður þetta sterkar,“ sagði Ólafur „en núna einbeitir maður sér að verkefninu. Það þarf að fara í gegnum þetta. En það gefur okkur aukinn kraft að finna að fólkið heima er með okkur í þessu.“

peturg@frettabladid.is
gar@frettabladid.is

Hjálparstarfið á Haítí:

## Gengur hraðar en í Indónesíu

**HAÍTÍ Þórir Guðmundsson, deildarstjóri Alþjóðadeildar Rauða kross Íslands, RKÍ, segir að þrátt fyrir að mörgum þyki hjálparstarf á Haítí fara seint af stað þá gangi það hraðar fyrir sig en eftir hamfaraflóðin í Búrma árið 2008 og í Indónesíu 2004. Hlín Baldvinsdóttir, einn af reyndustu sendifulltrúm RKÍ, er á leið til Haítí. Þórir segir tuttugu manns til viðbótar einnig viðbúna að fara, bæði heilbrigðisstarfsfólk og hvers kyns sérfræðinga.**

**Í gær var aðeins eitt sjúkrahús á hamfarasvæðinu sem gat tekið við slösuðu fólki. Önnur voru yfirfull að svo miklu leyti sem þau voru starfhæf. Alþjóðlegt björgunarlið vann að því að koma upp sjúkratjöldum og færanlegum sjúkrastöðvum til að hlynna að fólki.** **- pg**

Köstuðu amfetamíninu:

## Tveir með fíkniefni og þýfi

**LÖGREGLUMÁL** Tveir menn á þrítugsaldri reyndu að kasta frá sér 50 grömmum af amfetamíni þegar lögreglan á Akureyri stöðvaði bíl þeirra í fyrradag. Í kjölfarið fór lögregla í húsleit þar sem um 50 grömm af kannabisefnum fundust.

Ákveðið var leita á heimili annars mannsins í Reykjavík í samstarfi við lögregluna á höfuðborgarsvæðinu, sérsveit ríkislögreglustjóra og leitarhunda frá tollinum. Þar fundust um 200 grömm af hassi, lítilræði af marijúana og amfetamíni og þýfi, meðal annars fimm fartölvur, tölvuflakkari, tölvuturn, 42“ flatskjár og motocrossmótorhjól. **- jss**

Hjartastopp
– PAD hjartastartari
Fljótvirkara og einfaldara verður það varla
Nú þegar eru fjöldi Íslendinga í fullu fjöri sem startað hefur verið í gang með hjartastörturum frá Donnu. Vertu viðbúinn og fáðu þér strax Samaritan PAD hjartastartara.



Donna
Sími 555 3100
Sýnikennsla á www.donna.is

## VEÐURSPÁ



Ingibjörg Karlsdóttir
Veðurfréttamaður

**SKIL**
Það ganga skil yfir landið í dag með tilheyrandi vindi og úrkomu. Skilin koma inn á landið suðaustanvert og þar fer fyrst að rigna en síðdegis má búast við rigningu víða um land en líklega þó ekki fyrr en í kvöld á Vestfjörðum.




Á MORGUN
Strekkingur S- og V-lands, annars hægari.

MÁNUDAGUR
Strekkingur sunnanlands, annars hægari.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 17° |
| Basel | 6° |
| Berlín | -3° |
| Billund | -1° |
| Eindhoven | 2° |
| Frankfurt | -1° |
| Friedrichshafen | 5° |
| Gautaborg | -1° |
| Kaupmannahöfn | -1° |
| Las Palmas | 23° |
| London | 9° |
| Mallorca | 15° |
| New York | 10° |
| Orlando | 25° |
| Ósló | -5° |
| París | 4° |
| San Francisco | 14° |
| Stokkhólmur | 0° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*

# ÚTSALAN Í FULLUM GANGI!

SÓFABORÐ ÁÐUR: 14.900,-
**9.990,-**

**ANNIKA sófaborð**
Flott, hvítt sófaborð.
Stærð: H50 x B72 x L130 sm.

ALLT AÐ 35% AFSLÁTTUR

SÓFASETT 3+2 VENJULEGT VERÐ: 149.950,-
**99.950,-**

**OTTAWA sófasett 3 + 2**
Flott sófasettt úr PVC efni. Litur: Svartur.
Stærð á 2ja sæta: B164 x D92 x H93 sm.
Stærð á 3ja sæta: B216 x D92 x H93 sm.

SPARIÐ 50.000

KOMMÓÐA ÁÐUR: 19.900,-
**12.900,-**

**ANNIKA kommóða**
Flott kommóða með 4 skúffum. Stærð:
B35 x H100 x D45 sm.

ALLIR KODDAR 20% AFSLÁTTUR

50% AFSLÁTTUR

høie – The Way we live in Scandinavia

VERÐ ÁÐUR: 6.990,-
**3.500,-**

**BLUE STRIPE HÖIE sæng**
Góð fibersæng á frábæru verði! Stærð: 140 x 200 sm.

ELDHÚSSETT ÁÐUR: 1.990,-
**995,-**

**Eldhússett**
Skemmtilegt eldhússett fyrir börnin.

50% AFSLÁTTUR

BÍLL ÁÐUR: 1.190,-
**595,-**

**Lítill flutningabíll**
Flottur flutninga-bíll fyrir alla bílaaðdáendur.

23% AFSLÁTTUR

FERÐATÖSKUSETT ÁÐUR: 12.990,-
**9.990,-**

**CANADIAN PRIDE ferðatöskur**
Frábærar ferðatöskur, 3 stk. saman á frábæru verði.

45% AFSLÁTTUR

20% AFSLÁTTUR

SÓFABORÐ ÁÐUR: 24.900,-
**14.900,-**

**SOFIA sófaborð**
Flott sófaborð úr gegn-heilum viði. Litur: Brúnn.
Stærð: B80 x L140 sm.

40% AFSLÁTTUR

PLASTKASSI ÁÐUR: 1.990,-
**1.590,-**

**Plastkassi á hjólum**
57 lítra. Stærð:
59 x 41 x 33 sm.

50% AFSLÁTTUR

GLERSKÁPUR ÁÐUR: 44.900,-
**24.900,-**

**SOFIA glerskápur**
Flottur glerskápur úr gegnheilum viði.
Litur: Brúnn. Stærð: B100 x H180 x D40 sm.

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is

**Flísefni**
Mjúkt og gott flísefni.
Nokkrir litir fáanlegir.
Breidd á efni: 150 sm.

FLÍSEFNI PR. METRA ÁÐUR: 1.495,-
**747,-**

**KJÖRKASSINN**



*Brýtur þú stundum umferðarlög?*

| | |
|---|---|
| Já | 57,5 |
| Nei | 42,5 |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Eiga Íslendingar að vera stoltir af starfi íslensku rústabjörgunarsveitarinnar á Haítí?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Vísir

Gamli Landsbankinn fellir niður sex gölluð skuldamál á hendur Imon ehf. upp á yfir sex milljarða:

# Landsbankinn mun stefna Imon aftur

**DÓMSMÁL** Gamli Landsbankinn féll í gær frá sex skuldamálum á hendur eignarhaldsfélaginu Imon vegna galla á stefnum. Málin snúast um yfir sex milljarða króna. Stefna á að nýju sem allra fyrst.

Umfangsmesta málið af þessum sex er vegna fimm milljarða króna láns sem Landsbankinn veitti Imon, eignarhaldsfélagi Magnúsar Ármann, fyrir kaupum á fjögurra prósenta hlut í Landsbankanum. Kaupin voru samþykkt 30. september 2008 og gengu í gegn þremur dögum síðar, örfáum dögum fyrir bankahrun.

Sérstakur saksóknari rannsakar nú þau viðskipti og hefur Magnús Ármann fengið réttarstöðu sakbornings í rannsókninni, líkt og einhverjir fulltrúar Landsbankans.

Ástæða þess að málin voru felld niður er sú að í kröfunum var ekki tekið tillit til þess að gamli Landsbankinn hefði þegar gert veðkall í stofnfjárbréfin í Byr, sem lágu að veði fyrir lánunum sex. Verðmæti þeirra bréfa var ekki reiknað til lækkunar kröfunum eins og eðlilegt hefði verið.

Ekki hefur fengist uppgefið hjá aðilum málsins um hve mikla fjármuni er að tefla í smærri málunum fimm. Þeir eru þó ekki eintómt smáræði, því dómari upplýsti fyrir dómi að eitt þeirra snerist um ríflega 600 milljónir og annað um 380 milljónir.

Páll Benediktsson, upplýsingafulltrúi skilanefndar Landsbankans, staðfesti við Fréttablaðið í gær að strax verði stefnt á ný vegna málanna. - sh



MAGNÚS ÁRMANN

**MAGNÚS SEGIST FÓRNARLAMB BANKANS**

Magnús Ármann, eigandi og stjórnarformaður Imons, hefur réttarstöðu sakbornings í rannsókn sérstaks saksóknara á kaupum Imons í Landsbankanum, líkt og einhverjir fulltrúar Landsbankans. Grunur er um markaðsmisnotkun og umboðssvik.

Magnús heldur fram sakleysi sínu og segist fórnarlamb bankans í málinu, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Hann hafi verið gabbaður til að kaupa bréf sem augljóst hafi verið að yrðu verðlaus nokkrum dögum síðar. Rannsókn málsins stendur enn.

Stórfelld skattalagabrot:

## Greiðir 42 milljónir króna í sekt

**DÓMSMÁL Maður á fertugsaldri hefur verið dæmdur í sjö mánaða skilorðsbundið fangelsi og til greiðslu 42 milljóna króna í sektar fyrir stórfelld skattalagabrot.**

**Maðurinn rak verktakafyrirtækið Lyngdalsverktaka, sem tekið var til skattarannsóknar 2008. Í kjölfar hennar voru opinber gjöld fyrirtækisins og mannsins endurákvörðuð og málið kært til ríkislögreglustjóra.**

**Verði sektin ekki greidd innan fjögurra vikna skal maðurinn sæta í hennar stað fangelsi í sex mánuði.** -jss

Nýstárleg fjáröflun Dímons:

## Safna fartölvum og símum

**FÉLAGASAMTÖK** Fartölvur og farsímar úr Rangárþingi eystra kunna að koma að notum í þróunarlöndum. Íþróttafélagið Dímon hefur hafið fjáröflun sem felst í að safna gömlum tölvum og símum sem og stafrænum myndavélum, upptökuvélum og MP3-spilurum. Félagið fær greitt fyrir tæki sem safnast.

Fyrirtækið Græn framtíð annast flutning á tækjunum til endurvinnslufyrirtækja. „Heilir símar og tölvur verða nýttir áfram og íhlutir úr ónýtum tækjum verða nýttir í annan búnað,“ segir á vef Rangárþings eystra. - óká

# Teikn eru á lofti um aukinn vanda barna

**Tilkynningum til Barnaverndarstofu fjölgar á sama tíma og skólarnir greina frá aukinni vanlíðan barna. Yfirlæknir á BUGL segir margt benda til að áhrif kreppunnar á geðheilsu barna séu að koma fram. Meira ber á vanlíðan í skólum.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Í barnaverndinni eru greinileg merki þess að eitthvað er að gerast. Það er óróleiki, fleiri tilkynningar og meira álag,“ sagði Ólafur Ó. Guðmundsson, yfirlæknir á barna- og unglingageðdeild LSH (BUGL), á árlegri ráðstefnu um geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn og unglinga í gær.

Hann segir margt benda til að áhrif kreppunnar á geðheilsu barna séu að koma fram, án þess að marktæk aukning innan geðheilbrigðisþjónustunnar sé til að rökstyðja það enn sem komið er.

Tuttugu prósenta fjölgun var á tilkynningum til Barnaverndarstofu fyrstu sex mánuðina 2009 miðað við árið á undan. Alls voru þær 4.737. „Þá er aukin aðsókn í Fjölskyldumiðstöðina og skólahjúkrunarfræðingar telja sig verða vara við meiri vanlíðan hjá skólabörnum. Þrátt fyrir þetta höfum við ekki enn orðið vör við marktæka fjölgun tilvísana á BUGL,“ segir Ólafur. „Við urðum þó vör við lítils háttar fjölgun bráðamála í lok síðasta árs og vísbendingar eru um að alvarleiki mála sem til okkar koma hafi aukist.“ Í fyrra fjölgaði innlögnum um átján prósent fyrstu ellefu mánuðina frá fyrra ári. Til þess að anna eftirspurn þurfti að útskrifa sjúklinga fyrr. Meðallegutíminn styttist við þetta um fjórðung.



ÓLAFUR Ó. GUÐMUNDSSON

Sólveig Ágústsdóttir, forstöðumaður á Stuðlum – meðferðarstöð fyrir unglinga, sagði að ákveðinn hópur, sem félli illa að meðaltalssamantektum, verði samfélaginu þungur í skauti. Staðreyndin væri sú að kreppuástand, með tilheyrandi niðurskurði og tilfærslum, hefði helst áhrif á þau börn og unglinga sem stóðu verst fyrir. Kom fram að ganga mætti að því sem vísu að þessi hópur þyrfti meiri þjónustu en hingað til og einkenni þess væru þegar komin fram.

Ólafur sagði að stjórnvöld gengju að sínu mati afar hart fram í niðurskurðarkröfum á LSH þótt það hefði hingað til ekki snert geðheilbrigðisþjónustuna með beinum hætti. „Það má ekki gerast að stjórnmálamenn taki til þess ráðs að skera niður stuðningsúrræði og þjónustu í skólum, þjónustuteymi á heilsugæslustöðvum og sérfræði- og sjúkrahúsþjónustu.“

svavar@frettabladid.is



**Í SKÓLANUM** Skólahjúkrunarfræðingar greina frá því að vanlíðan barna hafi aukist og tengja það kreppunni. Myndin tengist fréttinni ekki með beinum hætti. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




Útsalan heldur áfram

50% afsláttur

POLARN O. PYRET

Kringlunni • Sími 568 1822 og Smáralind • sími 564 1822

www.polarnopyret.is



HAFRÉTTARSTOFNUN ÍSLANDS

**Styrkir til náms í hafrétti**

Hafréttarstofnun Íslands er rannsókna- og fræðslustofnun á sviði hafréttar við Háskóla Íslands og er meginmarkmið stofnunarinnar að treysta þekkingu á réttarreglum á sviði hafréttar. Að stofnuninni standa Háskóli Íslands, utanríkisráðuneytið og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið.

Hafréttarstofnun auglýsir hér með eftirfarandi styrki til náms í hafrétti til umsóknar:

1. Styrk til framhaldsnáms í hafrétti á háskólaárinu 2010 - 2011.

2. Styrki til þátttöku í sumarnámskeiði Ródos-akademíunnar í hafrétti 27. júní -16. júlí 2010.

Umsóknir berist Hafréttarstofnun Íslands, pósthólf 5445, 125 Reykjavík, fyrir 2. febrúar næstkomandi. Nánari upplýsingar veitir Tómas H. Heiðar, forstöðumaður stofnunarinnar, í síma 545 9900.


Réttarstaða skilnaðarbarna og foreldra verður svipuð og þekkist á Norðurlöndum:

# Skikka má foreldri til umgengni

**ALÞINGI** Nefnd dóms- og mannréttindamálaráðherra leggur til margvíslegar breytingar á lögum sem lúta að forsjá barna, búsetu og umgengni. Nefndin skilaði frumvarpi og greinargerð til Rögnu Árnadóttur ráðherra á þriðjudag. Nefndin var skipuð í desember 2008.

Meðal þess sem lagt er til í tillögum nefndarinnar er að dómurum verði veitt heimild til að ákveða að foreldrar skuli fara sameiginlega með forsjá barns, þótt annað foreldra sé því andvígt. Ræður þá mat dómarans um að sameiginleg forsjá þjóni hagsmunum barnsins. Þá getur dómari kveðið á um umgengni foreldris við barn í allt að sjö daga af hverjum fjórtán, að kostnaði við umgengni verði skipt og að forsjárlausir foreldrar fái aðgang að skriflegum upplýsingum skóla.

„Einnig er lagt til að dómurum verði veitt heimild til þess að leysa sérstaklega úr ágreiningi foreldra um lögheimili án þess að forsjármál sé rekið samhliða. Ekki er á hinn bóginn lagt til að barn geti átt lögheimili á tveimur stöðum samtímis,“ segir í greinargerð á vef ráðuneytisins.

„Efnislega má segja að frumvarpsdrögin skapi skilnaðarbörnum og foreldrum þeirra – allt að því – sambærilega réttarstöðu og þekkist á Norðurlöndum,“ segir Lúðvík Börkur Jónsson, varaformaður Félags um foreldrajafnrétti, í greinargerð á vef félagsins. - óká



**RÁÐHERRA Í RÆÐUSTÓL** Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra á Alþingi. Nú eru í kynningu drög að frumvarpi til breytinga á lögum sem varða forsjá barna, búsetu og umgengni foreldra við þau. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

# Þú getur lækkað höfuðstólinn á verðtryggðu húsnæðisláni




## Við færum höfuðstól verðtryggðra húsnæðislána niður um 10%

**Með skilmálabreytingu hjá Íslandsbanka býðst viðskiptavinum að lækka höfuðstól verðtryggðra húsnæðislána og breyta þeim í óverðtryggð lán í íslenskum krónum.**

**Hvernig lækkar höfuðstóllinn og hversu mikið?**
Staða láns á umsóknardegi er uppreiknuð miðað við vísitölu í nóvember 2009 og síðan lækkuð um 10%.

**Hvað verður um lánið mitt?**
Lánið breytist í óverðtryggt húsnæðislán með 25 eða 40 ára lánstíma.

**Hverjir verða vextirnir?**
Hægt verður að velja á milli breytilegra og fastra vaxta. Breytilegir vextir í dag skv. vaxtatöflu eru 8,5%. Boðið verður upp á stiglækkandi afslátt frá þeim. Miðað við óbreytt vaxtastig þá yrðu vextir fyrsta árið 6,5% sem er vaxtaafsláttur upp á 2 prósentustig. Einnig er boðið upp á fasta vexti til þriggja ára sem í dag eru 7,6% að teknu tilliti til afsláttar.

**Get ég lækkað greiðslubyrðina á láninu mínu?**
Já, hægt er að sækja um greiðslujöfnun á óverðtryggða láninu í þrjú ár, sem í flestum tilfellum lækkar greiðslubyrði lánsins umtalsvert. Að þremur árum liðnum hefur viðskiptavinur val um hvort haldið sé áfram í greiðslujöfnun eða ekki. Dæmi um lækkun á greiðslubyrði má sjá á mynd B.

**Hversu mikið lengist lánið í greiðslujöfnun?**
Það er óvíst en greiðslujöfnun ofan á höfuðstólslækkun hefur ekki þak á lengingu lánstíma.

**Hverjir geta sótt um?**
Allir viðskiptavinir Íslandsbanka með verðtryggð húsnæðislán sem voru tekin fyrir 15. október 2008. Lánið þarf að vera í skilum.

**Hentar þessi lausn öllum?**
Nei, hver og einn þarf að vega og meta kosti og galla þess að breyta láni sínu með þessum hætti. Þessi lausn hentar sumum betur en öðrum en einna helst þeim sem hyggjast selja eign sína eða greiða upp húsnæðislán sitt á næstu misserum.

**Mun þetta kosta viðskiptavini eitthvað?**
Skilmálabreyting kostar kr. 5.500 auk þinglýsingargjalds en lántöku- og stimpilkostnaður er enginn.

**Íslandsbanki hvetur alla til að kynna sér þá kosti sem í boði eru og taka ákvörðun að vandlega athuguðu máli.**

**Umsóknarfrestur er til 1. mars næstkomandi.**

**Reiknivél, dæmi og ítarlegri upplýsingar er að finna á www.islandsbanki.is**







* m.v. 20.000.000 kr. lán til 40 ára

islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000

Íslandsbanki

Framkvæmdastjórar bandarískra fjármálafyrirtækja sýna iðrun í yfirheyrslum:

# Obama skattleggur þá stóru

**BANDARÍKIN, AP** Barack Obama Bandaríkjaforseti hyggst leggja sérstakan skatt á stærstu banka landsins næstu tíu árin til að innheimta útlagðan björgunarkostnað ríkisins vegna fjármálakreppunnar.

Bankarnir hafa brugðist ókvæða við og segja skattinn rangláta refsingu.

Í vikunni hóf bandarísk rannsóknarnefnd opinberar yfirheyrslur, meðal annars yfir framkvæmdastjórum nokkurra stærstu fjármálafyrirtækja Bandaríkjanna. Þeir kepptust allir við að biðjast afsökunar á áhættusækni sinni og röngum ákvörðunum í kreppunni, en vörðu engu að síður ofurháar kaupaukagreiðslur fyrirtækjanna og sögðu þær vera lægri nú en áður.

„Við skiljum reiðina sem er í mörgu fólki," sagði Brian Moynihan, framkvæmdastjóri Bank of America. „Við ollum miklu tjóni í kreppunni."

Hann sagðist jafnframt þakklátur fyrir þá fjárhagsaðstoð sem ríkið hefur veitt bankanum eins og fjölmörgum öðrum fjármálafyrirtækjum í Bandaríkjunum.



**SVERJA EIÐ UM AÐ SEGJA SANNLEIKANN** Þrír framkvæmdastjóranna áður en yfirheyrslur hófust. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Phil Angelides, formaður rannóknarnefndarinnar, hét því að rannsóknarnefndin myndi komast að því hvað olli hruni fjármálakerfisins. - gb

# Loka iðjuþjálfun á geðdeild Landspítala

**Áformað er að loka dagdeild iðjuþjálfunar á geðdeild Landspítalans 1. apríl. Hluti skjólstæðinga flyst á sambærilega dagdeild á Kleppi. Spítalinn ætlar að nýta iðjuþjálfa betur og opna nýja íþróttaaðstöðu segir framkvæmdastjóri.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Ákveðið hefur verið að loka dagdeild iðjuþjálfunar á geðdeild Landspítalans þann 1. apríl næstkomandi. Sambærileg dagdeild á Kleppi verður styrkt og hluti skjólstæðinga fær þar inni segir Páll Matthíasson, framkvæmdastjóri geðsviðs Landspítalans.

Skjólstæðingum dagdeildarinnar var tilkynnt bréflega um þessar breytingar í gær, en fréttu fyrst af þeim síðastliðinn miðvikudag. Á dagdeildinni fer fram endurhæfing fólks sem greinst hefur með geðsjúkdóm. Þar hefur verið starfrækt trésmiðja, saumastofa og fleira. Á þriðja tug hefur nýtt sér þjónustuna undanfarið.

„Við erum ekki að fella niður þjónustu, en þetta er hluti af hagræðingu," segir Páll. Ekki eigi að spara fé með þessari breytingu, enda ekki gerð sparnaðarkrafa á iðjuþjálfun deildarinnar.

Í dag eru reknar tvær dagdeildir, á geðdeildinni og á Kleppi. Páll segir að hægt sé að nýta krafta iðjuþjálfa hjá spítalanum betur með því að hafa alla starfsemina á einum stað.

„Okkar markmið er að þetta hafi ekki neikvæðar afleiðingar fyrir sjúklinga, heldur jákvæðar," segir Páll. Eftir breytinguna verði frekar hægt að nýta iðjuþjálfana til að meta hæfni sjúklinga á geðdeild og aðstoða við útskrift.

Páll viðurkennir að óróleika hafi gætt hjá skjólstæðingum dagdeildarinnar eftir að tilkynnt var um fyrirhugaðar breytingar á miðvikudag. „Allar breytingar valda óróa, en okkar markmið er að útskýra málið fyrir fólki. Ég vona að fólk verði rólegra þegar við höfum skýrt hvað við ætlum að gera."

Fundað verður með skjólstæðingum dagdeildarinnar og aðstandendum þeirra í næstu viku til að ræða breytingarnar og svara spurningum sem upp geta komið, segir Páll.

Sett verður upp íþróttaaðstaða í hluta þess húsnæðis geðdeildarinnar þar sem dagdeildin hefur aðstöðu í dag. Páll segir slíka aðstöðu mikilvæga fyrir sjúklinga á geðdeild, sambærileg aðstaða sé þegar til staðar fyrir sjúklinga á Kleppi. brjann@frettabladid.is



**BREYTINGAR** Nokkrir af skjólstæðingum dagdeildar iðjuþjálfunar á geðdeild Landspítalans fara á sambærilega dagdeild á Kleppi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## ÁHYGGJUFULL VEGNA ÓVISSUNNAR

„Dagdeildin hefur verið okkar fasti punktur í tilverunni," segir Kristín Guðmundsdóttir sem hefur mætt daglega klukkan níu í iðjuþjálfun á geðdeild Landspítalans síðan í september í fyrra.

Kristín, sem er óvinnufær vegna veikinda sinna, segir iðjuþjálfunina auka sjálfstraust þeirra sem veikst hafi af geðsjúkdómi.

„Þegar maður veikist er hætta á einangrun. Iðjuþjálfunin tryggir að maður hafi samskipti við annað fólk og byggir upp sjálfstraust," segir hún og hefur áhyggjur af því hvað taki við enda ekki pláss á dagdeild Klepps fyrir þá sem eru á dagdeild iðjuþjálfunar Landspítalans.

Þetta komi þeim illa sem ekki fái inni á dagdeild Klepps enda hafi þeir ekki þurft að greiða fyrir viðtöl við geðlækni. Almennt verði þeir sem ekki eru í iðjuþjálfun á dagdeild að greiða 1.200 krónur að teknu tilliti til afsláttar fyrir hvert viðtal, sem sumir þurfi á að halda tvisvar í viku. - jab


## Námskeið við ofþyngd

KMS

- **Hefur þú ítrekað reynt að grenna þig án árangurs?**
- **Gætu aðferðir hugrænnar atferlismeðferðar komið þér að gagni?**

Tíu vikna námskeið er að hefjast á vegum Kvíðameðferðastöðvarinnar undir stjórn Sigurbjargar J. Ludvigsdóttur og Sóleyjar D. Davíðsdóttur sálfræðinga. Kenndar verða leiðir til breyta hugarfari og atferli sem grefur undan árangri á þessu sviði.

Skráning fer fram á ***kms@kms.is*** eða í síma 822-0043 og lýkur 19. janúar n.k. Nánari upplýsingar má finna á: www.kms.is en minnt er á önnur námskeið á vegum KMS.









Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið



## Júlíus Vífill býður í vöfflukaffi

2. sæti

Komið í prófkjörsspjall um helgina á kosningaskrifstofu mína í Borgartúni 6, 4. hæð.

Vöfflujárnið verður heitt laugardag og sunnudag frá kl. 14 - 17.

Ræðum okkar hjartans mál, lífið í Reykjavík og tækifærin sem felast í framtíðinni.

**Með bestu kveðju**

Júlíus Vífill Ingvarsson

www.juliusvifill.is




SÓL | BORGIR | ÆVINTÝRI | SKÍÐI | GOLF | ÍÞRÓTTIR







## TENERIFE

VERÐ FRÁ:

**133.865 kr.***

m.v. 2 fullorðna og 1 barn á Hótel Fanabe Costa 4 stjörnu hóteli með öllu inniföldu, 6.júní - 7 nætur.




## MARMARIS

VERÐ FRÁ:

**132.300 kr.***

m.v. 2 fullorðna og 1 barn á Hótel Grand Cettia 4 stjörnu hóteli með öllu inniföldu, 19.júní - 7 nætur




## ALICANTE

VERÐ FRÁ:

**109.240 kr.***

m.v. 2 fullorðna og 1 barn á Hótel Kaktus Albir 4 stjörnu hóteli með hálfu fæði, 16.júní - 7 nætur

Úrval-Útsýn – Lágmúla 4 – Reykjavík – Sími 585 4000

* Innifalið: Flug, flugvallarskattar, íslensk fararstjórn og gisting. Verð miðast við að bókað sé á netinu. Ef bókað er á skrifstofu eða símleiðis er bókunargjald 3.900 kr. fyrir hvern farþega.

MEIRA Á
urvalutsyn.is

VEISTU SVARIÐ?



**1** *Hversu hátt hlutfall lækna í sérnámi erlendis kveðst ekki ætla að snúa aftur heim?*

**2** *Hvað heitir elsta dagblað Færeyja sem komið er að hluta í íslenska eigu?*

**3.** *Hvað hafði íslenska rústabjörgunarsveitin með sér mikið af vatni til Haítí?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 62

KOSNINGAR Í VOR

### Dofri vill 2. til 3. sæti

Dofri Hermannsson hefur ákveðið að taka þátt í prófkjöri Samfylkingarinnar fyrir borgarstjórnarkosningarnar í vor. Hann óskar eftir stuðningi í annað til þriðja sætið í prófkjörinu, sem fer fram 26. til 30. janúar. Dofri er varaborgarfulltrúi Samfylkingarinnar.

### Sækist eftir fyrsta sæti

Guðmundur Rúnar Árnason bæjarfulltrúi gefur kost á sér í fyrsta sæti á lista Samfylkingarinnar í Hafnarfirði fyrir sveitarstjórnarkosningarnar í vor. Gunnar hefur verið bæjarfulltrúi frá árinu 2002.

SVEITARSTJÓRNARMÁL

### Endurfjármagna með láni

Bæjarráð Árborgar samþykkti á fundi sínum 7. janúar að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 361 milljón króna, til 14 ára. „Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins“ segir í bókun en lánið er tekið til endurfjármögnunar lána sem Árborg hefur tekið hjá Lánasjóði sveitarfélaga.

Forsvarsmaður fyrirtækis sem veitir sms-lán segir fyrirtækið uppfylla allar kröfur:

# Ekki hægt að safna upp skuldum

**NEYTENDUR** Fyrirtækið Kredia, sem veitir svokölluð sms-smálán, rekur ábyrga lánastarfsemi þar sem fólk getur ekki safnað upp skuldum, segir Leifur A. Haraldsson, framkvæmdastjóri Kredia.

Fyrirtækið veitir lán til fimmtán daga þeim sem skrá sig á heimasíðu fyrirtækisins, og senda svo sms til að fá lánið. Fyrsta lán er aldrei hærra en 10 þúsund krónur, með 2.500 króna kostnaði, og hæsta mögulega lánið 40 þúsund krónur, með 9.250 króna kostnaði. Ekki er hægt að fá nýtt lán fyrr en fyrra lán hefur verið greitt upp.



LEIFUR A. HARALDSSON

Fyrirkomulag sms-lánanna hefur verið gagnrýnt harðlega, og hafa Neytendasamtökin óskað eftir því að viðskiptaráðherra kanni hvort hægt sé að koma í veg fyrir slíka lánastarfsemi hér á landi.

Leifur segir alla umræðu um að hægt sé að steypa sér í skuldir með sms-lánum vekja furðu. Ekki sé hægt að skulda fyrirtækinu meira en 49.511 krónur með kostnaði. Við það bætist þó innheimtukostnaður sé skuldin ekki greidd á réttum tíma.

Ekki fæst upp gefið hversu margir hafa tekið lán frá fyrirtækinu, né hversu mörg tilvik hafi farið í löginnheimtu. Leifur segir lánin vinsæl og mjög lágt hlutfall hafi farið í innheimtu.

Kredia kynnti starfsemi sína á fundi með fulltrúum Neytendastofu og Fjármálaeftirlitsins í nóvember í fyrra. Á þeim fundi kom fram að starfsemin sé samkvæmt lögum og uppfyllii allar kröfur sem lagðar eru á starfsemi af þessu tagi, segir Leifur. **- bj**

Hagrætt á Seltjarnarnesi:

# Tveir leikskólar verða að einum

**SVEITARSTJÓRNIR Skólanefnd Seltjarnarness hefur skipað nefnd til að vinna að hugmyndum að útfærslum á framkvæmd sameiningar leikskólanna Mánabrekku og Sólbrekku.**

**„Nefndina skipa fulltrúar stjórnenda beggja leikskólanna, starfsfólk skólaskrifstofu, fulltrúar skólanefndar og fulltrúar foreldra beggja leikskólanna,“ segir í tilkynningu bæjarfélagsins. Nefndinni er ætlað að skila af sér tillögum og athugasemdum fyrir lok þessa mánaðar. Sameinaður leikskóli á svo að taka til starfa næsta haust.**

**- óká**

Ákært fyrir vopn, árás og brot á barnaverndarlögum:

# Hótaði pilti með hnífi

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákært karlmann um tvítugt fyrir að ógna unglingi ruddalega með hnífi. Athæfið flokkast undir hótanir, vopnaburð á almannafæri og brot gegn barnaverndarlögum.

Maðurinn dró upp hníf, að því er segir í ákæru, og nálgaðist piltinn sem var þrettán ára með ógnandi og ruddalegum hætti. Hann hafði hnífinn sýnilegan og beindi honum í átt að hálsi piltsins.

Þá er þessi sami maður ákærður fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás og brot gegn barnaverndarlögum, Hann tók annan pilt, einnig þrettán ára, föstu hálstaki og lyfti honum upp frá jörðinni. Með þessu þrengdi árásarmaðurinn svo að öndunarvegi piltsins að meðvitund hans skertist og honum sortnaði fyrir augum. Árásarmaðurinn sleppti þá takinu þannig að pilturinn féll með höfuðið í jörðina. Pilturinn hlaut við þetta skrámur, mar, bólgur og skurð í andliti. Einnig hlaut hann mar og skrámur á líkama.

Sá ákærði játaði að hafa dregið upp hníf, en neitaði að hafa borið hann að hálsi piltsins. Kvað hann tilganginn hafa verið þann að stöðva eftirför drengja, en ekki að ógna þeim. Þá játaði hann líkamsárásina, sem hann sagði hafa verið í varnarskyni. **- jss**



**HNÍFUR** Maður um tvítugt ógnaði þrettán ára unglingi með hnífi.



**KRÝSUVÍK AÐ VETRI** Í Krýsuvík er víða heitt undir, rétt eins og á mörgum öðrum stöðum á Reykjanesi. Suðurlandskjálftarnir hafa haft áhrif á hitasvæði fjarri upptökum skjálftanna. Þannig lokuðu Almannavarnir ríkisins aðgengi að Gunnuhver, austan Reykjanesvita, fyrir um tveimur árum vegna breytinga á svæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA


# Réttindi lífeyrisþega

Landsbankinn kynnir röð fjármálanámskeiða fyrir almenning undir yfirskriftinni **Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld**. Markmið námskeiðanna er að auðvelda fólki að öðlast betri yfirsýn yfir fjármál heimilisins.



Á næstu fjármálakvöldum verður farið yfir helstu breytingar sem urðu á réttindum lífeyrisþega á greiðslum frá Tryggingastofnun ríkisins á árinu 2009. Sólveig Hjaltadóttir framkvæmdastjóri og Margrét Jónsdóttir deildarstjóri á Réttindasviði TR munu kynna breytingarnar og svara fyrirspurnum ásamt sérfræðingum bankans.

**Dagskrá næstu fjármálakvölda**

| | | |
|---|---|---|
| 21. janúar | Holtagarðar, Holtavegi 10 | kl. 20 |
| 28. janúar | Akureyri, Strandgötu 1 | kl. 20 |
| 4. febrúar | Selfossi, Austurvegi 20 | kl. 20 |
| 11. febrúar | Bæjarhrauni, Hafnarfirði | kl. 20 |

Frá miðjum febrúar og fram í miðjan mars verður boðið upp á fjármálafræðslu um skipulag og stýringu fjármála heimilisins þar sem fjallað verður um hvernig hægt er að endurskipuleggja fjármálin, ávöxtun og sparnað, vaxtakjör, útgjöld heimilisins og kosti heimilisbókhalds.

**Skráning og nánari upplýsingar eru á vef Landsbankans, landsbankinn.is, og í síma 410 4000. Allir velkomnir.**

**FJÁRMÁLARÁÐGJÖF** | landsbankinn.is | 410 4000

Landsbankinn


# Undir niðri þrýstir kvika

**Á Reykjanesi skiptast á tímabil jarðskjálfta og gostímabila. Nýtt gostímabil myndi byrja með aukinni virkni frá Hellisheiði að Brennisteinsfjöllum.**

**JARÐFRÆÐI** „Frá 950 og til um 1350, fyrir mjög stuttu síðan, var mikið um gos á Reykjanesskaganum allt frá Hellisheiði og vestur um,“ segir Ragnar Stefánsson prófessor í jarðvárfræðum við Háskólann á Akureyri. „Reykjanesskaginn er þess eðlis að skiptast á gostímabil og tímabil lítilla og miðlungsstórra jarðskjálfta. Við höfum eiginlega verið á slíku lággosatímibili alveg frá um 1400, en þetta gæti hins vegar snúist við og við lent inn á gosgjörnu tímabili,“ bætir hann við. Miðað við söguna þarf ekki að vera svo langt í nýtt gostímabil.

Ragnar segir hins vegar erfitt um að dæma hvort skjálftavirkni á Reykjanesskaganum síðustu árin bendi til að hegðun skagans sé að breytast. Hann bendir á að almennt séð hafi verið mikið um jarðskjálfta á svæðinu alla síðustu öld, til dæmis um og upp úr aldamótunum 1900 við Reykjanestá.

„Toppurinn í þessari virkni var 1929 með skjálfta af stærðinni 6,2 milli Bláfjalla og Brennisteinsfjalla og 1933 varð skjálfti upp á 5,5 vestur af Krýsuvík. Skjálfti upp á 5,4 varð vestur af Bláfjöllum 1968. Haustið 1973 urðu skjálftar sem nálguðust fimm að stærð vestur af Krýsuvík og mikið um smærri skjálfta víðar á skaganum.“

Ragnar segir miklar landbreytingar og skjálfta sem urðu í Krýsuvík í kjölfar Suðurlandsskjálftanna árið 2000 geta verið vísbendingu um mikinn kvikuþrýsting. „Þegar höggið kemur frá Suðurlandsskjálftanum þá brýst þessi kvika nær yfirborðinu og ýtir af stað skjálftum,“ segir hann en áréttar um leið að svæðið frá Krýsuvík og austur að Þrengslum hafi verið verið tiltölulega rólegt síðustu áratugi. „Ég held hins vegar að ef kæmi nýtt gostímabil á Reykjanesskaganum að ekki væri ólíklegt að það myndi byrja með aukinni skjálftavirkni einmitt á þessu svæði.“



**Í SVARTSENGI** Jarðvarmi er víða á Reykjanesi, en hér má sjá hann beislaðan í orkuveri HS orku í Svartsengi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sem fyrr áréttar Ragnar að tölfræði sé til lítils gagns þegar að því kemur að setja fram spár um einstaka jarðhræringar. „Breytileikinn í ástandi plötumótanna er svo mikill. Þó við getum séð úr tölfræði einhverja þróun og auknar líkur þegar horft er til langs tíma, þá er það þannig þegar horft er til skamms tíma, hvort sem það er til ára, daga eða klukkutíma, að þá verðum við að skilja hvaða hreyfingar eru í gangi. Þetta gerum við best með því að mæla og túlka samstundis upplýsingar sem berast okkur stöðugt með örsmáum jarðskjálftum neðan úr skorpunni og svo með nákvæmum samfelldum mælingum á landbreytingum.“

**olikr@frettabladid.is**




# Bráðum vorar!

**Þá kætumst við á ný enda ýmislegt skemmtilegt á döfinni í Garðheimum**

## Viðburðir

**Bóndadagurinn**
*22. janúar*

**Heilsuhelgi**
*22. - 24. janúar*

**Prjónakvöld**
*27. janúar*

**Veisluglеði Garðheima**
*frá febrúarbyrjun*

**Fermingarsýning**
*6. - 7. febrúar*

**Dýradagar: smáhundar**
*13. - 14. febrúar*

**Valentínusardagurinn**
*14. febrúar*

**Konudagurinn**
*21. febrúar*

**Prjónakvöld**
*24. febrúar*

**Brúðkaups- og rósasýning**
*6. - 7. mars*

**Dýradagar: stórhundar**
*13. - 14. mars*

**Prjónakvöld**
*23. mars*

**Páskar**
*1. - 5. apríl*

**Vorgleðin**
*10. - 11. apríl*

**Sumardagurinn fyrsti**
*22. apríl*

**Mæðradagurinn**
*9. maí*

## Námskeið

### Gerðu sjálf(ur)

**Fermingarveislan**
*10. febrúar*
*kl. 17.30*

**Páskaskreytingar**
*24. mars*
*kl. 17.30*

**Brúðkaupið**
*28. apríl*
*kl. 17.30*

**Trjáklippingar**
*18. mars*
*kl. 19.00*

**Tjarnargerð og lýsing**
*27. maí*
*kl. 19.00*

**Moltugerð og áburðargjöf**
*11. maí*
*kl. 17.30*

### Ræktaðu sjálf(ur)

**Sumarblómin**
*11. febrúar*
*kl. 19.00*

**Grænmeti**
*15. apríl*
*kl. 19.00*

**Kryddjurtir**
*11. mars*
*kl. 19.00*

**Svalaræktun**
*29. apríl*
*kl. 19.00*

**Upplýsingar og skráning á gardheimar.is**

**FRÉTTASKÝRING:** Hamfarir á Haítí

# Björgunarstarf í kappi við tímann

**Björgunarsveitir glíma við afar erfiðar aðstæður á Haítí og litlar líkur á að nokkur finnist nú á lífi í rústunum. Reynt er að koma mat, vatni, lyfjum og öðrum nauðsynjum eftir megni á staðinn. Tala látinna skiptir tugum þúsunda, nálgast líklega um fimmtíu þúsund.**

Ljóst þykir að fjöldi látinna eftir jarðskjálftann á Haítí nemur tugum þúsunda, þótt enn sé of snemmt að nefna nákvæma tölu. Alþjóða Rauði krossinn telur að fjöldinn nálgist fimmtíu þúsund. Ólíklegt þykir nú að hundruð þúsunda hafi farist, eins og ráðamenn á Haítí óttuðust í fyrstu.

Aðstæður til björgunar eru afar erfiðar og út um alla höfuðborgina Port-au-Prince eru lík hinna látnu, sums staðar eitt og eitt á stangli en annars staðar í hrúgum.

„Allir eru með klút eða eitthvað fyrir vitum sér, því lyktin er óbærileg. Það eru bókstaflega lík úti um allt,“ segir Karel Zelenka, starfsmaður kaþólskrar hjálparstofnunar í borginni.

Líkin eru það mörg að enginn tími vinnst til að bera kennsl á þau, að því er fram kemur á fréttavef BBC. Þess í stað eru mörg þeirra sett í fjöldagrafir og það bíður síðari tíma að finna út úr því hverjir létu lífið í skjálftanum.

Þrjár milljónir manna, eða um þriðjungur allra íbúa Haítí, eru taldar þurfa á neyðaraðstoð að halda.

Töluverðar skemmdir urðu á flugvellinum í Port-au-Prince, með þeim afleiðingum að flugvöllurinn getur engan veginn annað þeirri þörf sem er fyrir aðflutning hjálpargagna og aðstoðar. Vegasamgöngur yfir til Dóminíska lýðveldisins, sem er á sömu eyju og Haítí, eru afar erfiðar og gagnast vart til að flýta fyrir því að hjálpargögn berist.

Sjúkrahúsin í Port-au-Prince eru einnig flest illa farin og þau sem eftir standa ráða engan veginn við þörfina. Reynt er að hlúa að hinum særðu í tjaldskýlum og bráðabirgðahúsnæði hvers kyns, eða jafnvel bara úti á götu.

Bandaríkjamenn hafa sent þúsundir hermanna til Haítí, bæði til að taka þátt í björgun og til að gæta öryggis. Talin er hætta á að til átaka komi vegna örvæntingar heimamanna þegar hjálp berst seint. Ástandið hefur þó verið betra en óttast var að það gæti orðið og fréttir af því að hjálpargögnum hafi verið stolið frá Sameinuðu þjóðunum reyndust orðum auknar, þótt eitthvað hafi verið um slíka þjófnaði.

Bandaríkjamenn hafa einnig sent flugmóðurskipið USS Carl Vinson til Haítí, með 19 þyrlur sem þegar í stað voru teknar í notkun við björgunarstörfin. Tvö kanadísk og eitt jamaískt herskip eru einnig fyrir utan höfuðborgina til stuðnings björgunarfólki.

Bandaríska sjúkrahússkipið USNS Comfort verður einnig sent til Haítí á næstu dögum. Þar eru tólf skurðstofur og legupláss fyrir þúsund sjúklinga, þar af áttatíu á gjörgæslu.

gudsteinn@frettabladid.is



**LÆKNISHJÁLP UNDIR BERUM HIMNI** Brasilíski herinn kom upp hjúkrunaraðstöðu í herbúðum sínum í borginni. NORDICPHOTOS/AFP



**EYÐILEGGINGIN BLASIR VIÐ** Svona er umhorfs víða í Port-au-Prince, höfuðborg Haítí, sem að mestu lagðist í rúst við jarðskjálftann á þriðjudag. NORDICPHOTOS/AFP

LAGARÖK

Ertu í skuldavanda?

OPIÐ HÚS

Þann 28. janúar næstkomandi, mun Lagarök, lögmannsstofa, bjóða upp á endurgjaldslausa ráðgjöf við skuldavanda. Fjallað verður um nauðasamninga til greiðsluaðlögunar.

Lögð verður áhersla á hverjir eigi rétt á úrræðinu, ferlið sem því fylgir og afleiðingar þess að nýta sér það.

Námskeiðið verður haldið í Síðumúla 27, efstu hæð, þar sem lögmannsstofan er til húsa, fimmtudaginn 28. janúar 2010 kl. 20.00–22.00.

Skráning: Skilyrði fyrir þátttöku er að viðkomandi sé búinn að skrá sig í síma 588 1177 eða í gegnum netfangið: lagarok@lagarok.is fyrir 22. janúar 2010.

Endurgjaldslaus ráðgjöf við skuldavanda



**BEÐIÐ EFTIR AÐSTOÐ** Heimilislaust fólk reynir að bjarga sér eftir bestu getu á götum og torgum borgarinnar. NORDICPHOTOS/AFP



**LÍK Á GÖTUNUM** Stæk lykt og sýkingarhætta stafar af líkum sem liggja á víð og dreif í borginni. NORDICPHOTOS/AFP


BLUE LAGOON
ICELAND
anton&bergur
Lífsorka
með nýtingu náttúruaflanna
Condé Nast Traveller
2009
READERS' SPA AWARDS
WINNER
MEDICAL/THERMAL SPA/NATURAL SPA
BLUE LAGOON
ICELAND
www.bluelagoon.is
2 fyrir 1
í Bláa Lónið
Gildir gegn framvísun
miðans til 1. feb. 2010
Frítt fyrir börn 13 ára og yngri í fylgd með forráðamönnum.
Lykill 1561



RISAÚ
TILBOÐ Á GASGRILLUM
CAMPING-GASGRILL RBS CI GRAND
52.328 kr.
Verð áður 88.545 kr.
CAMPING-GASGRILL RBS WOODY DIX
42.397 kr.
Verð áður 91.053 kr.
COLEMAN-GASGRILL MEÐ HLIÐARBRENNARA (Aukahlutur)
69.900 kr.
Verð áður 99.390 kr.
15-50% afsláttur
AF SKOTVEIÐIVÖRUM OG FATNAÐI
GERVISTOKKENDUR (SPJÖLD) 12 STK. Í PAKKA
11.280 kr.
Verð áður 18.800 kr.
AMERISTEP „RÚLLUBAGGA“-FELUBYRGI
23.730 kr.
Verð áður 33.900 kr.
Columbia Sportswear Company.
30-70% afsláttur
AF FLÍSPEYSUM
ROSE
5.745 kr.
Verð áður 11.490 kr.
SOFT SHELL
7.495 kr.
Verð áður 14.990 kr.
BENTON SPRINGS
2.995 kr.
Verð áður 11.990 kr.
20-50% afsláttur
AF VEIÐISTÖNGUM
LOOP
ADVENTURE TVÍHENDA
20-50% afsláttur
AF VEIÐIFATNAÐI
LOOP
LOOP ADVENTURE ÚTÖNDUNARVÖÐLUR
20.993 kr.
Verð áður 29.990 kr.
LOOP MULTI
24.493 kr.
Verð áður 34.990 kr.
Abu Garcia FOR LIFE.
20-50% afsláttur
AF VEIÐIHJÓLUM
LOOP
ABU BERKLEY HJÓL CLW 2–6 REEL
LOOP CLW-FLUGUHJÓL
Allt að 70% afsláttur
PIPAR\TBWA 100353


www.ellingsen.is
ÚTSALA
ELLINGSEN
30% afsláttur
AF COLUMBIA-ÚLPUM OG SNJÓBUXUM
Columbia Sportswear Company.
THUNDERSNOW JACKET
39.193 kr.
Verð áður 55.990 kr.
ALASKA
43.393 kr.
Verð áður 61.990 kr.
CANAL
22.393 kr.
Verð áður 31.990 kr.
MAHAGONY
26.593 kr.
Verð áður 37.990 kr.
20-50% afsláttur
AF BARNA- OG FULLORÐINS-ULLARNÆRFATNAÐI
DEVOLD
DEVOLD ACTIVE BABY
DEVOLD ACTIVE
BUGABOOT
30-50% afsláttur
AF COLUMBIA ÚTIVISTARSKÓM
BUGABOOT OMNI
TITANIUM GÖNGUSKÓR
DRIFT
NAKNEK
Columbia Sportswear Company.
30-50% afsláttur
AF VIKING BARNAKULDASKÓM OG DÖMU- OG HERRAGÖNGUSKÓM
VIKING
SUMMIT
TIROL
PLAY
TRYSIL
TILBOÐ Á MÓTORCROSS-HJÁLMUM
Tilboðsverð 9.990 kr.
REYKJAVÍK
Fiskislóð 1 • Sími 580 8500
Opið mánud.–föstud. 10–18, laugard. 10–16
AKUREYRI
Tryggvabraut 1–3 • Sími 460 3630
Opið mánud.–föstud. 8–18, laugard. 10–16
Ellingsen
– fullt hús ævintýra

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Ísland og þjóðir heims:

## Að setja hlutina í samhengi

MARGRÉT KRISTMANNSDÓTTIR SKRIFAR

Þegar jarðskjálftarnir á Haítí lögðu höfuðborg landsins að mestu leyti í rúst nú í vikunni vorum við Íslendingar minntir á hvað raunverulegar hamfarir eru. Á augabragði var þjóðin rifin upp úr eigin dægurþrasi um Icesave og fréttir af gífurlegu mannfalli og eyðileggingu á Haítí varð fyrsta frétt á öllum fréttamiðlum og ýtti þar með Icesave aftar í umræðuna.

Haítí er eitt fátækasta ríki heims og lifa um 80 prósent af um 9 milljónum íbúum landsins undir fátæktarmörkum. Þótt erfitt sé enn að meta það tjón og mannfall sem orðið hefur í jarðskjálftunum er talið að skjálftarnir hafi snert um þriðjung af íbúum Haítí – 3 milljónir manns – og er talið að tala látinna verði aldrei undir 50.000 manns en aðrir telja að 500.000 manns sé nær lagi.

*Hér er lýðræði, náttúruauðlindir, friðsæld og áfram væri hægt að telja kosti landsins – en niðurstaðan er að við Íslendingar erum forréttindaþjóð í samanburði við langflest ríki heims.*

Eftir að hafa horft upp á áhrif slíkra náttúruhamfara er okkur Íslendingum hollt að setja hlutina í samhengi. Fyrir hrunið haustið 2008 vorum við Íslendingar einatt í efstu sætum á listum þar sem velmegun ríkja heims er metin. Við bankahrunið höfum við færst eitthvað niður þá lista en þrátt fyrir það megum við aldrei gleyma hver staða okkar er og hversu lánsöm við erum að búa hér á landi. Þrátt fyrir núverandi erfiðleika myndu sennilega langflestir íbúar jarðar vilja skipta við okkur og sínum aðstæðum ef þeim eingöngu biðist það – þrátt fyrir hrunið – þrátt fyrir gjaldþrot Seðlabankans og þrátt fyrir Icesave.

Jafnvel þó að við verðum að skera niður í rekstri hins opinbera á komandi misserum búum við áfram við eitt besta heilbrigðis- og menntakerfi í heimi. Við búum í góðum húsum þar sem flestir kæli- og eldhússkápar landsmanna eru fullir af mat. Félagslega kerfið tekur við þeim sem ýmissa hluta vegna geta ekki tekið þátt í samfélaginu af fullum krafti. Hér er lýðræði, náttúruauðlindir, friðsæld og áfram væri hægt að telja kosti landsins – en niðurstaðan er að við Íslendingar erum forréttindaþjóð í samanburði við langflest ríki heims. Við gleymum því einfaldlega oft – erum orðin svo góðu vön og tökum lífsgæðum okkar sem sjálfsögðum hlut.

Við Íslendingar glímum við tímabundna erfiðleika en höfum alla burði til að vinna okkur út úr þeim. Hér hafa ekki orðið náttúruhamfarir eins og margir hafa viljað telja okkur trú um – á það vorum við illilega minnt nú í vikunni. Lítum í kringum okkur, setjum hlutina í samhengi og áttum okkur á því hversu gott við í rauninni höfum það.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871







AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

## Víðsýni eða stjórnleysi?

Jón Baldvin Hannibalsson hefur ekki alltaf rétt fyrir sér. Margt bendir þó til að hann hafi verið nærri sanni þegar hann sagði að landið væri í reynd stjórnlaust eftir staðfestingarsynjun forseta Íslands á Icesave-lögunum.

Framvinda málsins ræður því hins vegar hvort þetta stundarmat fyrrverandi formanns Alþýðuflokksins verður að áhrínsorðum. Kostirnir eru tveir: Að freista nýrra samninga án tafar eða láta arka að auðnu í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Samningurinn sem Alþingi samþykkti felur ekki í sér réttmæta ábyrgð viðsemjendanna á þeirri neytendavernd og þeim stöðugleikaáhrifum sem innistæðutryggingum er ætlað að hafa. Því er líklegast að þjóðin felli hann. Það leysir hins vegar ekki vandann. Satt best að


ÞORSTEINN PÁLSSON

segja gæti málið bæði orðið torleystara og langdregnara á eftir.

Að þessu virtu er skynsamlegt bæði af hálfu ríkisstjórnarinnar og stjórnarandstöðunnar að freista þess að ná saman um hagstæðari lausn án tafar. Það er lag. Ábyrgðarlaust væri að nota það ekki.

Viðræður ríkisstjórnarinnar við stjórnarandstöðuna hafa borið merki gagnkvæmrar tortryggni. Það þarf ekki að koma á óvart. Nái stjórn og stjórnarandstaða saman í þessu máli er það á hinn bóginn vísbending um að þjóðin eigi kost á meiri víðsýni en felst í þeirri átakapólitík sem núverandi stjórn er mynduð til að framfylgja.

Ríkisstjórnin hefur horft á viðfangsefnin frá þröngu sjónarhorni lengst til vinstri. Endurreisnin kallar hins vegar á víðsýni og breiða samstöðu um skýra framtíðarsýn. Samkomulag um Icesave gæti orðið fyrsti vísir í þá átt að byggja upp traust á miðju stjórnmálanna. Að því leyti myndi það styrkja taflstöðu stjórnarandstöðunnar.

Samstaða er líklegasta leiðin til að ná ásættanlegri niðurstöðu fyrir Ísland um Icesave. Rík ábyrgð hvílir því á forystumönnum ríkisstjórnarinnar og stjórnarandstöðuflokkanna að brjóta niður þá múra vantrausts sem einkenndu samtölin í byrjun. Það er að sönnu ekki einfalt. Hitt er á færi hvaða meðal-Jóns í pólitík sem er að finna ástæður til að kenna hinum um að ekki náðist saman.

## Stöðumat

Stöðumat skiptir máli í samningum. Þegar á því er byggt að í engu megi virða málsástæður viðsemjandans þýðir það gjarnan að hver sá sem það reynir er talinn óþjóðhollur eða í besta falli lélegur í samningum. Viðræður um áframhaldandi dvöl varnarliðsins fóru til að mynda fram á grundvelli ofmats á stöðu Íslands og enduðu illa. Af því má læra.

Yfirlýsing forseta Íslands um að það pólitíska stjórnleysisástand sem hann ber ábyrgð á sé alfarið vandi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins en ekki Íslendinga er í besta falli rangt stöðumat. Hún gæti líka verið einfalt lýðskrum. Gagnvart viðsemjendunum þurfum við haldbær rök. Þau eigum við í handraðanum þótt ekki sé ljóst hvernig þeim hefur verið beitt.

Réttilega er á það bent að lög og alþjóðasamningar kveða ekki á um ríkisábyrgð á Tryggingarsjóði innstæðueigenda. En leysir það Ísland undan öllum skuldbindingum til að stuðla að fjármálalegum stöðugleika með ýmsum ráðum? Svo er ekki.

Ábyrgð á innlendum bankareikningum án lagaskyldu og lán Seðlabankans út á svokölluð ástarbréf í aðdraganda bankahrunsins eru dæmi þar um. Lán Seðlabankans, sem veitt voru í góðri trú, höfðu ekki tilætluð áhrif en féllu ágreiningslaust á skattgreiðendur. Ábyrgð ríkisins á innistæðum dugði til að koma í veg fyrir áhlaup og halda innlendri starfsemi bankanna gangandi. Hún hefur ekki lent á skattgreiðendum.

Staðan er því flókin og kallar á raunhæft stöðumat en ekki slagorð.

Ríkisstjórnin hefur á hinn bóginn aldrei gert opinberlega grein fyrir málflutningsrökum sínum og samningsmarkmiðum í þeim tveimur samningum sem hún hefur nú þegar gert við Breta og Hollendinga. Þetta hefur veikt stöðu hennar á heimavettvangi og gæti verið skýring á því hversu skammt hún hefur þokað viðsemjendum sínum.

## Ábyrgð í samræmi við hagsmuni

Íslendingar höfðu vissulega hag af starfsemi Landsbankans meðan allt lék í lyndi. Það höfðu Bretar og Hollendingar einnig. Ákvörðun ríkisstjórna þessara landa að greiða innistæðueigendum en vísa þeim ekki á tryggingarsjóðinn var fyrst og fremst til að verja eigin banka gegn áhlaupi. Hvort tveggja þetta eru rök fyrir hlutdeild þeirra í ábyrgðinni.

Breytingar á fyrirliggjandi samningi sem létta vaxtabyrði Íslands og tækju í reynd tillit til þeirra sjónarmiða um úthlutun úr búi Landsbankans sem Ragnar Hall hæstaréttarlögmaður var talsmaður fyrir eru dæmi um breytingar sem myndu sýna sanngjarnari ábyrgð allra sem hagsmuni höfðu af starfseminni. Aðalatriðið er að hér þarf skýr og raunhæf samningsmarkmið.

Ríkisstjórnin tók málið ekki í byrjun upp á pólitískt plan milli landanna og málflutningsrökin hafa ekki verið opinberuð. Trúlegasta skýringin er sú að hún hefur haldið að unnt væri að selja hvaða niðurstöðu sem er í boði Sjálfstæðisflokksins. Þannig var andinn í kosningunum nokkrum vikum fyrr. Þetta fór hins vegar á annan veg eins og margt sem misráðið er.

Nú er kallað eftir ábyrgð sem byggist á hvoru tveggja: Festu um íslenska hagsmuni og raunhæfu stöðumati. Það þarf atbeina stjórnarandstöðunnar að málinu eigi framtíðin að vera önnur en raunverulegt stjórnleysi og upplausn.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*




**Chiro Collection heilsurúm**

30% janúar-afsláttur



Chiro Collection heilsurúmin eru sérlega vönduð hönnun. Fimm svæðaskipt gormakerfi, vandaðar kantstyrkingar og úrval vandaðra hráefna í áklæðum. Botn í mörgum litum. Fáanlegt í öllum stærðum.

**Tempur Spring heilsurúm**

25% janúar-afsláttur



Tempur Spring heilsudýnan er rúm sem býður það besta úr báðum heimum. Dýnan er með fjaðrandi fimm svæðaskiptu gormakerfi og sjö cm þykku Tempur yfirlagi sem mótar sig að lögun líkamans.

**Stillanleg heilsurúm**

20% janúar-afsláttur



Stillanlegu heilsurúmin sem Betra Bak býður uppá eru ein þau vönduðustu sem í boði eru. Eitt landsins mesta úrval af botnum og mismunandi heilsudýnum sem henta hverjum og einum. Settu þig í stellingar !

Betra BAK

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

**Rannsóknir FME:** Grein 2 af 4

# Ponzi- og pýramídasvik

**UMRÆÐAN**

Jared Bibler skrifar um svikamyllur



JARED BIBLER

Ponzi-svik vísa til hvers kyns svika eða blekkinga sem byggjast á því að sífellt þarf að fá inn nýja fjárfesta til þess að geta greitt þeim fjárfestum sem fyrir eru. Innstreymi nýrra peninga er eina leiðin til að halda kerfinu gangandi. Þessi svik hafa oft yfirbragð löglegra viðskipta en það er tap á þeim og til þess að þau gangi upp þarf stöðugt að fá aukið fjármagn.

Innan verðbréfasvika eru Ponzi-svik flokkuð sem tilboðssvik. Í þeim felst tilboð um sviksamlegt fjárfestingartilboð til fjárfesta. Ponzi-svik eru einnig kölluð pýramídasvik vegna þess að hægt er að hugsa sér uppbygginguna svikanna eins og pýramída þar sem grunnurinn þarf alltaf að verða breiðari og breiðari til þess að bera þau lög sem eru fyrir ofan.

**Upphaflegu Ponzi-svikin**

Carlo Ponzi (sem kallaði sig „Charles“) kom sem innflytjandi til Boston frá Ítalíu árið 1903 og var aleiga hans þá tveir dollarar og fimmtíu sent. Árið 1920 var hann orðinn þekktur viðskiptajöfur og fjárfestir. Í raun og veru voru viðskipti hans ekkert nema risavaxin pýramídasvik.

Upp frá því hafa svik af þessu tagi oft verið nefnd í höfuðið á Ponzi sem er talinn einhver mesti svikahrappur í sögu Bandaríkjanna. Ponzi rakaði til sín milljónum dollara frá grunlausum fjárfestum og notaði fé nýjustu fjárfestanna til að borga þeim sem vildu innleysa fé sitt.

Svikin sem Ponzi beitti voru í sjálfu sér afar einföld. Í þá daga var hægt að kaupa það sem hét alþjóðlegur svarmiði í einu landi og skipta honum fyrir frímerki í öðru landi. Ef það var ódýrara að senda bréf á einum stað en öðrum var fræðilega hægt að hagnast á verðmuninum með því að kaupa ódýra svarmiða til dæmis á Ítalíu og skipta þeim fyrir verðmætari miða í Bandaríkjunum. Ponzi sagði fjárfestum sínum að hann væri að afla þeim fjár með þessum einföldu viðskiptum. Raunveruleikinn var sá að það var erfitt að skipta þessum miðum og það var heldur ekki til nóg af þeim í heiminum til þess að bera uppi þá stærð sem Ponzi-fjárfestingarsjóðurinn náði að lokum. Hann tók einfaldlega fé frá sífellt fleiri fjárfestum og borgaði hverjum þeim sem vildu fá fjárfestingu sína til baka með fjármunum nýju fjárfestanna og lofaði undraverðri ávöxtun, eða 50% á aðeins 45 dögum. Fé streymdi inn í sjóðinn frá öllu Nýja-Englandi. Fólk tæmdi sparireikninga sína og veðsetti heimili sín og afhenti Ponzi fé sitt. Hann tók sér góðan hluta fjárins, flutti á sveitasetur, keypti vænan hlut í banka í Boston og þegar móðir hans heimsótti hann frá Ítalíu pantaði hann fyrir hana glæsilegan einkaklefa á áætlunarskipi.

Hrikta tók í áætluninni sumarið 1920 þegar fjölmiðlar og laganna verðir urðu æ forvitnari um það hvernig Ponzi hafði eignast peninga sína. Í ljós kom að í stað þess að vera forríkur skuldaði

*Hættumerkin sem benda til Ponzi-svika eru mörg. Eitt það helsta er stöðug og mikil arðsemi sem sveiflast lítið á milli tímabila. Oft er fjárfestingaráætlunin illskiljanleg eða þá að hún er í sumum tilvikum hulin.*

Ponzi sjö milljónir dollara (eða u.þ.b. 74 milljónir dollara í dag). Verkefnið skilaði aldrei hagnaði og var í raun og veru rekið með miklu tapi. Margir bankareikningar Ponzis voru bornir uppi af háum lánum. Hanover Trust, Boston banki sem Ponzi stjórnaði, var tekinn yfir af yfirvöldum í Massachusetts og kom það í veg fyrir að Ponzi gæti hrint lokaáætlun sinni í framkvæmd. Hún var sú að taka fé úr hirslum bankans til þess að borga óánægðum fjárfestum út. Ponzi fór að lokum í fangelsi og fjárfestar hans töpuðu meirihluta af sparifé sínu – fengu innan við 30 sent af hverjum dollar.

**Sameiginleg einkenni**

Ponzi-svik eru oft byggð á tengslasvikum, það er svikum sem beinast að hópi einstaklinga sem eru í einhvers konar sambandi við svikarann. Með svikunum er því verið að misnota gagnkvæmt traust sem ríkir í samfélagi. Einstaklingarnir eru oft úr sama trúarhópi, eiga sameiginlegan uppruna eða land og svikarinn. Svikarinn getur sagt: „Ég er ekki einhver ókunnugur maður. Við tilheyrum sama samfélagi.“ Af þessum sökum geta Ponzi-brögð orðið mjög erfið viðureignar fyrir eftirlitsaðila. Fjárfestarnir sem verið er að svíkja eru hollari hópnum sínum en eftirlitsaðilanum. Jafnvel þegar peningarnir eru horfnir vilja sumir samt ekki trúa því að þeim hafi verið stolið. Fórnarlömbin verða í mörgum tilvikum „hrifin“ af svikaranum og koma honum til varnar, sama hvaða sönnunargögn þeim eru sýnd sem sanna hið gagnstæða.

Þegar Ponzi-bragð hrynur lýsir svikarinn því oft yfir opinberlega að hann hafi aldrei hagnast neitt persónulega. Sannleikurinn er sá að bragðarefurinn hagnast allan tímann með því að eyða fé í munað jafnóðum og það kemur inn. „Það er auðvelt að eyða peningum sem maður á ekki,“ segir sérfræðingur í rannsóknum á svikum hjá bandaríska verðbréfaeftirlitinu (Securities and Exchange Commision –S EC). „Það er ótrúlegt hvað þetta fólk eyðir peningum hratt.“ Svikarar hafa í seinni tíma Ponzi-svikum eytt annarra manna fé í vín, bíla, einkaflugvélar, sumarleyfi, skartgripi og lúxushíbýli og skrifstofur fyrir sig sjálfa.

Hverir eru það sem beita Ponzi brögðum? Svikararnir eru oft fólk sem dreymir um mikinn auð og hefur farið með eigin rekstur í þrot einu sinni eða oftar. Þetta geta einnig verið smábraskarar sem reyna á hverjum degi að hafa fé af öðrum með margs konar svikum hvort sem er í spilum eða með öðrum aðferðum. Almennt eru þeir sem beita Ponzi-svikum fólk sem á auðvelt með að ávinna sér traust annarra, oft með því að hagnýta sér græðgi, óheiðarleika, trúgirni eða einfaldleika fórnarlamba sinna.

Ponzi-svik byrja ekki alltaf sem áform um að blekkja. Viðskiptaáætlun sem gengur ekki upp getur breyst í Ponzi-svik þegar þeir sem stunda viðskiptin reyna að fela fyrra tap með því að fá sífellt meira fé í viðleitni sinni til að flýja fortíðina.

Sannleikurinn er sá að það er ekki hægt að halda Ponzi-svikum gangandi til lengdar. Þetta er viðskiptamódel sem hlýtur alltaf að hrynja að lokum. Einföld stærðfræði segir að ekki er hægt að safna nýju fé endalaust í gegnum neitt kerfi. Svikin eru dæmd til þess að bregðast þar sem fjöldi nýrra fjárfesta sem þarf til að halda þeim gangandi verður brátt meiri en fólksfjöldinn í viðkomandi landi. Hrun verðbréfamarkaða verða oft til þess að stöðva Ponzi-svik þar sem fjárfestar þurfa fé og vilja allir í einu fá peningana sína.

**Stig Ponzi-svika**

Ponzi-svik hafa þrjú þróunarstig, ef svo má að orði komast. Fyrst er myndunarstigið þar sem fyrstu fjárfestar eru lokkaðir að með loforði um litla áhættu og mikinn hagnað. Á þessu stigi hefur svikarinn beint samband við fjárfesta. Svikarinn er oft áberandi og kemur fram opinberlega til þess að efla álit sitt og trúverðugleika. Þar má nefna að kosta íþróttafélög eða gefa háar upphæðir til góðgerðarmála. Svikarinn leitast eftir því að fá mikla umfjöllun í blöðum og á „hverjir voru hvar“-síðum til þess að auka sýnileika sinn sem hann getur svo nýtt sér við að afla meira fjár. Næsta stig er fjáröflunarstig þar sem nýir fjárfestar koma til skjalanna um leið og áætlunin skilar fyrstu arðgreiðslunum. Þátttakendur í fyrstu umferðum fjárfesta hagnast ótrúlega og orðsporið hvetur fólk til fjárfestinga. Til þess að lengja líf áætlunarinnar fléttar svikarinn oft bindingu fjár inn í hana þar sem fjárfestar geta ekki hreyft fé sitt í ákveðinn tíma. Hann hvetur einnig fjárfesta til að velta peningum sínum aftur inn í áætlunina til að auka hagnað sinn. Þegar hér er komið sögu þarf svikarinn ekki lengur að markaðssetja sig þar sem áætlunin er vel þekkt. Hann getur tekið upp á því að loka kerfinu fyrir fleiri þátttakendum til þess að skapa það andrúmsloft að það sé einungis fyrir útvalda. Þegar hér er komið sögu er fólk jafnvel farið að biðja hann um að taka við peningum sínum og telur sig heppið að fá að vera með.

Að lokum kemur að því að kerfið hrynur. Þetta gerist þegar eldri viðskiptavinir vilja taka út meira fjármagn en það fé sem kemur frá nýjum fjárfestum. Ytri atburðir eins og fall á verðbréfamörkuðum geta orðið til þess að valda áhlaupi á áætlunina. Ríkir fjárfestar sem voru hjá Bernie Madoff sem höfðu tapað fé á fjárfestingum í öðrum hlutabréfum hafa kannski hugsað: „Mér er búið að ganga vel með Bernie svo ég ætti kannski að hætta á meðan ég er í gróða og leggja peningana inn á bankabók.“ Neikvæð umfjöllun um önnur verkefni getur einnig orðið til að verkefni hrynja. Fréttir um Madoff-svikin urðu til þess að starfsmenn að minnsta kosti einnar áætlunar fóru að velta því fyrir sér hvort þeir störfuðu fyrir svikara.

**Hættumerki**

Hættumerkin sem benda til Ponzi-svika eru mörg. Eitt það helsta er stöðug og mikil arðsemi sem sveiflast lítið á milli tímabila. Oft er fjárfestingaráætlunin illskiljanleg eða þá að hún er í sumum tilvikum hulin. Jafnvel þó að sagt sé frá fjárfestingaráætluninni eiga aðrir erfitt með að leika hana eftir. Það eru oft alvarlegir hagsmunaárekstrar innan félagsins sem framfylgir áætluninni eða þá að sama félag gegnir margvíslegum hlutverkum sem eru ósamrýmanleg eins og það að velja bæði fjárfestingu og meta hana. Rekstur er oft laus í reipum og honum sinnt af litlum hópi sem einbeitir sér að bókhaldi, endurskoðun er í höndum lítilla og óþekktra endurskoðunarfyrirtækja. Þá eru dæmi um að þeim sem starfa í Ponzi-félaginu sé skipt í deildir og samskipti þeirra séu takmörkuð með til dæmis innréttingum eða takmörkunum á flæði upplýsinga. Ponzi-svik ganga undir mörgum fleiri nöfnum þar á meðal eru „Forex“ og Madoff-svik, sem er nafn sem varð til árið 2008 til heiðurs nýjasta og frægasta svindlinu.

*Höfundur er rannsakandi á verðbréfasviði Fjármálaeftirlitsins.*


Íslandsbanki

Sjóvá-Almennar tryggingar hf. í opið söluferli

Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hf. hefur verið falið að annast ráðgjöf og formlegt ferli sem lýtur að mögulegri sölu á Sjóvá-Almennum tryggingum hf., sem er í dag 90,7% í eigu SAT Eignarhaldsfélags hf. og 9,3% í eigu Íslandsbanka hf.

Um félagið

Sjóvá hefur verið leiðandi á íslenskum vátryggingamarkaði frá stofnun félagsins árið 1918. Félagið býður viðskiptavinum sínum, bæði einstaklingum og fyrirtækjum, fjölbreytta tryggingavernd sem sniðin eru að þörfum þeirra. Sjóvá rekur nú níu útibú og 24 umboð og þjónustuaðila um land allt, en höfuðstöðvar félagsins eru í Reykjavík. Sjóvá leggur áherslu á að veita viðskiptavinum sínum framúrskarandi þjónustu og leitast við að sýna stöðugt frumkvæði í því að tryggja sem best verðmætin í lífi og starfi viðskiptavina sinna.

Um söluferlið

Söluferlið verður opið öllum áhugasömum fjárfestum sem teljast fagfjárfestar samkvæmt lögum nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti og geta sýnt frá á eiginfjárstöðu umfram 500 milljónir króna.

Áhugasamir fjárfestar þurfa að fylla út trúnaðaryfirlýsingu sem hægt er að nálgast á heimasíðu Íslandsbanka (www.islandsbanki.is/sjova2010) ásamt því að leggja fram nauðsynlegar upplýsingar og gögn sem staðfesta að ofangreind skilyrði séu uppfyllt. Í kjölfarið fá fjárfestar afhent frekari gögn um félagið. Seljandi áskilur sér þó rétt til þess að takmarka aðgang að söluferlinu í þeim tilvikum þegar fyrir hendi eru lagalegar takmarkanir á því að fjárfestir eignist ráðandi hlut í félaginu, svo sem vegna samkeppnisreglna. Jafnframt er rétt að vekja athygli á því að samþykki Fjármálaeftirlitsins er skilyrði fyrir því að fjárfestir geti farið með virkan eignarhlut í tryggingafélagi.

Framangreindu skal skilað til Fyrirtækjaráðgjafar Íslandsbanka. Sölugögn verða afhent frá 18. janúar með rafrænum hætti á netfang sem fjárfestar tilgreina í trúnaðaryfirlýsingu.

Gert er ráð fyrir að óskuldbindandi tilboðum sé skilað til Íslandsbanka, Kirkjusandi, 155 Reykjavík, þriðjudaginn 2. febrúar 2010, fyrir kl. 14.00, í lokuðu umslagi merkt „Fyrirtækjaráðgjöf/Sjóvá 2010“.

Þeim fjárfestum sem leggja fram hæstu tilboðin og sýna fram á fjárhagslega burði til að standa við þau, verður boðið til áframhaldandi þátttöku í söluferlinu. Fá þeir þá aðgang að nánari upplýsingum um starfsemi og fjárhag fyrirtækisins.

Tilboðum, með fyrirvara um áreiðanleikakönnun, ber að skila í síðasta lagi mánudaginn 22. febrúar 2010, fyrir kl. 14.00, með sama hætti og að framan greinir.

Tilboð verða opnuð í viðurvist óháðs aðila.

Nánari upplýsingar um söluferlið er að finna á vef Íslandsbanka á slóðinni www.islandsbanki.is/sjova2010, frá kl. 10.00, mánudaginn 18. janúar 2010.


Svefnsófar
30%
Heilsurúm
10-30%
Stillanleg rúm
10-30%
ÚTSALA
á völdum vörum
allt að 30%
Sængurverasett
10-30%
Stubbastólar
30%
Heilsukoddar
20%
DORMA
– býður góða nótt
OPIÐ
Laugardag frá kl. 11-17
Sunnudag frá kl. 13-17
Virka daga frá kl. 10-18
www.dorma.is
Holtagörðum 2. hæð • Sími 512 6800 • www.dorma.is • dorma@dorma.is

# Grein númer 1.000 um Icesave

**UMRÆÐAN**
Hallgrímur Helgason skrifar um Icesave

Kæru landsmenn. Í dag er dagur nr. 462 í Icesave. Og hér kemur grein nr. 1000 um málið. Það fyrirgefið.

Eitt sinn vorum við þjóð í sjokki sem skammaðist sín fyrir græðgi sinna drengja og samþykkti hvað sem var. Kannski ekki alveg eins og dýrið í bílljósunum heldur meira eins og dýralæknir í bílljósum. Síðan vorum við þjóð að koma út úr sjokki sem ætlaði að vera dugleg stelpa og sýna heiminum að hún vildi bæta sitt ráð. Eins og nýkjörinn formaður húsfélags sem lofar að deila dópskuld pakksins á fjórðu á allar hæðir, af (kannski aðeins of mikilli) stórmennsku og heiðarleika. Nú erum við þjóð sem þreytt er orðin á sjokki og veit ekkert í sinn haus. Stöndum ráðvillt úti á túni og hlýðum á vegfarendur segja hvað okkur ber og ekki. Skoðanakannanir orðnar að skrattaskemmtun.



HALLGRÍMUR HELGASON

Ný rök dynja á okkur úr öllum áttum. Allir vinir Fésbókar eru gengnir í Icesave-söfnuðinn og birta nýjustu vitranir daglega. Eftirlaunaðir stjórnmálamenn hafa kastað golfkylfunni og skrifa langar lærðar greinar. Á hverjum morgni berast okkur álit erlendra sérfræðinga, mótrök innlendra lögspekinga, úttektir eldheitra áhugamanna, flokkslínur fjögurra flokka og fokklínur æpar úr bloggheimum, að ógleymdum spunameisturum ríkisstjórnar og hrunameisturum Haarde-stjórnar. Hver ný skoðun hefur mök við þá fyrri sem getur af sér þrettán nýjar svo úr verður leðurblökuger í hverri stofu landsins. Er nema von við séum ringluð?

### Alþjóðlegur vinkill

En þó virðast 999 greinar um Icesave ekki hafa verið alveg til einskis. Fimmtán mánuðum eftir að heimasíðum Landsbankans í Hollandi og Bretlandi var lokað af Tortólfum tveimur, þeirra digru stjórum og slaufuburðarmanni flokksins (án þess svo mikið að segja „Sorry, off with your money to the Caribbean!“) hefur málið þokast inn á nýjar lendur, ögn víðari en þær gömlu. Þótt synjun forsetans hafi látið okkur berja höfði í borð þegar hún barst okkur yfir Skerjafjörðinn verður því víst ekki neitað að með henni komst málið út úr eldhúskrókum Íslands og inn í heimsfréttirnar. Skyndilega fékk íslenska þrasið alþjóðlegan vinkil: Eftir að hafa bergmálað milli bloggmálsklettanna í Dimmuborgum í heilt ár náði það loks inn á hótelherbergin í Hong Kong og Kæró, þar sem heimsfólkið tekur sín eftirjólafrí. Fjármálatímans menn og konur höfu að tjá sig, sjónvarpsmenn á BBC og CNN, vitringar á Wall Street og sérfróðir í City, og komu margir á óvart með afstöðu sinni í Icesave. Og okkar eigin miðlar opnuðu á símtöl utan úr heimi. Holy Miss Joly sat ásamt Eiffelturni og Evrópuþingmanni í Silfri Egils. Öll þrjú sögðu hreint út að við þyrftum ekki að borga. En ég verð að borga! Ég vil borga! hrópaði samviskan og lét sjálfsásökunarsvipuna ganga á baki sér. Tortólfarnir og Slaufi stálu þessum peningum af stritandi breskhollenskum almenningi, lífeyrissparendum og líknarfélögum, í nafni Gullfoss og Geysis, Bóbós og Bjarkar, mín og þín. Ekki viljum við þjófsnautar vera, í heimsfrægu þjófslandi búa.

Eða hvað?

### Ryðgaður á flokkslínunni

Fremstir í flokki þeirra sem segja nei, við skuldum ekkert, eru lögfræðingarnir. Því doktorsgráðugri menn eru í þeirri þrætulist, því harðari eru þeir á sakleysi Íslands. Sem segir manni að lögfræði virðist ekkert hafa með siðgæði að gera. Nördar eru þeir kallaðir sem einungis blína á bókstafinn og fátt annað skilja. Og megum við sannarlega þakka fyrir að meirihluti landsmanna sé ekki lögfræðimenntaður; þá fyrst myndi þjóðfélagið leysast upp í lögleysu. „Nei, ég má þetta! Þessi grein stangast á við hefðbundna túlkun á 32. annarri grein laga 212 frá ‘94 og gildir því ekki! Bla bla bla.“

Þó verður að viðurkennast að Icesave-málið er ekki einungis siðferðilegs og stjórnmálalegs eðlis heldur lagaleikskrói líka.

Sjálfur hef ég setið ryðgaður á flokkslínunni í þessu máli, eins og gamalgróinn bolti, allt frá því í síðustu sumarbyrjun. Og það mest af hreinni þrætuþreytu. Eins og fleiri treysti ég mínu fólki til að gera það sem best og nauðsynlegast var. Ég var á kafi í skáldsögu og gat ekki tekið mér það vikufrí sem þurfti til að setja mig inn í Icesave. Ég las því ekki samninginn, setti mig ekki inn í smáatriðin, lét það eftir fólkinu sem ég kaus. Er það ekki þannig sem lýðræðið virkar? Verkaskipting.

Vinkona mín brosti góðlátlega að þessari yfirborðskenndu afstöðu og skeiðaði niður á Austurvöll til að standa þar í lappirnar, á íslenskum upphlut, gegn Icesave, ásamt öllum reiðu Söguhlustandi leigubílstjórunum og leðurhönskuðu jeppakóllunum sem alltaf hafa kosið Sjálfstæðisflokkinn og munu áfram gera því allir eru þeir spennufíklar sem elska hrun. (Á tímabili var sem allt „fína og ábyrga peningafólkið“ okkar (hægrisinnaðir húseigendur á hægðalyfjum) væri á móti því að borga Icesave en „óábyrga hugsjónafólkið“, sem hefur hvorki vit né áhuga á peningum (værukærir videoglápandi vinstrimenn), væri það sem vildi standa við skuldbindingar Íslands.) En vinkona mín á upphlutnum var hvorki jarðeigandi né jeppakall heldur fjallkona dagsins sem vissi hvað það er að bera íbúð og bíl á bakinu í vinnuna sérhvern dag og ætlaði alls ekki að bæta gullveislum Tortólfa á það hlass. Fyrir þá sannfæringu sína var hún til í að standa lengi á Austurvelli, á milli þess sem hún þrælaði sér í gegnum samninginn. En gagnvart þeim eldmóði voru sum okkar hreinlega, já, of þreytt. Sjálfur var ég, eins og fleiri, búinn með mótmælakvótann fyrir árið 2009, og einbeitti mér að öðru, leiddi næstum því hjá mér þessa staðföstu andstöðu við Icesave. En er það ekki þannig sem lýðræðið virkar? Verkaskipting.

Og nú sér hún árangur erfiðis síns, Fjallkonan á Austurvelli. Þolinmæði hennar var ekki til einskis.

### Það þurfti þrætuvetur

Í Icesave var ekkert til einskis.

Pelsafólkið með rauðu blysin, brjálæðingarnir í búsáhaldabyltingunni, bloggarinn austur á Reiðafirði, reiði kallinn í útvarpssímanum, eitilhörðu indífensarnir, hagfræðingurinn okkar í London sem eyddi fimm helgum í greinaskrif, fréttitararar og fræðimenn, þingmenn og -konur sem vöktu fram á nótt og fluttu sínar misvitru ræður fram í myndavélarnar, flokksformenn og embættismenn, hlustendur og hlæjendur, lögfræðingar allir og landsins heitapottsverjar, við sem sátum heima þreytt: Allir gegndu sínu hlutverki. Enginn gerði ekkert í Icesave.

Tölum okkur ekki niður og út. Verum nú aðeins stolt af okkur. Það þurfti heilan þrætuvetur til. Lýðvirknin hefur sjaldan verið meiri hér á landi.

Og Icesave er sannarlega ekki ómerkilegt mál, heldur dæmisaga á veraldarvísu sem verðskuldar líklega allan þann tíma sem hún þarf. En auðvitað er þetta búið að vera drepleiðinlegt. Auðvitað var einhver í pólitískri keilu. Auðvitað var einhver að nota málið sér til frama. Auðvitað var hún hvimleið, þingröddin Vigdísar Hauks. Auðvitað var hún pínleg, einurðin Þorgerðar Katrínar. Og auðvitað er erfitt að heyra óminn af greinum um Icesave sem birtast að sögn í Mogga; erfitt að heyra um „heiðvirt“ fólk sem af einhverjum ástæðum kýs að birta sín sjónarmið í hvítþvottavél flokksins, innan um óhreina tauið ritstjórans, sjálfs Hertogans af Icesave. Og auðvitað sitja gömlu vinirnir hans, þeir Tortólfur og Slaufi, enn óáreittir í Ísbjargarhöllum sínum vítt um bæinn og aðrar borgir. En eftir stendur að málið er enn óklárað.

Og opið á ný.

### Víðsýni vindhanans

Alþjóðleg umræða um Icesave var skiptilykillinn sem skrúfaði mig lausan af flokkslínunni. Tosaði mann upp úr skotgröfinni. Ég fór að hlusta á fleiri sjónarmið en Jóhönnu og Steingríms. Hvað annað var hægt? Maður varð líka að sætta sig við að málinu yrði ekki troðið niður um þjóðarkokið. Andstaðan var of massíf til að verða hundsuð. „Hinir sauðþráu Íslendingar!“ (Roy Hattersley á morgunvaktinni). Og Ólafur Ragnar of glansþurfi til að geta skrifað undir. Hann sem var orðinn forarseti þráði að verða forseti á ný.

En eigum við samt ekki að hrósa nýju stjórninni fyrir að gefa málinu svo langan lífdag? Einhverju sinni hefði það verið klárað í einum karlanna hvelli með Halldór máttugan Blöndal í bjöllunni.

Já. Svona erum við vinstrimenn miklir vindhanar. Svona erum við úthaldslausir í afstöðunni og alltaf til í að skoða málin upp á nýtt. Nei, svona erum við víðsýnir, opnir og sanngjarnir. Er það hættulegt? Já, það er stórhættulegt, segir Einar félagi Kárason á Fésbók. Og taka má undir það. Hrunameistararnir bíða umsátursmalandi utan við borgarmúrana, ásamt sinni fuglahvíslandi náhirð. Sigmundur Davíð Oddsson gæti verið sestur yfir okkur á morgun ef við pössum okkur ekki. Hingað til hafa Hádegismórarnir haft það ömurlega geð í sér að æpa stöðugt á þau sem eru að reyna að semja okkur upp úr feninu sem þeir steyptu okkur í. Og já, flestir eru þeir á því að við þurfi að borga: Dópistinn reynir allt til að sannfæra mömmu og pabba um að þau þurfi ekki að borga skuldir hans, og það þó að handrukkarinn sé kominn í hús og hafi tekið gömlu hjónin hálstaki, brugðið hnífi á háls, með AGS-ið húðflúrað á ennið. En hér kemur þúsundasta og fyrsta spurning í Icesave: Eigum við ekki að taka mark á Evu Joly bara af því að hún segir það sama og hrunameistararnir í Hádegismóum? Hún gerir það auðvitað á allt öðrum forsendum.

### Hertoginn og Holy Joly

Er vinstriþjóðin þá fjölskylda týnd á fjöllum, hitalaus og matar-, sem neitar aðstoð björgunarsveitar, þegar hún loks berst, á þeim forsendum að einhverjir meðlimir hennar séu of hægrisinnaðir? Eigum við að láta hrunameisturunum það eftir að leyfa þeirra frumstæðu sjálfsvarnarsjónarmiðum að fæla okkur frá hugsanlegum björgunarköðlum? Þá hefur eyðileggingaröflunum fyrst tekist ætlunarverk sitt þegar þau ná að byrgja okkur sýn til ALLRA átta, til ALLRA lausna, þegar þeim hefur tekist að útiloka ákveðin sjónarmið, einungis vegna þess að sjálf hafi þau viðrað viðlíka skoðanir.

Hér má gjarnan líta upp úr skotgröfum, sleppa taki á flokkslínum, taka skrefið út í efann og óvissuna, líta í kringum sig. Ég get ekki sagt að ég hafi þegar skipt um skoðun í Icesave-málinu en ég er að skoða mig um. Hvað er í boði? Hvað er enn hægt að gera? Icesave er komið á nýjan reit, ef til vill upphafsreit. Og því spyr ég ykkur þau sem enn eruð hörð á bandi samnings nr. 2: Hvernig eigum við að geta samþykkt svo stórar álögur í þjóðaratkvæði þegar manneskja eins og Eva Joly segir að okkur beri engin skylda til að borga?

Afstaða Hertogans og náhirðar hans er einföld: Þið þurfið ekki að borga fyrir mistök okkar. Þar talar ranglætið um réttlæti. Afstaða Evu Joly er hinsvegar reist á sanngirni í alþjóðasamskiptum. Þar talar réttlætið um ranglæti. Eigum við ekki að hlusta?

### Mistök ríkisstjórnar

Eigum við ekki að reyna að meta stöðuna upp á nýtt í ljósi nýjustu vendinga? Og eigum við ekki að viðurkenna að mistök hafi átt sér stað? Í Icesave hefur ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur grúft sig um of yfir málið, í verkstíl hennar sjálfrar, en ekki horft á það úr fjarlægð. Hér vantaði alþjóðlegt samráð og samhengi. Hér vantaði Jóns Baldvins-vinkilinn. Við nefndarskipun var fjármálaráðherra jafnvel svo nærsýnn að hann horfði einungis inn í eigin flokk eftir hæfu fólki. Slíkt gat aðeins valdið vantrausti. Steingrímur J. ætlaði að sóla upp kantinn í þessum landsleik, leika á alla bresku atvinnumennina einn, og skora markið sem átti að duga okkur til jafnteflis. Og síðan hvenær hafa landsleikir farið fram með leynd?

Og já, hvað sem má um útrásir forsetans segja var þessi hans síðasta dæmi um það sem við biðum of lengi eftir: Að einhver ráðamaður okkar, enskumælandi og ótitrandi, talaði okkar máli í miðlum heimsins. Leiðtogar okkar hafa verið of fastir í leðjuslagnum heima. Og gleymdu því að Icesave er ekki aðeins dapurlegur kafli í Íslandssögunni heldur hefur það einnig alþjóðlega skírskotun, ef ekki heimssögulega þýðingu. Það vitum við loksins almennilega nú.

Þá gleymdist einnig gjörsamlega að ganga á sökudólgana sjálfa og þeirra sigurjónsdigru sjóði. Það var auðvitað bjartsýni að ætla þjóðinni að borga þeirra illu prívatskuldir á meðan þeir sjálfir héldu áfram að sóla sig í eigin skartgripaskini, á sínum eigin veröndum, í sínum eigin lúxhúsum. Sjálfur höfuðpaurinn var ekki einu sinni yfirheyrður af rannsóknarnefnd Alþingis fyrr en fjölmiðlar sögðu frá því stóra stikkfríi! Á meðan Icesavesnillingarnir, Tortólfarnir, Digrar tveir og Slaufi, hafa ekki enn verið gerðir upp og allt þeirra fé lagt inn í þessa miklu þjóðarskuld getur ríkisstjórnin ekki ætlast til þess að landsmenn gangi glaðir til þeirra borgunarverka. Fólk verður að minnsta kosti að finna þefinn af réttlætinu ef það á að sætta sig við ranglætið.

### Ógeðsdrykkir samstöðunnar

En hvað er þá til ráða?

Nú þarf að gera það sem gerast átti löngu fyrr: Að teknar séu eignarnámi eigur allra „eigenda“ og stjórnenda Landsbankans gamla og settar ofan í skúffu til að grípa til síðar. Að forsætisráðherra hífi sig upp úr pappírunum og stígi fram fyrir þjóðarskjöld. Að fulltrúar allra hinna misvitru stjórnmálaflokka séu kallaðir til samninganefndar, svo þeir séu allir undir þá sömu svipu settir sem þjóðaratkvæðisgrýlan er. Og að beitt verði alveg nýrri tegund af herkænsku með vísun í glóðvolga alþjóðaumræðu um málið.

Auðvitað er ekki auðvelt að sætta sig við aðkomu gömlu fjárhyggjupostulanna að málinu. Auðvitað er ekki auðvelt að sætta sig við að sjá formann Sjálfstæðisflokksins sitja við ríkisstjórnarborð, nú þegar hann hefur loks náð sínum siðferðilega botni með því að líkja sér við sjálfan Jón Sigurðsson og mótmæla að hans hætti nauðarsamningum sem voru þó tilraun til að bjarga þjóð frá klúðri hans eigin flokks. Prinsinn af Icesave hefur enn ekki sýnt þá döngun að stíga fram og biðja okkur afsökunar á klíkuverkum Hertogans og slaufuburðarmanna hans. (Hugsið ykkur, fimmtán mánuðum eftir hrun hefur enginn tekið ábyrgð á Icesave!) Nei, í staðinn lýsir hann sig sjálfstæðishetju sem ætlar að bjarga landinu sem hann missti þó sjálfur í sjóinn og lætur klappa fyrir sér í Valhöll, þessum ellibústað aflóga guða fjárhyggjunnar. Í raun er það nánast óskiljanlegt hvernig Sjálfstæðismenn hafa treyst sér til að tjá sig yfir höfuð um Icesave, þennan beiskasta kaleik sem nokkur stjórnmálaflokkur hefur fært þjóðinni. Á karlrembutíð var talað um afturbatapíkur en í þessu tilfelli væri nær að tala um skyndibatapíkur.

Þá er heldur ekki auðvelt að sætta sig við að sjá Framsóknarformann við samningsborð fyrir Íslands hönd. Skeleggur má hann vera en líkt og hans smekklausi kollega ber hann ennþá klíkuglæpi fortíðar á bakinu. Þá hefur afstaða hans í málinu verið mjög framsóknarleg: Eitt sinn vildi hann ekkert borga, þá vildi hann dómstólaleið, síðan vildi hann eitthvað borga, loks þráði hann þjóðaratkvæði en vatt því síðan í nýjan kross, en gerði það þó allt með miklum þjósti.

En hér verðum við semsagt að taka fram stóra skoltinn og kyngja ýmsum ógeðsdrykknum, allt í þeirri von að málið klárist og þjóðin fái samþykkt það. Þá er holt að líta til þess að síst er Samfylkingin saklaus af hruni. Hennar var bankamálaráðherra Icesave-tímans og með henni búa enn ýmsir hrunamenn og -konur sem sagan segir að fái krot í kladda rannsóknarnefndar. Og ekki eru Vinstri-grænir hreinar meyjar lengur, eftir að hafa tekið sinn eigin Hertoga fram yfir óumdeildan fagmann sem formann fyrstu nefndar.

Og já, hver er svo ég að saka Framsókn um skoðanastjákl, þegar þessi þúsundasta grein um Icesave inniheldur að minnsta kosti tíu tilhlaup að skoðun í málinu. En hér er það einfaldlega



KJARTAN GUNNARSSON, BJÖRGÓLFUR GUÐMUNDSSON OG DAVÍÐ ODDSSON

svo að opinn hugur er betri en uppgerður. Efi er allt sem þarf.

### Höfðatölutillagan

En einhverjar línur þarf þó. Og hver ættu nú að verða samningsmarkmið Íslands? (Aldrei fengum við að vita samningsmarkmið fyrri nefndar.) Eigum við að neita með öllu að borga, að hætti Einars Más, hins Húgó Chavezka byltingarmanns norðursins? Nota tækifærið og sýna alþjóðlegu fjármálavaldi fingurinn? Nei, segir samviskan. Slíkt væri dæmigerð 2007-hegðun, áframhaldandi hroki, yfirgangur og agaleysi. Hér er heldur ekki verið að tala um ósanngjarnt lán frá gósenlandi til þróunarlands. Icesave var rán en ekki lán. Ríkt land rændi önnur rík. Og ekki viljum við einangrast. Seint förum við að framleiða okkar eigin farsíma og hver ætlar að neita börnunum sínum um námsár í Boston eða Berlín? Tilfinningin segir manni að framtíðarfórnin yrði stærri ef við neitum öllum greiðslum.

Bróðir minn Gunnar er með einfalda tillögu að lausn: Hann vill að heildarskaðanum í Icesave verði deilt niður á þjóðirnar þrjár sem borgi samkvæmt sanngjarnri höfðatölureglu. Og þetta hefur hann reiknað út: Ef við gefum okkur að heildarupphæðin vegna Icesave sé 700 milljarðar króna myndi henni deilt niður á þessar rúmu 76 milljónir manna sem byggja löndin þrjú. Þá kæmu 45 ensk pund niður á haus. Samkvæmt því ætti 313.000 manna þjóðin að greiða 2.7 milljarða króna. Samkvæmt þessari tillögu bróður míns myndum við því sleppa með tæpa þrjá milljarða fyrir sögulegt axarskaft, sirka 10.000 kall á mann. Vonandi verður niðurstaðan einhverstaðar á milli þessa og samnings 2.

### Ekki of mikið, ekki of lítið

Nú þurfa menn samt að setja sér einhver markmið. Við getum nýtt okkur hálstakið sem handrukkarinn AGS hefur fangað okkur í. Varla er sanngjarnt að stofnun sem segist vera alþjóðleg gangi erinda nokkurra smáþenkjandi stórþjóða. Við getum minnst á kerfishrun. Við getum beitt þjóðaratkvæðisgrýlunni: Þrjóskasta þjóð í heimi mun ekki samþykkja hvað sem er. Við getum nýtt okkur viðsnúning í erlendu almenningsáliti. Við getum bent á ábyrgð hinna stóru þjóða sem leyfðu fjárglæpamönnum að opna netbanka í landhelgi sinni. Og þegar allt um þrýtur getum við dregið fram Parísarparið og farið laganördaleiðina. Umfram allt megum við alls ekki leysa málið samkvæmt nýjustu hugmyndum um orku fyrir Icesave. Það lýsir vel nýlendueðli Breta og Hollendinga að þeim skuli detta í hug að leggja naflastreng til smálandsins og soga úr því orkuna til hundrað ára. Slík lausn væri niðrandi fyrir okkur. Að borga til fulls væri líka niðrandi fyrir okkur. Að borga ekkert væri líka niðrandi fyrir okkur. Og þá er ég loks kominn með vott af afstöðu í Icesave:

Við eigum að gangast inn á að borga sanngjarnan hlut í þessu ráni. Ekki of mikið, ekki of lítið. Ég vil ekki tilheyra þjóð sem lætur beygja sig í duftið fyrir græðgi nokkurra gullfíkla. En ég vil heldur ekki tilheyra þjóð sem tekur enga ábyrgð á yfirlýsingum eigin ráðamanna og neitar að læra nokkuð af hruni alls þess sem sjálf hún kaus. (Samkvæmt skoðanakönnunum er Icesave-flokkurinn enn stærstur stjórnmálaflokka.) Ég vil ekki tilheyra þjóð siðblindra sveitamanna sem ætla stöðugt að sigra heiminn, á sinn sérísleska hátt; sem aðeins er hægt að gera einu sinni og síðan aldrei meir: Því sá séríslenski „sigur“ felst í því að valta yfir heiðvirt fólk og hlaupa svo burt með gróðann, láta sig hverfa.

### Eldskírn þjóðar

Rétt eins og hrunið er Icesave eldskírn þjóðar. Eitt sinn var hún í sjokki og gafst bara upp. Svo var hún dugleg stelpa og vildi sýna lit. Loks varð hún þreytt á sjokki og vissi ekkert lengur. En áður en hún verður aftur þjóð sem gleymir öllum sjokkum, og ekkert hefur öðrum að bjóða annað en yfirgang og hroka, verður að semja um Icesave. Og til þess verðum við að standa saman, kæru landsmenn. Í smá tíma að minnsta kosti.

Því svo mikið er víst: Hinn eilífi, sísjálfsendurnýjandi Íslendingur verður hættulega fljótur upp í flugvél aftur, kominn með glænýjar leiðir til „heimsyfirráða“, með nýjar „sigur“-formúlur á vör og nýtt glas af víni í loftinu yfir heimsborgum fullum af svefnheimskum útlendingum sem bíða eftir því að verða teknir í bólinu. „Getur ekki klikkað! Óli og Dorrit ætla að mæta á opnunina!“

### Þú ert númer 1000 í röðinni

PS. Eitt hefur þó hrunið góða lagað í okkar landi. Nú þora menn og konur loks að tjá sig, á bloggi, í greinum, úr ræðustól og sínum eigin kvikmyndum jafnvel. Hrunið vakti Ísland. Ég minnist þess nú, að lokinni langri greinarsmíð, hve áður fyrr var fámennt oft á ritvellinum. Stundum stóð maður þar einn og mundaði pennann. Nú má maður hinsvegar gjöra svo vel og taka númer, fara aftast í röðina. Á undan mér eru 999 sjónarmið.

*höfundur er rithöfundur*



BJARNI BENEDIKTSSON, STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON, JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR OG SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON



# Ávinningur Icesave-samninganna

**UMRÆÐAN**

Huginn Freyr Þorsteinsson skrifar um Icesave



HUGINN FREYR ÞORSTEINSSON

Innan fárra vikna munu Íslendingar ganga til sinnar fyrstu þjóðaratkvæðagreiðslu í nærri sjö áratugi og verður hún um ríkisábyrgð á svokölluðum Icesave-lögum. Með staðfestingu laganna verður veitt ríkisábyrgð á samningum íslenskra stjórnvalda við þau bresku og hollensku um greiðslu lágmarkstryggingar innstæðna á Icesave-reikningum Landsbankans.

Samningarnir snúast að öllu leyti um að lágmarka tjón skattgreiðenda vegna ábyrgðarlausrar hegðunar íslensks banka, Landsbanka Íslands, sem sópaði að sér 1.300 ma.kr. á Icesave innlánsreikninga í útibúum sínum í Bretlandi og Hollandi – sem nemur um 90% af landsframleiðslu Íslands. Við gjaldþrot bankans haustið 2008 stóðu um 350 þúsund innstæðueigendur í þessum tveimur löndum frammi fyrir því að tapa sparnaði sínum. Það hefðu innstæðueigendur á Íslandi einnig gert hefðu íslensk stjórnvöld ekki gripið inn í með setningu neyðarlaga og bjargað öllum innstæðum þeirra.

Gerð er sú krafa að Tryggingarsjóður innstæðueigenda á Íslandi bæti breskum og hollenskum innstæðueigendum 20.887 evrur, svokallaða lágmarkstryggingu skv. lögum um sjóðinn og tilskipun Evrópska efnahagssvæðisins. Þetta felur í sér að samtals er tryggingasjóðurinn krafinn um að greiða um 700 ma.kr. eða rúmlega helming allra innstæða, en Bretar og Hollendingar taka þá 600 ma.kr. sem eftir standa á sína ríkissjóði. Í október og nóvember 2008 samþykktu þáverandi ríkisstjórn Íslands og Seðlabankastjóri þetta og að bresk og hollensk stjórnvöld greiddu innstæðueigendunum út hluta íslenska tryggingarsjóðsins fyrir hans hönd. Í þessu felst að bresk og hollensk stjórnvöld fallast á að íslenskum stjórnvöldum hafi verið heimilt að undanskilja íslensk útibú með starfsemi í Bretlandi og Hollandi frá 100% tryggingu innstæðna í íslenskum útibúum sem fólst í neyðarlögunum og falla frá kröfum þess efnis.

Með samningnum er upphæð kröfunnar á íslenska Tryggingarsjóðnum fest í um 700 ma.kr., tæplega 50% af landsframleiðslu Íslands, sem er ógnarstór tala. Sú upphæð mun þó aldrei falla á íslenska skattgreiðendur því eignir Landsbankans verða nýttar til þess að greiða hana niður fram til ársins 2016. Mat á eignum sýnir þær muni duga fyrir 88% höfuðstólsins og því er áætlað að sú hann verði þá, ásamt vöxtum, að núvirði um 183 ma.kr. Með góðri nýtingu eigna Landsbankans má því gera ráð fyrir að niðurgreiðsla lánsins á síðari hluta lánstímabilsins, árin 2017 til 2024, verði árlega um 1-2% af landsframleiðslu Íslands. Samkvæmt ákvæðum samningsins mun ríkissjóður greiða eftirstöðvar lánsins á 8 árum með hámarksgreiðslu ár hvert í hlutfalli við vöxt landsframleiðslu og möguleika á framlengingu ef þurfa þykir. Ef hagstæðari fjármögnunarmöguleikar bjóðast verður hægt að greiða lánið hraðar niður og unnt er eða að taka upp viðræður aftur í samræmi við endurskoðunarákvæði samningsins ef þróun efnahagsmála verður mun lakari en gert er ráð fyrir.

*Við gjaldþrot bankans haustið 2008 stóðu um 350 þúsund innstæðueigendur í þessum tveimur löndum frammi fyrir því að tapa sparnaði sínum.*

Aðrar breytur geta haft áhrif á uppgreiðslu samningsins. Ef gengi krónunnar styrkist á næstu 7 árum lækkar höfuðstóll lánsins í krónum talið og öfugt ef að krónan veikist. Hið sama á við um eignir þrotabúsins og dregur það úr áhættu af þessum sökum. Vextir lánasamningsins eru fastir og óverðtryggðir allan lánstímann og því gæti aukin verðbólga í Bretlandi dregið úr vaxtakostnaði lánsins. Þannig þýðir 2-3% verðbólgu á þessu tímabili að raunvextir lánsins væru í kringum 3%.

Að lokum er vert að taka fram að þrátt fyrir að hér séu færð rök fyrir núverandi samning vegna Icesave-málsins er það langt í frá viðunandi að almenningur þurfi að taka á sig miklar byrðar vegna efnahagshrunsins. Icesave-málið er þar engin undantekning fremur en mörg hundruð milljarða króna halli ríkissjóðs undanfarin tvö ár og þau næstu, 300 milljarða króna gjaldþrot Seðlabankans eða kostnaður vegna endurreisnar bankakerfisins og allur vaxtakostnaður sem þessu fylgir. Allt eru þetta afleiðingar óráðsíu manna í viðskipta- og stjórnmálalífi. Sérstök ástæða er til að undirstrika ábyrgð hinna síðarnefndu, þ.e. stjórnmálamanna, enda fól almenningur þeim að standa vörð um hagsmuni ríkissjóðs og skattgreiðenda. Með blindri trú sinni á skuldsett útrásarhagkerfi tókst þeim að koma íslensku þjóðarbúi í þá stöðu að engar auðveldar leiðir eru til að reisa það aftur við. Í þannig stöðu þarf að velja skásta kostinn sem í boði er og öll rök hníga að því að hann sé samþykki núverandi samninga.

*Höfundur var aðstoðarmaður formanns samninganefndar Íslands um Icesave og er aðjúnkt við Háskólann á Akureyri. Lengri útgáfa birtist á Vísi.*

# Hið rétta um húsnæðismál borgarinnar

**UMRÆÐAN**

Óskar Bergsson skrifar um borgarmál



ÓSKAR BERGSSON

Sigrún Elsa Smáradóttir borgarfulltrúi heldur áfram gagnrýni sinni á húsnæðiskostnað borgarinnar þrátt fyrir að margsinnis sé búið að fara yfir málið með henni og útskýra í hverju munurinn liggur. Nú síðast í ágætri fréttaskýringu Péturs Gunnarssonar á Fréttablaðinu á þriðjudaginn var. Í grein í Fréttablaðinu í gær heldur borgarfulltrúinn enn áfram og nú með því að gera að engu réttar upplýsingar um þróun húsnæðiskostnaðar borgarinnar, líkir Ráðhúsinu við draugahús, fer með rangt mál um ábyrgð á flutningi fjármálaskrifstofu og fullyrðir ranglega að innri endurskoðun sé til húsa við Höfðatorg. Hækkunin sem Sigrún Elsa vísar til er fyrst og fremst til komin vegna leiðréttinga sem gerðar voru þegar eignarekstur borgarinnar var settur undir einn hatt og við þær breytingar kom upp ýmis falinn húsnæðiskostnaður, s.s. eins og hlutdeild borgarinnar í byggingu framhaldsskóla og millifærsla úr eignasjóði í aðalsjóð vegna fasteignagjalda.

Aðrir þættir í húsnæðisrekstrinum sem hafa orðið til hækkunar á húsnæði eru fyrst raunverulega að koma fram eftir að eignareksturinn var aðgreindur frá almennum rekstri. Húsrými á hvern nemanda bæði í leik- og grunnskólum hefur aukist á undanförnum árum. Síðan má nefna að þjónustumiðstöðvar hafa verið settar á fót í öllum hverfum borgarinnar sem er hrein viðbót við fasteignarekstur borgarinnar frá árinu 2005. Stefnumótun Samfylkingarinnar um leigustefnu húsnæðis frekar en eignastefnu og leigusamningur á Höfðatorgi, sem Dagur B. Eggertsson gerði í sinni stuttu borgarstjóratíð hafa lagt sín lóð á þessa vogarskál. Það kemur því úr hörðustu átt þegar Samfylkingin skammar núverandi meirihluta fyrir aukinn húsnæðiskostnað borgarinnar sem að stærstum hluta varð til vegna þeirra eigin ákvarðanna.

Ekki veit ég hvað Sigrúnu Elsu gengur til þegar hún lýsir Ráðhúsinu sem draugahúsi og vísar til orða minna í borgarstjórn um að nýta mætti Ráðhúsið betur en gert er. Þar er á ferðinni einhver smekkleysa sem borgarfulltrúinn hefur kosið að tileinka sér til þess að draga að sér athygli. Því miður með neikvæðum formerkjum fyrir hana.

Fleiri smáar rangfærslu eru í greininni s.s. eins og að fjármálaskrifstofan hafi flutt í Höfðatorg á síðasta ári. Það var gert í borgarstjóratíð Ólafs F. Magnússonar og einnig er það rangt að innri endurskoðun sé á Höfðatorgi, en hið rétta er að starfsemin er við Vatnagarða 28. Í stóru sem smáu koma fram rangfærslur í málflutningi Sigrúnar Elsu og vona ég að borgarfulltrúinn undirbúi sig betur framvegis en hún hefur gert fram að þessu. Góðu fréttirnar í þessari húsnæðisumræðu eru auðvitað þær að húsnæðiskostnaður er ekki nema 14 prósent af heildarútgjöldum borgarinnar og er óhætt að fullyrða að mörg heimili í landinu myndu vilja vera í þeim sporum. Þessu hefur ítrekað verið komið á framfæri við borgarfulltrúann en hann kýs enn að snúa út úr. Í þessari síðustu grein sinni opinberaði Sigrún Elsa óvandvirkni og rangtúlkun sína á málaflokknum og er mál að linni.

*Höfundur er formaður borgarráðs.*





| Viðburður / Sport event | Staðsetning / Venue | 15. jan. | 16. jan. | 17. jan |
|---|---|---|---|---|
| **Opnunarhátíð** / Opening Ceremony | **Laugardalslaug** / Swimmingpool | 19:30-22:00 | | |
| **Sund** / Swimming | **Laugardalslaug** / Swimmingpool | 16:30-18:30 | 9:00-12:00 16:30-18:30 | 9:00-12:00 16:00-18:00 |
| **Sund fatlaðra** / Swimming for disabled | **Laugardalslaug** / Swimmingpool | | 13:00-15:00 | 13:00-15:00 |
| **Frjálsar** / Track and field | **Laugardalshöll** / Sport Hall | | 13:00-15:00 | |
| **Badminton** / Badminton | **TBR við Glæsibæ** / TBR | | 10:00-17:00 | 10:00-15:00 |
| **Dans** / Dancing | **Laugardalshöll** / Sport Hall | | | 9:30-18:00 |
| **Fimleikar** / Gymnastics | **Laugardalshöll** / Sport Hall | | 14:00-17:00 | |
| **Skylmingar** / Fencing | **Baldurshagi á Laugardalsvelli** / National Stadium | | 9:00-17:00 | 10:00-16:00 |
| **Keila** / Bowling | **Keiluhöllin** / Bowling Hall | 17:00-20:00 | 9:00-16:00 | 9:00-17:00 |
| **Listhlaup** / Figure Skating | **Skautahöll** / Skating Hall | | 8:30-20:45 | 8:00-13:00 |
| **Júdó** / Judo | **Laugaból við gervigrasvöll** / Laugaból | | 10:00-15:00 | |
| **Kvöldverður** / Dinner | **Broadway** | | | 19:00-20:00 |
| **Lokahátíð** / Closing Ceremony | **Broadway** | | | 20:00-23:00 |

**Fyrirlestrar/Lectures:**

**Listin að sigra** / The Art of Winning - ÍSÍ E salur Engjavegi 6 - Laugardagur kl. 16:00-17:30 á íslensku
Viðar Halldórsson íþróttafélagsfræðingur kl.16:00, Róbert Magnússon sjúkraþjálfari 16:30, Ólafur Sæmundsson næringarfræðingur kl.17:00

**The Art of Winning** / Listin að sigra - ÍSÍ E salur – Sunday 13:00 - 14:30
Viðar Halldórsson Sport Sociologist 13:00, Róbert Magnússon Physiotherapist 13:30, Finn Zachariassen Head coach of Bergen Simmerna „The Success of Sindri Þór Jakobsson" 14:00

UTRÓF-HAGPRENT Orkuveita Reykjavíkur Síminn ÍÞRÓTTABANDALAG REYKJAVÍKUR

Hörmungar dynja yfir íbúa Haítí
Getur þú hjálpað?

Söfnunarsíminn er
904 1500
eða
Leggðu inn á reikning:
0342 - 26 - 12
kt. 530269-2649
www.raudikrossinn.is



KRÓNAN fyrst og fremst ódýr

# SÉRVÖRU ÚTSALA

## AÐEINS FIMM VERÐ



Eftirfarandi vörur eru á:
**100 kr.**
VERÐDÆMI



Eftirfarandi vörur eru á:
**300 kr.**
VERÐDÆMI



Eftirfarandi vörur eru á:
**1000 kr.**
VERÐDÆMI




Eftirfarandi vörur eru á:
**2000 kr.**
VERÐDÆMI




Eftirfarandi vörur eru á:
**3000 kr.**
VERÐDÆMI




Útsalan er í eftirfarandi verslunum: Lindum, Bíldshöfða, Mosó, Granda, Akranesi Selfossi, Reyðarfirði og Vestmannaeyjum.

# Kjósum og samþykkjum Icesave

UMRÆÐAN
Kristinn H. Gunnarsson skrifar um Icesave


KRISTINN H. GUNNARSSON

Forseti Íslands hefur vísað til þjóðarinnar lögum um ríkisábyrgð á Icesave-skuldunum. Þjóðaratkvæðagreiðslan á skilyrðislaust að fara fram, annars væri gengið gegn ákvörðun forsetans. Kjósendur gera best í því að samþykkja lögin og ljúka þar með þessari langvarandi deilu. Sá kostur er illskástur og verður þegar útgjaldaminnstur þegar upp verður staðið bæði fyrir ríkissjóð og einstaklinga.

Þjóðaratkvæðagreiðslan dregur fram valkostina í stöðunni. Ef lánasamningurinn verður samþykktur er málinu lokið. Engu síður er samkomulag um að taka samninginn upp síðar ef sýnt verður fram á bersýnilega ósanngjörn ákvæði eða óvænta þróun. Ef hins vegar lánasamningurinn verður felldur þá er enginn samningur til og deilan óleyst. Þá er tvennt í stöðunni. Annars vegar að neita að greiða nokkuð og bíða dómsniðurstöðu og hins vegar að freista samninga enn að nýju.

Verði lögin felld þarf að liggja fyrir hvert þjóðin vill að framhaldið verði, annars er málið í sjálfheldu. Þeir sem munu beita sér gegn staðfestingu laganna, stjórnmálaflokkar og samtök, þurfa því að skýra afstöðu sína. Hún er óljós. Einn daginn er sagt að Íslendingar munu virða skuldbindingar sínar, annan daginn að ekkert beri að greiða, þriðja daginn að málið eigi að fara fyrir dómstóla og þann fjórða að það eigi að semja, en borga minna eða öðruvísi. Fimmta daginn er lagt til að þjóðin kjósi og ákveði örlög sín og þegar svo skal vera þá er sjötta daginn betra að hætta við og skipa öðru vísi samninganefnd. Sjöundi dagurinn er svo hvíldardagur.

Grundvallarspurningin er hvort beri að greiða erlendu innstæðurnar í Landsbankanum eða ekki. Ef því er svarað neitandi þá er engin von til þess að almenningur sætti sig við að borga brúsann. Ef lög og skuldbindingar standa ekki til þess þá eiga Íslendingar ekki að greiða. Svo einfalt er það. Þegar stjórnmálamenn segja að ekki beri að borga, en leggja samt til að það verði gert, verður uppreisn. Það vill engin þjóð sætta sig við að vera kúguð til óréttlætis.

Þennan leik hafa stjórnmálaflokkarnir leikið. Þeir segja að útlendingar séu að kúga okkur. Þannig hefur tekist að beina reiði almennings vegna bankahrunsins að útlendingum frá flokkunum sjálfum og ábyrgð þeirra. En það

*Þegar stjórnmálamenn segja að ekki beri að borga, en leggja samt til að það verði gert, verður uppreisn. Það vill engin þjóð sætta sig við að vera kúguð til óréttlætis.*

skapar vanda þar sem lausnin er ekki í samræmi við málflutninginn. Lausnin er að gangast við ábyrgðinni og semja um skuldirnar, en málflutningurinn er aðeins til heimabrúks.

Svarið við grundvallarspurningunni er já, Íslendingar bera ábyrgð á Icesave-innstæðunum í Landsbankanum á sama hátt og öðrum innstæðum í öllum íslenskum innlánsstofnunum. Það er samkvæmt lögum um innlánstryggingar og Evrópska efnahagssvæðið, jafnræðisreglu stjórnarskrár og ákvæðis hennar um bann við mismunun eftir þjóðerni. Stjórnvöld og Alþingi hefur nær einróma viðurkennt ábyrgð ríkisins á 1.400 milljarða króna innstæðum bankanna, að fullu og öllu fyrir hvern og einn, og eru í þungri stöðu fyrir hvaða dómstól sem er til að hafna allri ábyrgð á Icesave-innstæðunum.

Það eru 15 mánuðir síðan íslensk stjórnvöld féllust á að borga Icesave-innstæðurnar í Landsbankanum í samkomulagi við hollensk stjórnvöld. Það eru 14 mánuðir síðan íslensk stjórnvöld viðurkenndu með Brussel viðmiðunum að löggjöf um innstæðutryggingar ættu að gilda hér á landi með sama hætti og í öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins og það eru 13 mánuðir síðan Alþingi staðfesti það með sérstakri þingsályktun. Fjórir stjórnmálaflokkar hafa komið að þessum ákvörðunum og sýna þar hinn kalda veruleika, en hafa samt haldið áfram öðrum málflutningi til heimabrúks. Það eru fyrst og fremst íslensk stjórnvöld sem forðast dómstólana og það eru fyrst og fremst íslenskir hagsmunir að semja um málið fyrr en seinna.

Samningurinn er umdeilanlegur eins og allt sem gert er og sjálfsagt að nýta tækifæri sem kunna að gefast til þess að gera hann skárri. En það verður að teljast viðunandi niðurstaða að greiða aðeins um helming Icesave-innstæðnanna og fá Breta og Hollendinga til þess að taka á sig um 400 milljarða króna, þriðjunginn af heildarfjárhæðinni. Þeir lofa jafnframt að fara ekki í mál við Íslendinga til þess að krefjast fullrar ábyrgðar á innstæðunum og þeir öðlast hagsmuni með Íslendingum í því að neyðarlögin haldi gildi sínu. En þau gera það að verkum að stærstur hluti þess sem Íslendingar samþykkja að greiða mun koma frá þrotabúi Landsbankans en ekki skattgreiðendum.

Þjóðaratkvæðagreiðsla er tækifæri fyrir kjósendur til þess að ljúka málinu með því að samþykkja lögin og það tel ég skynsamlegast að gera. Það verður kostnaðarminnst þegar upp er staðið og dreginn saman kostnaður við Icesave, atvinnuleysi, verðbólgu, skatta og annað sem leggst á herðar skattgreiðenda á næstu árum.

*Höfundur er fyrrverandi alþingismaður.*


**Verslunarhúsnæði við Laugaveg óskast**

**Traustur leigutaki**

Eignaumboðið auglýsir eftir 80-150 fm. verslunarhúsnæði til leigu fyrir trausta aðila. Helst neðarlega við Laugaveg eða í Bankastræti. Traustur leigutaki. Langtímaleiga.

**Allar upplýsingar gefur Aðalheiður Karlsdóttir, löggiltur fasteignasali í síma 893 2495, tölvupóstur: adalheidur@eignir.is**

EIGNAUMBOÐIÐ EHF FASTEIGNASALA
Aðalheiður Karlsdóttir, lögg.fasteignasali
Sími 580 4600 - Faxafen 10 - 108 Reykjavík - www.eignir.is



**Framhaldsaðalfundur GO**

Framhaldsaðalfundur Golfklúbbsins Odds verður haldinn í golfskálanum á Urriðavelli sunnudaginn 24. janúar n.k. kl. 13.00.

**Dagskrá fundarins er sem hér segir.**
1. Ársreikningur fyrir 2009 lagður fram.
2. Fjárhagsáætlun fyrir 2010 lögð fram.
3. Ákvörðun félagsgjalda fyrir 2010
4. Umræða um félagsstarfið framundan

Stjórn GO

**Framhaldsaðalfundur GOF**

Framhaldsaðalfundur Golfklúbbs Oddfellow verður haldinn í golfskálanum á Urriðavelli sunnudaginn 24. janúar n.k. kl. 10.30.

**Dagskrá:**
1. Ársreikningur fyrir 2009 lagður fram
2. Fjárhagsáætlun fyrir 2010 lögð fram
3. Ákvörðun félagsgjalda fyrir 2010
4. Önnur mál

Stjórn GOF



**Aðgerðir gegn langtímaatvinnuleysi**

**Atvinnu- og upplýsinganefnd Kópavogsbæjar efnir til ráðstefnu um aðgerðir á vegum Kópavogsbæjar gegn langtímaatvinnuleysi.**



Ráðstefnan verður haldin **laugardaginn 16. janúar nk.** í sal bæjarstjórnar Kópavogs, Fannborg 2, kl. 13.00–16.00.

Til ráðstefnunnar er boðað fólk í kjörnum nefndum Kópavogsbæjar, embættismenn bæjarins og aðrir þeir sem áhuga kunna að hafa.

Verkefni ráðstefnunnar er að leggja grunn að tillögugerð fyrir bæjarstjórn um málefni langtímaatvinnulausra.

**Dagskrá:**
1. Erindi félagsmálastjóra Kópavogs: *Félagslegar afleiðingar atvinnuleysis.*
2. Erindi frá Vinnumálastofnun: *Greining á atvinnuleysi í Kópavogi og möguleg úrræði.*
3. Sigríður Snævarr sendiherra: *Nýjar leiðir til að fást við atvinnuleysi.*
**Kaffihlé**
4. Þrír starfshópar vinna tillögur.
5. Ráðstefnuslit.



**Laxveiði**

**Tilboð óskast í veiðirétt í Kálfá, Skeiða- og Gnúpverjahreppi**
Nánari upplýsingar í síma 865-442. Tilboðum skal skila fyrir 31 janúar. Áskilinn réttur til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

**Tilboðum skal skila til.**
**Páll Árnason**
**Leiti**
**801 Selfoss**
**V/ Kálfá**





Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki




nettó
Ódýrt fyrir heimilið!
KJÚKLINGABRINGUR
FERSKAR, ÁN SKINNS
40% afsláttur
1.765 kr/kg
áður 2.941 kr/kg
hollusta á nýju ári
BLÁBER 340g
299 kr/pk.
áður 398 kr/pk.
HINDBER 340g
496 kr/pk.
áður 598 kr/pk.
449 kr/pk.
áður 599 kr/pk.
SMOOTHIE 600g
JARÐARBER 454g
398 kr/pk.
áður 498 kr/pk.
BERJABLANDA 453g
X-TRA SAFAR
1,5l
199 kr/stk.
áður 249 kr/stk.
KELLOGG'S ORKUSTANGIR
RASPBERRY
6x23g
31% afsláttur
399 kr/pk.
áður 579 kr/pk.
KELLOGG'S ORKUSTANGIR
SPECIAL K
6x23g
399 kr/pk.
SÍTRÓNU TOPPUR
2l
158 kr/stk.
KJÖTBOLLUR
450g
30% afsláttur
440 kr/pk.
áður 629 kr/pk.
KINDAKÆFA, LIFRARKÆFA
GRÓFBÖKUÐ EÐA FÍN
30% afsláttur
965 kr/kg
áður 1.378 kr/kg
KJÖTFARS
FROSIÐ
47% afsláttur
395 kr/kg
áður 745 kr/kg
PEPSI MAX
2l
195 kr/stk.
Skráðu þig á póstlistann á www.netto.is
Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbæ
Tilboðin gilda 15. - 17. janúar eða meðan birgðir endast
Birt með fyrirvara um prentvillur
www.markhonnun.is

# Talandi um geimverur og guð

**Guðmundur Ólafsson** hagfræðiprófessor myndi flytja af landi brott ef hann væri ungur maður, enda óttast hann að Ísland stefni í að verða hrútleiðinlegt samfélag. Það hugnast **Önnu Svövu Knútsdóttur** leikkonu illa, enda er hún einn af höfundum Áramótaskaupsins og vill hafa lífið skemmtilegt. ***Hólmfríður Helga Sigurðardóttir*** fór á íslenskan bar með rökstólapari vikunnar.

*Þekkist þið eitthvað eða hafið þið hist áður?*

**Anna Svava:** „Við þekkjumst ekki neitt, nei, og höfum aldrei hist áður. En ég hef reyndar alveg frétt af þér.“

**Guðmundur:** „Já, vissirðu af því að ég væri til?“

**Anna Svava:** „Já, ég hef heyrt að þú sért frábær kennari, sért svo fyndinn og skemmtilegur.“

**Guðmundur:** „Það er nefnilega það! Já, já, ég hef kennt þeim mörgum, þar á meðal fjölda útrásarvíkinga.“

**Anna Svava:** „Áttu fjölskyldu?“

**Guðmundur:** „Já, já. Ég gifti mig á Þorláksmessu í fyrra.“

**Anna Svava:** „Í alvöru. Til hamingju með það. Hver er sú heppna?“

**Guðmundur:** „Hún heitir Anna María Sverrisdóttir.“

**Anna Svava:** „Þið eruð kannski búin að vera saman í tuttugu ár?“

**Guðmundur:** „Nei, ætli það séu ekki komin fimm ár? En nú ákváðum við að láta verða af því, eins og maður segir, og fórum til borgarfógeta.“

**Anna Svava:** „Já, var opið þar á Þorláks?“

**Guðmundur:** „Já, já. Og þær gerðu athöfnina mjög fallega þessar konur. Þetta er allt orðið konur, fulltrúar valdsins í samfélaginu.“

**Anna Svava:** „Já, sem betur fer…“

**Guðmundur:** „Í háskólunum eru konur orðnar 67 prósent nemenda. Nú fer maður að velta því fyrir sér hvort ekki eigi að gæta jafnræðis og reka konurnar úr háskólanum, eða fella þær meira.“

**Anna Svava:** „Já, það er hugmynd!“

**Guðmundur:** „Það var einu sinni góður maður í verkfræðideildinni sem bauðst til að hafa léttari æfingar fyrir konurnar, þar sem þær voru svo fáar í deildinni. Hann vildi leggja sitt af mörkum í baráttunni.“

**Anna Svava:** „Og varð ekki allt brjálað?“

**Guðmundur:** „Jú, jú. En ég held þær hafi ekki skilið að hann var bara að grínast.“

### Ekki alltaf ein á báti

**Guðmundur:** „En hvað segirðu mér af þér sjálfri, ert þú gift?“

**Anna Svava:** „Nei, nei, ég er ein á báti.“

**Guðmundur:** „Hvað kemur til, kona sem lítur svona vel út eins og þú?“

**Anna Svava:** „Ég veit það nú ekki. En ég hef ekki alltaf verið ein, sko.“

**Guðmundur:** „Nú, svo þú skilar þeim bara?“

**Anna Svava:** „Já, ég held ég sé búin að skila þeim þremur.“

**Guðmundur:** „Já, það er algengt, meðalhjónabandið varir nú ekki nema í fimm ár.“

**Anna Svava:** „Sambönd halda samt lengur. Nú eigið þið pottþétt eftir að hætta saman, úr því að þið eruð búin að gifta ykkur.“

**Guðmundur:** „Já, þú heldur það…“

### Er sjarmerandi að vera ríkur?

**Anna Svava:** „Er það satt sem ég heyrði að þú hafir lært í Rússlandi?“

**Guðmundur:** „Já, meðal annars. Ég lærði stærðfræði í Pétursborg. Síðar lærði ég hagfræði. Ég ætlaði mér nefnilega ekki að verða kennari. Ég ætlaði að verða ríkur.“

**Anna Svava:** „Já! Hvernig ætlaðirðu að fara að því?“

**Guðmundur:** „Þetta var einhver misskilningur í mér. Menn verða nefnilega ekki ríkir af því að læra hagfræði eða viðskiptafræði. Það er nánast tilviljun hverjir verða ríkir. En ég var búinn að vera einn vetur í skólanum hér heima þegar ég var farinn að kenna. Og nú er ég orðinn gamall stærðfræðikennari, það er bara svoleiðis!“

**Anna Svava:** „Sérðu nokkuð eftir því? Er það hvort sem er nokkuð sjarmerandi að verða ríkur?“



**Í GÓÐU YFIRLÆTI** Guðmundur „Lobbi“ Ólafsson og Anna Svava Knútsdóttir eru rökstólapar vikunnar. Þau eru sammála um að útrásarvíkingarnir hafi átt öll föstu skotin í Áramótaskaupinu fyllilega skilin, en Anna Svava er einn af höfundum skaupsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> **Anna Svava:** „Mig hefði aldrei grunað að skaupið okkar fengi svona góðar viðtökur. En við vorum heppin að hafa úr þessu ári að moða.“
>
> **Guðmundur:** „En þið genguð ekki svo langt að fólk færi að hafa samúð með útrásarvíkingunum.“
>
> **Anna Svava:** „Nei, guði sé lof fyrir það!“

**Guðmundur:** „Það er náttúrlega sjarmerandi fyrir marga. En ég hef aldrei velt fyrir mér peningum fyrir sjálfan mig, heldur bara fræðilega.“

### Þeir áttu þetta skilið

*Anna Svava var ein af höfundum Áramótaskaupsins 2009 og sumir segja að hún hafi átt heiðurinn að mörgum fyndnustu atriðunum. Er það satt?*

**Anna Svava:** „Nei, við berum sko öll jafna ábyrgð á þessu.“

**Guðmundur:** „Þetta skaup sló mig vel. Það voru að vísu dálítið grimmir hlutir þarna. En ég verð að segja að þeir sem lentu í því áttu það alveg skilið.“

**Anna Svava:** „Já, einmitt. við vorum ekki að níðast á börnum… nema í einu atriði reyndar, en það meiddist nú ekkert!“

**Guðmundur:** „Svo er nú sagt að Ólafur Ragnar Grímsson hafi ákveðið að skrifa ekki undir af því hann kom svo illa út úr Áramótaskaupinu. Ef það er rétt hefur honum tekist það. En ég spyr nú bara, hversu lengi?“

**Anna Svava:** „Mig hefði aldrei grunað að skaupið okkar fengi svona góðar viðtökur. En við vorum heppin að hafa úr þessu ári að moða.“

**Guðmundur:** „En þið genguð ekki svo langt að fólk færi að hafa samúð með útrásarvíkingunum.“

Anna Svava: „Nei, guði sé lof fyrir það!“

### Er ekki bara best að flytja?

**Guðmundur:** „Hefurðu annars eitthvað verið að leika á sviði?“

**Anna Svava:** „Ég var einn vetur á Akureyri eftir að ég útskrifaðist 2007.“

**Guðmundur:** „Já, það hlýtur að hafa verið skemmtilegt. Ég hef einstöku sinnum farið norður gagngert til að sjá leikrit. Maður verður að halda áfram að auðga andann. Hættan er nefnilega sú að það verði svo hrútleiðinlegt að búa hérna. Það var það sem var til dæmis það erfiðasta í Rússlandi og í öðrum löndum sósíalismans.“

**Anna Svava:** „Rúðustrikað líf?“

**Guðmundur:** „Já, það átti stóran þátt í að kerfið hrundi hvað lífið var leiðinlegt þarna. Það var að sumu leyti óþarfi, því það er alveg hægt að hafa fjör og skemmtilegheit þótt hagkerfið sé ekki byggt á frjálshyggju. En kommúnistaflokkar eru púrítanískir. Það ber með sér svo botnlaus leiðindi.“

**Anna Svava:** „Heldurðu að þetta sé framtíðin hér? Að það megi ekki skemmta sér eða sleppa sér? Úff, er þá ekki bara best að flytja til útlanda?“

**Guðmundur:** „Ef ég væri ungur maður myndi ég gera það. Ekki spurning. Það eru þannig tímar fram undan. Atvinnuleysið hér er komið til að vera. Og það er hvergi verra að vera atvinnulaus en á Íslandi. Í Svíþjóð eru góðar tryggingar og á Grikklandi er betra loftslag…“

**Anna Svava:** „Og svo er maður hér í myrkrinu, þunglyndinu og einangruninni! En ég er alla vega búin að ákveða að ferðast í sumar. En planið er að plana ekki neitt. Fara bara út í tvo til þrjá mánuði og láta þetta ráðast.“

**Guðmundur:** „Ég bíð bara eftir eftirlaununum mínum. Þegar ég verð komin á eftirlaun gæti ég til dæmis farið og búið í Asíu. Ég á kunningja sem hafa flutt þangað.“

**Anna Svava:** „Og hvað gera þeir þar?

**Guðmundur:** „Ekki neitt. Lifa bara af eignum sínum.“

**Anna Svava:** Þetta er ekki vitlaus hugmynd! Maður ætti kannski að prófa það. En talandi um eignir. Þú kenndir bróður mínum hagfræði í Verzló. Hann hringdi í mig nokkrum dögum fyrir kreppu og sagði að ég yrði að selja íbúðina mína, því eitthvað færi að gerast. Ég seldi hana tveimur dögum fyrir kreppu. Þú hefur kennt honum vel! Þannig að ég er í góðum málum, skulda ekki neitt, á ekki neitt.“

**Guðmundur:** „Ég keypti mér íbúð árið 1998 og seldi hana aftur fyrir meira en tvöfalt það sem ég keypti. Síðan keypti ég aftur íbúð við Laugaveg og seldi aftur tveimur árum síðar fyrir meira en tvöfalt verð. Það er mjög stór hópur manna sem hefur gert þetta, og stórgrætt á öllu saman!“

### Geimverur og Guð

*Samræður um lífið á Íslandi leiða alltaf út í alvarlegar hugleiðingar þessa dagana. Snúum okkur að alheiminum. Ítalskir vísindamenn urðu nýlega vitni að flugi óútskýranlegs furðuhlutar. Trúir rökstólaparið á tilvist hugsandi vera á öðrum hnöttum?*

**Guðmundur:** „Nú er ég rúmlega sextugur. Ég hef ekki orðið var við framliðna og ekki heldur menn frá öðrum stjörnum. Ég held þeir fari varla að heilsa upp á mig úr þessu.“

**Anna Svava:** „Mér finnst eiginlega jafn skrýtið að trúa á líf á öðrum hnöttum eins og að trúa á Guð.“

**Guðmundur:** „En Guð þarf ekki að vera tilvistarspursmál, heldur aðferð við að lifa lífinu…“

**Anna Svava:** „Já, en það er allt annað mál!“

**Guðmundur:** „Ég er orthodox, í söfnuði kírillspatríarka af Moskvu í Reykjavík. Orthodoxarnir leggja áherslu á Guð sem lykil í mannlegum samskiptum. Rússneskur prestur sagði við mig einu sinni að við Vesturlandabúar værum alltaf að biðja Guð um einhver efnisleg gæði. Við ættum heldur að biðja hann að fá innsýn í þjáningar annarra og að leiða okkur til annars fólks.“

**Anna Svava:** „Já, það er ekki annað hægt en að vera sammála þessu. Nema að ég get ekki kallað þetta Guð. Ég held ég kalli það bara eitthvað annað!“

**Guðmundur:** „Flestir þurfa einhvern tímann í lífinu að taka afstöðu til þess hvað er gott og vont. Þeir munu fyrr eða síðar rekast á Guð. Það er bara þannig.“

UR // SKÁLDSÖGUR // SPENNUSÖGUR // ÆVISÖGUR // BARNABÆKUR // MATREIÐSLUBÆKUR // HANDAVINNUBÆKUR // SJÁLFSHJÁLPARBÆKUR // LJÓÐABÆKUR // ÆVINTÝRABÆKUR // FRÆÐIBÆKUR // HANDBÆKUR // FERÐABÆKUR // RÓMANTÍSKAR BÆKUR // UNGLINGABÆKUR // SKÁLDSÖGUR // SPENNUS

JR // BARNABÆKUR // MATREIÐSLUBÆKUR // HANDAVINNUBÆKUR // SJÁLFSHJÁLPARBÆKUR // L

VERÐHRUN!

RISA

# LAGER SALA FORLAGANNA

## BORGARTÚNI 29

OPIÐ ALLA DAGA FRÁ **KL. 11-19**

Komdu og sparaðu!

NÝIR TITLAR DAGLEGA!

# ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR

GLÆSILEGAR BÆKUR - ALLT Á EINUM STAÐ

ÓKEYPIS! Ef þú kaupir fyrir 10.000 kr. eða meira!



~~9.980,-~~
4.490,-



~~5.480,-~~
2.990,-



~~5.480,-~~
2.990,-



~~5.480,-~~
1.980,-



~~5.480,-~~
2.490,-






~~1.980,-~~
690,-



~~2.480,-~~
1.290,-



~~3.980,-~~
1.990,-



~~4.990,-~~
2.990,-



~~3.980,-~~
1.990,-



~~3.690,-~~
1.990,-

málstaður ehf · Tindur bókaútgáfa · Bókafélagið Ugla · JENTAS · Bókafélagið · ÚTKALL · Vestfirska forlagið · Háskólaútgáfan

UPPHEIMAR · sögur útgáfa · ORMSTUNGA bókaútgáfa · heimur · VERÖLD · SKRUDDA · Salka · BÓKAÚTGÁFAN HÓLAR · BJARTUR



**TIL ÍSLANDS** Þýsk kona með þrjú börn fór ásamt eiginmanni sínum burt frá hamfarasvæðinu, enda þótti ekki forsvaranlegt að vera með börnin í landinu lengur. Fjölskyldan var nýkomin til landsins á vegum kristilegra samtaka þegar jarðskjálftinn varð.



**MILLILENT** Íslenska þotan þurfti að millilenda á Bahamaeyjum á leiðinni til Íslands svo áhöfnin fengi lögbundna hvíld. Þýska fjölskyldan fékk því kærkomna hvíld í sannkallaðri paradís á jörð eftir að hafa upplifað hörmungarnar á Haítí.

# Aldrei verið blessaður jafn oft

Þota Icelandair sem flaug með rústabjörgunarsveit Landsbjargar til Haítí flutti um 80 erlenda ríkisborgara burt frá landinu. Flestir urðu eftir á Bahamaeyjum en nokkrir nýttu sér ferðina og fengu far til Íslands. ***Valgarður Gíslason***, ljósmyndari Fréttablaðsins, fékk að fylgjast með ferðum björgunarsveitarinnar og brottflutningi fólks frá Haítí eftir að jarðskjálfti lagði höfuðborg landsins í rúst.

Sérhæfðri rústabjörgunarsveit Slysavarnafélagsins Landsbjargar var flogið til Haítí á miðvikudagsmorgun, daginn eftir að harður jarðskjálfti lagði höfuðborg landsins, Port-au-Prince, og nærsveitir í rúst. Flugvél Icelandair, sem flutti sveitina til Haítí, var svo nýtt til að flytja erlenda ríkisborgara sem vildu komast frá landinu í burtu.

Um það bil 80 voru fluttir burtu frá Haítí, en sökum þess að áhöfn þotunnar þurfti að taka lögbundna hvíld þurfti að hafa viðkomu á Bahamaeyjum. Um 90 mínútur tekur að fljúga frá Haítí til Bahamaeyja.

„Við buðum fólki sem var vegalaust að koma með okkur,“ segir Þorbjörn Jónsson, sendiráðunautur hjá utanríkisráðuneytinu, sem var með í för, og skipulagði meðal annars heimflutning fólksins. Hann segir farþegahópinn hafa verið nokkuð óvenjulega saman settan, og flestir tengdir trúboði eða trúarhópum.

„Ég held ég hafi aldrei verið blessaður jafn oft,“ segir Þorbjörn, þegar hann rifjaði upp ferðina í samtali við blaðamann.

Stærstur hluti farþeganna var hópur af um 50 Bandaríkjamönnum og Kanadabúum af úkraínskum og rússneskum uppruna. Hópurinn var staddur á Haítí til að byggja kirkju, og hafði nýlokið við bygginguna þegar skjálftinn reið yfir. Ekki fylgdi sögunni hvernig byggingunni reiddi af í skjálftanum.

Nær allir farþegarnir sem fóru frá Haítí með íslensku þotunni urðu eftir á Bahamaeyjum og komu sér flestir eftir öðrum leiðum til Bandaríkjanna. Sex þýskir ríkisborgarar, einn Breti og einn Frakki fengu þó far áfram til Íslands og flugu héðan til síns heima.

Þorbjörn segir þotuna ekki hafa getað stoppað lengi á flugvellinum á Haítí, aðallega vegna þess að flugmennirnir þurftu að stoppa á Bahamaeyjum til að fá hvíld. Því hafi aðeins um 80 manns fengið far þótt fleiri hefði verið hægt að finna sem vildu fara hefði meiri tími verið til stefnu. Á lóðinni fyrir utan flugstöðina hafi safnast talsverður hópur af fólki, en engum sem beðið hafi um að fá að fara með vélinni hafi verið neitað.

Til Íslands kom meðal annars fimm manna þýsk fjölskylda sem fór til Haítí á vegum kristilegra samtaka. Þorbjörn segir yngsta barnið aðeins hafa verið nokkurra mánaða gamalt og ekki hafi þótt forsvaranlegt að láta börnin vera áfram á hamfarasvæðinu þar sem aðgengi að hreinu vatni, rafmagni og hreinlætisaðstöðu sé lítið sem ekkert.

Með fjölskyldunni var einnig þýskur embættismaður sem hafði unnið að þróunaraðstoð á vegum Evrópusambandsins á Haítí. Hótel hans hrundi meðan hann var inni á herbergi sínu, en hann slapp ómeiddur. Hann stóð þó uppi slyppur og snauður og eftir að hafa gert sitt besta til að bjarga fólki úr rústunum strax eftir skjálftann ákvað þýska sendiráðið að senda hann heim með fjölskyldunni.



**FLUTT BURTU** Íslenska þotan flutti um 80 manna hóp frá höfuðborg Haítí. Flestir voru staddir í landinu á vegum trúarsamtaka.



**BJÖRGUNARSVEIT** Talsverð ringulreið ríkti í höfuðborg Haítí strax eftir skjálftann. Íslenskir björgunarsveitarmenn notuðu tímann til að aðstoða fólk sem komið var á flugvöllinn.



**Í VÉLINA** Stærsti hópurinn sem fluttur var á braut var hópur af ungu fólki frá Bandaríkjunum og Kanada sem hafði nýlokið við að reisa kirkju á Haítí þegar skjálftinn reið yfir.

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is

VITA – þakkar frábærar viðtökur

# Brekkurnar bíða þín á Ítalíu

| | |
|---|---|
| 30. janúar | 2 sæti eftir |
| 6. febrúar | Örfá sæti laus |
| 13. febrúar | Uppselt |
| 20. febrúar | Laust |
| 27. febrúar | Laust |

**Flug** **Tilboð**

6. febrúar, fram og til baka

Verð frá 75.500 kr.*
og 15.000 Vildarpunktar

*Verð án Vildarpunkta 85.500 kr.

**Selva**

Serena ***
6. feb. – 13. feb.

Verð frá 214.100 kr.*
og 15.000 Vildarpunktar

Á mann m.v. 2 í herbergi. Innifalið er flug, flugvallarskattar og hálft fæði.
*Verð án Vildarpunkta 224.100 kr.

**Madonna**

Dahu ****
6. feb. – 13. feb.

Verð frá 220.400 kr.*
og 15.000 Vildarpunktar

Á mann m.v. 2 í herbergi. Innifalið er flug, flugvallarskattar og hálft fæði.
*Verð án Vildarpunkta 230.400 kr.

# Golf – yfir 500 manns hafa bókað – Ekki missa af lestinni!

vita GOLF

26. mars - 5. apríl:
**Uppselt**

1.apríl - 10. apríl:
**8 sæti laus**
Golfskóli og framhaldsgolfskóli í boði

5. apríl - 12. apríl
**Nokkur sæti laus**

12. apríl - 22. apríl
**Laust**
Golfskóli og framhaldsgolfskóli í boði

22. apríl - 2. maí:
**Uppselt**
Einnig eru í boði eins til tveggja vikna ferðir á Valle del Este og Polaris World í apríl og maí.

12.apríl - 22. apríl

Verð frá 171.900 kr.*
og 15.000 Vildarpunktar

Á mann í tvíbýli í 10 nætur á Matalascanas. Innifalið er flug ótakmarkað golf og hálft fæði.
*Verð án Vildarpunkta 181.900 kr.

# Enski boltinn

vita SPORT

**Tilboð**

Man. Utd. – Hull
22. jan. – 25. jan.

Verð frá 69.500 kr.*
og 15.000 Vildarpunktar

Innifalið: Flug fram og til baka, flugvallarskattar, miði og gisting. *Verð án Vildarpunkta 79.500 kr.

| | | |
|---|---|---|
| Liverpool – Bolton | 29. jan. – 1. feb. | Nokkur sæti laus |
| Liverpool – Everton | 5. feb. – 8. feb. | Uppselt |
| Man. Utd – Portsmouth | 5. feb. – 8. feb. | Örfá sæti laus |
| Man. Utd – AC Milan | 10. mars – 12. mars | Uppselt |
| Liverpool – Portsmouth | 12. mars – 15. mars | Nokkur sæti laus |
| Man. Utd – Fulham | 12. mars – 15. mars | Örfá sæti laus |
| Man. Utd – Liverpool | 19. mars – 22. mars | Uppselt |
| Liverpool – Sunderland | 26. mars – 29. mars | Nokkur sæti laus |
| Man. Utd – Chelsea | 2. apríl – 5. apríl | Uppselt |
| Liverpool – Westham | 16. apríl – 19. apríl | Örfá sæti laus |
| Man. Utd – Tottenham | 23. apríl – 26. apríl | Uppselt |
| Liverpool – Chelsea | 30. apríl – 3. maí | Uppselt |
| Man. Utd – Stoke | 7. maí – 10. maí | Nokkur sæti laus |

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP

VITA er lífið

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444

vita

ÍSLENSKA SIA.IS VIT 48699 01/10

# Heilbrigðiskerfið er í gerjun

**Geir Gunnlaugsson** tók við landlæknisembættinu í byrjun mánaðar. Í samtali við *Fréttablaðið* segir Geir brýnasta verkefnið að standa vörð um grunnþjónustu heilbrigðiskerfisins í fyrirhuguðum niðurskurði. Efnahagsvandinn geti leitt til nauðsynlegrar endurskipulagningar í kerfinu og það sé af hinu góða.



**GEIR GUNNLAUGSSON** Að það sé verið að bæta aðstöðuna á Landspítalanum með nýju hátæknisjúkrahúsi er af hinu góða, að mati landlæknis. Það megi aftur á móti ekki verða til þess að menn gleymi hinum þáttunum, grunnþjónustu og forvörnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

*Hver er þín stefna í heilbrigðismálum?*

„Mín grundvallarafstaða er sú að heilbrigðisþjónustan sé ein af grunnstoðum samfélagsins sem ríkisvaldinu beri að tryggja. Hún á að vera öllum aðgengileg, óháð efnahag, félagslegri stöðu, búsetu og bakgrunni. Sú stefna sem stjórnvöld marka þjónustunni á hverjum tíma er því mikilvæg þar sem hún hefur áhrif á heilsu og velferð samfélagsþegnanna til skemmri og lengri tíma. Markmiðið er að tryggja að gæðin séu eins góð og mögulegt er og að tekið sé mið af bestu þekkingu og reynslu á hverjum tíma.“

*Hver eru brýnustu úrlausnarefnin sem snúa að heilbrigðiskerfinu núna?*

„Brýnasta verkefnið sem blasir við er sá gríðarlegi niðurskurður sem stendur fyrir dyrum. Allt heilbrigðiskerfið er því í gerjun, enda mjög kostnaðarsamt. Þetta þýðir í raun að stjórnvöld standa frammi fyrir ýmsum valkostum og verða þá að vega og meta hvar á að skera niður. Landlæknisembættið getur komið með ráðgjöf en endanlegt ákvörðunarvald er eðlilega á höndum ráðherra og undirstofnana ráðuneytisins.“

Hlutverk Landlæknisembættins er að vera eftirlitsaðili með heilbrigðisþjónustinni og veita stjórnvöldum ráðgjöf, meðal annars á grunni heilbrigðisupplýsinga sem embættið safnar og vinnur úr. Á þessum verkefnum ber embættið ábyrgð á og hefur þar ákveðið sjálfstæði. Það snýr að því að fylgjast með því að þjónustan sé ávallt eins góð og hægt er að krefjast á hverjum tíma, að fyrirmælum um bestu læknisfræðilegu meðferð sé fylgt og að starfað sé eftir viðurkenndum viðmiðum heilbrigðisvísinda.“

## Niðurskurður vandasamt verkefni

*Hvernig hugnast þér þær niðurskurðaraðgerðir sem stjórnvöld hafa þegar ákveðið að ráðast í?*

„Ég ætla ekki á þessari stundu að tjá mig um ákvarðanir sem hafa þegar verið teknar. Ég veit að menn eru meðvitaðir um það að ákvarðanir í dag geta haft áhrif á heilbrigði manna þegar til lengri tíma er litið. Því þarf að gæta þess að þær ákvarðanir sem eru teknar valdi ekki auknum kostnaði í framtíðinni. Ég er nýr í embætti, en ef ég hef skilið og lesið rétt í það sem ég hef heyrt þá trúi ég að stjórnvöld hafi skilning á mikilvægi þess að tryggja jafnt aðgengi að almennri heilbrigðisþjónustu, að börn og fjölskyldur séu ákveðinn forgangshópur og að þjónusta á sjúkrastofnunum og annars staðar verði ekki skert með þeim hætti að það skapi hættu fyrir þá sem þar fá þjónustu. Á þessu tel ég að ríki fullur skilningur.“

*En þolir stofnun eins og Landspítalinn niðurskurð upp á þrjá milljarða króna?*

„Ég er ekki í stöðu til að geta metið það á þessari stundu. Stjórnendur spítalans hafa lagt fram ákveðnar tillögur og ég er þess fullviss að þeir hafa lagt alúð í þetta vandasama verkefni og að tillögur þeirra séu ábyrgar og byggðar á góðri greiningu á starfseminni. Menn eru vissulega hræddir við aukið álag á starfsfólk sjúkrahússins, deildir og þess háttar og hvernig það gæti haft áhrif á þjónustuna og gæði hennar. Einnig er ákveðið ráðningastopp gagnvart heilbrigðisstarfsfólki, til dæmis nýútskrifuðum læknum sem allir fá ekki ráðningu eins og áður. Það getur auðvitað haft neikvæð áhrif á heilbrigðisþjónustuna, ekki síst þegar til lengri tíma er litið. Tíminn mun leiða í ljós hvernig til tekst og embættið mun fylgjast náið með framvindunni.“

## Vandinn ekki auðleystur

*En er í öllu falli ekki viðbúið að heilbrigðisþjónusta á Íslandi eigi eftir að dragast saman og það komi til með að bitna á þeim sem þurfa á henni að halda?*

„Ég tel mig geta fullyrt að skipulagning þjónustunnar muni breytast. Það er mikil vinna í gangi vegna nauðsynlegs niðurskurðar, en samtímis að tryggja að breytingar á þjónustu bitni ekki á þeim sem síst skyldi. Ef við tökum ákveðin embætti eins og landlækni þá er niðurskurðarhnífurinn uppi þar líka, með tilheyrandi endurskoðun á öllum ferlum innanhúss. Það er eðli heilbrigðisstofnana og stofnunar á borð við Landlæknisembættið að vera mjög mannauðskrefjandi, það er að segja að laun eru verulegur kostnaður. Það skapar að því leyti minna rými til að skera niður kostnað nema hreinlega með uppsögnum. Persónulega lít ég þó á endurskipulagningu sem jákvæða. Við þurfum öll af og til að hugsa um þau ferli sem við vinnum eftir dags daglega. Auðvitað væri skemmtilegra að vinna með mikið fjármagn og geta leikið sér með ýmis konar hugmyndir. Núna erum við hins vegar í innri naflaskoðun með þröngt svigrúm. Mitt markmið er að taka virkan þátt í þeirri nauðsynlegu endurskoðun sem embættið er að fara í gegnum en um leið styrkja helstu stoðir embættisins, eftirlit og ráðgjöf. Það er því spennandi en um leið krefjandi verkefni að fá að taka þátt í því að endurskipuleggja landslagið og undirbúa okkur fyrir framtíð með bættum hag.“

*Hvað um bein áhrif á sjúklinga, má ekki búast við að biðlistar lengist og lífsgæði fólks þar með versni?*

„Það fer örugglega eftir því hvert vandamálið er. Niðurskurður getur vissulega leitt til þess að þjónusta dragist saman og að bið eftir þjónustu lengist fyrir þá sem þurfa á henni að halda og því geta fylgt versnandi lífsgæði. Aftur á móti skynja ég vel þau skilaboð stjórnvalda að það eigi að standa vörð um grunnþjónustuna. Hún fer fram á heilsugæslustöðvum, sem eru út um allt land og er í nánum tengslum við íbúana. Þær þurfa þó eins og aðrir að fara yfir sína innri starfsemi og má vafalítið búast við einhverjum breytingum. Heilsugæslustöðvar eru fyrsti viðkomustaður flestra í heilbrigðiskerfinu, síðan eru aðrar stofnanir sem taka við tilteknum vandamálum. Eftir því sem vandamálin verða flóknari og krefjast meiri sérhæfingu geta myndast biðlistar, eðli málsins samkvæmt. Það þarf að huga vel að því að koma í veg fyrir að það verði of mikið álag á þessum annars og þriðja stigs stigum heilbrigðisþjónustunnar en þar er unnið við lausn á sérhæfðari vanda en í boði er á heilsugæslustöðvunum. Því snýst verkefnið um að færa þjónustuna sem næst einstaklingnum og á rétt þjónustustig, enda er það ódýrast og getur í reynd bætt þjónustuna fyrir íbúana.

Ég sé fyrir mér að í þessari gerjun sem er í gangi verði ýmsir verkþættir hugsaðir upp á nýtt, það er hvernig hægt sé að gera þjónustuna markvissari fyrir þá sem þurfa á henni að halda. Þetta er hárfínt jafnvægi, niðurskurður og góð þjónusta og vandinn ekki auðleystur. Mikilvægast er að hlúa að undirstöðunum og styrkja þær þannig að þegar ástandið batnar sé heilbrigðiskerfið í stakk búið að takast á við ný og krefjandi verkefni sem bíða úrlausnar, en ekki dofið vegna fyrri þrenginga.“

*Formaður Læknafélags Íslands óttast atgervisflótta úr stétt heilbrigðisstarfsfólks. Tekurðu undir þær áhyggjur?*

„Eftir því sem herðist á atvinnumarkaðnum hjá læknum, hjúkrunarfólki og öðru heilbrigðisstarfsfólki, skil ég að starfsfólki finnist verulega að sér þrengt hvað varðar afkomu, framamöguleika eða símenntun. Þá getur það verið valkostur fyrir suma að yfirgefa landið. Ég get ímyndað mér að yngra fólk, ungir læknar til dæmis, fari fyrr af landi brott heldur en þeir hefðu gert ella vegna ráðningarstopps og að þeir komi kannski seinna heim. Ástæðurnar fyrir brottflutningi heilbrigðisstarfsfólks geta verið margar og atgervisflótti er örugglega eitt af þeim vandamálum sem við þurfum að kljást við. Hann gæti t.d. leitt til þess að erfitt verði að manna heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni þegar fram líða stundir. Þrátt fyrir niðurskurð hlýtur þó markmiðið að vera áfram að skapa eftirsóknarvert atvinnuumhverfi til að tryggja nauðsynlega endurnýjun í hópi heilbrigðisstarfsfólks og að þeir sem fara utan komi aftur.“

## Mikilvægt að samþætta þjónustuna

*Er ástæða til að taka upp aukinn einkarekstur í heilbrigðiskerfinu í árferði sem þessu?*

„Það er ekki landlæknis að taka ákvörðun um það heldur stjórnvalda á hverjum tíma. Í samanburði við Norðurlöndin þá er einkarekstur með greiðsluþátttöku ríkisins nú þegar meiri hér á landi en almennt gerist þar. Hlutverk landlæknis er að hafa eftirlit með framkvæmd einkarekinnar þjónustu og ganga úr skugga um að hún standist faglegar kröfur. Hversu mikil þjónusta á að vera einkarekin og hversu mikil þáttaka ríkisins á að vera í slíkri þjónustu er eilíft umræðuefni, hér á landi sem erlendis. Markmiðið hlýtur að vera að gera þjónustuna eins góða og hægt er fyrir eins lítinn kostnað og mögulegt er. Landlæknisembættið getur komið inn í það ferli sem ráðgjafi um það hvernig einkarekstur fellur að grunnþjónustunni sem allir eigi rétt á, en það er ekki á valdi embættisins að taka endanlega ákvörðun um rekstrarform.“

*Hvað um hátæknisjúkrahús, er skynsamlegt að ráðast í byggingu á því núna?*

„Það er þegar búið að taka ákvörðun um að byggja slíkt sjúkrahús. Mín skoðun er sú að það sé mjög mikilvægt að samþætta alla þjónustuna, allt frá grunnþjónustunni og upp í svokallað hátæknisjúkrahús. Við höfum nú þegar hátæknisjúkrahús með Landspítalanum. Að það sé verið að bæta aðstöðuna þar er eingöngu af hinu góða. Það má aftur á móti ekki verða til þess að menn gleymi hinum þáttunum, sem er grunnþjónustan, forvarnir og þjónusta utan sjúkrahúsa og mikilvægi þess að leysa úr vanda áður en hann þarfnast þjónustu hátæknisjúkrahúss. Öll stig heilbrigðisþjónustunnar þurfa að vera öflug og styðja hvert annað. Það þarf að líta jafnt á alla þessa þætti.”

## Staðið vörð um grunnþjónustuna

*Sérðu fram á gagngerar breytingar á heilbrigðiskerfinu á næstu fimm árum?*

„Það er enginn efi í mínum huga að grunnþættir þjónustunnar verða hinir sömu, það er heilsugæslustöðvar, sjúkrahús og margvísleg önnur heilbrigðisþjónusta ýmist á vegum ríkisins eða einkaaðila. Það sem ég óska mér eru skilvirkari ferli milli fyrsta, annars og þriðja stigs stofnana heilbrigðisþjónustunnar, óháð rekstrarformi og að virðing fyrir hlutverki hvers og eins sé leiðarljós í starfinu. Ég vona að ferlin verði gegnsærri og skilvirkari fyrir þá sem nýta sér þjónustuna. Hvað stofnanir varðar vonast ég eftir ákveðnum breytingum, til dæmis að Landlæknisembættið eflist í samvinnu við aðrar stofnanir sem eru að vinna á svipuðum vettvangi, sérstaklega Lýðheilsustöð. Þar eru sannarlega möguleikar á samlegðaráhrifum á mörgum sviðum, sem væri af hinu góða. Ef efnahagsvandinn leiðir til slíkra niðurstaðna væri það jákvætt að mínu mati.“

> Hlutverk landlæknis er að hafa eftirlit með framkvæmd einkarekinnar þjónustu og ganga úr skugga um að hún standist faglegar kröfur

## ➜ LANDLÆKNIR Í HNOTSKURN

Geir Gunnlaugsson útskrifaðist frá læknadeild Háskóla Íslands árið 1978. Hann var við nám og störf í ellefu ár í Svíþjóð þar sem hann lauk doktorsprófi í barnalæknisfræði og meistaranámi í lýðheilsufræði við Karolinsku stofnunina í Stokkhólmi. Hann hefur einnig starfað átta ár í Gíneu-Bissá í Vestur-Afríku við barnalækningar, almenn lýðheilsustörf og rannsóknir. Frá 2000 til 2009 var hann yfirlæknir og forstöðumaður á Miðstöð heilsuverndar barna. Undanfarin þrjú ár hefur hann gegnt prófessorsstöðu við kennslufræði- og lýðheilsudeild Háskólans í Reykjavík. Þróunarmál eru Geir hugleikin. Hann hefur starfað með UNICEF vegna stuðnings barnahjálparinnar við Gíneu-Bissá og hefur tekið þátt í starfi Þróunarsamvinnustofnunar Íslands í Malaví undanfarin tíu ár. Eiginkona Geirs er Jónína Einarsdóttir, prófessor í mannfræði og deildarforseti félags- og mannvísindadeildar Háskóla Íslands. Þau eiga þrjá syni.

# Útsala

## nýtt kortatímabil

## fatnaður og skór

### á alla fjölskylduna

verð aðeins

# 250-3000 kr

**Bolir 250-2000 kr.**
**Peysur 1000-3000 kr.**
**Buxur 1000-3000 kr.**
**Skór 1000-3000 kr.**

24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

50 ára HAGKAUP
fyrir íslendinga í 50 ár



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Dakar-rallið í nýrri álfu

Rallíkeppnin París-Dakar, heitir nú aðeins Dakar-rallið og fer nú fram í Suður-Ameríku annað árið í röð í stað hinnar hefðbundnu leiðar sem lá að mestu um Afríku. Keppnin spannar níu þúsund kílómetra leið milli Chile og Argentínu, en hún endar í Búenos Aíres. Bæði mótorhjól og jeppar taka þátt. *Fréttablaðið* birtir hér hápunkta úr keppni síðustu viku.



**ERFIÐAR AÐSTÆÐUR** Keppnin er mikil þolraun fyrir keppendur. Þeir eru ekki bara að berjast við hitann heldur einnig mikið ryk. Sandöldurnar eru einnig erfiðar viðureignar og ef menn hafa ekki einbeitinguna í lagi gæti farið illa. NORDIC PHOTOS/AFP



**ÓTRÚLEGT UMHVERFI** Keppendur þurfa að berjast við krefjandi aðstæður, en sjónarspilið er ótrúlegt. Lesendur fá þó öllu betra útsýni en ökuþórinn á myndinni, sem virðist vera að keyra á hjara veraldar. NORDIC PHOTOS/AFP



**ÁFRAM SPÁNN** Ekki eru margir stuðningsmenn á svæðinu þar sem kapparnir þeysa um en einstaka áhorfandi sést þó á ferli. NORDIC PHOTOS/AFP



**GLÆSITILÞRIF** Þótt fáir áhorfendur séu á ferli þá er nóg af myndatökumönnum sem koma víða til að ná einstökum myndum af keppendum. NORDIC PHOTOS/AFP



fjölskyldan
[ SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM FJÖLSKYLDUNA ]
janúar 2009

## Frumskógarhljóðin

Slagverkstónleikar fyrir börn í Salnum

SÍÐA 2





## Skoppa og Skrítla

Nýtt leikrit væntanlegt

SÍÐA 6



**Í gula herberginu** Amira Snærós Ómarsdóttir, Ragnheiður Vala Antonsdóttir, Eydís helga Þórisdóttir, Sigyn Christaansdóttir.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Hlýlegt heimili á Bergþórugötu

Á Bergþórugötu stendur barnaheimilið Ós sem er foreldrarekið. Þar eru 27 börn í vistun á heimilislegum og vinalegum stað sem börn og foreldrar kunna vel að meta eins og gefur að skilja.



Það er sannarlega heimilisleg stemming sem mætir gesti á barnaheimilinu Ósi við Bergþórugötu. Verið er að undirbúa hádegismat og það eru Kristófer Dignus og María Heba Þorkelsdóttir, foreldrar barns á heimilinu sem standa yfir pottunum. „Kokkurinn okkar er í fríi og í þannig aðstæðum hlaupa foreldrar í skarðið,“ útskýrir María Jónsdóttir leikskólastjóri á Ósi.

Ós er foreldrarekinn leikskóli eða barnaheimili sem starfrækur hefur verið í 36 ár. Eins og gefur að skilja leika foreldrar þar stærra hlutverk en á venjulegum leikskóla. „Það eru oftar foreldrafundir og skyldumæting á svokallaða stórfundi sem eru annan hvern mánuð, þar er allt sem viðkemur starfinu rætt.“

27 börn dvelja á Ósi og þau njóta þess að hafa foreldrana stundum í húsinu, því að þeir leysa af ef að starfsfólk eru í fríi eins og tilfellið var þegar Fréttablaðið kíkti í heimsókn. „Svo skipuleggur Foreldrafélagið hátíðir og uppákomur, til

FRAMHALD Á SÍÐU 4

TÆKI Á TILBOÐI
Komdu og gerðu góð kaup!
Sjá nánar á ormsson.is
TILBOÐSVERÐ kr. 17.900,-
LISTAVERÐ 22.900,-
2000 WÖTT
Þær gerast ekki betri!
AEG
CE 4200
FÍNN ÖRBYLGJUOFN
SMO-3620 S
sinbo
Hvítur · 700W · 17 Lítra
TILBOÐSVERÐ kr. 14.900,-
15% AFSLÁTTUR
af: brabantia
OBH NORDICA
Tefal
Emile Henry
AEG SMÁTÆKI / RYKSUGUR
20-70% AFSLÁTTUR
af völdum vörum í:
home art
VILLAGE
HEIMILIS- OG GJAFAVÖRUR
ORMSSON
SÍMAR 530 2800 / 530 2900

Sigríður Tómasdóttir skrifar



# Bókatryllingur stúlkubarns

Degi barnanna minna lýkur yfirleitt með því að við foreldrarnir lesum fyrir þau bók eða bókarkafla. Bækurnar sem verða fyrir valinu eru af ýmsum toga, mjög oft myndabækur með stuttum texta en við erum auðvitað farin að færa okkur upp á skaftið eilítið enda eldra eintakið orðið fimm ára og tími til kominn að bjóða upp á meiri fjölbreytni í lestri. Þó að ég hefði haldið, áður en ég eignaðist börn, að ég myndi velja bækur af mikilli kostgæfni ofan í mín börn þá hefur reyndin frekar orðið sú að við lesum allt sem til fellur, sem er ansi mikið því bæði eru til á mínu heimili barnabækur frá því að foreldrarnir voru litlir, frá frændfólki auk nýútkominna bóka.

Gæðin eru auðvitað mjög misjöfn á þessum bókum og þær reyna mismikið á taugar foreldranna. Sumar eru ansi mikil steypa svo ekki sé meira sagt, ég gafst reyndar upp á því að vera áskrifandi að bókaklúbbi smábarna vegna ruglbóka sem fylgdu annað slagið þeirri áskrift.

Nú er verið að lesa Bangsímon á heimilinu og þó að ævintýri hans séu vel kunnug börnunum, þökk sé klassískri Disney-mynd, þá tók aðeins lengri tíma að tengja við bókina. Textinn er líka nokkuð þungur og uppfullur af útúrsnúningum og húmor sem kannski fer stundum fyrir ofan garð og neðan hjá börnum. Það virðist hins vegar ekkert trufla þau og þau hlusta af athygli á ævintýri bangsans vitgranna.

Eftir að lestri lýkur hefur sá háttur verið hafður á að þau mega fletta bókum sjálf áður en þau fara að sofa. Það hefur ætíð gengið vel með drenginn. Hann skoðar nokkrar bækur og sofnar svo. Hins vegar ber svo við að stúlkan virðist haldin miklum bókatryllingi sem felst í því að hún þarf alltaf að ná sér í fleiri og fleiri bækur áður en hún lognast út af þreytt í bókahrúgu.

Nú er vandinn hvernig við eigum að taka á þessu máli. Eigum við að banna henni að ná sér í bækur og setja upp í rúm eða eigum við bara að sýna málinu skilning og líta á þennan bókaþorsta sem mikið gáfumerki? Tilraunir til að fjarlægja bækurnar á meðan hún er vakandi hafa ekki endað sérlega vel, hún æpir bók! bók! og vill fá að „lesa sjálf" eins og hún segir.

Persónulega þykir mér mjög þægilegt að styðja mig við þá uppeldiskenningu um þessar mundir að hún sé tveggja ára og því á erfiðum aldri (the terrible twos segja enskir) og frekja og fyrirtekt verði fyrir bí þegar hún verður þriggja. Kemur svo í ljós hvort að ég hef rétt fyrir mér síðar á þessu ári.

Í bili að minnsta kosti fær hún að halda uppteknum hætti, ná sér í þær bækur sem hún vill lesa og rogast með þær í rúmið.

**Fjölskyldan** kemur út mánaðarlega með helgarblaði Fréttablaðsins. Ritstjórn: Sigríður Björg Tómasdóttir Hönnun: Silja Ástþórsdóttir Forsíðumynd: Vilhelm Gunnarsson Pennar: Roald Eyvindsson Ljósmyndir: Fréttablaðið Auglýsingar: *Benedikt Jónsson benediktj@365.is*



**Upplifun** Nemendur úr Listdanskóla Íslands taka þátt í tónleikunum.

# Áhorfendur slá taktinn á fjölskyldutónleikum

**Hljóðin í frumskóginum eru spennandi titill á spennandi tónleikum sem haldnir verða í Salnum á morgun. Skipuleggjandi þeirra og tónleikaraðar fyrir fjölskyldufólk, flautuleikarinn Pamela De Sensi, segir algjöran draum að skipuleggja tónleika fyrir börn og unglinga.**

Tónleikarnir hafa það markmið að skemmta börnum og unglingum og kynna þeim sígilda tónlist," segir ítalski flautuleikarinn Pamela De Sensi sem stendur fyrir tónleikaröð í Salnum fyrir börn og fjölskyldufólk sem ber heitið „Töfrahurð".

Tónleikarnir sem haldnir eru á morgun bera yfirskriftina „Hljóðin í frumskóginum" en á þeim eru slagverkshljóðfæri í aðalhlutverki og er efnisskráin byggð upp í kringum slagverk.

Ferð á tónleikana er samt miklu meira en bara að setjast niður og hlusta. „Tónleikagestir geta mætt snemma. Það verður tekið á móti þeim af Götuleikhúsinu og krakkarnir geta fengið andlitsmálningu ef þeir vilja. Krakkarnir eru einnig hvattir til að mæta í dýrabúningi," segir Pamela sem er ítölsk en hefur verið búsett hér á landi í sex ár.

„Ég bjó í Róm og skipulagði þar í mörg ár svona fjölskyldutónleika og það var alltaf draumur minn að standa fyrir viðlíka viðburðum hér á landi." Auk þess að fá andlitsmálningu taka áhorfendur mikinn þátt í tónleikunum. „Við bjóðum krökkum að koma upp á sviðið, áhorfendur klappa taktinn með í verkunum og ýmislegt fleira. Þetta eru ekki tónleikar þar sem á bara að sitja og hlusta heldur fá áhorfendur að taka þátt," segir Pamela.



**Stemning** Börn í búningi í Salnum.

Þannig má segja að upplifunin að fara á tónleikana sé ekki bara sú að hlusta á tónlist heldur minnir hún á leikhúsupplifun. Dansarar úr Listdansskóla Íslands koma einnig fram á tónleikunum þannig að mikið gengur á í húsinu. „Það verður að vera mikið að gerast á sviðinu fyrir börnin, það er alveg nauðsynlegt," segir Pamela. Tónleikarnir sjálfir taka um 45 mínútur í flutningi en Götuleikhúsið er á ferðinni frá klukkan 12.30 þannig að óhætt er að mæta snemma.

Tónlistin sem verður flutt er í fyrsta lagi verk eftir Oliver Kentish, sem skrifað er fyrir slagverk og börn, en auk þess tónlist eftir Jórunni Viðar, C. Deane, K. Abe, I. Xenakis, D. Erb, K. Ahrendt. Frank Aarnink slagverksleikari ber hitann og þungann af tónlistarflutningnum en auk hans koma fram Sigurþór Heimisson leikari, Margrét Stefánsdóttir sópran, Katie Buckley hörpuleikari og Pamela De Sensi.

Að sögn Pamelu hefur fjölskyldutónleikunum verið vel tekið. „Fólk er duglegt að mæta snemma sem er mjög skemmtilegt." *- sbt*




## KVIKMYNDIR



**Tilfinningaflóð í kjölfar fæðingar** Heimildamyndin Le Premier Cri eða Frumgráturinn eins og hún heitir á íslensku verður sýnd á frönsku kvikmyndahátíðinni sem hófst í vikunni. Hún fjallar um fæðingar víða um heim eða eins ogstendur í tilkynningu: „Hrífandi heimildamynd þar sem því tilfinningaflóði sem barnsfæðing kemur af stað er lýst af mikilli nærfærni. Hér er sögð töfrandi saga fyrsta gráts ævinnar, sem staðfestir komu manns í heiminn. Fæðingin er í sviðsljósinu, um allan heim. Ólík lönd, ólíkar þjóðir og ólík menning er vettvangur þessarar fallegu og óvenjulegu ferðar. Á einum sólarhring um allan heim mætast örlög ólíkra einstaklinga í einni sameiginlegri upplifun; að koma barni í heiminn. Í myndinni er fylgst með komu raunverulegra barna í heiminn og fyrstu upplifunum þeirra. Fæðingar í fjarlægum löndum eru eins ólíkar og manneskjurnar eru margar."


ego dekor
Vegghengdur skenkur 183cm
Verð áður: 108.000,-
Verð nú: 86.400,-
Borð 160x90
Verð áður: 78.000,-
Verð nú: 62.400,-
-20%
-40%
CLASSIC gegnheilt eikarborð
Stærð: 200X100
Verð áður: 114.000,-
Verð nú: 68.400,-
Vegghengdur skenkur
eik/hvítt háglans
Breidd: 120cm
Verð áður: 76.000,-
Verð nú: 45.600,-
-25%
TV skenkur
Br: 180cm
Fáanlegur í hvítu og svörtu háglans
Verð áður: 98.000,-
Verð nú: 73.500,-
-20%
TONE stóll
Verð áður: 9.900,-
Verð nú: 7.920,-
-20%
RENO leðurstóll
Verð áður: 16.800,-
Verð nú: 13.440,-
-20%
OTIS leðurstóll
Verð áður: 15.900,-
Verð nú: 12.720,-
-20%
ORIANA stóll
Verð áður: 15.900,-
Verð nú: 12.720,-
ÚTSALAN ER HAFIN
20-50% AFSLÁTTUR
-25%
CAVIAR tungusófi
Stærð: 315X165cm
Verð: 253.000,-
Tilboðsverð: 189.750,-
-20%
PALMA 4ra sæta leðursófi
Breidd: 280cm
Verð: 237.000,-
Tilboðsverð: 189.600,-
-25%
VERONICA tungusófi
Stærð: 260X165cm
Verð: 236.000,-
Tilboðsverð: 177.000,-
-20%
GRANDO 3ja sæta og skammel
Breidd: 230cm
Verð: 174.000,-
Tilboðsverð: 139.200,-
-20%
STÓR NEW ENGLAND tungusófi
Stærð: 290X165cm
Verð: 245.000,-
Tilboðsverð: 196.000,-
-20%
CANYON hornsófi
Stærð: 280X190cm
Verð: 248.000,-
Tilboðsverð: 198.400,-
Opið mán-fös: 10.00-18.00
Opið um helgina: lau: 10.00-16.00 - sun: 13.00-16.00
Ego Dekor - Bæjarlind 12
S: 544 4420 - www.egodekor.is

# ♥ í leikskóla
*er gaman...*



**MIKIÐ VAL** Í mörgum hverfum á höfuðborgarsvæðinu eru nokkrir leikskólar og því má segja að foreldrar hafi úr talsverðu að velja þegar kemur að því að velja leikskóla fyrir barnið. Flestir leikskólar eru með heimasíðu sem hægt er að skoða og svo er um að gera að hafa samband og heimsækja þá leikskóla sem koma til greina.

FRAMHALD AF FORSÍÐU



**Í góðum hópi** María og Anna Kristín í góðum hópi yngstu krakkanna á Ósi.

dæmis er farið einu sinni á ári í sumarbústaðaferð og þá er alltaf þeim sem hættu árið á undan boðið með," segir María. Tengsl barna við barnaheimilið eru því sterk áfram eftir að dvölinni þar lýkur og sumir tala um árin á Ósi langt fram eftir fullorðinsárum.

Svo skemmtilega vill til að einn starfsmannanna núna Anna Kristín Cartesgna var einmitt á Ósi sem barn og segir hún dásamlegt að vinna þar. „Það er bara svo mikill kærleikur í húsinu," segir hún. Anna Kristín er alinn upp á Ítalíu til fimm ára aldurs. „Mamma mín skoðaði ótal leikskóla í Reykjavík þegar hún flutti heim og valdi Ós vegna þess að hún vildi taka þátt í starfi leikskólans og ég skil það vel, í hvað á maður að verja tíma sínum nema í börnin," segir Anna Kristín.

María segir marga foreldra hafa búið í útlöndum og kynnst leikskólum sem gera ráð fyrir meira foreldrastarfi en gengur og gerist í venjulegum leikskólum.

„Foreldrarnir hér eru frábær hópur og verða svo góðir vinir okkar," segir María. „Þetta er allt frá þeim," segir Anna og bendir á hlaðið borð af kræsingum sem boðið er upp á á kaffistofunni í aðdraganda jólanna.

Kaffistofan er ekki stór, ekki frekar en húsið sem hýsir leikskólann, það er þriggja hæða timburhús sem foreldrar gerðu upp á níunda áratugnum, áður var skólinn á tveimur öðrum stöðum „Börnum þykir líka gaman að vera í þessu margra hæða húsi." Sannarlega eru krókar og kima margir í húsinu og börnin eru að leika sér þegar blaðamaður röltir um. Skólinn starfar eftir Hjallastefnunni þannig að kynin eru í sitthvoru lagi en sameinast í útiverunni.

Lóðin er heldur ekki stór en það eru margir spennandi staðir að skoða í grenndinni þannig að það kemur ekki að sök. „Við erum dugleg að fara í leiðangra með börnin," segir María og bendir í átt að Skólavörðuholtinu.

Með það kveður blaðamaður hlýlegt hús og heldur út í kuldann með bros á vör.




Ertu „alltaf" á leiðinni í jóga?

*Vantar þig orku, einbeitingu, gleði og ró*

KARLATÍMAR
KUNDALINI JÓGA

*Orkugefandi - markvisst - umbreytandi*

Byrjum á Bóndadaginn 22. janúar
Konur ath. gjafabréf!

Nánari upplýsingar á
www.lotusjogasetur.is/a_dofinni
og í síma 846 1970

Lótus Jógasetur - Borgartúni 20


## Tilraunaheimilið Ós

Árið 1973 stofnaði hópur foreldra það sem þeir kölluðu Tilraunaheimilið Ós, sem tilraun til að reka barnaheimili með öðrum hætti en þá tíðkaðist. Heimilið var til ársins 1977 að Ósi við Dugguvog en flutti þá að Bergstaðastræti 26B. Árið 1986 var flutt í núverandi húsnæði sem er í eigu Reykjavíkurborgar að Bergþórugötu 20. Nafn heimilisins er áfram Barnaheimilið Ós, því þó að Ós sé dregið af nafni hússins við Dugguvog má einnig hugsa sér myndlíkinguna í læknum sem rennur í hafið og sameinast í því, líkt og barnið sameinast fjölskylduhópnum.

Ós er foreldrarekinn leikskóli. Með hugtakinu foreldrarekinn er ekki einungis átt við rekstrarformið með stjórn, starfsráði, stórfundum, starfsdögum og fleiru, heldur einnig að foreldrar og aðrir aðstandendur barnanna á hverjum tíma hafi tækifæri til að fylgjast með og móta starfsemina þannig að eðlilegt samhengi skapist á milli uppeldis á Ósi og heimilis barnsins. Ábyrgðin er sameiginleg og með þessu móti gefast foreldrum möguleikar á stefnumörkun. Starfið á Ósi endurspeglar því vilja og áhuga foreldra og starfsfólks á hverjum tíma.

Við inngöngu á Barnaheimilið Ós verða barnið og foreldrar þess hluti af Ósfjölskyldunni. Eins og hjá öðrum fjölskyldum er gagnkvæm tillitssemi, virðing og traust allra fjölskyldumeðlima grundvöllurinn fyrir því að góður árangur náist í uppeldinu. Á Ósi er mikið lagt upp úr hollu og góðu fæði sem matreitt er af mikilli alúð frá grunni í eldhúsi skólans. Ávaxtabílinn kemur vikulega með stútfulla körfu af ávöxtum og leitast er við að allt grænmeti sem boðið er upp á sé lífrænt ræktað.

*Heimild: www.leikskolinn.is/os*



**Í stuði** Eydís Helga Þórisdóttir stekkur hátt.



**HVAÐA SKÓLI?** Lögheimili nemenda ræður því í hvaða hverfisskóla þeir eiga námsvist. En allir foreldrar eiga kost á að sækja um skóla fyrir börn sín hvar sem er í borginni.

## NÁM




**Bráðger börn** Mikill áhugi er augljóslega á því hvernig grunnskólinn getur betur komið til móts við bráðgera nemendur. Á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.rvk.is kemur fram að á málþingi menntasviðs síðastliðinn fimmtudag var hvert sæti skipað, en fyrirlesarar kynntu meðal annars stigskipt verkefni og leiðir til að skapa hvetjandi námsumhverfi fyrir nemendur með óvenju skapandi hugsun. Þá var farið yfir niðurstöður PISA-könnunar um stöðu bráðgerra nemenda. Í máli Almars Halldórssonar, sérfræðings hjá Námsmatsstofnun, kom fram að samkvæmt PISA-könnunum er hlutfall bráðgerra nemenda að jafnaði um níu prósent í OECD-löndum og skera þeir sig úr á ýmsan veg. Á Íslandi er hlutfallið svipað, en í stærðfræði er hlutfall afburðanemenda hærra. Ánægjan og áhuginn virðist stýra miklu um árangur nemenda í skóla og staðfesta rannsóknir hér á landi beint samhengi þar á milli.

„Helsta niðurstaða málþingsins hafi verið að í stað þess að reyna að mæta þörfum bráðgerra nemenda með sértækum úrræðum eða verkefnum, eins og áður var gert, leitast skólinn nú við að koma til móts við þarfir sérhvers nemanda ... Bráðgerir nemendur eru meðal annars skilgreindir sem þeir sem sýna snemma mikla hæfileika, eiga auðveldara með að hugsa óhlutbundið og leysa flókin og óvænt verkefni, eru óvenju skapandi og hugmyndaríkir, rökfastir, vinna skipulega og ná háum einkunnum," segir í frétt Reykjavíkurborgar.


www.meiraprof.is

Farðu ekki án **réttinda** á vinnuvélar til **Evrópu**, vertu klár í allt, heima sem erlendis

# Skjót leið
## til **starfs**menntunar

Réttindanámskeið fyrir stjórnendur vinnuvéla, kláraðu þetta á móðurmálinu ef þú hefur hug á starfi í Evrópu. Hægt er að byrja alla föstudaga kl. 17.30, námið tekur 3 helgar, sjá nánar á heimasíðunni **meiraprof.is** eða hringdu í síma 588 45 00

NÁMSKEIÐ SEM GEFA RÉTTINDI UM GJÖRVALLA EVRÓPU



ÖLL ÖKURÉTTINDI - ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI

## Skapaðu þér þitt eigið góðæri

Námskeið til aukinna ökuréttinda og vinnuvélanámskeiðið gefur aðgang að þúsundum áhugaverðra starfa. Fyrir þá sem ekki eru með umtalsverða framhaldsmenntun er það ekki spurning að afla sér þeirra réttinda sem þessi námskeið veita. Fjöldi fólks með mikla sérmenntun sækir þó þessi námskeið til að eiga möguleika á að komast út frá pappír og tölvum og láta til sín taka á sverum trukkum og öflugum vinnuvélum, þó ekki sé nema í sumarfríum.
Starfsmenn skólans eru með áralanga reynslu í kennslu á þessu sviði og þjálfaðir í að kenna fólki sem að öllu jöfnu hefur skóla ekki efst á vinsældarlistanum. Við starfsmenn skólans kappkostum að flytja hagnýtan fróðleik sem kemur nemendum og vinnuveitendum þeirra ( og öllum vegfarendum ) að gagni alla daga. Við kennararnir trúum líka á líf **fyrir** dauðann og leggjum okkur fram um að námið sé ekki bara hagnýtt, heldur einnig skemmtilegt.
Ekki bíða eftir tíma til að framkvæma þetta sem þú hefur hugsað lengi um, það er annað orð yfir aldrei. Búðu tímann til, stattu með sjálfum þér og byrjaðu strax. Við fögnum því að fá að hitta þig og að fá þannig tækifæri á að auka árangur þinn í lífinu.

NÝI ÖKUSKÓLINN

KLETTAGÖRÐUM 11 ( et-húsinu ) REYKJAVÍK

ALLAR FREKARI UPPLÝSINGAR Í SÍMA 588 45 00





1930 80 ára 2010

## Hótel Borg.

(Alþýðublaðið janúar 1930)



Í Pósthússtræti við Austurvöll er nú að rísa hið mikla gistihús Jóhannesar Jósefssonar, og virðist smíði þess miða vel áfram. Því hefir þegar verið nafn gefið og á að heita „Hótel Borg".

Á myndinni hér að ofan má sjá, hvernig þetta stórhýsi verður, en þó er þess að geta, að fyrst í stað verður skarð á milli gistihússins og Nathan & Olsen, en á myndinni er gert ráð fyrir, að húsaröðin verði samfeld, eins og verða mun áður en langt um líður.

„Hótel Borg" verður um 950 fermetrar að grunnmáli, en stærð aðalhússins 27½ m. × 13 m., auk útbyggingа.

Reykvíkingar hafa lengi fundið til þess, að hér væri þörf á nýtísku gistihúsi og útlendingar hafa jafnvel látið svo um mælt, að ekkert mætti gera til þess, að hvetja ferðamenn hingað, fyrr en nýtt gistihús væri komið upp. Gistihús er sá staður, sem flestir ferðamenn spyrja fyrst eftir, þegar þeir koma í ókunnuga borg eða bæ, og eftir gistihúsunum dæma þeir oft allan staðinn eða landið.

Menn hafa séð, hve nauðsynlegt væri að koma hér upp gistihúsi fyrir 1930, en þó hefði það óefað farist fyrir, ef Jóhannes Jósefsson hefði ekki farið að brjótast í því. Stjórnin hefir gengið í ábyrgð fyrir 300 þús. króna láni, með baktrygging Reykjavíkurbæjar, sem fær fyrsta veðrétt í húsinu. Sjálfur hefir Jóhannes lagt allar eigur sínar í þetta fyrirtæki, og tveggja ára vinnu hefir hann varið til þess að koma málinu í framkvæmd. Upphaflega var ekki búist við, að húsið mundi kosta meir en hálfa miljón, en nú hefir komið í ljós, að það verður nær helmingi dýrara. En svo er á það að líta, að gistihús þetta á að öllu leyti að þola samanburð við fyrsta flokks gistihús erlendis, hvar í heimi sem er. — Jóhannes Jósefsson hefir ugglaust átt betri kost á því en allir aðrir Íslendingar, að kynna sér, hverjar kröfur eru gerðar til fyrsta flokks gistihúsa, bæði austan hafs og vestan, og honum er kappsmál, að „Hótel Borg" geti að öllu leyti fullnægt nýtísku kröfum.

Ef hingað væri óslitinn ferðamannastraumur allt árið, þá má gera ráð fyrir, að nýtísku gistihús væri þegar risið hér upp. En eins og allir vita, koma útlendingar aðallega hingað þrjá til fjóra mánuði að sumrinu, aðra tíma ársins er aðsókn lítil, og þess vegna hafa menn ógjarna viljað hætta fé sínu í þetta fyrirtæki, enda er ekki hægt að segja um það fyrir, hvort það geti borið sig.

Ráðgert er að „Hótel Borg" geti tekið til starfa í aprílmánuði 1930, og verður þar hægt að hýsa um 70 gesti. Hefir heyrst, að landstjórnin muni áskilja sér rúm í gistihúsinu handa þeim gestum, sem verða hér á vegum hennar á meðan Alþingishátíðin stendur yfir, og væri með engu móti unnt að fá þeim ákjósanlegri dvalarstað.

HÓTEL BORG



**Opið hús sunnudaginn 17. janúar kl. 14 - 16**

Frá opnun Hótels Borgar árið 1930 höfum við tekið á móti tugþúsundum litríkra karaktera; kóngafólki, fegurðardrottningum, flugköppum, frelsishetjum, kvikmyndastjörnum og allra handa fólki frá öllum heimshornum. Eftir alla þessa æfingu teljum við okkur reiðubúin að taka höfðinglega á móti þér.

Skoðunarferð um hótelið, sem hefur nýlega verið endurgert af fágun og glæsileika, sem sameinar það besta af anda fjórða áratugarins og þægindum nútímans. Hápunkturinn er heimsókn í turnsvítuna en af efri hæð hennar er stórkostlegt útsýni til allra átta. Einnig býður veitingastaðurinn Silfur á Hótel Borg upp á kaffi og pönnukökur líkt og venja er þegar góðir gestir koma í heimsókn.

Fagnaðu afmælinu með okkur og sjáðu innviði eins helsta kennileitis miðborgarinnar, Hótels Borgar.



HÓTEL BORG restaurant silfur

Pósthússtræti 11 101 Reykjavík Sími: 551 1440

**leikhús**

*upplifun fyrir alla fjölskylduna...*

**BÖRN Í LEIKHÚSI** Mörg börn hafa ríka þörf fyrir að tjá sig og troða upp. Af ýmsum leiklistarnámskeiðum er að taka fyrir börn, meðal annars í Kramhúsinu sem býður upp á tónlistar-, leik- og hreyfinámskeið fyrir börn frá þriggja ára aldri.



# Lífið og tilveran í fallegum búningi

Vinkonurnar Skoppa og Skrítla munu kæta leikhúsgesti í nýju leikriti, Skoppa og Skrítla á tímaflakki, sem verður frumsýnt í Borgarleikhúsinu 6. febrúar. Stærsta verkefnið á fjölunum til þessa segir Hrefna Hallgrímsdóttir sem á hugmyndina ásamt Lindu Ásgeirsdóttur.

Þetta er klárlega stærsta leikritið til þessa um þær Skoppu og Skrítlu. Okkur bauðst að komast á stærra svið í Borgarleikhúsinu og ákváðum því meðal annars að fjölga persónum þar sem karakterum sem börnin þekkja úr Skoppu og Skrítlu bíómyndinni bregður fyrir. Þannig að persónurnar hafa aldrei verið fleiri og litríkari," segir leikkonan Hrefna Hallgrímsdóttir sem fer með hlutverk Skrítlu í stykkinu Skoppa og Skrítla á tímaflakki.

## Fyrir þau yngstu

Hrefna lýsir söguþræðinum á eftirfarandi veg. „Í stuttu máli sagt biður Bakari Svakari Skoppu og Skrítlu að hjálpa sér að finna púsl í púsluspil sem reynist svo ekkert venjulegt púsluspil heldur fjársjóðskort. Hann er að hjálpa geimsjónræningjum sem eru á höttunum eftir fjársjóðnum. Við tökum þátt í leitinni ásamt Lúsí vinkonu okkar og ferðumst með aðstoð tímavélar aftur í fortíð og framtíð þar sem við hittum kúreka, sjóræningja og alls kyns furðuverur."

Að sögn Hrefnu verður kappkostað að gera sýninguna sem aðgengilegasta fyrir yngstu áhorfendurna. „Við höfum haft það að leiðarljósi í öllu sem við tökum okkur fyrir hendur í nafni Skoppu og Skrítlu. Leikritið verður í takt við það þar sem börnunum er líka gert ljóst að þau séu í leikhúsi. Við sýnum hvernig töfrarnir eru búnir til með ljósum og búningaskiptum og stílum inn á þátttöku áhorfenda. Börnin verða á fullu við að hjálpa okkur að leysa gátuna og fræðast í leiðinni mikið um tíma, rúm, liti og form, sem börn þurfa að hafa á hreinu. Þarna erum við að ala upp næstu kynslóð leikhúsgesta með því að kynna fyrir þeim þá töfra sem leikhúsið getur búið yfir."



**Komið víða við** Skoppa og Skrítla hafa glatt börn víða um heim. Hér eru þær ásamt börnum í Tógó í Afríku. MYND/ÚR EINKASAFNI

## Sigurganga frá 2004

Skoppa og Skrítla hafa frá því að þær litu fyrst dagsins ljós árið 2004 átt miklum vinsældum að fagna meðal yngstu kynslóðarinnar. Sem dæmi um það sáu 15.000 manns kvikmyndina um ævintýri Skoppu og Skrítlu þegar hún var sýnd í íslenskum kvikmyndahúsum veturinn 2008-2009. Hrefna telur að það verði að teljast nokkuð gott í ljósi þess að upphaflegur markhópur myndarinnar voru börn á aldrinum 1-6 ára, þótt eldri börn hafi svo sótt hana. En hvert er leyndarmálið á bak við þessa samfelldu sigurgöngu?

„Vinsældir kvikmyndarinnar út af fyrir sig útskýrast hugsanlega af því að myndin er sú fyrsta sem var gerð fyrir þennan aldurshóp hérlendis," svarar þá Hrefna og bætir við eftir örlitla umhugsun að sjálfsagt eigi ástríðan fyrir umfjöllunarefninu þátt í almennri velgengni. „Við gerum þetta alfarið frá hjartanu. Erum að ala upp börn sem eru á sama aldri og okkar áhorfendur og erum því í nánum tengslum við þennan heim. Upphaflega vildum við búa til sögu þar sem þáttum eins og kurteisi, aga og fegurð eru gerð góð skil og sýna þessum litlu börnum lífið og tilveruna í sinni í björtustu mynd. Vonandi tekst okkur það áfram í nýja leikritinu. Það er nægur tími til að læra um allt hitt sem kemur síðar."

Leikritið um þær Skoppu og Skrítlu verður frumsýnt í Borgarleikhúsinu 6. febrúar næstkomandi. Þangað til gefst áhugasömum færi á að fylgjast með uppsetningu verksins þar sem myndskeið með lögum úr sýningunni verða reglulega sett inn á Facebook. Leikstjórn er í höndum Gunnars Helgasonar en auk Hrefnu og Lindu fara Vigdís Gunnarsdóttir og Viktor Már Bjarnason með helstu hlutverk í sýningunni. *- rve*



**Gott gengi** Ævintýri Skoppu og Skrítlu hafa fengið góða dóma í gegnum tíðina. Time Out mælti meðal annars með sýningu um þær í New York.



**Gert af heilum hug** Linda og Hrefna telja að velgengni Skoppu og Skrítlu skýrist meðal annars af ástríðunni sem þær hafa fyrir umfjöllunarefninu.


**ERTU ORKULAUS?**

**Viltu finna orkubreytingu**

**STRAX!**



**Énaxin total er frábær jurtaformúla með Rhodiolu ásamt dagskammti af vítamínum og steinefnum**

**Þægilegt, aðeins 1 tafla á dag**

Fæst í apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum flestra stórmarkaða.


# Öll ævintýri eiga sér upphaf

**2004 Skoppa og Skrítla verða til.** Hrefna Hallgrímsdóttir leikkona fær hugmyndina að þeim vinkonum og fær Lindu Ásgeirsdóttur leikkonu til liðs við sig.

**2004 Skoppa og Skrítla í Húsdýragarðinum.** DVD-diskur unninn í samstarfi við Fjölskyldu- og húsdýragarðinn með tónlist og fræðslu um dýr.

**2006 Litla stundin með Skoppu og Skrítlu.** Í kjölfar vinsælda DVD-disksins eru framleiddir sjónvarpsþættir með Skoppu og Skrítlu sem sýndir eru á RÚV í maí 2006. Þættirnir eru allir þematengdir og í hverjum þeirra er fræðsla, tónlist, dans og fleira.

**2006 Skoppa og Skrítla í Þjóðleikhúsinu.** Sýningin er sett upp í Kúlunni, barnasviði Þjóðleikhússins, í október 2006. Sýningin er hugsuð fyrir börn á aldrinum 9 mánaða til 6 ára. Hún er tilnefnd til Grímuverðlaunanna sem besta barnasýningin.

**2008 Skoppa og Skrítla í söngleik.** Annað leikrit um stöllurnar frumsýnt í Þjóðleikhúsinu í apríl 2008. Þar fá þær góðan liðsauka, nokkra dansara á aldrinum 9 til 16 ára og hitta áhugaverðar persónur á borð við Englandsdrottningu og William Shakespeare.



**2008 Skoppa og Skrítla í bíó.** Fjölskyldumynd í fullri lengd um ævintýri þeirra vinkvenna á Íslandi og Flórída í Bandaríkjunum frumsýnd í íslenskum kvikmyndahúsum á annan í jólum 2008. Um 15.000 manns sækja myndina meðan á sýningum stendur.

**2009 Skoppu og Skrítlu-ís.** Emmessís setur á markað nýjan Skoppu og Skrítlu-ís í júní 2009. Reyndar er um gular og grænar ávaxtastangir að ræða svo flest börn geti notið góðs af, líka þau sem eru með mjólkuróþol.

**2009 Skoppa og Skrítla vígja óskabrunn barnanna** í Borgarleikhúsinu við hátíðlega athöfn í nóvember 2009. Þær vinkonur hafa safnað óskum barna í brunninn víða um heim í þrjú ár og eru þær um þrjátíu þúsund talsins.

**2010 Skoppa og Skrítla á tímaflakki.** Nýtt leikrit frumsýnt í Borgarleikhúsinu 6. febrúar næstkomandi. Skoppa og Skrítla ásamt Lúsí vinkonu þeirra hjálpa Bakara Svakara að finn púsl í púsluspil sem reynist vera fjársjóðskort.

**Nýtt verkefni í uppsiglingu?** Leikkonurnar Hrefna og Linda eiga í viðræðum við aðila í Los Angeles um mögulegt verkefni en mikil leynd hvílir yfir því.

**MESSÍANA TÓMASDÓTTIR** opnar í dag í Gerðubergi sýningu á leikbrúðum, grímum og búningum frá sýningum Strengjaleikhússins. Má þar nefna sýningarnar Maður lifandi, Bláa stúlkan, Sónata og Undir drekavæng.





FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

friendtex
DÚNDUR ÚTSALA
MIKIÐ ÚRVAL AF ELDRI FATNAÐI FRÁ KR 1000
ALLAR PEYSUR 2 FYRIR 1
ALLAR BUXUR 2 FYRIR 1
ALLIR BOLIR 2 FYRIR 1
Opnunartími
Mán. til fös. 11.00-18.00 laug. 11.00-16.00
Bonito ehf. Friendtex,
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 - www.friendtex.is



Haffi Haff ætlar í vinnuferð um skemmtistaði borgarinnar í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Skapandi og ófeiminn

**Hann kom hingað sem Hafsteinn Þór Guðjónsson frá Bandaríkjunum fyrir þremur árum en nú hefur hann heillað fólk og umbreyst í einn eftirsóttasta stílista landsins, Haffa Haff.**

Jæja, Haffi, ertu búinn að kortleggja helgina? „Já, það verður vinnutörn þessa helgi eins og reyndar allar helgar," segir hann og hlær. „Ég er alltaf með mörg verkefni í gangi. Ég er með stúdíóið mitt í tölvu en ég er alltaf að taka upp lög, sem eiga að fara á mína fyrstu plötu sem ég er að vinna að," segir Haffi en hann vinnur oft í öðru stúdíói sem fatastílisti hjá Vikunni.

„Um helgina ætla ég líka í rannsóknarleiðangur á skemmtistaði borgarinnar, svona vinnuferð," segir hann dularfullur. „Ég ætla að hafa augun opin fyrir nýjum og ferskum hugmyndum, en ég er alltaf að leita að einhverju nýju fólki til að vinna með. Þessa stundina er ég sérstaklega að leita að búningahönnuðum fyrir næsta tónlistarmyndbandið mitt. Þeir sem hafa áhuga mega gjarnan hafa samband við mig. Ég er því ekki að fara að djamma, bara sýna mig og sjá aðra, hvernig þeir eru klæddir og hvernig stemningin er. Í starfi eins og mínu verður maður að vera í hringiðunni."

En hverjir eru heitustu staðir næturinnar? „Það er pottþétt Austur, en fólkið þar er aðeins eldra en á Oliver sem eru líka mjög heitur. Á fimmtudögum er Ingó að spila og þá fer ég oft því stemningin er mjög skemmtileg."

*unnur@frettabladid.is*

AFS
AFS á Íslandi
OPIÐ HÚS
AFS-skiptinemasamtökin á Íslandi verða með opið hús nk. mánudag, 18. janúar, kl. 17-19, í húsakynnum samtakanna, Ingólfsstræti 3, Reykjavík. Allir, sem vilja forvitnast um skiptinemadvöl og sjálfboðaliðadvöl eða starfsemi okkar almennt, eru hvattir til að líta við og kynna sér það sem við höfum upp á að bjóða.
AFS á Íslandi • Sími 552 5450 • www. afs.is

NÁMSAÐSTOÐ
Vantar þig aðstoð í einhverri námsgrein?
íslenska – stærðfræði – enska – danska – efnafræði - lestur eðlisfræði – þýska – franska – spænska – stafsetning o.fl
Öll skólastig • Réttindakennarar
Nemendaþjónustan sf www.namsadstod.is s. 557 9233



Útsalan í fullum gangi
10~50% afsláttur
Rúmfatnaður, dúkar, lök, rúmteppi, handklæði ásamt mörgu öðru með afslætti.
Nýtt korta-tímabil
Opið laugardag 11–16
Lín DESIGN
Lín Design, gamla sjónvarpshúsið Laugavegi 176 Sími 533 2220
www.lindesign.is

KYNNING



**Hof** Nýstárleg yfirhöfn frá íslenska hönnunarfyrirtækinu Farmers Market. Hugmyndin var að bræða saman ponsjó, anorakk og skikkju í eina flík sem hentaði vel yfir prjónapeysurnar þeirra.

**Farmers Market**
Eyjarslóð 9
www.farmersmarket.is



**Stóra-Fljót** Hlý og notaleg dömupeysa úr 100% íslenskri ull. Hönnuð af Bergþóru Guðnadóttur fyrir Farmers Market.

**Farmers Market**
Eyjarslóð 9
www.farmersmarket.is



**Sérhönnuð** og sérsaumuð taska úr kálfsleðri skreytt með hlýraroði. Taskan er fóðruð og er með rennilásavasa. Lokuð með segulsmellu

**Guðbjörg Jóna Magnúsdóttir, NaNa**
www.nana.is

**Sérhönnuð** og sérsaumuð taska úr kálfsleðri og kýrskinni. Taskan er fóðruð að innan, er með rennilásavasa og GSM hulstri. Lokuð að ofan með rennilás

**Guðbjörg Jóna Magnúsdóttir, NaNa**
www.nana.is





**Töskur** og fylgihlutir úr fiskroði. Útsalan í Huld Reykjavík hefst í dag, allt að 50% afsláttur

**Huld**
Skólavörðustíg 4
www.huld.is





Hanna notar efni eins og ull, bómull, silki og satín í fatahönnun sinni. MYND/HÖRÐUR ELLERT

# Ferðamenn eyða meiru í íslenska hönnun

**Hanna Pétursdóttir fatahönnuður opnaði verslunina Hönnu þar sem hún selur föt undir nafninu Hanna. Hún segir erlenda ferðamenn á menningarreisu um landið sólgna í íslenska hönnun.**

„Ég stökk í rauninni út í djúpu laugina,“ segir Hanna Pétursdóttir fatahönnuður sem útskrifaðist úr Hogeschool voor de Kunsten í Utrecht í Hollandi árið 1998. „Ég starfaði lengi í Hollandi en fylgdist vel með því sem var að gerast á Íslandi og vissi að þar væri gróskan að aukast og hönnuðir að opna búðir með eigin vörum. Fjarlægðin hafði þau góðu áhrif að ég sá ullina í nýju ljósi og uppgötvaði hversu sérstök og spennandi viðfangsefni hún er og með óteljandi markaðsmöguleika. Við heimkomu 2004 ákvað ég því að þreifa fyrir mér og tók þá ákvörðun að opna búð, sem einfaldlega heitir Hanna, eins og hönnunin,“ segir hún og brosir. „Þetta eru kvenmannsföt þar sem ég nota efni eins og ull, bómull, silki og satín. Aðaláhersla er lögð á þæfingu ullar í mismunandi undirlag. Flestar flíkurnar má nota á margan hátt. Sömu flíkina má oft nota bæði til þess að klæða sig upp á, eins og fyrir árshátíð, eða nota hversdags eins við gallabuxur.

Hanna segir breytingarnar sem orðið hafa í fatahönnun á síðustu árum gífurlegar. „Um það leyti sem ég fór út var ekki óalgengt að fólk spyrði okkur hvað við værum að föndra en nú er viðhorfið allt annað. Í Hollandi er sterk hefð fyrir hönnun og hönnuðir hafðir með í flestum verkefnum. Innan tíðar mun verða merkilegur tískuviðburður, Reykjavík Fashion Festival, en hann verður haldinn í Reykjavík 19. og 20. mars. Ég mun taka þátt í honum og hlakka mikið til. Markmiðið er að reyna að kynna íslenska hönnun markvisst erlendis svo sómi sé að.“



Hanna í verslun sinni Hönnu á Laugavegi 20b. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Erlendir ferðamenn eru mjög hrifnir af íslenskri hönnun. „Þetta er ekki hinn dæmigerði ferðamaður, heldur þeir sem eru í menningarreisu og eiga peninga. Ferðamenn eyða meiru núna en áður, hver viðskiptavinur kaupir meira og þjóðirnar eru fjölbreyttari,“ segir Hanna og hver veit nema fatahönnun verði ein af helstu útflutningsvörum Íslands í framtíðinni. Gróskan er að minnsta kosti mikil. *- uhj*

# Einu sinni er líður undir lok

**Síðasta sýningarhelgi sýningarinnar Einu sinni er verður í Norræna húsinu um helgina.**

Hugmyndin að sýningunni varð til á fundi hjá Handverki og hönnun í maí 2008, en hún gengur út á að hvetja til nýsköpunar og vöruþróunar með því að stefna saman tveimur ólíkum listamönnum. Tólf einstaklingar voru valdir af Handverki og hönnun og hver þeirra valdi sér samstarfsaðila og var gengið út frá því að sá yrði af öðru sviði og af annarri kynslóð.

Þema sýningarinnar, „gamalt og nýtt“, var valið í samvinnu við hópinn. Á sýningunni eru nytjahlutir sem unnir eru af þessum tólf pörum.

Norræna húsið er síðasti viðkomustaður sýningarinnar. Hún var fyrst sett upp í Safnasafninu á Svalbarðseyri í apríl á þessu ári en hefur síðan verið sett upp á Ísafirði, Egilsstöðum, Sauðárkróki og í Listasafni Árnesinga, Hveragerði.



Aparím með Apalín eftir Guðnýju Hafsteinsdóttur og Karen Ósk Sigurðardóttur.



Verk eftir George Hollanders og Guðrúnu Á. Steingrímsdóttur.



Húfurnar eru allar nefndar eftir módelunum sem bera þær og þessi húfa kallast því Katrín Ósk Björnsdóttir.



Guðmundur Leifsson og Bjartur Kári Kjartansson með húfur í stíl.

# 52 húfur á 52 vikum

**Edda Lilja Guðmundsdóttir setti sér það takmark, um áramótin 2008-2009, að prjóna eina húfu fyrir hverja viku ársins, allar mismunandi að gerð. Húfurnar verða til sýnis í Norræna húsinu eftir tvær vikur.**

Edda Lilja segir að í ársbyrjun 2009 hafi hún uppgötvað að hún ætti ótrúlega mikið af garni sem hafði safnast fyrir þrátt fyrir að vera mikil prjónakona og síprjónandi. Hana langaði að gera eitthvað spennandi á ári sem leit út fyrir að ætla að verða erfitt fyrir marga.

„Ég sá ekki fram á að ég myndi kaupa mér meira garn í bili og langaði að gera eitthvað úr því garni sem ég átti til. Mér finnst skemmtilegt að vinna undir pressu og ákvað því að setja sjálfri mér fyrir krefjandi verkefni,“ segir Edda en myndirnar af húfunum sínum birti hún á heimasíðu sinni www.snigla.com. Ekki aðeins var viðmiðunin að hafa enga húfu eins heldur var það líka í reglunum, sem Edda smíðaði sér sjálf, að finna nýtt húfumódel í hverri viku.

„Mér fannst ekkert sérstaklega erfitt að fá nýjar hugmyndir að húfum þótt vitaskuld hafi það verið erfiðara í lokin en í byrjun. Ég er enn að fá húfuhugmyndir en ég hef reyndar alltaf haft ágætt hugmyndaflug.“

Eddu fór fljótlega að langa til að gera eitthvað úr verkefninu og úr varð að nú í lok janúar verða húfurnar allar til sýnis í Norræna húsinu en húfurnar hafa vakið mikla athygli. „Húfurnar verða ekki til sölu en þessa dagana sit ég heima og er að skrifa bók með uppskriftum að húfunum og stefni á útgáfu á þessu ári. Ég hef hins vegar stundum gert húfur eftir frumeintökunum fyrir fólk,“ segir Edda. Edda er hvergi hætt í hugmyndavinnunni en þessa dagana hannar hún skartgripi og stefnir einmitt á að hafa þá 52 á 52 vikum.

*juliam@frettabladid.is*



Lúkas Steight skartar lambhúshúfu og bláum tónum.
MYND/ÚR EINKASAFNI



Edda Lilja Guðmundsdóttir er hönnuður húfanna fimmtíuog tveggja.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


## KYNNING

**Sjávarlína**. Í Sjávarlínunni eru nokkrir undirflokkar svo sem Þari, Ígulker, Pétursskip og Hrúðurkarlar. Línan inniheldur ýmsar gerðir af lokkum, hringum, armböndum og hálsmenum. Verslunin Fríða er staðsett í Strandgötu 43 í Hafnarfirði gegnt Hafnarborg

**Fríða Skartgripahönnuður**
Strandgötu 43
www.fridaskart.is







## KYNNING







**Sveipur** er einfaldur aukahlutur sem hægt er að nota við mörg tilefni til að poppa upp flíkurnar og breyta heildar útlitinu. Þeir eru gerðir úr margskonar efnum og litum s.s. silki, gallaefni og ullarefnum með allskyns tegundir af borðum þar sem nánast engir tveir verða eins. Hægt er að nota sveipina á nokkra vegu til dæmis sem lausa kraga, sem geta verið smart yfir jakka til breyta þeim eða yfir víða kjóla. Þrönga upp í háls, sem svipar til prestakraga og síðan er hægt að binda þá aftur fyrir bak þar sem hægt er að velja um háan kraga og litlar axlir eða öfugt. Þessi tegund hentar vel núna þar sem áhersla á stórar og áberandi axlir eru mikið í tísku

**Volcano Design**
Skúlagata 63
www.volcanodesign.is





**GuSt** hefur lengi verið þekkt fyrir fallegan prjónafatnað. Á myndinni er gullfalleg og afskaplega notaleg slá, hér í gráu en er einnig fáanleg í svörtu og brúnu. Á myndinni má einnig sjá húfu, grifflur og legghlífar, skemmtilegir fylgihlutir sem eru ekki einungis hlýjir heldur flottir til að lífga upp á dressið. GuSt hannar tímalausar og vandaðar flíkur

**GuSt ehf**
Bankastraeti 11
www.gust.is

# ;HELGIN

**BÓNDADAGURINN** nálgast. Af því tilefni mun Félag harmonikuleikara í Reykjavík spila fyrir dansi í betri stofu Víkurinnar - Sjóminjasafnsins Grandagarði 8 milli klukkan 15 og 17.





Munirnir eru allt frá mótmælaspjöldum og gashylkjum til dreifibréfa.

## Mótmælasýning í Þjóðminjasafninu

Á TORGI ÞJÓÐMINJASAFNSINS VERÐUR Í DAG OPNUÐ SÝNING Á GRIPUM SEM KOMU VIÐ SÖGU Í MÓTMÆLUM Í KJÖLFAR EFNAHAGSHRUNSINS 2008.

Meðal annars er um að ræða mótmælaspjöld, ílát, dreifibréf, gashylki og fleira sem kom frá almenningi eða var safnað á vettvangi. Í tilkynningu kemur fram að safnið vilji leita álits hjá almenningi á því sem safnast hefur og kalli nú eftir aðstoð við að velja hvað á að varðveita.

Það er ekki alltaf auðvelt að nota gripi til að varpa ljósi á söguna en hlutverk safna er engu síður að varðveita heimildir um tíðaranda og atburði. Í Þjóðminjasafninu má til dæmis finna höggstokk þar sem nafngreint fólk var gert höfðinu styttra, kórkápu Jóns Arasonar, kaffikvörn Eggerts og Bjarna og húsgögn Jóns Sigurðssonar. Allt hlutir sem bera ákveðnu fólki og atburðum vitni.

Samhliða sýningunni sendir safnið út spurningaskrá um kreppuna sem verður aðgengileg á heimasíðu safnsins, natmus.is, og á sýningunni og eru áhugasamir hvattir til að svara henni. Sýningin stendur yfir til 8. mars næstkomandi.

# Börnin eru frábærir kennarar

**Ásta Arnardóttir jógakennari stendur fyrir námskeiði í fjölskyldujóga í dag og næstu fjóra laugardaga. Allur ágóði rennur til Sóleyjar og félaga en Ásta vill minna á að heimurinn er ein stór fjölskylda.**

„Fjölskyldujóga er frábær samverustund fyrir fjölskylduna í víðasta samhengi þess orðs. Þarna komum við saman á öllum aldri, allt frá þriggja ára og upp úr," segir Ásta Arnardóttir, sem fer í dag af stað með námskeið í fjölskyldujóga hjá Lótus jógasetri í Borgartúni.

„Við erum saman í klukkutíma og vinnum með grunnstefin í hathajóga. Förum yfir jógastöður og öndunaræfingar," útskýrir Ásta en á námskeiðinu verður markmiðið að rannsaka skynfærin fimm, augu, eyru, munn, nef og húð og hvernig við skynjum lífið með þeim. „Síðan slökum við á, syngjum og jafnvel dönsum."

Ásta hefur kennt fjölskyldujóga af og til í nokkur ár. Hún stofnaði jógasetrið með Auði Bjarnadóttur árið 2002 en hefur einnig kennt leiklist og spuna í Kramhúsinu og víðar og séð um listsmiðjur. „Sú reynsla fléttast síðan inn í kennsluna," segir Ásta.

En hvert er markmið fjölskyldujóga? „Það er að mæta til leiks handan við hefðbundin fjölskylduhlutverk og njóta þess að vera til í augnablikinu," svarar Ásta og bætir við að börnin séu frábærir kennarar í því.

En hvernig finnst börnum að fara í jóga? „Það er misjafnt alveg eins og með fullorðna, segir Ásta og hlær, „sumum finnst það æðislegt og öðrum ekki."

Námskeið Ástu í fjölskyldujóga hefst í dag og verður næstu fjóra laugardaga. Allur ágóði rennur til styrktarfélagsins Sóley og félagar. Markmið þess er að styðja við starfsemi systur Victo sem hefur opnað faðm sinn fyrir heimilislausum börnum í Tógó. „Mér finnst þetta frábært starf og langaði að varpa ljósi á hugmynd okkar um fjölskyldu og koma að þeirri hugsun að við erum í raun öll ein fjölskylda og jörðin okkar heimili."

Nánari upplýsingar um námskeiðið er að finna á vefsíðunni www.this.is/asta

*solveig@frettabladid.is*



„Þarna komum við saman á öllum aldri, allt frá þriggja ára og upp úr," segir Ásta sem stendur fyrir námskeiði í fjölskyldujóga.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


**Viltu tala meiri íslensku?**

**Viltu kynnast nýju fólki?**

**Czy chcialbys mowic wiecej po islandzku?**

**Chcesz poznac nowych ludzi?**

**Do you want to speak more Icelandic?**

**Do you want to get to know new people?**

Sjálfboðaliðar **Kópavogsdeildar Rauða krossins** hitta fólk sem vill æfa sig í íslensku eða tala saman á öðru tungumáli. Hægt er að gera eitthvað skemmtilegt saman eins og að fara á kaffihús og í gönguferðir. Sama fólk hittist einu sinni í viku eða eftir samkomulagi.

Ef þú hefur áhuga hafðu þá samband í síma 554 6626 eða á kopavogur@redcross.is.

Ef þú vilt gerast sjálfboðaliði hafðu einnig samband.

Wolontariusze **Czerwonego Krzyza w Kópavogur** spotykaja ludzi, ktorzy pragna pocwiczyc mowe w jezyku islandzkim badz chca porozmawiac w innym jezyku. Jest wiele mozliwosci, jak pojscie do kawiarni badz spacer. Grupy spotykaja sie raz w tygodniu lub po wczesniejszym umowieniu sie.

Jesli jestes zainteresowany, mozesz zadzwonic na nr.554 6626 badz wyslac e-mail na kopavogur@redcross.is.

Czy chcialbys zostac wolontariuszem? Jesli chcesz zoztac wolontariuszem i spotykac ludzi, ktorym potrzebne jest towarzystwo, nie wahaj sie z nami skontaktowac.

You can meet a volunteer of the **Red Cross from the Kópavogur branch** and speak Icelandic or another language together. You can do something fun together like go to a café, for a walk etc. The same people meet once a week or make their own agreement.

If you are interested contact us by calling 554 6626 or write to kopavogur@redcross.is.

Please contact us also if you are interested in being a volunteer.

**Rauði kross Íslands**
**Kópavogsdeild**

Sjálfboðamiðstöð Hamraborg 11 • opið virka daga kl. 10-16 • sími 554 6626 • kopavogur@redcross.is • redcross.is/kopavogur

**Sölufulltrúar**
**Viðar Ingi Pétursson** vip@365.is 512 5426
**Hrannar Helgason** hrannar@365.is 512 5441


## Umsjónarkennari á miðstigi óskast

**Frá 15. Febrúar 2010.**
**Kennslugreinar: íslenska, samfélagsfræði, heimspeki og tölvur.**
**Hæfniskröfur: Kennarapróf og faglegur metnaður.**

**Upplýsingar veitir Sigríður Hjálmarsdóttir skólastjóri í síma 5108203 eða 6931366. Vinsamlegast sendið umsóknir ásamt ferilskrá til Landakotsskóla v/ Túngötu, 101 Reykjavík eða á netfang sigridurhja@landakotsskoli.is Umsóknarfrestur er til 25. janúar.**

*Landakotsskóli er sjálfseignarstofnun sem býður gott starfsumhverfi í litlum skóla þar sem áhersla er lögð á vandað námsframboð og hlýlegt umhverfi. Sérstök áhersla er lögð á tungumál, listir og vísindi í starfi skóla.*


Auglýsingasími
512 5050
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið


DÓMSMÁLA- OG MANNRÉTTINDARÁÐUNEYTIÐ

## Forstjóri Útlendingastofnunar

### Embætti forstjóra Útlendingastofnunar er laust til umsóknar

**Dómsmála- og mannréttindaráðherra** skipar í embættið frá og með 1. apríl 2010. Skipað verður í embættið til fimm ára í senn og eru laun samkvæmt úrskurði kjararáðs.

**Áskilið er** að forstjóri Útlendingastofnunar hafi embættispróf í lögfræði sbr. 3. mgr. 3. gr. laga um útlendinga nr. 96/2002 eða sambærilega menntun og uppfylli skilyrði 6. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.

**Æskilegt** er að umsækjendur hafi marktæka þekkingu á stjórnsýslurétti auk reynslu af stjórnunarstörfum og áætlanagerð. Áhersla er lögð á leiðtogahæfni, sjálfstæð og fagleg vinnubrögð, skipulagshæfni, frumkvæði, góða samskiptahæfileika og hæfni til að miðla upplýsingum skilmerkilega. Kostur er ef umsækjendur hafa viðbótarmenntun og/eða reynslu, sem nýtist í starfi, sérstaklega á sviði stjórnsýsluréttar, Evrópuréttar eða mannréttinda. Starfið krefst liprar þjónustu og samskipta við fjölbreyttan hóp einstaklinga.

**Útlendingastofnun** starfar samkvæmt lögum nr. 96/2002 um útlendinga og reglugerð nr. 53/2003 um útlendinga.

**Vinsamlega** sendið umsóknir ásamt starfsferilskrá og prófgögnum til dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík, eigi síðar en fimmtudaginn 4. febrúar nk. Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um.

**Þórunn J. Hafstein,** settur ráðuneytissjóri, veitir nánari upplýsingar í síma 545-9000.

STRÁ MRI WORLDWIDE



## Hugbúnaðarfyrirtæki óskar eftir starfsfólki

**„NÚNA" er tækifærið.** Í nóvember 2008 var haldinn fjöldafundur í hátækni- og sprotageiranum. Betware gaf loforð um að bæta við 20 störfum árið 2009. Ráðið var í allar þær stöður.

Vegna aukinna verkefna og áherslu á nýsköpun höfum við tækifæri fyrir enn fleiri:

- **Hugbúnaðarsérfræðingar:** Hanna og þróa leikjalausnir með Java, Java EE og Flex/Flash forritun.
- **Sérfræðingur í Markaðsdeild:** Vinnur að markaðsmálum, rannsóknum og almannatengslum fyrir fyrirtækið á alþjóðavettvangi.
- **Verkefnastjóri:** Stýrir verkefnateymum samkvæmt Agile hugmyndafræði.

Áhugasamir eru vinsamlegast beðnir um að senda ferilskrá fyrir 24. janúar á netfangið: **applications@betware.com**

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2009 Við leggjum áherslu á góðan aðbúnað og starfsanda

Betware
betware.com/careers

## Aðstoðarmaður framkvæmdastjóra

565683

Fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða starfsmann til að aðstoða framkvæmdastjóra við ýmis skrifstofustörf.

- Í starfinu felast afstemmingar, uppgjör, greiðsla reikninga, innheimta, launavinnsla auk tilfallandi verkefna. Um 100% starf er að ræða.
- Leitað er að samviskusömum, skipulögðum og þjónustulunduðum einstaklingi sem á gott með mannleg samskipti. Viðkomandi þarf að hafa góða tölvukunnáttu og kostur ef reynsla af bókhaldi er fyrir hendi. Unnið er á DK bókhaldsforrit.

**Skráning og upplýsingar á heimasíðu www.vinna.is**

Vinna.is
Sími 511-1144
www.vinna.is

vinna.is

# www.vinna.is

vinna.is
sími: 511 1144



Capacent Ráðningar

# SÉRFRÆÐINGUR
## HAGKVÆMNIMAT FJÁRFESTINGA

LANDSNET

Landsnet annast flutning raforku á Íslandi og stýrir uppbyggingu flutningskerfisins. Landsnet stýrir jafnframt raforkukerfi landsins og tengir þannig saman framleiðendur og notendur raforku. Landsnet er ábyrgt og framsækið þjónustufyrirtæki með öfluga liðsheild, sterka samfélagsvitund og í fremstu röð í alþjóðlegum samanburði. Landsnet er starfsmanna- og fjölskylduvænt fyrirtæki í örum vexti. Hjá Landsneti starfa um 100 manns.

**Hagkvæm uppbygging flutningskerfisins er mikilvæg forsenda þess að Landsnet geti veitt viðskiptavinum sínum góða þjónustu. Fyrirtækið hefur ákveðið að leggja aukna áherslu á þennan þátt og leitar Landsnet því að einstaklingi til að vinna fjárhagslegt mat á hagkvæmni fjárfestinga á undirbúningsstigi er varða uppbyggingu flutningskerfisins til framtíðar.**

**Starfssvið**
- Ábyrgð á fjárhagslegu mati á hagkvæmni fjárfestinga
- Mótun aðferðafræði við hagkvæmnimat fjárfestinga og áhættugreiningu þeim tengdum
- Þróun og viðhald reiknilíkana sem notuð eru við mat á hagkvæmni fjárfestinga
- Umsjón með gerð sviðsmynda um þróun raforkumarkaðar til lengri tíma
- Þátttaka í gerð langtímaáætlunar fjárfestingaverkefna
- Verkstjórn einstakra verkefna

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun á sviði verkfræði, hagfræði, raunvísinda eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af hagkvæmnimati verkefna og fjárfestingakosta
- Hæfni og reynsla í framsetningu upplýsinga í töluðu og rituðu máli á íslensku og ensku
- Greiningarhæfni
- Góðir samskiptahæfileikar, sjálfstæði, frumkvæði og faglegur metnaður

Umsjón með starfinu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 31. janúar n.k. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfi.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

# TEKUR ÞÚ ÁSKORUN?

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Fjármálaeftirlitið (FME) er sjálfstæð ríkisstofnun með sérstaka stjórn. Hlutverk FME er að fylgjast með því að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög og reglur, og að öðru leyti í samræmi við eðlilega viðskiptahætti. Eftirlitskyldir aðilar stofnunarinnar eru m.a. viðskiptabankarnir, sparisjóðir, lána- og verðbréfafyrirtæki, verðbréfamiðlar, lífeyrissjóðir, rekstrar – og vátryggingafélög, kauphallir o.fl. Nánari upplýsingar um stofnunina má nálgast á www.fme.is

**Fjármálaeftirlitið óskar eftir að ráða sviðsstjóra og sérfræðinga á nýtt svið réttarreikningsskila (forensic accounting). Megin áhersla hins nýja sviðs er að vinna að dýpri og breiðari greiningu, sem spannar og tengir bæði lögaðila og tímabil. Slík greining er þess eðlis að hún verður að geta staðfest eða hrakið gögn og upplýsingar.**

## SVIÐSSTJÓRI RÉTTARREIKNINGSSKILASVIÐS

**Sviðsstjóri réttarreikningsskilasviðs (forensic accounting) heyrir beint undir forstjóra stofnunarinnar. Meginhlutverk sviðsstjóra er að tefla fram öflugum hópi sérfræðinga í flóknum rannsóknar- og greiningarverkefnum í þeim tilgangi að efla eftirlitskraft stofnunarinnar.**

**Starfssvið**
- Uppbygging og þróun réttarreikningsskilasviðs (forensic accounting)
- Stjórnun og daglegur rekstur
- Umsjón með greiningar- og eftirlitsvinnu
- Skipulag og framkvæmd sérstakra vettvangsskoðana
- Umsjón með samskiptum sviðsins við tengdar stofnanir
- Þátttaka í stefnumótun og mótun framtíðarsýnar stofnunarinnar
- Ráðgjöf til starfsmanna stofnunarinnar
- Önnur tilfallandi verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Haldgóð þekking og reynsla af greiningarvinnu
- Stjórnunarreynsla og hæfni til að leiðbeina og stýra verkefnum
- Þekking á stjórnunar- og eftirlitskerfum tengt fyrirtækjum/stofnunum
- Reynsla af störfum við innri endurskoðun kostur
- Þekking á fjármála- og hlutabréfamarkaði kostur
- Þekking og reynsla af uppbyggingu innra eftirlits kostur
- Þekking á upplýsingakerfum s.s. bókhalds og áhættustýringarkerfum
- Frumkvæði, metnaður og góð samskiptahæfni
- Mjög gott vald á íslensku og ensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti.

## SÉRFRÆÐINGAR RÉTTARREIKNINGSSKILASVIÐS

**Fjármálaeftirlitið óskar eftir að ráða sérfræðinga á svið réttarreikningsskila (forensic accounting). Leitað er eftir öflugum einstaklingum með sérhæfða þekkingu og reynslu á sviði greininga m.t.t. reikningsskila og fjármála. Í boði er nýtt, áhugavert og krefjandi starf í lærdómsríku umhverfi.**

**Starfssvið**
- Greiningar- og eftirlitsvinna
- Þátttaka í rannsóknarvinnu
- Þátttaka í vettvangsskoðunum
- Undirbúningur vegna sérstakra eftirlitsaðgerða
- Ráðgjöf til starfsmanna stofnunarinnar
- Þátttaka í uppbyggingu og þróun réttarreikningsskilasviðs (forensic accounting)
- Önnur tilfallandi verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun á sviði reikningsskila æskileg
- Þekking á alþjóðlegum reikningsskila- og endurskoðunarstöðlum s.s. IFRS, SAS, IAS, SIA og fraud accounting æskileg
- Þekking eða reynsla á sviði greininga m.t.t. reikningsskila og fjármála
- Þekking á fjármála- og hlutabréfamarkaði kostur
- Reynsla af störfum innan fjármálageirans æskileg
- Frumkvæði og góð samskiptahæfni
- Mjög gott vald á íslensku og ensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti.

**Umsóknum á að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í störfin.**

Umsjón með störfunum hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 31. janúar nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

# SÉRFRÆÐINGAR HJÁ ÖSSURI HF.

ÖSSUR®

*Life Without Limitations®*

**Hefur þú brennandi áhuga á að takast á við krefjandi starf hjá einu framsæknasta fyrirtæki landsins?**

Össur leitar að metnaðargjörnum og drífandi einstaklingum til starfa. Störfin fela í sér afar fjölbreytt verkefni og mikil samskipti við starfsmenn annarra sviða og/eða starfsstöðva víða um heim. Í öllum tilvikum er krafist mjög góðrar enskukunnáttu, hæfni í mannlegum samskiptum, frumkvæðis og sjálfstæðis í vinnubrögðum.

## TÖLVUNARFRÆÐINGUR EÐA VERKFRÆÐINGUR

**- við tækjahugbúnaðargerð í þróunardeild**

**Hlutverk:**
- Hugbúnaðargerð við hönnun og þróun á tölvustýrðum gervifótum

**Hæfniskröfur:**
- Háskólapróf í tölvunarfræði eða verkfræði
- Starfsreynsla af hönnun og prófunum á rauntímakerfum
- Góður skilningur á hönnun rafrása
- Reynsla af forritun í C og C++ fyrir örtölvur
- Þekking á MSP430 og TMS320C64 frá TI er kostur

## MARGMIÐLUNARHÖNNUÐUR

**- í þróunardeild**

**Hlutverk:**
- Grafísk hönnun mynda sem fylgja leiðbeiningum vara
- Vinnsla á 2D og 3D myndum fyrir þróunardeild og fyrir markaðsefni
- Myndbandavinnsla
- Hreyfimyndagerð og aðlögun þeirra fyrir vef fyrirtækisins

**Hæfniskröfur:**
- Próf í margmiðlunarhönnun eða grafískri hönnun
- Reynsla af notkun Flash, Adobe InDesign, Photoshop, Illustrator, Premier, After Effect, 3D Studio Max

Umsókn ásamt ferilskrá þarf að berast job@ossur.com fyrir 22. janúar næstkomandi.
Nánari upplýsingar veitir starfsmannadeild í síma 515 1300.

Össur er leiðandi alþjóðlegt fyrirtæki á sviði stoð- og stuðningstækja. Hjá félaginu starfa um 1550 manns í 14 löndum. Gildi félagsins eru Heiðarleiki - Hagsýni - Hugrekki.



Össur hf. | Grjóthálsi 5 | 110 Reykjavík | 515 1300 | www.ossur.com

SKÓGARBÆR

Sunnuhlíð
Hjúkrunarheimili aldraðra í Kópavogi

# Iðjuþjálfi óskast

Hjúkrunarheimilin Skógarbær og Sunnuhlíð óska eftir að ráða sameiginlegan iðjuþjálfa til starfa fyrir bæði heimilin, í samtals 80% starf. Í Skógarbæ eru 81 heimilismenn á 6 einingum, þar af eru 3 fyrir heilabilaða og 1 fyrir yngri hjúkrunarsjúklinga. Í Sunnuhlíð eru 73 einstaklingar, 2 hjúkrunardeildir sem skiptast upp í 4 einingar, þar af er ein eining fyrir heilabilaða. Þar er einnig dagdvöl fyrir 18 vistmenn.
Á heimilunum eru eldri og yngri einstaklingar sem þurfa sólarhrings umönnun og stuðning við að lifa farsælu lífi, þrátt fyrir fötlun og sjúkdóma.

Óskað er eftir hugmyndaríkum einstaklingi sem hefur áhuga á að byggja upp deildir þar sem boðið er upp á fjölbreytilega starfsemi fyrir heimilismenn með ólíkar félagslegar þarfir. Lögð er áhersla á lipurð og virðingu í mannlegum samskiptum.

**Nánari upplýsingar veita:**

**Skógarbær**
Hrefna Sigurðardóttir, framkv.stj.
hrefna@skogar.is
Jónbjörg Sigurjónsdóttir, hj.forstjóri
jonbjorg@skogar.is
Sími 510-2100

**Sunnuhlíð**
Jóhann Árnason, framkv.stj.
johann@sunnuhlid.is
Dagmar H. Matthíasdóttir, hj.forstj.
dagmar@sunnuhlid.is
Sími 560-4100

# Bílstjóri óskast

Leitum að traustum starfsmanni með þjónustulund og góða samskiptafærni.

**Starfssvið**
- Akstur og dreifing til fyrirtækja og stofnana
- Afhending vöru til einstaklinga
- Vinna á vörulager
- Önnur tilfallandi störf

**Hæfniskröfur**
- Nákvæm vinnubrögð
- Færni í mannlegum samskiptum
- Snyrtimennska og gott viðmót
- Stundvísi

**Umsóknarfrestur er til 25. janúar og skal senda umsóknir á netfangið ahj@eirberg.is**

Sjá nánari upplýsingar á www.eirberg.is

*Eirberg er innflutnings- og þjónustufyrirtæki fyrir heilbrigðisstofnanir, fagfólk og almenning sem hefur að markmiði að efla heilsu og auka lífsgæði, auðvelda störf og daglegt líf, stuðla að hagræði og vinnuvernd. Eirberg er reyklaus vinnustaður.*

Eirberg

Eirberg ehf. • Stórhöfða 25 • 110 Reykjavík • www.eirberg.is

Capacent Ráðningar

# VIÐ VILJUM GOTT FÓLK!

**Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra.**
**Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, www.capacent.is**

Starfsmenn Capacent starfa eftir ákveðnum verkferlum til að tryggja bæði gæði þjónustunnar og fagleg vinnubrögð.
Ráðgjafarnir búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

**Starf umsjónarmanns safna Dalabyggðar er laust til umsóknar.**

Umsóknir óskast sendar skriflega til skrifstofu Dalabyggðar, Miðbraut 11, 370 Búðardalur eða á netfangið: grimur@dalir.is fyrir 22. janúar nk.

Nánari upplýsingar veitir sveitarstjóri í síma: 430-4700.

## Störf í ferðaþjónustu

AD Travel ehf óskar eftir frönsku og/eða þýskumælandi starfsfólki í störf við framleiðslu og úrvinnslu hópferða.

**Hæfniskröfur:**

- Talar mjög góða frönsku og/eða þýsku.
- Góð tölvukunnátta.
- Hefur reynslu úr ferðageiranum (s.s. unnið sem leiðsögumaður eða þekkir Ísland vel).
- Getur unnið mikið yfir sumartímann.

Um er að ræða tvær stöður, önnur staðan er fullt starf en hin sumarstarf.

Umsóknir og ferilskrá sendist á daniel@adtravel.is

AD TRAVEL ehf.

AD Travel er ferðaskipuleggjandi sem sérhæfir sig í hópferðum fyrir franska og þýska ferðamenn. Við erum að leita að hressu starfsfólki sem vill vinna í litlu en skemmtilegu fjölskyldufyrirtæki þar sem unnið er náið með erlendum samstarfsaðilum að skapa ógleymanlega lífsreynslu fyrir viðskiptavininn.

## Laus störf á Menntavísindasviði

MENNTAVÍSINDASVIÐ

### Forstöðumaður Menntavísindastofnunar

Menntavísindastofnun er mikilvægur vettvangur rannsóknarstarfs við Menntavísindasvið. Innan vébanda hennar eru starfræktar rannsóknarstofur við sviðið. Meginhlutverk Menntavísindastofnunar er að efla rannsóknir og rannsóknarumhverfi innan Menntavísindasviðs, en einnig að greiða fyrir ráðstefnum sem tengjast rannsóknum starfsmanna og sinna rannsóknar- og þjónustuverkefnum. Umsækjendur skulu hafa doktorspróf eða rannsóknartengt meistarapróf hið minnsta ásamt þekkingu á aðferðafræði og reynslu af vinnu við rannsóknir.

Nánari upplýsingar veita Kristín Indriðadóttir rekstrarstjóri, **kindr@hi.is**, og Steinunn Gestsdóttir, formaður rannsóknarráðs, **steinuge@hi.is**.

### Lektor í þroskaþjálfafræði

Lektornum er ætlað að sinna kennslu í þroskaþjálfa- og fötlunarfræðum með áherslu á menningu og samfélagsþátttöku fatlaðs fólks, auk þess að efla framhaldsnám og rannsóknir á fagsviðinu. Umsækjendur skulu hafa lokið doktorsgráðu á sviði þroskaþjálfafræði eða fötlunarfræði og hafa góða þekkingu á eigindlegri og megindlegri aðferðafræði rannsókna í félagsvísindum.

Nánari upplýsingar veita Jón Torfi Jónasson, forseti Menntavísindasviðs, **jtj@hi.is** og Erlingur S. Jóhannsson deildarforseti, **erljo@hi.is**.

Sjá nánar um menntunar- og hæfniskröfur, ráðningarferlið og störfin á **www.hi.is/is/skolinn/laus_storf** og **www.starfatorg.is/**

PIPAR\TBWA • SÍA • 100159

HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ



# Viltu starfa á stærsta skemmtistað í heimi?

## Starfsmaður í markaðsdeild

Nova leggur metnað sinn í faglegt markaðsstarf og var valið markaðsfyrirtæki ársins 2009. Við leitum að öflugum einstaklingi sem hefur áhuga á að ná árangri í starfi og efla okkar hóp.

### Starfslýsing og hæfniskröfur

Hlutverk starfsmanns er að taka virkan þátt í markaðsstarfi Nova. Starfsmaður ber ábyrgð á uppákomum á vegum Nova sem og umsjón og skipulagi varðandi Nova hjólin, Nova pylsuvagninn, vísindaferðir o.s.frv. Starfið felur m.a. í sér að svara fyrirspurnum um markaðssamstarf og styrki, textagerð fyrir nova.is og Facebook, umsjón með merkingum og markaðsefni í verslunum Nova. Starfsmaður vinnur náið með markaðsstjóra Nova og er virkur þátttakandi í öllu markaðsstarfi fyrirtækisins.

Reynsla af sambærilegu starfi skilyrði. Viðkomandi verður að hafa unnið í markaðsdeild eða á auglýsingastofu / event fyrirtæki í a.m.k. 1-2 ár. Háskólapróf æskilegt.

## Viðskiptastjóri fyrirtækjaþjónustu

Starfið felur í sér sölu og þjónustu til fyrirtækja. Hlutverk viðskiptastjóra er að tryggja, í samstarfi við aðra starfsmenn fyrirtækjaþjónustu, að fyrirtæki fái framúrskarandi þjónustu hjá Nova. Þá er hlutverk viðskiptastjóra jafnframt að tryggja að tekið sé vel á móti nýjum viðskiptavinum. Markmið Nova er að veita trausta, persónulega og sveigjanlega þjónustu.

### Hæfniskröfur

Viðskiptastjóri Nova þarf fyrst og fremst að hafa áhuga á fólki. Finnast gaman að vera í miklum samskiptum við samstarfsfélaga sem og viðskiptavini. Viðskiptastjóri þarf að vera sérlega nákvæmur og skipulagður. Við leitum að kraftmiklum einstaklingi með ríka þjónustulund og frábæra samskiptahæfileika. Viðskiptastjóri þarf að hafa starfsreynslu á sviði fyrirtækjasölu og -þjónustu. Viðkomandi þarf að hafa lokið háskólaprófi.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst! Áhugasamir sendi inn ferilskrá með upplýsingum um menntun og fyrri störf á netfangið starf@nova.is fyrir 25. janúar.

Stærsti skemmtistaður í heimi!
NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Glerártorgi Akureyri og MM Selfossi | Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is**

DAGUR & STEINI

» Ráðningarþjónusta

# Framkvæmdastjóri

Leitað er að drífandi og kraftmiklum einstaklingi til að fara fyrir daglegri starfsemi og rekstri sem fram fer á Urriðavelli í Garðabæ. Í starfinu felst starfsmannastjórnun, fjármálastjórnun, þjónusta og samskipti við félagsmenn, samstarfs- og styrktaraðila.

» **Leitað er að einstaklingi sem hefur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Frumkvæði og metnað til að ná árangri
- Mjög góða samskiptahæfni
- Gott vald á töluðu og rituðu máli og hæfni til framsetningar í skýrslum og kynningum
- Reynslu af stjórnun

URRIÐAVÖLLUR

**Urriðavöllur í Heiðmörk** er af mörgum talinn einn fallegasti golfvöllur landsins. Golfklúbburinn Oddur hefur þar aðstöðu sína en í klúbbnum eru tæplega 1400 félagsmenn. Starfmenn eru frá 5 – 25 eftir árstíðum.

Nánari upplýsingar um aðstöðuna og félagsstarfið má finna á www.oddur.is.



HH RÁÐGJÖF RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

**Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu HH Ráðgjafar www.hhr.is og eru áhugasamir beðnir um að sækja um starfið þar.**

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

## Notuð húsgögn og húsbúnaður

Sendiráð Bandaríkjanna hefur opnað uppboðsvef með notuð húsgögn, heimilistæki og ýmsan annan búnað.
**Nánari upplýsingar eru á www.usauppbod.is**

## ÞJÓNUSTULIÐI RÆSTING

**í Menntaskólanum í Kópavogi**

Menntaskólinn í Kópavogi óskar eftir að ráða þjónustuliða til ræstinga og umsjónar með umgengni í skólanum á dagvinnutíma. Möguleiki á hlutastörfum.

Laun eru skv. sérstökum samningi Eflingar og fjármálaráðuneytis. Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu skólans í síma 594 4000 hjá skrifstofustjóra eða ræstingastjóra.

Skólameistari

UMHVERFISSTOFNUN

Akureyri – Egilstöðum – Ísafirði - Mývatni
Reykjavík - Snæfellsnesi - Vestmannaeyjum

## Störf sérfræðinga hjá Umhverfisstofnun

Hjá Umhverfisstofnun eru tvö störf sérfræðinga laus til umsóknar.

**Sérfræðingur á deild hollustuverndar.** Helstu verkefni sérfræðingsins varða löggjöf um plöntuvarnarefni, þ.á.m. leyfisveitingar vegna notkunar og markaðssetningar þeirra, starfsréttindi garðaúðara og meindýraeyða, sérfræðivinna vegna innleiðingar nýrrar Evrópulöggjafar og fræðsla sem tengist málaflokknum.

**Sérfræðingur á sviði fræðslu og upplýsinga.** Helstu verkefni sérfræðingsins verður vinna sem lýtur að vistvænum innkaupum hjá ríkisstofnunum auk vinnu að rekstri umhverfismerkisins Svaninum. Í verkefnunum felast m.a. fræðsla og kynningarhald til opinberra aðila, fyrirtækja og neytenda, aðstoð við daglegan rekstur og kynningarátak Svansins, samstarf við hagsmunaaðila og vinna við innleiðingu vistvænna innkaupa hjá Umhverfisstofnun.

Sjá nánari upplýsingar um störfin, hæfniskröfur og umsóknarfresti um þau á **umhverfisstofnun.is** og **starfatorg.is**

**Njótum umhverfisins og stöndum vörð um það saman**

SKÓGARBÆR

## Hjúkrunarheimilið Skógarbær

# Eldhús

Ef þig langar til að vinna með skemmtilegu fólki skaltu lesa þessa auglýsingu. Okkur vantar starfsmann í fullt starf í eldhús/matsal Skógarbæjar, um er að ræða dagvinnu.
Við leitum eftir einstaklingi sem kann að baka, elda, tala íslensku, er heilsuhraustur, skemmtilegur og hefur góða framkomu og samskiptahæfileika.

Upplýsingar um Hjúkrunarheimilið Skógarbæ eru á heimsíðu okkar skogar.is.

Ef nánari upplýsinga er óskað þá sendið tölvupóst til olga@skogar.is Umsóknir sendist með tölvupósti til olga@skogar.is

Olga Gunnarsdóttir
Næringarrekstrafræðingur
Forstöðumaður eldhúss

ÍSTAK

*Framkvæmdagleði í fyrirrúmi*











## MÁLMIÐNAÐARMENN

ÍSTAK óskar eftir að ráða málmiðnaðarmenn til starfa. Í boði eru fjölbreytt verkefni við nýsmíði, viðhald og uppsetningu stálvirkja.

Skilyrði er að viðkomandi hafi reynslu af störfum í málmsmíði.

Einnig er óskað eftir málmiðnarmönnum með þekkingu og reynslu af suðu röralagna.

Viðkomandi þarf að búa yfir frumkvæði, sýna metnað í starfi og vera tilbúinn að gangast undir hæfnispróf í málmsuðu.

## VIÐSKIPTAFRÆÐINGUR

ÍSTAK óskar eftir að ráða viðskiptafræðing til starfa. Um er að ræða umsjón með bókhaldi erlendra verkefna, vinnu við uppgjör og gerð ársreikninga, skýrslugerð og eftirlit, aðstoð við bókhald auk annarra verkefna í samráði við fjármálastjóra.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun í viðskiptafræði
- Frekari framhaldsmenntun er æskileg
- Reynsla af bókhalds- og uppgjörsvinnu
- Þekking á Navision æskileg
- Góð enskukunnátta
- Góð kunnátta í minnst einu norðurlandamáli
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi

**ÍSTAK er leiðandi fyrirtæki á íslenskum verktakamarkaði. Hjá fyrirtækinu starfa um 400 manns, víðsvegar um landið sem og erlendis.**
**ÍSTAK er alhliða verktakafyrirtæki sem var stofnað árið 1970 og hefur annast ýmis verkefni, svo sem virkjanir, stóriðjuver, hafnargerð, vega- og brúagerð auk flugvalla. Ennfremur húsbyggingar fyrir opinberar stofnanir, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga.**

**Upplýsingar um störfin og umsóknareyðublöð eru á skrifstofu ÍSTAKS, Engjateigi 7, 105 Reykjavík og í síma 530 2700 milli 8:15 og 17:00. Einnig er hægt að senda inn umsókn á heimasíðu okkar www.istak.is.**

# Sölumaður

Heildsala í Reykjavík óskar eftir að ráða kraftmikinn sölumann í veitinga- og stóreldhúsadeild. Menntun í matreiðslu og/eða reynsla af sölustörfum á þessum markaði er skilyrði.

**Umsóknum skal skila til auglýsingadeildar Fréttablaðsins fyrir 21. janúar, merktum: „Sölumaður - 211"**

## ÚTBOÐ

**Sorphirða í Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppi.**

Sveitarfélögin Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur óska eftir tilboðum í verkið **„Sorphirða í Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppi".**

Samningstímabil þessa útboðs er frá 1. júní 2010 til 31. maí 2016.

Útboðsgögn verða afhent á skrifstofu Vesturbyggðar, Aðalstræti 63, Patreksfirði, skrifstofu Tálknafjarðarhrepps, Miðtúni 1, Tálknafirði, og skrifstofu Sambands íslenskra sveitarfélaga, Borgartúni 30, Reykjavík frá og með miðvikudeginum 20. janúar gegn 5000 kr. skilagjaldi.

Tilboðum skal skila á skrifstofu Vesturbyggðar, Aðalstræti 63, 450 Patreksfirði, fyrir kl. 14:00 miðvikudaginn 17. mars 2010, en þá verða þau opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

***Bæjarstjórinn í Vesturbyggð og Sveitarstjórinn í Tálknafjarðarhreppi.***

Radisson BLU

## Radisson Blu 1919 Hótel

Radisson Blu 1919 Hótel er 4 stjörnu hótel, búið öllum helstu þægindum Í hjarta miðbæ Reykjavíkur. 1919 Hótel er nútímalegt hótel byggt á sígildum hefðum þar sem gæði, þjónusta og yfirburðir á öllum sviðum eru í fyrirrúmi. Radisson Blu 1919 Hótel er hluti af Rezidor BLU sem rekur hátt í 300 hótel í Evrópu, Mið-Austurlöndum og Afríku. **Ef þig langar að slást í hóp með okkur og uppfylla væntingar gesta okkar, þá ertu velkomin/n í hópinn.**

**Við leitum að:**
- **Matreiðslumönnum**
- **Matreiðslunemum / Aðstoð í eldhús**
- **Veitingastjóra**
- **Þjónum**

Senda skal inn umsóknir og ferilskrár á Radisson Blu 1919 Hótel Pósthússtræti 2, 101 Reykjavik eða í tölvupósti á sigridur.valdimarsdottir@radissonblu.com fyrir 22.01. 2010



BUSINESS VOTED TOP 25 BUSINESS HOTELS 2009

CARTER hársnyrtistofa

## Starfsmaður óskast

Upplýsingar veitir Róbert í síma 699-0976 og á staðnum.

FJÖRÐUR

Sími: 5 65 55 30 - 5 65 33 73.-Fjarðargata 13 - 15. 220

*með kveðju*

# Jarðhitafræðingur

## óskast við Jarðhitaskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna

**www.os.is**

Jarðhitaskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna hefur starfað í Reykjavík frá 1979. Árlega koma um tuttugu raunvísindamenn og verkfræðingar frá þróunarlöndunum til 6 mánaða sérhæfðs náms í jarðhitafræðum og um tíu eru í meistaranámi í samvinnu við Háskóla Íslands. Auk þess heldur skólinn árleg námskeið í Afríku, Asíu og Mið-Ameríku. Jarðhitaskólinn er rekinn sem sjálfstæð eining innan Orkustofnunar. Nánari upplýsingar um skólann eru á vefsíðu hans (www.unugtp.is). Aðalstöðvar Háskóla Sameinuðu þjóðanna eru í Tókýó (www.unu.edu).

Orkustofnun óskar eftir að ráða jarðhitafræðing við Jarðhitaskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Starfið er fjölbreytt og felst í kennslu og leiðbeiningu nemenda, vali nemenda í þróunarlöndunum, undirbúningi námskeiða á Íslandi og í þróunarlöndunum, og undirbúningi og útgáfu kennslugagna. Starfinu fylgja töluverð ferðalög til þróunarlandanna. Nánari upplýsingar veitir Ingvar Birgir Friðleifsson, forstöðumaður Jarðhitaskólans (ibf@os.is, eða í síma 569 6000).

Hæfniskröfur: Doktors- eða meistarapróf í raunvísindum eða verkfræði og reynsla í rannsóknum eða vinnslu jarðhita. Sjálfstæði í vinnubrögðum og lipurð í samskiptum. Mjög góð enskukunnátta. Áhugi á alþjóðasamstarfi.

Orkustofnun stefnir að því að hækka hlutfall kvenna í starfsliði sínu.

Laun greiðast samkvæmt samningum fjármálaráðuneytis við viðkomandi stéttarfélög svo og stofnanasamningi Orkustofnunar við stéttarfélögin.

**Umsóknir með upplýsingum um menntun og fyrri störf berist starfsmannastjóra Orkustofnunar, Grensásvegi 9, 108 Reykjavík, netfang gd@os.is, eigi síðar en 9. febrúar.**

ORKUSTOFNUN
- þekkingarbrunnur um orkumál

Marel er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki í fararbroddi í þróun og framleiðslu tækja, hugbúnaðar og lausna fyrir matvælaiðnað. Hjá fyrirtækinu starfa um 3700 manns í fimm heimsálfum, þar af um 350 á Íslandi.

Við bjóðum upp á góða vinnuaðstöðu, skilvirka starfsþjálfun, sveigjanlegan vinnutíma, mötuneyti, barnaherbergi, framúrskarandi íþróttaaðstöðu og gott félagslíf.

# Forritari
## fyrir kerfishugbúnað

Marel leitar að öflugum forritara í INNOVA kerfishugbúnaðarteymi fyrirtækisins. INNOVA er einn öflugasti kerfishugbúnaður sem notaður er fyrir framleiðslueftirlit og framleiðslustýringu í matvælaiðnaði. Hugbúnaðurinn er í notkun í helstu matvælafyrirtækjum um allan heim. Nú starfa um 50 manns við þróun, sölu og þjónustu á INNOVA hugbúnaðinum hér á landi og í Danmörku.

**Þú færð að:**
- vinna í afburða teymi forritara og hugbúnaðarráðgjafa
- taka þátt í innleiðingu á Agile/SCRUM teymisvinnu
- takast á við framtíðarstarf í ört vaxandi alþjóðlegri hugbúnaðarstarfsemi

**Þú þarft að:**
- vera með menntun í kerfisfræði, tölvunarfræði og/eða verkfræði eða sambærilega menntun
- hafa góða reynslu í forritun og hugbúnaðargerð með Visual Studio, C# og MS SQL Server
- búa yfir hæfni til samskipta og geta unnið vel í teymi
- búa yfir góðri enskukunnáttu og eiga auðvelt með að ferðast vegna starfsins

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ásgeir Ásgeirsson í síma 563 8000.
*Fylla skal út umsóknir á heimasíðu Marel: **www.marel.com/company/Careers/** fyrir 26. janúar nk.*

www.marel.com marel

Fjarðabyggð auglýsir laust starf

# FORSTÖÐUMANNS FJÁRMÁLA

Um er að ræða frumkvæðisstarf og ábyrgð á stefnumótun í fjármálum sveitarfélagsins. Forstöðumaður fjármála hefur yfirumsjón með fjárhags- og starfsáætlunargerð, rekstrareftirliti og gerð tillagna til að auka hagkvæmni og skilvirkni í rekstri. Forstöðumaður fjármála ber ábyrgð á greiningu fjármálaupplýsinga, fjárreiðum þ.e. greiðslu- og lánastýringu, eftirliti með framkvæmd innkaupareglna, álagningu og innheimtu gjalda, bókhaldi og ársreikningi. Ásamt bæjarstjóra og forstöðumönnum mannauðs- og upplýsingatæknimála og stjórnsýslu myndar hann fjármála- mannauðs- og stjórnsýsluteymi, sem ber m.a. ábyrgð á undirbúningi mála fyrir bæjarráð. Næsti yfirmaður forstöðumanns fjármála er bæjarstjóri.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**

- Frumkvæði að og þátttaka í stefnumörkun um fjárhagsmálefni sveitarfélagsins
- Samhæfing og samræming í rekstri og þjónustu m.a. með undirbúningi og innleiðingu verklagsreglna
- Leiðtogi í fjármálastjórnun stofnana og stjórnsýslu bæjarins
- Yfirumsjón með fjárhagsáætlunum, starfsáætlun og 3ja ára áætlun sveitarfélagsins
- Yfirumsjón með bókhaldi og gerð ársreiknings sveitarfélagsins og stofnana þess
- Samskipti við stjórnendur, starfsmenn og íbúa Fjarðabyggðar vegna fjárhagsmálefna sveitarfélagsins
- Dagleg stjórn verkefna sviðsins og samræming starfskrafta á fjármálasviði

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun á meistarastigi, t.d. í viðskiptafræði eða MBA með áherslu á fjármál og reynsla af fjármálastjórn
- Hæfni til að nýta faglega þekkingu í fjármálastjórnun, reikningsskilum og áætlanagerð
- Góð tungumálakunnátta (íslenska og enska) og hæfni til að setja fram mál í ræðu og riti
- Hæfni til að stýra rekstri, skipuleggja og innleiða breytingar og móta stefnu í samráði við starfsfólk og stjórnendur
- Forystu-, skipulags- og samskiptahæfni
- Þekking á starfsemi sveitarfélaga og opinberri stjórnsýslu ásamt þekkingu á lögum og reglum um fjármál sveitarfélga er æskileg.

Forstöðumaður fjármála er hluti af stjórnendateymi Fjarðabyggðar sem m.a. ber ábyrgð á innleiðingu breytinga sem standa yfir og framundan eru. Starfsmenn á fjármálasviði eru sjö. Æskilegt er að viðkomandi hefji störf sem fyrst. Um launakjör fer eftir ákvörðun bæjarráðs um stjórnendakjör Fjarðabyggðar. Upplýsingar um starfið veitir Gunnar Jónsson, forstöðumaður mannauðsmála, í síma 470 9000, netfang gunnar.jonsson@fjardabyggd.is. Í samræmi við jafnréttisáætlun Fjarðabyggðar eru konur jafnt sem karlar hvattar til að sækja um starfið. Umsóknir skulu hafa borist bæjarskrifstofum Fjarðabyggðar, Hafnargötu 2, 730 Fjarðabyggð eigi síðar en föstudaginn 22. janúar 2010.

**Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Fjarðabyggðar; www.fjardabyggd.is**

---

**www.star-oddi.com**

STAR ODDI

Star-Oddi (Stjörnu-Oddi) hf. er þróunarfyrirtæki sem framleiðir mælitæki og skynjara til rannsókna og iðnaðarnotkunar. Star-Oddi selur afurðir sínar á alþjóðarmarkaði og hefur hlotið viðurkenningar fyrir störf sín. Star-Oddi býður framtíðarstörf fyrir rétta einstaklinga. Við leitum að skörpum og skapandi einstaklingum sem eiga auðvelt með að vinna sem hluti af hópi, eru sveigjanlegir og áræðnir. Viðkomandi umsækjendur þurfa að vera með góða samskiptahæfileika og tungumálakunnáttu. Eftirfarandi störf eru í boði:

## > Markaðs- og sölumaður

**Verksvið:**
- Hópvinna í sölu- og markaðsdeild
- Markaðssókn á nýja og núverandi markaði
- Áætlanagerð í sölu og markaðssetningu
- Þátttaka í uppbyggingu sölukerfis og umboðsmanna

**Menntunarkröfur og reynsla:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af (alþjóðlegu) sölu- og markaðsstarfi
- Reynsla af markaðssetningu í gegnum internet æskileg
- Góð tungumálakunnátta skilyrði, einkum enska

## > Aðstoðarmaður í sölu- og markaðsdeild

**Verksvið:**
- Almenn skrifstofustörf og annað tilfallandi

**Menntunarkröfur og reynsla:**
- Menntun sem nýtist í starfi
- Góð tölvu- og tungumálakunnátta

## > Hugbúnaðarsérfræðingur

**Verksvið:**
- Fjölbreytt þróunar- og viðhaldsvinna við forritun á notendaviðmótum og hugbúnaði
- Tækjaprófanir og eftirfylgni

**Menntunarkröfur og reynsla:**
- Tölvunarfræðingur eða hugbúnaðarverkfræðingur, eða sambærileg háskólamenntun
- Þekking á forritunarmálunum Pascal, C/C++, Delphi og VBA
- Reynsla á örgjörvaforritun, PIC/DSP æskileg

**Umsókn sendist með tölvupóst til sigmar@star-oddi.com eða bréflega til Star-Oddi, Vatnagarðar 14. 104 Reykjavík. Umsóknarfrestur er til og með 25. Janúar. Nánari upplýsingar veitir Sigmar Guðbjörnsson í síma 5336060.**

---

STRÁ MRI® WORLDWIDE

Þú þarft ekki að leita lengra

www.stra.is

---

## AUGLÝSING UM KYNNINGU Á TILLÖGU AÐ BREYTINGU AÐALSKIPULAGS GARÐABÆJAR 2004-2016

Bæjarstjórn Garðabæjar auglýsir hér með kynningu á tillögu að breytingu aðalskipulags Garðabæjar 2004-2016 samkvæmt skv. 1.mgr.21.greinar skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. og umhverfisskýrslu vegna tillögunnar.

**Háspennulínur Landnets í upplandi Garðabæjar**
**Búrfellslína 3, Sandskeiðslina 1 og Hamraneslínur 1 og 2.**
Vegna áforma Landnets um styrkingu á raforkuflutningskerfi um upplönd höfuðborgarsvæðisins hefur verið lögð fram tillaga að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2004-2016.
Tillagan gerir ráð fyrir eftirfarandi breytingum:

**Breytingarsvæði 1 (ofan Húsfells):**
- Búrfellslína 3, 400 kV. Ný lína frá Sandskeiði að Hamranesi.
- Sandskeiðslína 1, 400 kV. Ný lína frá Sandskeiði að Hrauntungu.
- Kolviðarhólslína 2, 220 kV. *Á núverandi línu.* Flutningsgeta núverandi línu verður aukin á kaflanum frá Sandskeiði að Hamarnesi. Gert er ráð fyrir að möstur línunnar hækki um 2-3 m að jafnaði vegna þessara aukningar.

**Breytingarsvæði 2 (Grunnuvötn, Vífilstaðahlíð, Urriðakotshraun)**
- Þegar Búrfellslína 3 og Kolviðarhólslína 2 eru komnar í rekstur er áformað að Hamraneslína 1 og 2 verði fjarlægðar og eru þær því felldar út út aðalskipulagi. Hnoðraholtslína mun þó standa áfram.

Fyrirhuguð framkvæmd vegna styrkingu á raforkuflutningskerfinu er nú í umhverfismatsferli á vegum Landnets.

Ennfremur eru kynntar lítilsháttar leiðréttingar frá upphaflegum aðalskipulagsuppdrætti.

Tillagan er sett fram á breyttum sveitarfélagsuppdrætti og þéttbýlisuppdrætti.

Tillagan ásamt umhverfisskýrslu er í kynningu frá 15.janúar til 26.febrúar 2010 og frestur til þess að skila inn athugasemdum er til föstudagsins 26.febrúar

Tillagan liggur frammi á bæjarskrifstofum Garðabæjar, Garðatorgi 7, og er ennfremur aðgengileg á heimasíðu Garðabæjar www.gardabaer.is. Ennfremur skal bent á sérstakan verkefnisvef Landsnet vegna fyrirhugaðra framkvæmda: www.sudvesturlinur.is

**Arinbjörn Vilhjálmsson**
**skipulagsstjóri Garðabæjar**

GARÐABÆR
www.gardabaer.is
Tækni- og umhverfissvið

---

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

## Námskeið



# Ertu í stuði?

Hófst þú nám í rafiðngrein, raf- eða rafvélavirkjun, rafveituvirkjun eða rafeindavirkjun en laukst því ekki?

Ertu að starfa við þær greinar þrátt fyrir að hafa ekki lokið sveinsprófi?
Hefur þú hug á að ljúka því námi sem þú hófst?

Kynningarfundur verður á Stórhöfða 31 mánudaginn 18. janúar 2010 kl. 17:00.

“Ertu í stuði?” er verkefni sem ætlað er að finna leiðir til að meta þá færni sem þátttakendur hafa aflað sér í námi og starfi.
Markmiðið er að þátttakendur ljúki sveinsprófi.

**Nánari upplýsingar er hægt að fá á heimasíðu Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins www.rafis.is/fsr eða í síma 580 5252**

## Atvinna

# BIFVÉLAVIRKI / RAFEINDAVIRKI

Kynnisferðir óska eftir að ráða á verkstæði fyrirtækisins sem starfrækt er að Vesturvör 34:

**BIFVÉLAVIRKJA**
Hæfniskröfur: Sveinsréttindi í bifvélavirkjun, hæfni í rafmagnsviðgerðum, góð tölvukunnátta og enskukunnátta.

**RAFEINDAVIRKJA EÐA BIFVÉLAVIRKJA** með sérþekkingu á bílarafmagni.
Hæfniskröfur: Sveinsréttindi í rafeindavirkjun eða bifvélavirkjun, góð tölvukunnátta og enskukunnátta.

Umsókn með mynd skal senda til Kynnisferða, Vesturvör 34, 200 Kópavogi eða á netfangið: **job@re.is** Umsóknarfrestur er til 20. janúar 2010.

**REYKJAVIK EXCURSIONS - KYNNISFERÐIR**

er rótgróið en framsækið fyrirtæki í íslenskri ferðaþjónustu. Fyrirtækið var stofnað árið 1968 og hefur allar götur síðan verið í fararbroddi þeirra sem skipuleggja ferðir fyrir innlenda sem erlenda ferðamenn.

Hjá Reykjavik Excursions starfar samhentur hópur fólks sem leggur metnað sinn í að nýta þekkingu og reynslu sína í þágu viðskiptavina.

EXPO • www.expo.is



Vesturvör 34
☎ 580 5400
main@re.is
www.re.is

Reykjavik Excursions
KYNNISFERÐIR


Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins ?

Við tökum vel á móti öllum ábendingum.

FRÉTTABLAÐIÐ www.visir.is/posthusid – sími 585 8330




## Tilkynningar

### Úthlutun vegna afnota á bókasöfnum

Af árlegri fjárveitingu Alþingis fyrir afnot á bókasöfnum er úthlutað til rithöfunda, þýðenda, myndhöfunda og annarra rétthafa, samkvæmt útlánum og afnotum verka þeirra á bókasöfnum. Um úthlutun gilda lög nr. 91/2007 og reglur nr. 323/2008. Athygli er vakin á að formálar sem nema að lágmarki 36 bls. og safnrit þar sem hlutur hvers höfundar nemur að lágmarki 36 bls. svo og hljóðrit og stafrænar útgáfur bóka sem samsvara að lágmarki 36 bls. í prentuðu formi veita rétt til greiðslu samkvæmt sérstakri umsókn.

Til að öðlast rétt til úthlutunar úr sjóðnum þurfa höfundar og rétthafar að sækja um á sérstökum eyðublöðum sem fást hjá Rithöfundasamband Íslands, Dyngjuvegi 8, 104 Reykjavík, sími: 568 3190, rsi@rsi.is eða á heimasíðu, www.rsi.is/greidslur_vegna_bokasafna/

**Umsóknarfrestur er til 4. febrúar.**
Vakin er athygli á að þeir sem nú þegar hafa skilað skráningu þurfa EKKI að skrá sig aftur. Ný verk eru sjálfkrafa færð á skrá höfundar.

VINNUEFTIRLITIÐ
Bíldshöfða 16 – 110 Reykjavík – Sími 550 4600 – Fax 550 4610
Netfang: vinnueftirlit@ver.is – www.vinnueftirlit.is

# ADR -RÉTTINDI

**Gilda m.a. á Evrópska efnahagssvæðinu**

Fyrirhugað er að halda eftirtalin námskeið í Reykjavík ef næg þátttaka fæst fyrir stjórnendur ökutækja sem öðlast vilja réttindi (ADR-skírteini) til að flytja tiltekinn hættulegan farm á vegum á Íslandi og annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu:

**Grunnnámskeið (flutningur á stykkjavöru (fyrir utan sprengifim- og geislavirk efni): 1.-3. febrúar 2010.**
**Flutningur í tönkum: 4.-5. febrúar 2010.**
**Flutningur á sprengifimum farmi 6. febrúar 2010.**

Skilyrði fyrir þátttöku á námskeiði fyrir flutningi í tönkum og/eða flutningi á sprengifimum farmi er að viðkomandi hafi setið grunnnámskeið (stykkjavöruflutningar) og staðist próf í lok þess.

**Skrá skal þátttöku og greiða námskeiðs- og skírteinisgjald í síðasta lagi miðvikudaginn 27. janúar 2010. Skráning og nánari upplýsingar hjá skrifstofu Vinnueftirlitsins í Reykjavík, Bíldshöfða 16, sími 5504600.**

# Greiðsluáskorun

**Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:**

# Vetur fullur af kossum og keleríi

Djúpa laugin snýr aftur á Skjá einn í byrjun febrúar en stöllurnar Ragnhildur Magnúsdóttir og Þorbjörg Marinósdóttir eru konurnar sem tendra ástarblossann í þetta sinn. *Anna Margrét Björnsson* fékk **Þorbjörgu**, eða Tobbu, í þriðju gráðu yfirheyrslu.

## ÞRIÐJA GRÁÐAN

**FULLT NAFN:** Þorbjörg Marinósdóttir

**FÆÐINGARÁR:** 1984

**STARF:** Blaðamaður og þáttastjórnandi á Skjá einum



**UPPÁHALDSORÐIÐ ER „WHOOP“** Þorbjörg Marinósdóttir segir þetta óspart þegar hún vill lýsa einskærri tilhlökkun og gleði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Ertu orðin það sem þú ætlaðir að verða þegar þú yrðir stór?**
Nei, ekki alveg, ég á eftir að gera fullt í viðbót enda er ég bara tuttugu og fimm ára og hef aðeins starfað í fjölmiðlum í ár. En ég er ánægð með hvert þetta stefnir.

**Hvernig byrjaðir þú í fjölmiðlum?**
Ég byrjaði sem sumarstarfsmaður á Séð og heyrt þegar ég var í sumarfríi frá The University of Derby þar sem ég stundaði BA-nám í fjölmiðlafræði. Meðan ég bjó í Bretlandi vann ég líka sem almannatengill og blaðamaður fyrir matreiðslu- og menningarblað.
En þar á undan hafði ég náð mér í alls konar reynslu í gegnum hin ýmsu verkefni. Málið er bara að vera óhræddur við að senda greinar, útvarpsupptökur eða hvað sem er á miðlana til að koma sér af stað. Svo er blogg alger snilld til að æfa sig og koma sér í gang.

**Er enginn sviðsskrekkur fyrir að byrja í sjónvarpi?**
Jú jú, en ég hamast í ræktinni sex sinnum í viku til að styrkja taugarnar og kroppinn. Ef maður undirbýr sig vel andlega og líkamlega og tapar ekki gleðinni er þetta mun minna mál. Svo er hún Ragnhildur Magnúsdóttir sem er með mér í þessu svo traustur meðstjórnandi að hún grípur mig ef ég dett og hysjar upp um mig buxurnar ef ég er með „plömmer“.

**Ert þú rómantísk manneskja?**
Já, ég er rómantískur töffari. Það þarf nefnilega gott jafnvægi í rómantíkina. Fjórhjól, fjallgöngur, hestbak eða skvass. Það er mín tegund af rómantík. Sveittir kossar og rauðvín geymt í bakpoka.

**Ef þú værir bíómynd, hvaða bíómynd værir þú?**
Coming to America með Eddie Murphy. Ég kann hana utan að og finnst hún skemmtilegasta mynd í heimi þótt hún sé auðvitað barn síns tíma. Ég horfði á hana á hverjum degi sem barn og grét í viku þegar mamma tók óvart yfir hana. Svo fann ég hana á DVD um daginn mér til mikillar gleði. Bauð upp á hana á deiti stuttu síðar. Hef ekki heyrt í þeim manni aftur.

**Hvaða geisladisk hlustaðir þú á síðast?**
Jóladiskinn með Þremur röddum og Beat.

**Ef þú ættir einn flugmiða hvert sem er í heiminum, hvert myndi það vera?**
Til Brasilíu að heimsækja fjölskylduna sem ég bjó hjá þegar ég var skiptinemi. Sól, hlátur og grillveislur með salsa-tónlist undir. Já og dökkir og dularfullir folar!

**Hvert er versta starf sem þú hefur gegnt?**
Hef verið svo heppin að vera alltaf í brilliant starfi. Ég tók þó einu sinni næturvakt á barnum Nelly's með vinkonu minni og safnaði glösum eftir sauðdrukkið fólk. Það var ömurlega leiðinleg. Mun skemmtilegra að moka hestaskít!

**Hvernig er hinn fullkomni karlmaður?**
Hann er einlægur, ævintýragjarn, fyndinn og elskar ís. Hann gæti þó hugsanlega verið latur við að vakna og vaska upp.

**Hvað er fallegast á Íslandi?**
Fólkið og húmorinn.

**Hver er uppáhaldsmaturinn þinn?**
Ó mæ. Fæ bara valkvíða. Ég elska mat. Er núna sjúk í grillaðan fisk og sushi.

**Hver er uppáhalds skemmtistaðurinn þinn í Reykjavík?**
Stofan hennar Önnu Maríu vinkonu. Þar slefa ég oft úr hlátri.

**Hvenær táraðist þú síðast?**
Í gær á Ægisíðunni á línuskautum í sérlegu roki.

**Hvenær fékkstu síðast hláturskast?**
Áðan í vinnunni. Ég vinn með hrikalega fyndnu fólki og er mörgum til ama í vinnunni vegna háværra hláturskasta.

**Uppáhaldsorðið þitt?**
Whoop! Þetta orð lýsir einskærri tilhlökkun og gleði. Aldrei of mikið notað. Ef ég er stuði býð ég upp á whoop whoop eða jafnvel Whoopedí whoop!

**Í hvaða litum er fataskápurinn þinn?**
Öllum! Ég elska liti og á eyrnalokka í stíl við hvert dress. Meira að segja í stíl við hlaupaskóna!

**Hvað myndi fullkomna líf þitt?**
Lyf sem læknaði þá sem eru veikir í kringum mig. En þangað til að það finnst þá reyni ég að temja mér meira umburðarlyndi og þolinmæði, það lagar lífið mikið.

**Er til meðfædd illska eða er þetta bara uppeldið?**
Meðfædd. Sumt er ekki hægt að laga þótt uppeldi hafi auðvitað mikið að segja.

**Hver er leiðin út úr kreppunni?**
Það er exit-hurð inni á Alþingi. Bara opna það kvekendi.

**Hvað er næst á dagskrá?**
Koma Íslandi út úr vetrinum fullum af kossum og keleríi. Markmiðið er Djúpu laugar-brúðkaup 2010! Whoopedí Whoop!




FRÆÐAFUNDIR LAGADEILDAR HR VORIÐ 2010

√ VERÐUR TAKMARKAÐRI ÁBYRGÐ HLUTAHAFA AFLÉTT?
Um lagaleg og siðferðileg álitamál þegar hlutafélagaformið er misnotað
**Hádegisfundur – 12. janúar 12:00-13:00**
Jóhannes Rúnar Jóhannsson,aðjúnkt við lagadeild Háskólans í Reykjavík og Stefán Einar Stefánsson, viðskiptasiðfræðingur við lagadeild HR.

„ÞEIR FÓLAR SEM FRELSI VORT SVÍKJA“
Lög, ásakanir og dómar um landráð á íslandi
**Hádegisfundur – 26. janúar 12:00-13:00**
Guðni Th. Jóhannesson, lektor við lagadeild HR.

UMHVERFISÁHRIF – HVAÐ ER ÞAÐ?
**Hádegisfundur á vegum Auðlindaréttarstofnunar – 2. febrúar kl. 12:00-13:00**
Ásdís Hlökk Theodórsdóttir, aðjúnkt við tækni- og verkfræðideild HR, Katrín Theódórsdóttir, hdl. og Rut Kristinsdóttir frá Skipulagsstofnun.
Fundurinn er í samstarfi við tækni- og verkfræðideild HR.

UNGIR KYNFERÐISAFBROTAMENN
**Málþing – 12. febrúar 13:00-17:00**
Dr. Helgi Gunnlaugsson, afbrotafræðingur og prófessor við félags- og mannvísindadeild HÍ, Anna Newton, réttarsálfræðingur hjá Fangelsismálastofnun ríkisins, Hulda Elsa Björgvinsdóttir, saksóknari við embætti ríkissaksóknara, Heiða Björg Pálmadóttir, lögfræðingur Barnaverndarstofu, Chien Tai Shill, félagsráðgjafi og aðjúnkt við HR og HÍ, Sigríður Björnsdóttir, verkefnisstjóri Blátt áfram og Aron Pálmi Ágústsson, nemi í hegðunarsálfræði við Lamar-háskólann í Beaumont Texas og annar tveggja höfunda bókarinnar *Enginn má sjá mig gráta. Barn í fangelsi*.
Málþingið er í samstarfi við Blátt áfram - forvarnarverkefni gegn kynferðisofbeldi gegn börnum.

WORKING IN THE EU INSTITUTIONS
**Hádegisfundur á vegum Evrópuréttarstofnunar – 2. mars kl. 12:00-13:00**
Peter Chr. Dyrberg, gestaprófessor og forstöðumaður Evrópuréttarstofnunar HR.

ER MANSAL OG VÆNDI VANDAMÁL Á ÍSLANDI?
**Hádegisfundur – 16. mars 12:00-13:00**
Stefán Eiríksson, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu, Hulda María Stefánsdóttir, aðstoðarsaksóknari við embætti ríkissaksóknara og Hildur Jónsdóttir, formaður sérfræði- og samhæfingarteymis gegn mansali.

STATE POWERS AND ENERGY AFFAIRS – FROM EEA TO EU
**Hádegisfundur á vegum Auðlindaréttarstofnunar – 15. apríl kl. 12:00-13:00**
Dr. Dirk Buschle, sérfræðingur hjá Energy Community Secretariat í Vínarborg og stundakennari við HR.

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK REYKJAVIK UNIVERSITY
LAGADEILD SCHOOL OF LAW

www.lagadeild.is


## MÆLISTIKAN

### ■ Á uppleið



**Menning.** Janúar er síður en svo leiðinlegur heldur uppfullur af spennandi listsýningum og leikverkum. Um helgina verður Faust frumsýnt í Borgarleikhúsinu, Ragnar Kjartansson sýnir afrakstur sinn í Hafnarborg og hipp og kúl-málararnir fjölmenna í Hafnarhúsinu.



**Súrmatur.** Nammi namm, það er kominn þessi svarthvíti mónótón-tími í matargerð þar sem allur matur er grár og furðulegur.

**Hermannagrænt.** Vor og sumar eru uppfull af flíkum í hermannastíl og upplagt að fjárfesta í jakka eða skyrtu.



**Græni risinn.** Bragðgóður og ódýr skyndibitastaður á Grensásvegi. Húrra fyrir ódýrum og hollum mat.

### ■ Á niðurleið



**Dúnn.** Erlendur dúnn það er segja, því komið hefur í ljós að meirihluti hans er reyttur af lifandi fuglum. Veljum íslenskt.

**Hipsterar.** Leiðinlegt orð yfir fólkið sem hefur ekki um neitt að tala nema hversu hipp og kúl það er sjálft og eyðir dögunum í tískupælingar og að láta taka myndir af sér í töff stellingum fyrir Facebook. Boring…



**Gervineglur.** Það er ekki svalt að vera með langar ferkantaðar neglur með hvítum endum. (Endurtaka þrisvar sinnum þar til þetta síast inn).

**Júróvisjón.** Dularfullt að öll lögin eru samin af læknum og tannlæknum. Og af hverju þurfa þau að vera svona skelfilega leiðinleg?



# Taktu þátt í uppboði í BYKO Breidd




## Verð sprengja

Stórskemmtilegt uppboð laugardaginn 16. janúar, hefst kl.14.

| *Dæmi um vörur á uppboði* | *Lágmarksboð* | *Fullt verð* |
|---|---|---|
| KITCHEN AID HRÆRIVÉL | **35.000** kr. | **86.590** kr. |
| BOSCH HRÆRIVÉL | **25.000** kr | **54.990** kr. |
| STERLING GASGRILL | **20.000** kr. | **40.220** kr. |
| o.fl. flottar vörur | | |



**15–35%** afsláttur af ÖLLUM **flísum**

**1.490** kr./m²

ÓDÝRT

Vnr. 0113520
**Parket**
Plastparket eik,
1290x194x6 mm.



**20–50%** afsláttur af ÖLLUM **búsáhöldum**

**3.790** kr./m²
Fullt verð: 3.990

Frábært verð!

Vnr. 0113719
**Parket**
Nordic Wood eik,
2200x189x15 mm.

**30%** afsláttur af ÖLLUM **ljósum**



BYKO

EXPO · www.expo.is

**ÁRNI BJÖRNSSON ÞJÓÐHÁTTAFRÆÐINGUR ER FÆDDUR ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1932.**

*„Þjóðsagan getur vissulega verið vitrari en sagnfræðingarnir.“*

***Árni var forstöðumaður þjóðháttadeildar Þjóðminjasafns Íslands frá 1969 til 2002. Hann er líka rithöfundur. Ein merkasta bók hans er Saga daganna sem fjallar um merkisdaga á Íslandi. Hún er jafnframt doktorsritgerð hans sem hann varði 1993.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 16. JANÚAR 2003

## *Búnaðarbankinn var seldur*

Búnaðarbanki Íslands var seldur þennan dag árið 2003, síðastur íslensku bankanna þriggja. Þar með var beinni þátttöku ríkisins í íslensku bankakerfi lokið – að sinni. Kaupverðið var tæpir tólf milljarðar. Svokallaður S-hópur, með Ólaf Ólafsson, forstjóra Samskipa, í broddi fylkingar keypti 45,8 prósent hlut í bankanum en afgangurinn seldist í almennu útboði á genginu 4,81.

Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra og Geir H. Haarde fjármálaráðherra skrifuðu undir samningana fyrir hönd ríkisins en S-hópurinn samanstóð af fólki í fyrirtækjunum Keri, VÍS, Samvinnulífeyrissjóðnum og Eignarhaldsfélaginu Samvinnutryggingum. Þýski einkabankinn Hauck Aufhäuser var tilgreindur sem einn af kaupendum með S-hópnum og hann lagði fram rúma fjóra milljarða króna. Samningar gengu út á að kaupverðið yrði greitt í dollurum að tveimur þriðju hlutum.



**GENGIÐ FRÁ MÁLINU.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## MERKISATBURÐIR

- **1605** Fyrsta útgáfa Don Kíkóta eftir Miguel de Cervantes kemur út í Madríd.
- **1945** Adolf Hitler fer í byrgi sitt.
- **1947** Talsímasamband milli Íslands og Bandaríkjanna er opnað.
- **1960** Selma Jónsdóttir listfræðingur ver doktorsritgerð við Háskóla Íslands fyrst kvenna.
- **1966** Metropolitan-óperan er opnuð í New York.
- **1995** Snjóflóð fellur í Súðavík með þeim afleiðingum að fjórtán manns farast.
- **2005** Adriana Iliescu fæðir barn 66 ára gömul og er elsta nýbakaða móðirin í heiminum.

HÓTEL BORG: MEÐ OPIÐ HÚS Í TILEFNI 80 ÁRA AFMÆLIS

# VISS UM AÐ JÓHANNES YRÐI STOLTUR AF HÓTELINU Í DAG

Mánudaginn 18. janúar eru 80 ár síðan Hótel Borg tók fyrst til starfa en það var glímukappinn Jóhannes Jósefsson, eða Jóhannes á Borg, sem ásamt konu sinni, Karólínu Guðlaugsdóttur, lagði allt sitt fé í að reisa hótelið. Í dag reka KEA-hótel Hótel Borg og hafa gert í fimm ár en Ólafur Þorgeirsson er hótelstjóri.

„Á þeim fimm árum sem við erum búin að reka hótelið hafa fjögur ár farið í að endurbyggja það,“ segir Ólafur en innviði hótelsins voru komin á tíma þannig að í dag er allt nýtt innan hótelsins nema steypan sjálf.

„Endurbæturnar eru allar í art deco-stíl, sem Guðjón Samúelsson, arkitekt og húsameistari ríkisins, hafði til viðmiðunar þegar hann teiknaði húsið. Þannig voru ný húsgögn til að mynda flutt inn frá þýsku art deco-fyrirtæki sem sérhæfir sig í smíði húsgagna sem samsvara húsgögnum frá 1930 í útliti og gerð. Þannig að þrátt fyrir að allt sé nýtt, þá er gamla stílnum haldið og sál hússins og ég held að Jóhannes yrði stoltur ef hann sæi hótelið í dag.“

Að sögn Ólafs vilja gestir hótelsins gjarnan fá að skoða það í bak og fyrir og ræða sögu þess. Í dag eru gestir hótelsins flestir erlendir en þó á hótelið mikið af fastagestum, Íslendingum búsettum erlendis sem og útlendingum, sem koma reglulega og sækja hótelið heim. „Gestir hótelsins eru allt frá ferðamönnum og upp í þekkta leikara og höfðingja og svo allt þar á milli. Margir hafa taugar til hótelsins enda þekkir maður það sjálfur, sem borinn og barnfæddur Reykvíkingur, hvað hótelið er mikið stolt borgarinnar. Það er því búið að vera mjög gaman að vera með í þessum breytingum því þetta er mikil og falleg bygging. Páll Hjaltason, arkitektinn sem kom að þessu, sagði að það sem hann hefði viljað gera árið 1992, þegar byrjað var á endurbótum af fyrri eiganda, hafi verið klárað núna alla leið þannig að við erum mjög stolt yfir afrakstrinum.“

Nú á sunnudag verður Hótel Borg með opið hús fyrir gesti og gangandi sem vilja skoða breytingarnar en hótelið mun bjóða upp á rjómapönnukökur og kaffi í tilefni þess og afmælisins.

En á svo gömlu hóteli, eru þá engir gamlir „andar“ sem svífa yfir vötnum? „Þegar Jóhannes og Karólína ráku hótelið bjuggu þau einnig sjálf á hótelinu, í turnsvítunni, sem er afar glæsileg, en þau skildu síðar og þá bjó Karólína ein í turninum. Sumir segjast finna fyrir sál hennar en við verðum í það minnsta ekki vör við annað en það sé þá afar góð sál í húsinu.“

**juliam@frettabladid.is**



**GAMLA STÍLNUM HALDIÐ Í BREYTINGUM** Ólafur Þorgeirsson, hótelstjóri Hótel Borgar, mun ásamt starfsfólki hótelsins taka á móti gestum og gangandi á sunnudag og kynna breytingar hússins. Hér er Ólafur til hægri ásamt yfirkokki Hótel Borgar, Hafþóri Sveinssyni. MYND/GVA



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, bróðir og afi,*

**Bjarni G. Bachmann**

fv. kennari og safnvörður,
Helgugötu 10, Borgarnesi,

lést á Dvalarheimili aldraðra, Borgarnesi, miðvikudaginn 13. janúar 2010.

**Anna Þ. Bachmann**
**Þórður Bachmann** **Björg H. Kristófersdóttir**
**Guðrún K. Bachmann** **Pétur Guðmundsson**
**Guðjón Bachmann** **Kristín Anna Stefánsdóttir**
**Atli Bachmann**
**Þórhildur Kristín Bachmann**
**og barnabörn.**



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Guðbjarni Jóhannsson**

húsasmíðameistari
Vesturgötu 98, Akranesi,

lést á Landspítalanum mánudaginn 11. janúar. Útförin fer fram frá Akraneskirkju þriðjudaginn 19. janúar kl. 14.00.

**Bára Guðjónsdóttir**
**Jóhann Rúnar Guðbjarnason** **Margrét Björg Marteinsdóttir**
**Guðrún Guðbjarnadóttir**
**og barnabörn.**









Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Hörður Þórðarson**

Hábergi 24,

lést á Landspítalanum Fossvogi, föstudaginn 15. janúar.

**Sigríður Sóley Magnúsdóttir**
**Margrét Harðardóttir** **Svavar Magnússon**
**Helga Magnea Harðardóttir** **Hafliði Jóhann Hafliðason**
**Inga Mjöll Harðardóttir** **Guðlaugur Þór Ásgeirsson**
**Guðný Harðardóttir** **Valur Emilsson**
**Hrönn Harðardóttir** **Júlíus Hjörleifsson**
**Hörður Harðarson** **Margrét Dóra Árnadóttir**
**Svanhildur Ólöf Harðardóttir** **Þorfinnur Hjaltason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Hjartans þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og vinarhug vegna andláts og útfarar*

**Hrafns Sæmundssonar.**

Stuðningur ykkar er mikils virði.

**Ester Hulda Tyrfingsdóttir**
**Agnes Huld Hrafnsdóttir** **Páll Breiðfjörð Pálsson**
**Hulda María Hrafnsdóttir** **Björn Hersteinn Herbertsson**
**Berglind Hrönn Hrafnsdóttir** **Ólafur Vignir Björnsson**
**Eva María, Viktor Hrafn, Páll Elvar, Sindri Freyr, Hrafnhildur, Zophanías, Ester Hulda, Fjölnir Þór og Alma Júlía.**

# Nýtt öldrunarheimili í Kópavogi

Fyrri áfangi nýs hjúkrunarheimilis ásamt samtengdri þjónustumiðstöð verður tekinn í notkun við Boðaþing í Kópavogsbæ í mars næstkomandi.

Gert er ráð fyrir aðstöðu fyrir 88 aldraða einstaklinga við Boðaþing auk 95 öryggis- og þjónustuíbúða, sem leigðar verða öldruðum og Naustavör, dótturfyrirtæki Sjómannadagsráðs, reisir í tveimur áföngum. Fyrri áfangi leiguíbúða Naustavarar, 47 íbúðir, verða tilbúnar til útleigu í lok þessa árs.

Félags- og tryggingamálaráðuneytið og Kópavogsbær byggja hjúkrunarheimilið við Boðaþing, en rekstur þess verður á vegum Hrafnistu. Fulltrúar frá Kópavogsbæ og Sjómannadagsráði, eiganda Hrafnistuheimilanna, undirrituðu í gær rammasamning um rekstur á svæðinu.

Þess skal getið að í samtengdri þjónustumiðstöð verða meðal annars mötuneyti, dagvistun, endurhæfing, sundlaug, starfsmannaaðstaða og fleira.



**NÝTT HJÚKRUNARHEIMILI** Frá vinstri: Ármann Kr. Ólafsson, bæjarfulltrúi í Kópavogi og formaður félagsmálaráðs bæjarins, Gunnsteinn Sigurðsson bæjarstjóri, Guðmundur Hallvarðsson, formaður Sjómannadagsráðs, Pétur Magnússon, forstjóri Hrafnistu, og Ásgeir Ingvarsson, framkvæmdastjóri Sjómannadagsráðs.

# Minnast Helgu

Skálholtskvartettinn heldur í dag minningartónleika um Helgu Ingólfsdóttur semballeikara. Tónleikarnir fara fram í Garðakirkju klukkan 17.30.

Helga var fyrrverandi listrænn stjórnandi Sumartónleika í Skálholtskirkju og átti stóran þátt í stofnun kvartettsins árið 1996. Þá flutti hann Sjö orð Krists á krossinum eftir Joseph Haydn á Skálholtshátíð, en það er einmitt verkið sem kvartettinn mun flytja í dag.

Annað tilefni tónleikanna í dag er útgáfa Smekkleysu á hljóðritun kvartettsins á 7 orðum Krists sem gerð var í Skálholtsdómkirkju.



**SKÁLHOLTSKVARTETTINN** Skipaður Jaap Schröder, Rut Ingólfsdóttur, Svövu Bernharðsdóttur og Sigurði Halldórssyni.

---



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og bróðir,*

**Marteinn Hunger Friðriksson**

dómorganisti,
Kópavogsbraut 18,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi sunnudaginn 10. janúar. Útför hans fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 22. janúar kl. 15.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir, en þeim sem vildu minnast hans er bent á Heimahlynninguna og líknardeildina. Samúðar- og minningarkort má panta í síma 5431159.

**Þórunn Björnsdóttir**
**Kolbeinn Marteinsson** **Harpa Katrín Gísladóttir**
**Þóra Marteinsdóttir** **Gunnar Benediktsson**
**María Marteinsdóttir** **Sölvi Blöndal**
**Marteinn Marteinsson**
**Birna Rún, Katla, Ívar og Hjörtur Martin**
**Maria Steinhäuser**

---



*Okkar ástkæra dóttir, systir, barnabarn og barnabarnabarn,*

**Elva Björg Egilsdóttir**

Niederanven, Lúxemborg,

lést laugardaginn 9. janúar. Útför fer fram frá Kópavogskirkju mánudaginn 18. janúar kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á styrktarreikninga „Elva Björg Foundation", bæði á Íslandi og í Lúxemborg.

**Vala Björg Arnardóttir** **Egill Reynisson**
**Daníel Örn Egilsson**
**Edda Kristín Egilsdóttir**
**Edda Sölvadóttir** **Örn Jóhannsson**
**Kristín Hermannsdóttir** **Reynir Eiríksson**
**Sölvi Guðlaugsson**

---

*Elskulegur faðir okkar,*

**Gunnlaugur Finnsson**

bóndi, kennari og fyrrverandi alþingismaður,

sem andaðist á dvalarheimilinu Sólborg á Flateyri að morgni miðvikudags 13. janúar, verður jarðsunginn frá Flateyrarkirkju laugardaginn 23. janúar kl. 14.00. Kveðjuathöfn verður haldin í Neskirkju þriðjudaginn 19. janúar kl. 15.00.

**Einar Þór, Birna, Bergljót, Finnur Magnús, María, Halldóra Valgerður og Sigurlaug Gunnlaugsbörn, makar, barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Guðjón B. Jónsson**

Lækjasmára 6, Kópavogi,

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð í Kópavogi hinn 7. janúar 2010. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Sérstakar þakkir fær starfsfólk hjúkrunarheimilisins Sunnuhlíðar í Kópavogi fyrir einstaka alúð og umönnun.

**Sigurður Helgi Guðjónsson** **Herdís Pétursdóttir**
**Rúnar Guðjónsson** **Iryna Molochnikova**
**Hanna Kristín Guðjónsdóttir** **Joost van Erven**
**Sævar Guðjónsson**
**og barnabörn.**

---



*Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við fráfall og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, bróður, mágs, afa og vinar,*

**Guðmundar Cesars Magnússonar**

Blikaási 21, Hafnarfirði,

sem lést af slysförum miðvikudaginn 16. desember sl.

F.h. aðstandenda,

**Oddrún Kristófersdóttir**
**Elísabet Sigríður Guðmundsdóttir**
**Atli Már Guðmundsson** **Jóhanna Þórisdóttir**
**Arna Rún Cesarsdóttir** **Hrafn Leó Guðjónsson**
**Guðbjörg Krista Cesarsdóttir** **Ívar Smári Guðmundsson**
**og barnabörn.**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, sonur, bróðir og afi,*

**Jóhann Pétur Halldórsson**

Núpalind 2, Kópavogi,

lést fimmtudaginn 14. janúar.
Útför verður auglýst síðar.

**Ingileif Hafdís Björnsdóttir**
**Halldór Guðjón Jóhannsson** **Sigurlín Jóna Baldursdóttir**
**Davíð Freyr Jóhannsson** **Pálína Þorgilsdóttir**
**Ingvi Karl Jóhannsson** **Þórdís Ólöf Viðarsdóttir**
**Jóhann Ingi Jóhannsson** **Sólveig Lára Kjærnested**
**Sigríður Júlíusdóttir**
**systkini og barnabörn.**

---



*Ástkær sonur okkar, bróðir og mágur,*

**Kristinn Freyr Arason**

Stekkjarhvammi 12, Hafnarfirði,

sem lést af slysförum fimmtudaginn 7. janúar, verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 20. janúar kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á að láta líknarfélög njóta þess.

**Ari Óskar Jóhannesson** **Ólöf Sigurlín Kristinsdóttir**
**Steinunn Aradóttir** **Inga Nína Sigríður Jóhannsdóttir**

---



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, sonur og tengdasonur,*

**Halldór Bjarnason**

sagnfræðingur, Fannafold 189,

varð bráðkvaddur laugardaginn 9. janúar. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju mánudaginn 18. janúar kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á styrktarsjóð barna hans í Íslandsbanka, reikn.nr. 513-14-402958, kt. 160462-2729.

**Elín Hannesdóttir**
**Hildur Halldórsdóttir**
**Hannes Halldórsson**
**Bjarni Halldórsson**
**Kristjana Halldórsdóttir**
**Hildur A. Bjarnadóttir**
**Kristjana Pálsdóttir**
**Hannes Flosason**

---



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför ástkærs föður, sonar, bróður, mágs og frænda,*

**Tryggva Rúnars Guðjónssonar**

sem lést hinn 26. desember síðastliðinn.

**Sindri Már Tryggvason**
**Þorgeir Örn Tryggvason**
**Erla Tryggvadóttir** **Ásólfur Guðlaugsson**
**Guðjón Pálsson**
**Guðlaugur Axel Ásólfsson**
**Soffía Valdís Ásólfsdóttir** **Hörður Þór Einarsson**
**Ásta Hildur Ásólfsdóttir** **Jón Barði Tryggvason**
**og frændsystkini.**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Sigurður Guðmundsson**

byggingartæknifræðingur,
Háaleitisbraut 125, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 19. janúar kl. 15.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeir sem vildu minnast hans eru beðnir að láta hjúkrunarþjónustuna Karitas njóta þess.

**Sólveig Ásta Ásgeirsdóttir**
**Ásgeir Valdimar Sigurðsson**
**Dagbjörg Birna Sigurðardóttir** **Davíð Ottó Arnar**
**Marta Dögg Sigurðardóttir** **Sigurður Óli Kolbeinsson**
**og barnabörn.**








# Íslensk erótík

**BAKÞANKAR**
**Atla Fannars Bjarkasonar**



Vísir.is birti á dögunum frétt um erótísku samfélagssíðuna Purplerabbit.com. Fréttin snerist um að aðstandendur vefsíðunnar séu tilbúnir að borga Íslendingum fyrir erótísk myndbönd sem þeir myndu taka upp sjálfir. Fréttin vakti mikla athygli, enda hefur íslensk erótík ekki þrifist á opinberum vettvangi síðustu misseri.

**FRÉTTIN** um vefinn vakti hörð viðbrögð og Femínistafélag Íslands krafðist þess að honum yrði umsvifalaust lokað, enda um vændistengda starfsemi að ræða að mati félagsins. Sem forvitinn ungur maður rann mér blóðið til skyldunnar og fannst ég þurfa að athuga hvað væri á seyði á vefnum.

**EKKI** lagði ég á mig að skrá mig sem notanda vefjarins, enda bjóst ég ekki við að finna þar hvatningu til að taka þátt í samfélagi fólks, sem berar sig fyrir ókunnuga á Netinu. Ég er ekki tepra, en slík hegðun er einfaldlega ekki fyrir mig – þó að ég skilji vel að einhverjir, bæði strákar og stelpur, fái út úr því kikk.

**ÉG GAT** skoðað þann hluta vefjarins sem var ekki aðeins ætlaður notendum og vafraði aðeins um. Ég sá alls konar myndir af alls konar fólki. Stelpur á undirfötum einum klæða þökkuðu fyrir sveittar athugasemdir frá nafnlausum gaurum sem opinberuðu hvernig þeir færu að, myndu leiðir þeirra og nafnlausu stúlkunnar liggja saman. Mig grunar reyndar að minnst helmingur þeirra sem skildu eftir slepjulegar athugasemdir þori ekki að vinda sér upp að dömu á almannafæri og kjósi því að fá útrás fyrir órum sínum á Netinu. Fremstur meðal jafningja. Og allt það.

**HÁPUNKTUR** þessarar hávísindalegu úttektar minnar á íslenskri erótík var myndband sem sýndi stúlku láta vel að sjálfri sér. Ég verð að viðurkenna, að kynþokki var ekki það fyrsta sem mér datt í hug þegar hún renndi hægt niður appelsínugulu 66° norður-flíspeysunni þar sem hún lá á pleðursófa í íslenskri stofu.

**ÍSLENSK** erótík á augljóslega langt í land, ætli hún að verða iðnaður. Eins og á öllum samskiptasíðum getur þrifist þarna ógeðslegt fólk, sem nýtir sér ástand eða neyð annarra. En á meðan fólk stillir sér upp nakið fyrir framan myndavélar af fúsum og frjálsum vilja, rukkar jafnvel fyrir það, þakkar fyrir athugasemdir nafnleysingja af einlægni og fer eftir lögum, þá sé ég ekki hvernig krafan um lokun ætti fram að ganga.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





ARMY OF TWO
THE 40TH DAY
Vinsælasti leikurinn í dag!
Fáanlegur á PS3 og Xbox 360
11.499,-
!!!
95 af 100 – Play Magazine
90 af 100 – GameFocus
85 af 100 – Games Master UK
85 af 100 – IGN.com
Salem og Rios er mættir aftur í einhverjum svakalegasta hasarleik ársins. Félagarnir eru fastir í Shangai þegar alda árása ríður yfir borgina. Okkar menn þurfa að ráða úr málum og bjarga því sem bjargað verður.
Hér er lykilatriði að tveir vinni saman, en Army of Two er einhver harðasti “co-op” leikur ársins enda hannaður sem slíkur.
KOMINN AFTUR!
CALL OF DUTY
MODERN WARFARE 2
Fáanlegur á PS3, PC og Xbox 360
100 af 100 - Playstation Official Magazine UK
94 af 100 - Play UK
Fáanlegur á PS3 og Xbox 360
12.499,-
DARKSIDERS
fáanlegur á PS3 og Xbox 360
100 af 100 - Play Magazine
90 af 100 - 360 Gamer
HEITT
Fáanlegur á PS3 og Xbox 360
10.899,-
ÚTSALA · ÚTSALA · ÚTSALA · ÚTSALA · ÚTSALA · ÚTSALA
1.999,-
499,-
2.999,-
999,-
999,-
999,-
999,-
999,-
999,-
4.899,-
4.899,-
3.899,-
1.999,-
1.999,-
8.899,-
4.899,-
1.999,-
GAME STÖÐIN
SPILAÐU MEIRA
- BORGAÐU MINNA
!!!
XBOX 360 ARCADE
AÐEINS 43.999,- VAR 54.999,-
HALO WARS FYLGIR!
KRINGLAN 588 9400 & GLERÁRTORGI AKUREYRI 451 1131
WWW.GAMESTODIN.IS OG Á FACEBOOK - FACEBOOK.COM/GAMESTODIN

! **Í dag kl. 17**

*Hinir árvissu nýárstónleikar Salonsveitar Sigurðar Ingva fara fram í Salnum í Kópavogi í dag. Þar verður leikin svellandi Vínartónlist, valsar, polkar og fræg óperettulög. Að þessu sinni bregður sveitin út af vananum og leikur þekkta sígilda slagara í bland. Í ár syngur Auður Gunnarsdóttir sópransöngkona með Salonsveitinni og ekki má gleyma glæsinúmeri Sigrúnar Eðvaldsdóttur.*

# menning

menning@frettabladid.is

# Bjarni á niðurleið

Á sunnudagskvöldið stefna Bjarni Thor Kristinsson bassasöngvari og Ástríður Alda Sigurðardóttir píanóleikari hraðbyri niður tónstigann á tónleikum sínum í Íslensku óperunni sem heita því sérkennilega nafni Á niðurleið! Tónleikarnir byggja á dagskrá sem var í Salnum í sumar undir sama heiti og fékk fádæma viðtökur áhorfenda og gagnrýnenda. Flutt verða íslensk sönglög, ljóð og aríur og eftir því sem líður á tónleikana lækka alltaf neðstu nóturnar.

Viðfangsefni bassasöngvarans eru oft á tíðum gamansöm og í bland við drykkjuvísur og slagara verður sungið um kónga og djöfla, ríkidæmi og fátækt. Bjarni hefur útbúið „tónleikatrailer" sem hægt er að sjá á YouTube, þar sem hægt er að fá smá sýnishorn af efni tónleikanna.

Tónleikarnir hefjast klukkan 20 og miðaverð er 2.900 kr.



**BASSI** Bjarni Thor syngur niður tónstigann.

## > Ekki missa af

Á morgun, sunnudaginn 17. janúar kl. 13 verða tónleikar í nýrri röð tónleika í Salnum í Kópavogi fyrir börn og fjölskyldufólk undir heitinu Töfrahurð. Þessir tónleikar bera yfirskriftina „Hljóðin í frumskóginum". Fram koma dansarar frá Listdansskóla Íslands, Frank Aarnink slagverksleikari, Sigurþór Heimisson leikari, Margrét Stefánsdóttir sópran og Katie Buckley hörpuleikari. Börn eru beðin um að koma klædd sem frumskógardýr.

# Eins konar völundarhús Ingunnar

Tvær sýningar verða opnaðar í Hafnarborg í Hafnarfirði í dag; Ragnar Kjartansson sýnir afrakstur Feneyjatvíæringsins og Ingunn Fjóla Ingþórsdóttir opnar sýningu sína Ljósbrot. Um er að ræða innsetningu sem fyllir allan sýningarsalinn með marglitum strengjum sem minna á geisla úr óskilgreindum ljósgjafa. Strengirnir mynda eintóna litafleti sem fléttast saman og klofna eins og þegar ljós brotnar og klofnar. Verkið er eins konar völundarhús gagnsærra litaflata sem áhorfandinn hefur yfirsýn yfir um leið og litaspil þeirra blandast saman og úr verður heild. Hálf gegnsæir veggirnir mynda síbreytilegt litaspil í sjónrænni heild og leiða sýningargestinn í gegnum rýmið þannig að hann hverfur inn í nánast óefniskennt geislaflóðið.



**LJÓSBROT** Ingunn Fjóla Ingþórsdóttir ögrar skynjun áhorfandans af umhverfinu.



Ingunn er ung listakona sem á að baki fáar en áhugaverðar sýningar. Hún hefur unnið stór málverk sem eru bundin ákveðnu rými og verk þar sem hún notar aðferðir málaralistarinnar á þrívíða hluti sem áhorfandinn gengur inn í. Í Ljósbroti mætast þættir sem listakonan hefur áður nýtt í verkum sínum, en það eru litaspil og formrænir fletir málverka, og rýmishugsun sem ögrar skynjun áhorfandans af umhverfinu.

Ingunn Fjóla býr og starfar í Hafnarfirði. Árið 2009 hlaut hún hvatningarstyrk Hafnarfjarðarbæjar til ungra listamanna.

# Tvíæringurinn spennandi verkefni

**Spænsk-íslenskalistamannatvíeykið Libia Castro og Ólafur Ólafsson hefur verið valið til að sýna fyrir Íslands hönd á Feneyjatvíæringnum árið 2011.**




**Í SLIPPNUM** Ólafur Ólafsson (í drakt) og Libia Castro (í fiskvinnslugalla). Á spjaldinu stendur: Lífið er kontrataktur. MYND/SJÓNAUKI

Verk Libiu og Ólafs einkennast af opnum og gagnrýnum vinnubrögðum þar sem tekist er á við spurningar úr samtímanum, þær greindar og settar fram í listrænni útfærslu. Þau fást einkum við þær breytingar sem orðið hafa á samfélögum í kjölfar vaxandi alþjóðavæðingar og menningarlegrar blöndunar og þau flóknu tengsl sem af þessu spretta.

„Þetta er mikill heiður af því að það eru margir góðir listamenn á Íslandi sem koma til greina í hvert skipti. Maður þarf að vera heppinn líka og standa sig," segir Ólafur. Þau Libia kynntust í Hollandi árið 1997 og hafa starfað saman síðan. Bjuggu í Rotterdam en komu sér nýlega fyrir í Berlín. „Við höfum verið í miklu sambandi við listalífið á Íslandi og sýnt hér nærri því einu sinni á ári, og stundum tvisvar, síðan við byrjuðum að vinna saman. Árið 1998 tókum við í fyrsta skipti þátt í Listahátíð í Reykjavík með verk sem reyndar eyddi sér sjálft, sprakk á síðasta degi. Verkið var samansafn líkamsúrgangs í krukku og sprakk vegna gasmyndunar. Við vorum fjarri góðu gamni, komin til Hollands, svo það lenti á fjölskyldunni að þrífa upp eftir okkur."

Sé eitthvert mark takandi á Ragnari Kjartanssyni, sem var fulltrúi Íslands á Feneyjatvíæringnum í sumar, er mikil klóakfýla í Feneyjum. Kannski gæti því verk í springandi líkamsvessastíl hentað? Ólafur dregur það stórlega í efa.

„Það er margt í gangi í Feneyjum. Rosalegur ferðamannaiðnaður og þessi sprengja sem Tvíæringurinn er setur margt úr skorðum í samfélaginu. Það myndast mjög sérstök stemning. Það er mjög spennandi að finna flöt á því hvað við gerum á sýningunni. Þó það sé meira en ár í þetta er enginn tími til að hafa tærnar upp í loft."

Enda ýmisleg fleiri verkefni sem bíða listamanna. „Nú erum við að gera verk fyrir sýningu í Napólí og sama dag og við heyrðum af Tvíæringnum fengum við tilkynningu um að myndbandsverkið Lobbyist hefði komist að á vídeóhátíð á Pompidou-safninu í París í lok febrúar. Það var skemmtilegt að þetta skyldi hittast á sama daginn."

drgunni@frettabladid.is




# Skynvilluleikir á Akureyri

Í dag kl. 15 opnar Listasafnið á Akureyri yfirlitssýningu á verkum hollenska myndlistarmannsins Jorisar Rademaker. Hann er fæddur í smábænum Eersel í Hollandi árið 1958 en hefur búið á Íslandi í hartnær tvo áratugi. Hann hefur fengist við myndlist frá árinu 1983 og einnig starfað sem myndlistarkennari á Akureyri um árabil. Undanfarin ár hefur hann starfrækt Gallerí+ á Akureyri ásamt Pálínu Guðmundsdóttur, eiginkonu sinni. Joris var útnefndur bæjarlistamaður Akureyrar árið 2006.

Myndlist Jorisar spannar ólíkar stefnur og rýfur skörð í þá múra sem eitt sinn stóðu fyrir kynslóðabili andstæðra fylkinga, segir í tilkynningu. Sýningin stendur til 7. mars og er opin alla daga nema mánudaga frá 12-17.



**HUGSANAFLÆÐI** Joris Rademaker kannar möguleika skynjunarinnar.

Þorramatur & Þorrablót
Veislusalir & heimsendingar



Okkar rómaði Þorramatseðill fæst nú einnig í heimsendingu
Kaldir réttir frá kr. 2.250
Heitir og kaldir réttir frá kr. 2.950
Nánar um verð og matseðla á www.cocktail.is

Pantið tímanlega
23. janúar Uppselt
30. janúar Uppselt

Eigum einnig örfáa daga lausa í veislusölum okkar
Lionssalurinn Lundur (60-200 manns)
Veislusalur Þróttar (80-150 manns)

Cocktail.is Veisluþjónusta
s. 899-8994
Salur.is

# ÚTSÖLU MARKAÐUR

## Mikið úrval af DVD og BLU-RAY myndum!

DVD VIDEO

Blu-ray Disc

Verð aðeins:

1.999.-

1.499.-

999.-

699.-




DVD MARKAÐUR

Fáanlegt í Kringlu, Smáralind og Skeifu, minna úrval í öðrum verslunum.

Gildir til 21. janúar eða á meðan birgðir endast.

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

# ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Sími 551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is



## Brennuvargarnir (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 15/1 kl. 20:00 U | Fös 22/1 kl. 20:00 Ö | Fös 5/2 kl. 20:00 Ö |
| Fim 21/1 kl. 20:00 U | Fim 28/1 kl. 20:00 Ö | |

„Besta leiksýning ársins“ MBL, IÞ. Sýningum fer fækkandi.



## Oliver! (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 16/1 kl. 15:00 Aukas. U | Lau 30/1 kl. 15:00 U | Sun 14/2 kl. 19:00 Ö |
| Lau 16/1 kl. 19:00 U | Lau 30/1 kl. 19:00 Ö | Sun 21/2 kl. 15:00 Ö |
| Lau 23/1 kl. 15:00 Aukas. U | Lau 6/2 kl. 15:00 Ö | Sun 21/2 kl. 19:00 |
| Lau 23/1 kl. 19:00 U | Lau 6/2 kl. 19:00 Ö | Sun 28/2 kl. 15:00 Ö |
| Fös 29/1 kl. 19:00 Ö | Sun 14/2 kl. 15:00 Ö | Sun 28/2 kl. 19:00 Ö |

Oliver! ★★★★ MBL, GB. Nýjar sýningar komnar í sölu.



## Sindri silfurfiskur (Kúlan)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 16/1 kl. 15:00 Ö | Lau 23/1 kl. 15:00 | Lau 30/1 kl. 15:00 |
| Sun 17/1 kl. 16:00 | Sun 24/1 kl. 16:00 | Sun 31/1 kl. 15:00 |

Undurfalleg sýning fyrir yngstu leikhúsgestina!



## Gerpla (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 12/2 kl. 20:00 Frums. U | Lau 20/2 kl. 20:00 4. K Ö | Lau 27/2 kl. 20:00 6. K Ö |
| Lau 13/2 kl. 20:00 2. K U | Fim 25/2 kl. 20:00 Aukas. U | Fös 5/3 kl. 20:00 7. K Ö |
| Fös 19/2 kl. 20:00 3 K Ö | Fös 26/2 kl. 20:00 5. K Ö | Lau 6/3 kl. 20:00 8. K Ö |

Miðasala hafin - tryggið ykkur sæti á fyrstu sýningar!



## Fíasól (Kúlan)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 13/3 kl. 15:00 Frums. U | Sun 21/3 kl. 13:00 U | Sun 28/3 kl 15:00 |
| Sun 14/3 kl. 13:00 U | Sun 21/3 kl. 15:00 U | Lau 10/4 kl 13:00 |
| Sun 14/3 kl. 15:00 U | Lau 27/3 kl. 13:00 | Lau 10/4 kl 15:00 |
| Lau 20/3 kl. 13:00 U | Lau 27/3 kl. 15:00 | Sun 11/4 kl 13:00 |
| Lau 20/3 kl. 15:00 U | Sun 28/3 kl. 13:00 | Sun 11/4 kl 15:00 |

Sprellfjörug sýning um gleðisprengjuna ómótstæðilegu!



## Bólu-Hjálmar (Kúlan)

| | |
|---|---|
| Mið 27/1 kl. 20:00 | Fim 28/1 kl. 20:00 |

Gestasýning Stoppleikhópsins. Aðeins tvær sýningar.


# Nolo sem byrjaði í leyni

**Fyrsta plata Nolo, No lo fi, kom út á furðulegum tíma, á milli jóla og nýárs. Þarna eru átta lög sem fara um víðan völl eins og Jón Baldur Lorange, annar meðlima bandsins, staðfestir.**



**ALLT LEYFILEGT** Hljómsveitin Nolo – Jón Baldur Lorange og Ívar Björnsson.

„Þegar einhver segir að við séum elektrónísk hljómsveit kemur það alltaf jafn mikið á óvart því við erum nú bara með gítar og orgel, jú og smá tölvutrommur. Sumir segja að við séum indie. Aðrir að við séum sækadelísk rokkhljómsveit. Ég veit það ekki. Við erum ekkert að setja miða á það sem við gerum. Þetta er bara fjölbreytt. Stundum gerum við eitís-smelli, aðra stundina sækadelískan djass eða eitthvað. Við ákveðum aldrei hvað við ætlum að gera. Það er allt leyfilegt.“

Hinn meðlimur Nolo heitir Ívar Björnsson og býr í Breiðholti. Jón býr í Kópavogi. „Við segjumst samt alltaf vera úr Breiðholtinu af því við æfum þar,“ segir hann. „Við vorum búnir að vera saman í einhverjum böndum. Vorum í Spooky Jetson sem tók þátt í Músíktilraunum og svo vorum við með fleirum í hljómsveitinni Nolo. Við byrjuðum í leyni að stinga hina af og að gera músík saman tveir og uppgötvuðum fljótlega að sú músík væri málið. Nolo hefur verið til í þessari mynd síðan síðasta sumar.“

Nolo sló í gegn á tónlistarvefnum Gogoyoko eftir að hafa reynt að koma sér á framfæri bæði á rokk.is og Myspace. „Það var ekkert á því að græða. Í gegnum Rokk.is kynntumst við reyndar fólki í Vestmannaeyjum sem höfðu gaman af þessu. Lagið „Miami Toast“ varð svo voða vinsælt á Gogoyoko, en við spiluðum það aldrei á tónleikum lengi vel. Eftir að við byrjuðum að taka það læf hefur ógæfa fylgt laginu því ég slít alltaf streng í því. Við erum eiginlega alveg hættir að taka það núna.“

Á plötunni eru átta frumsamin lög og Jón segist ekki alveg vita hvað sé fram undan hjá Nolo, nema náttúrlega bara að búa til meiri tónlist. Það er nægur tími því strákarnir eru ekki nema 18 og 19 ára. Nolo heldur útgáfupartí í Havarí, Austurstræti, klukkan 16 í dag. Á undan ætlar blúsarinn ET Tumason að taka nokkur lög.

**- drg**


CARNEGIE ART AWARD 2010

8.1. – 21.2. 2010

Leiðsögn þriðjudaga og föstudaga kl. 12.10
Sjá nánar fræðsludagskrá á www.listasafn.is
Ókeypis aðgangur | Opið daglega kl. 11-17 | Lokað mánudaga
Fríkirkjuvegi 7 | 101 Reykjavík

LISTASAFN ÍSLANDS
NATIONAL GALLERY OF ICELAND





Á döfinni í Norræna húsinu

Mánudagur 18. febrúar

**Mánudagsbíó: Låt den rätte komma in**

Sýnd verður sænska kvikmyndin *Låt den rätte komma in* (*Let the Right One In*) frá árinu 2008. Hún er byggð á samnefndri bók eftir rithöfundinn John Ajvide Lindquist en hann er jafnframt handritshöfundur myndarinnar. Leikstjóri er Tomas Alfredson. Úlfhildur Dagsdóttir, bókmenntafræðingur, kynnir efni myndarinnar áður en sýning hefst. Aðgangur er ókeypis. Dagskráin hefst kl. 20.00.




Föstudagur 22. janúar

**Tónleikar: Wildbirds & Peacedrums**

Hljómsveitina skipa hjónin Andreas Werliin og Mariam Wallentin. Tónlist þeirra byggist aðallega upp á rödd Wallentin og trommuslætti Werliin með slettu af raftakti inn á milli og er best lýst sem blöndu af poppi, jass og blús. Hljómsveitin er hér á landi til þess vinna og taka upp með tónlistarmanninum Ben Frost. Húsið opnar kl 21:00 og er aðgangseyrir 1.500 kr. Miðasala er í Norræna húsinu.



Síðasta sýningarhelgi

**Handverkssýning: Einu sinni er**

Glæsileg handverkssýning sem hleypt var af stokkunum til að hvetja til nýsköpunar og vöruþróunar með því að stefna saman tveimur ólíkum listamönnum. Sýningunni lýkur 17. janúar.



NORRÆNA HÚSIÐ
Sturlugötu 5 - 101 Reykjavík
Skiptiborð: 551 7030 - Bókasafn: 551 7090
www.norraenahusid.is - nh@nordice.is



GERÐUBERG Menningarmiðstöð 2010

**Verið velkomin á opnanir sýninga um helgina**



Laugardagur 16. janúar kl. 14
**Strengir** Messíana Tómasdóttir sýnir búninga, grímur og leikbrúður Strengjaleikhússins.

DIMMALIMM 2009

Laugardagur 16. janúar kl. 14
**Þetta vilja börnin sjá!**
Myndskreytingar úr barnabókum.
Dimmalimm - Íslensku myndskreytiverðlaunin 2009 afhent við opnun sýningarinnar.



Sunnudagur 17. janúar kl. 14
**Það kviknaði líf**
Jenný (Jónína Katrín Jónsdóttir) sýnir málverk og teikningar í Boganum.



**Við veginn** Sigurður Stefán Jónsson sýnir ljósmyndir í kaffihúsi.



Sunnudagur 17. janúar kl. 14-16
**Syngjum og kveðum...** um Þorrann, snjóinn og nýárið. **Söngstund** á kaffihúsinu í samstarfi við Kvæðamannafélagið Iðunni.
Umsjón: Bára Grímsdóttir og Chris Foster.

Sýningarnar eru opnar virka daga frá 11-17 og um helgar frá 13-16
Boðið er upp á leiðsögn um sýningar.
Gerðubergi 3-5 | 111 Reykjavík | Sími 575 7700
Netfang: gerduberg@reykjavik.is | www.gerduberg.is




**RICKY GERVAIS** Grínistinn ætlar í sína fyrstu uppistandsferð um heiminn.

# Uppistand víða um heim

**Breski leikarinn og grínistinn Ricky Gervais ætlar í uppistandsferð um heiminn í fyrsta sinn á ferlinum. Þetta verður í fjórða sinn sem hann ferðast um með uppistand sitt en mest hefur hann skemmt í heimalandi sínu Bretlandi.**

**„Þættirnir The Office eru sýndir í um nítíu löndum og ég hef heitið sjálfum mér því að heimsækja nokkur þeirra,“ sagði hinn 47 ára Gervais sem sló í gegn í sjónvarpsþáttunum The Office. Hann hefur þegar tilkynnt um tvö uppistandskvöld í London í apríl og fjögur í Bandaríkjunum í maí.**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Laugardagur 16. janúar 2010**

### Tónleikar

**16.00** **Tónleikar til styrktar krabbameinssjúkum börnum** verða haldnir í Háskólabíói við Hagatorg. Meðal þeirra sem fram koma eru **Sálin hans Jóns míns, Ingó og Veðurguðirnir, Buff, Hvanndalsbræður** og **Hafdís Huld**. Nánari upplýsingar á www.midi.is.

**17.00** **Salonsveit Sigurðar Ingva** ásamt **Auði Gunnarsdóttur** sópransöngkonu flytja Vínartónlist og fyrir- og eftirstríðsslagara á tónleikum í **Salnum** við Hamraborg í Kópavogi.

**17.30** **Skálholtskvartettinn** flytur verk eftir **Joseph Haydn** á tónleikum sem fram fara í **Garðakirkju**, Álftanesi.



**20.30** **Clive Carroll, Tom Hannay** og **Guðný Gígja** koma fram á tónleikum á **Rosenberg** við Klapparstíg. **Böddi, Bríet Sunna og hljómsveit** annast upphitun.

**22.00** **Djassdúettinn J2** verður með tónleika á **gallerí-bar 46** við Hverfisgötu 46.

### Opnanir

**15.00** **Björn Birnir** opnar sýningu á verkum sínum í **Listasafni Reykjanesbæjar, Duushúsum** við Duusgötu. Opið virka daga kl. 11-17 og helgar kl. 13-17.

### Sýningar

Í **Landsbókasafninu** við Arngrímsgötu fer að ljúka sýningu um kreppuna 1930-1940. Þar stendur einnig yfir sýning tengd **Torfhildi Hólm** og blaðamennsku kvenna sem og sýning tengd **Einari H. Kvaran**, rithöfundi, leikstjóra og blaðamanni. Enginn aðgangseyrir. Opið mánfim 8.15-22., fös. 8.15-19.00 og helgar kl. 10-17.

**Helgi Snær Sigurðsson** sýnir ljósmyndir á **Mokkakaffi** við Skólavörðustíg 3a. Opið alla daga kl. 9-18.30.

Á **Amtsbókasafninu** við Brekkugötu á Akureyri hefur verið opnuð sýning á vegum Iðnaðarsafnsins um ull og ullarframleiðslu á síðustu öld. Opið mán. – fös. kl. 10-19 og lau. kl. 12-17.

### Kvikmyndir

**15.00** Rússneska kvikmyndin **„72 metrar“**, frá árinu 2004 verður sýnd í **MÍR-salnum**, Hverfisgötu 105. Leikstjóri er Vladimír Khotinenko, en handritið er að nokkru byggt á sögum eftir Aleksander Pokrovskíj, fyrrum kafbátsforingja í sovéska flotanum. Rússneskt tal. Enskur texti. Aðgangur ókeypis.

### Kvikmyndahátíð

Í **Háskólabíói** við Hagatorg hefst **frönsk kvikmyndahátíð** sem mun standa til 28. jan. Nánari upplýsingar á www.af.is og www.midi.is.

### Dansleikir

Hljómsveitin **Hunang** verður á skemmtistaðnum **Spot** við Bæjarlind í Kópavogi.

Hljómsveitin **MONO** verður á **B57** við Borgarbraut í Borgarnesi.

**Gus Gus** verður á **Hvíta Húsinu** við Hrísmýri á Selfossi. Húsið verður opnað kl. 23.

### Leikrit

**18.00** Leikhópurinn **Kraðak** sýnir **„Let's talk local - Reykjavík“** á **Restaurant Reykjavík** við Vesturgötu 2. Þar er rakin saga Reykjavíkur frá landnámi til dagsins í dag. Sýningin fer fram á ensku og er sýnd alla daga kl. 18.



**19.00** Leikhópurinn **Munaðarleysingjar** sýnir verkið **Munaðarlaus** eftir Dennis Kelly í **Norræna Húsinu** við Sturlugötu 5. Nánari upplýsingar á www.nordice.is. Ath. nýr sýningartími.

### Fyrirlestrar

**16.00** **Viðar Halldórsson** íþróttafélagsfr., **Róbert Magnússon** sjúkraþjálfari og **Ólafur Sæmundsson** næringarfræðingur flytja erindi hjá **ÍSÍ** Engjavegi 6 (Salur E). Þessi viðburður er í tengslum við Alþjóðlegu Reykjavíkurleikana. Nánari upplýsingar á www.rig.is.

**Sunnudagur 17. janúar 2010**

### Tónleikar

**17.00** **Kjartan Sigurjónsson** leikur á **Björgvinsorgel Hjallakirkju** við **Álfaheiði** í Kópavogi. Á efnisskránni verða verk eftir Pál Ísólfsson, Jón Þórarinsson, Bach, Buxtehude, Mendelssohn, Joonas Kokkonen og fleiri. Enginn aðgangseyrir.

### Leiðsögn

**14.00** Í **Listasafni Íslands** við Fríkirkjuveg mun **Gunnar J. Árnason**, listheimspekingur vera með leiðsögn um sýninguna **Carnegie Art Award 2010** sem nú stendur þar yfir. Enginn aðgangseyrir og allir velkomnir.



**15.00** **Þorri Hringsson** verður með listamannaspjall um sýningu sína sem nú stendur yfir í **Ásmundarsal** við Listasafn ASÍ við Freyjugötu 41.

**15.00** Þrír af listamönnunum ellefu sem eiga verk á sýningunni **„Ljóslitlífun“** í **Listasafni Reykjavíkur** við Tryggvagötu, verða með leiðsögn um sýninguna. Það eru **Guðmundur Thoroddsen, Heimir Björgúlfsson** og **Ragnar Jónasson**. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

### Félagsvist

**14.00** **Félagsvist** verður spiluð í **Breiðfirðingabúð**, Faxafeni 14. Allir velkomnir.

### Dansleikir

Dansleikur **Félags eldri borgara** í Reykjavík og nágrenni fer fram að **Stangarhyl 4** kl. 20-23.30. Danshljómsveitin **Klassík** leikur fyrir dansi. .

### Leikrit

**20.00** **Leikfélag Kópavogs** sýnir frumsamda leiksýningu er ber heitið **Umbúðalaust**. Sýningar fara fram í **Leikhúsinu** að **Funalind 2**. Nánari upplýsingar á www.kopleik.is.

### Dagskrá

**14.00** Tónlistarmennirnir **Bára Grímsdóttir** og **Chris Foster** leiða dagskrá undir yfirskriftinni **„Syngjum og kveðum“** á kaffihúsi Menningarmiðstöðvarinnar **Gerðuberg** (Gerðubergi 3-5). Ætlunin er að leiða saman söngelskt fólk af öllum kynslóðum og syngja og kveða saman. Allir eru velkomnir og aðgangur er ókeypis.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**


CISV international
building global friendship

Einstakt tækifæri fyrir 12-13 ára unglinga

CISV hefur verið starfandi á Íslandi í tæp 30 ár og sent yfir 1.000 þátttakendur út um allan heim.

**Erum með laus pláss fyrir 12-13 ára krakka í unglingaskipti við Mílanó á Ítalíu.** Um er að ræða 6-8 manna hóp sem fer í tvær vikur til Mílanó og dvelur inn á heimilum jafnaldra sinna þar. Síðan dvelur allur hópurinn á Íslandi í tvær vikur. Íslenskur og ítalskur fararstjóri sjá um skipulagningu ásamt foreldrum og börnum. Hópurinn verður á Ítalíu frá 30. júní til 14. júlí og á Íslandi frá 15. júlí til 29. júlí.

**Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu félagsins www.cisv.org, á netfanginu cisv@cisv.is eða í síma 861 1122 (Ásta).**

HANDBALL EURO·MEN 2010 AUSTRIA

ibs í blíðu og stríðu ICELANDAIR

ALLT UM EM 2010
Í HANDBOLTA Á VÍSIR.IS





» VEF TV EM 2010 Í SAMSTARFI VIÐ ICELANDAIR
» SÉRFRÆÐINGAR SPÁ Í SPILIN
» HANDBOLTABLOGG
» BEINAR LÝSINGAR FRÁ LEIKJUM ÍSLANDS
» GETRAUNALEIKUR BETSSON OG VÍSIR.IS

betsson.com POKER - BETTING - CASINO

VÍSIR.IS ...ég sá það á visir.is

# stíll

utlit@frettabladid.is

## > SARAH JESSICA VINNUR FYRIR HALSTON

Bandaríska tískuhúsið **Halston** sem hefur verið í uppbyggingu á ný eftir að hafa verið eitt vinsælasta merki áttunda áratugarins, hefur tilkynnt að leikkonan Sarah Jessica Parker muni fá háttskipað starf hjá þeim. Er talið að hún muni vinna með hönnunarteyminu.



## OKKUR LANGAR Í ...




Nýja og endurbætta Double Wear-augnblýantinn frá Estée Lauder. Helst á augunum – lengi!



Flottan hnýttan klút frá hönnuðinum Philippe Clause.



Dásamlega nýja ilmvatnslínu frá Make Up Store en þar eru á ferð nútímalegar og girnilegar ilmtegundir fyrir allar gerðir kvenna.



## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA

**Anna Margrét Björnsson**

# *Japanar taka skinkuna skrefinu lengra*

Einhvern tímann í haust rambaði ég á japanska vefsíðu um fyrirbærið „Ganguro girls“. Eins og flestir vita búa Japanir að stórfenglegri götutísku sem skiptist í alls konar hópa og þessi „Ganguro“-stíll er einn af þeim. Það sem vakti furðu mína og kátínu þegar ég horfði á kennslumyndband um „Ganguro“-málningu var að japanskar stelpur byggja lúkkið á hinni vestrænu skinku. Förðunin er eftirfarandi: sérlega dökkbrúnu meiki er makað á andlitið. Hvítum augnskugga er makað yfir augnlokin og undir augun, og svo svörtum blýanti meðfram augunum. Þetta er krónað með miklum varablýant, bleikum varalit og svörtum strikum á augabrúnirnar.

Það sem er skemmtilegast við þessa Tókíó-tísku er að einhvern veginn taka þær skinkuna skrefinu lengra. Þannig fer skinkulúkkið allan hringinn og hættir að verða hallærislegt og verður í staðinn næstum því töff, svona á skrýtinn hátt. Svo króna þær þetta með gersamlega yfirgengilegum skinkudressum, stuttum þröngum bleikum pilsum, hvítum bolum þar sem sést í brjóstaskoruna og strípulitað ljóst hár með Paris Hilton-legum tíkarspenum. Ganguro þýðir „svart andlit“ hjá Japönum og þetta útlit þykir fremur exótískt fyrir þjóð sem einkennist af fölum húðarlit og hrafntinnusvörtu hári. Reyndar var stíllinn líka innblásinn af japanskri klámmyndastjörnu, Ai Iijima, sem var voðalega fræg á tíunda áratugnum og gekk í litríkum og kynþokkafullum fatnaði. En svona þegar maður spáir í það þá er „skinku“-útlitið sem nú er orðið fast í sessi örugglega líka innblásið af klámmyndastjörnum okkar vestræna heims. Eru ekki klámmyndastjörnur eimitt málaðar, greiddar og klæddar í þessum anda? Með dökkappelsínugul andlit, teiknaðar augabrúnir og varaútlínur? Hver veit, en skemmtileg pæling engu síður.



LJÓSIÐ

**Ný námskeið í Ljósinu,**

endurhæfingar og stuðningsmiðstöð fyrir krabbameinsgreinda og aðstandendur.

Upplýsingar og skráning í síma 561-3770, ljosid@ljosid.org. Sjá www.ljosid.is

**Námskeið fyrir aðstandendur**

18 ára og eldri – 6-9 ára – 10-13 ára – ungmenni (ásamt fjölskyldumeðlimum). Hér gefst aðstandendum tækifæri til að koma saman, fræðast og deila reynslu. Börnin fá styrkjandi námskeið í gegnum ævintýra -og listmeðferð.

Tími: Fullorðnir, 7 skipti hefst 20. jan. kl: 19:30

Tími. Börn, 10 skipti hefst 28. jan. kl: 16:30

**Fjölskyldunámskeið**

Tveir laugardagar, 3 tímar í senn, 27. feb. og 6. mars. Kl. 10-13

Fræðslufundir fyrir karlmenn sem hafa greinst með krabbamein. Mjög vandaðir fræðslufundir sem miða að auknum skilningi og þekkingu á því breytingarferli sem verður í lífi karlmanna sem greinast með krabbamein.

Tími: 8 skipti, hefst 27. jan. kl: 17:30

**Heilsuefling**

Fræðslu og umræðufundir þar sem farið er í gegnum flest er viðkemur heilsu, bjargráðum, uppbyggingu á sjálfstrausti og almennri líðan.

Tími. 8 skipti, hefst 20. jan. kl: 10:30

**12 sporin**

Fyrir þá sem vilja auka lífsgæðin bæði andlega og félagslega. Stuðst við bókina „Tólf sporin, andlegt ferðalag“.

Tími: 16 skipti, hefst 28. janúar kl. 12:30

**Það eru allt menntaðir fagaðilar sem stýra og koma að námskeiðunum.**

## FELLINGAR OG RYKKINGAR NÆSTA VOR:

# KVENLEG MÝKT

Sýn margra hönnuða fyrir næsta vor og sumar er sérlega létt og kvenleg og virðist jafnvel innblásin af fornum gyðjum. Kjólar og buxnasamfestingar voru rykktir og með fellingum og einnig var mikið um slík pils og blússur. Þessa tískubylgju mátti sjá aðallega hjá Lanvin, Stellu McCartney og Isabel Marant og litir voru allt frá ferskjubleikum yfir í grátt og kóngablátt. **- amb**



**APPELSÍNUGULT** Fallleg siffonblússa við ljósbleikt pils frá Lanvin.



**SAMFESTINGUR** Grár buxnasamfestingur frá Isabel Marant.



**KAMPAVÍNSLITAÐ** Dásamlegur samfestingur tekinn saman í mittið frá Lanvin.



**KÓNGABLÁTT** Fallegur stuttur sumarkjóll frá Lanvin.



**TÖFF** Flott samsetning af buxum, skyrtu og jakka hjá Isabel Marant.



**NÚTÍMALEGT** Grátt dress úr prjónaefni frá Haider Ackerman.



6
31
4
27
25
21
Ohh það er svo gaman að vera ég!
Sætust og alltaf númer 1
©Disney
ANDRÉS ÖND
WWW.ANDRÉSÖND.IS
Andrésína Önd við módelstörf í janúar 2010

> **FRAMLEIÐIR HEIMILDARMYND**

Leikstjórinn **Steven Spielberg** ætlar að framleiða heimildarmynd í samvinnu við sjónvarpsstöðina Science Channel um endurbyggingu staðarins þar sem tvíburaturnarnir hrundu í New York. Myndin verður sýnd í sex hlutum á Discovery-stöðinni á næsta ári.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Kreppuxtexti í stað ástaróðs

„Hvers vegna skyldu menn ekki geta sungið um það sem skiptir máli þarna líka. Ekki það að ást og hamingja skipti ekki máli," segir Sváfnir Sigurðarson.

Hann samdi textann við lag hljómsveitarinnar Menn ársins, Gefst ekki upp, sem keppir í Eurovision í kvöld. Flest lögin í keppninni fjalla um ástina á einn eða annan hátt en lag Manna ársins snýst um kreppuna, þar á meðal búsáhaldabyltinguna, þar sem meðal annars segir: „Að glænýjum sið þá mótmæltum við, stóðum saman við þinghúsið".

Sváfnir segir textann byggðan á reynslu sinni af kreppunni. „Ef menn hafa ekki orðið fyrir áhrifum af andrúmsloftinu í þjóðfélaginu hljóta þeir að hafa verið sofandi. Þetta er leið til að súmmera það aðeins upp og smá hvatning líka. Það er búið að vera svo rosalega mikið þunglyndi í gangi en við eigum ekkert að gefast upp," segir hann.

Sváfnir tekur fram að textinn hafi ekki verið saminn sérstaklega fyrir Eurovision. „Við sömdum bara þetta lag og síðan var ákveðið að dúndra því inn í Eurovision. Það var ekki meðvituð ákvörðun að gera Eurovision að pólitísku hreyfiafli. En á þeim tímum þegar menn þurfa að þjappa sér saman er þetta kannski rétta lagið."

Menn ársins tóku þátt í undankeppni Eurovision árið 2007 er þeir flutti lagið If You Were Here eftir Þórarin Freysson. Sveitin gaf út sína fyrstu plötu ári síðar og fyrir áhugasama er hægt að hala henni frítt niður á síðunni Bandcamp.com. - fb



**MENN ÁRSINS** Hljómsveitin Menn ársins tekur þátt í undankeppni Eurovision í kvöld.

# Stjörnurnar safna á MTV

**Leikarinn George Clooney hefur umsjón með sjónvarpssöfnun sem verður haldin á MTV-stöðinni næstkomandi föstudag fyrir fórnarlömb jarðskjálftans á Haítí. Fjöldi stjarna mun í sjónvarpsútsendingunni hvetja almenning til þess að láta fé af hendi rakna til fórnarlambanna. Brad Pitt og Angelina Jolie hafa þegar riðið á vaðið með því að gefa samtökunum Læknar án landamæra eina milljón dollara til hjálparstarfs. Á meðal annarra sem hafa hvatt fólk til að styðja við bakið á Haítíbúum eru söngvararnir Wyclef Jean og Chris Martin ásamt leikurunum Ben Stiller og Scarlett Johansson.**



**GEORGE CLOONEY** Clooney hefur umsjón með sjónvarpssöfnun á MTV fyrir fórnarlömb jarðskjálftanna á Haítí.


## Viltu minnka við þig?

Við erum með kaupanda að góðu 200-250 fm. einbýlishúsi í Kópavogi eða Garðabæ. Skipti möguleg á notalegu 154 fm. parhúsi á frábærum stað í Kópavogi.

Við leitum að raðhúsi, parhúsi eða einbýlishúsi með lágmarki 4 svefnherbergjum í skiptum fyrir 3ja herbergja íbúð í Lindaherfi í Kópavogi.

Erum einnig með kaupanda að 2ja og 3ja herbergja íbúðum í hverfi 101 Reykjavík.

**Allar upplýsingar gefur Aðalheiður Karlsdóttir, löggiltur fasteignasali í síma 893 2495, tölvupóstur: adalheidur@eignir.is**

EIGNAUMBOÐIÐ EHF FASTEIGNASALA

**Aðalheiður Karlsdóttir, lögg.fasteignasali**

Sími 580 4600 - Faxafen 10 - 108 Reykjavík - www.eignir.is


# Andstæðingurinn leitar ráða gegn Gunnari á Netinu

**Gunnar Nelson mætir Bretanum Sam Elsdon í blönduðum bardagaíþróttum í London 13. febrúar. Gunnar undirbýr sig nú að kappi fyrir bardagann, en andstæðingurinn leitar ráða á spjallborði á Netinu.**

„Þetta er svolítið spes. Ég er ekki búinn að skoða spjallborðið mikið, en pabbi er búinn að segja mér frá þessu. Það eru misalvarleg ummæli þarna," segir Gunnar Nelson.

Hinn breski Sam Elsdon þykir ekki eiga góða möguleika á móti Gunnari, sem er talinn mun sigurstranglegri. Hann leitar því ráða á spjallborði á netinu fyrir bardaga þeirra í London hinn 13. febrúar. Aðspurður segist Gunnar ekki leita að leiðum til að sigra andstæðinga sína á spjallborðum og telur að Elsdon þrái athygli.

Þrátt fyrir þessar sérstöku þjálfunaraðferðir, þá vanmetur Gunnar ekki Elsdon. „Hann er öflugur. Hann er með 2. dan í júdó og mikla reynslu í muay thai líka. Þannig að hann verður erfiður, það er ekki spurning," segir Gunnar.

Gunnar hefur hingað til mætt mönnum í blönduðum bardagalistum sem eru fyrirfram taldir sigurstranglegri. Þrátt fyrir það er hann ósigraður og nú er hann talinn sigurstranglegri. „Ég reyni að láta það ekki trufla mig. Það er náttúrlega bara bardaginn sem skiptir máli," segir Gunnar, sem æfir nú á Íslandi, í fyrsta skipti fyrir bardaga sem þennan. „Það gengur bara vel. Ég þarf að fara út líka en mér finnst ég ná að undirbúa mig mjög vel núna. Mér líður vel og ég er með gott lið með mér að æfa."

atlifannar@frettabladid.is



**VÍGALEGUR** Gunnar heldur til London í febrúar til að berjast við hinn breska Sam Elsdon. Elsdon þessi þykir sterkur, en Gunnar er talinn sigurstranglegri.






# Loks á Selfossi

**Gus Gus heldur sína fyrstu tónleika á árinu á Selfossi í kvöld. Þetta eru fyrstu tónleikar sveitarinnar á Selfossi á fimmtán ára starfsferli. Tónleikarnir fara fram á skemmtistaðnum Hvíta húsið sem er stærsti skemmtistaður Suðurlands. Húsið opnar kl. 23 og hljómsveitin mun stíga á svið upp úr miðnætti. Gus Gus er að kynna sjöttu plötuna sína, 24/7, en hún hefur fengið góða dóma víðs vegar um heim.**



**DRESSMAN** Gus Gus eru alltaf smart.

# Pattinson líklegastur



**ROBERT PATTINSON** Pattinson er talinn líklegastur sem næsti Spider-Man.

**Robert Pattinson úr Twilight-myndunum er talinn líklegastur til að taka við af Tobey Maguire sem næsti Spider-Man. Fyrir skömmu var tilkynnt að Maguire hefði yfirgefið þennan vinsæla kvikmyndabálk ásamt leikstjóranum Sam Raimi. Ekki hefur verið ákveðið hvenær fjórða myndin um Spider-Man verður frumsýnd. Söguþráður hennar verður frábrugðinn því sem verið hefur því hún á að gerast á menntaskólaárum Péturs Parker.**

# ÚTSÖLUBÚÐIN ÞÍN

Allt að 70% afsláttur

# byggtogbúið

NÝTT KORTATÍMABIL

## Vinsælar útsöluvörur

Cilio hitakanna
1ltr rauð
35%
Tilboð 4.387 kr.

Baðvog
m/fitumælingu
35%
Tilboð 5.844 kr.

Nákvæmnis skrúfjárnasett
35%
Tilboð 1.137 kr.

Ryksugupoki
fjölnota, á margar gerðir
35%
Tilboð 1.137 kr.

Vasaljós LED
35%
Tilboð 1.137 kr.

Severin poppkornsvél
25%
Tilboð 4.493 kr.

Sódavatnstæki hvítt
25%
Tilboð 14.900 kr.

Tristar rakatæki
25%
Tilboð 9.743 kr.

Tristar vöfflujárn belgískt
25%
Tilboð 7.493 kr.

Cloer vöffjujárn
25%
Tilboð 5.993 kr.

Babyliss blásari
25%
Tilboð 4.493 kr.

Rafmagns pizzapanna
35%
Tilboð 6.499 kr.

Schou hitablásari
35%
Tilboð 3.894 kr.

Remington rakvél
25%
Tilboð 5.990 kr.

Bodum pressukanna
35%
Tilboð 5.844 kr.

Pönnukökupanna á allar hellur
35%
Tilboð 2.594 kr.

Mandólín
25%
Tilboð 3.743 kr.

Karafla 1ltr
35%
Tilboð 818 kr.

Chef panna 26cm
35%
Tilboð 4.544 kr.

Chef pottur 24cm
35%
Tilboð 5.194 kr.

Hitabrúsi 0.35ltr
35%
Tilboð 1.600 kr.

Mebus eldhúsvog
50%
Tilboð 3.000 kr.

## Vinsælar Rýmingarsöluvörur

Ruslafata 35ltr
ryðfrítt stál
50%
Tilboð 12.499 kr.

Sturtuhaus m/ljósi
50%
Tilboð 2.249 kr.

Sería Monique svört
70%
Tilboð 2.097 kr.

Veðurstöð m/skynjara
50%
Tilboð 3.249 kr.

Sería Julie svört
50%
Tilboð 2.495 kr.

Lifetime sléttujárn
50%
Tilboð 3.495 kr.

Cuisiner kaffivél
50%
Tilboð 3.749 kr.

AFK djúpsteikingarpottur
50%
Tilboð 2.995 kr.

Ultra hreinsitæki
50%
Tilboð 5.000 kr.

Robo gólfhreinsir
50%
Tilboð 4.000 kr.

Fjórar krúsir svartar
70%
Tilboð 1.038 kr.

Innkaupapoki nylon
kaki, camel
50%
Tilboð 621 kr.

## Heimilistæki á lægsta verði

allar vörurnar á 2.990 kr.

Við erum á facebook

www.facebook.com/byggt.og.buid

byggtogbúið
KRINGLUNNI
Sími 568 9400 | www.byggtogbuid.is

# Ekki aftur nakin

Natalie Portman ætlar aldrei aftur að koma nakin fram á hvíta tjaldinu. Hún lék í nektaratriði í myndinni Hotel Chevalier sem kom út 2007 og í framhaldinu birtust myndir af henni á klámsíðum á Netinu, henni til mikillar óánægju.

„Það er leiðinlegt að vita til þess að helmingurinn af dómunum um myndina snerist um nektina. Þá fór ég að sjá eftir því að hafa gert þetta,“ sagði Portman. „Ég er ekki viðkvæm gagnvart nekt. Mér finnst fallegt að hafa hana í kvikmyndum og kynlíf er svo stór hluti af lífinu. Mér finnst nektin samt dreifa athyglinni frá því sem skiptir aðalmáli. Myndin af mér endaði á klámsíðum og það fékk mig til að velta þessum hlutum fyrir mér.“



**NATALIE PORTMAN** Ísraelska leikkonan ætlar aldrei aftur að koma nakin fram á hvíta tjaldinu.

# Killers í frí

Hljómsveitin The Killers frá Las Vegas ætlar að taka sér langþráð frí eftir að tónleikaferð hennar um Ástralíu lýkur í næsta mánuði. Rokkararnir eru úrvinda eftir að hafa gefið út þrjár plötur frá árinu 2004 og farið í tónleikaferðir um heiminn til að fylgja þeim eftir. „Ég veit ekki hvort fólk gerir sér grein fyrir því en þetta verða líklega síðustu tónleikarnir okkar í dálítinn tíma, nema eitthvað óvænt komi upp á,“ sagði gítarleikarinn Dave Keuning. „Við höfum ekki fengið frí í langan tíma. Við höfum farið í tónleikaferðir og búið til plötur stanslaust síðustu sex ár. Það hefur ekki verið mikill frítími þess á milli. Það er eins og fólk haldi að við getum gert þetta endalaust án þess að hvíla okkur. Núna viljum við bara slappa af og gera eitthvað meira fyrir sjálfa okkur,“ sagði hann.



**THE KILLERS** Rokkararnir í The Killers fara í langþráð frí í næsta mánuði eftir mikið álag undanfarin ár.

# LeeAnn óttaslegin

In Touch greindi frá því í vikunni að söngkonan LeAnn Rimes óttist að kærasti hennar, leikarinn Eddie Cibrian, verði henni ótrúr. Þau kynntust í fyrra þegar þau léku saman í sjónvarpsmynd, en þau voru bæði gift þegar samband þeirra hófst.

Samkvæmt heimildarmönnum er Rimes svo áhyggjufull að hún þorir ekki að skilja Cibrian einan eftir og eyðir nú miklum tíma á tökustað sjónvarpsþáttanna CSI: Miami. „Eddie hefur alltaf verið daðrari, en þegar LeAnn er viðstödd þorir hann ekki að horfa á eða tala við aðrar konur. Eddie er farið að þykja stöðug nærvera hennar óþægileg og biður hana um að bíða eftir sér í búningsherberginu.“



**ÓÖRUGG** LeAnn Rimes eltir kærasta sinn í vinnuna.

# Dóttir Stings gefur út



**COCO SUMNER** Dóttir Sting er að gefa út sitt fyrsta lag.

Coco Sumner, hin nítján ára dóttir tónlistarmannsins Sting og eiginkonu hans Trudie Styler fetar nú í fótspor pabba síns og hefur gefið út fyrsta lagið sitt. Hún notar listamannsnafnið I Blame Coco og í laginu, „Caesar“, syngur hún með sænsku söngkonunni Robyn.

Búast má við stórri plötu í framtíðinni en Coco er á samningi við Island-útgáfuna. Sting á sex börn sem flest fást við listir. Elsti sonur hans Joseph Sumner er í hljómsveitinni Fiction Plane og dætur hans Kate og Bridget eru leikkonur.

# Lady Gaga hné niður

**Aflýsa þurfti tónleikum söngkonunnar Lady Gaga á fimmtudagskvöld vegna veikinda tónlistarkonunnar aðeins klukkustund áður en þeir áttu að hefjast.**

Læknar Lady Gaga bönnuðu henni að fara á svið eftir að hún hné niður í búningsherbergi sínu skömmu fyrir tónleikana. Hún átti í erfiðleikum með andardrátt og var með óreglulegan hjartslátt sem læknar töldu afleiðingar ofþreytu. Lady Gaga bað aðdáendur sína afsökunar á Twitter-síðu sinni seinna um kvöldið. „Ég hef grátið stanslaust síðustu tvo tímana, mér finnst sem ég hafi brugðist aðdáendum mínum í kvöld. Klukkutíma fyrir tónleikana fékk ég aðsvif og átti erfitt með andardrátt. Sjúkraliðar komu til að sinna mér og sögðu mér að hjartsláttur minn væri óreglulegur. Ég heyrði tónleikagestina fagna þaðan sem ég sat í búningsherberginu mínu,“ skrifaði söngkonan sem hefur verið á ferð og flugi mestan hluta ársins 2009 við tónleikahald.

Söngkonan, sem er 23 ára gömul, sló í gegn árið 2008 með laginu Just Dance og hefur síðan þá gefið út tvær hljómplötur sem selst hafa í um átta milljónum eintaka. Hún var tilnefnd til sex Grammy verðlauna fyrir fyrstu hljómplötu sína, The Fame, og var meðal annars tilnefnd í flokknum um hljómplötu ársins.

Lady Gaga mun næst koma opinberlega fram á Grammy-verðlaunaafhendingunni sem fram fer þann 31. janúar næstkomandi, en söngkonan hefur verið tilnefnd til fimm verðlauna.



**FÉKK AÐSVIF** Söngkonan Lady Gaga þurfti að aflýsa tónleikum vegna veikinda. Hún bað aðdáendur sína afsökunar á Twitter-síðu sinni. Söngkonan hefur verið þekkt fyrir að ótroðnar slóðir í fatavali en hún er ein skærasta stjarna poppheimsins um þessar mundir. NORDIC PHOTOS/GETTY



**HOT CHIP** Söngkonan Susan Boyle veitti Hot Chip innblástur í laginu Keep Quiet.

# Susan Boyle hafði áhrif

**Joe Goddard í hljómsveitinni Hot Chip segir að frammistaða Susan Boyle í sjónvarpsþættinum Britain´s Got Talent hafi veitt sér innblástur að laginu Keep Quiet. Goddard samdi lagið strax eftir að hafa séð Boyle syngja I Dreamed a Dream í þættinum. „Ég hafði aldrei horft áður á þáttinn og mér fannst hann alveg magnaður,“ sagði Goddard. „Bara að hlusta á þetta lag fékk mig til að semja nýtt lag. Ég sendi það til Alexis [Taylor] og hann var ekki lengi að semja textann og senda hann til mín.“ Næsta plata Hot Chip, One Life Stand, er væntanleg 8. febrúar.**




The Academy of Colour and Style

ÚTLIST- OG FÖRÐUNARSKÓLI

VILTU VERÐA STÍLISTI?

The Academy of Colour and Style er skóli sem kennir útlitsráðgjöf. Námið byggir á helstu atriðum útlitshönnunar og er meðal annars tekið fyrir litgreining, fatastíll og textill. Eftir nám fá nemendur diplóma í útlitsráðgjöf (fashion consultant).

Starfsmöguleikar eftir nám eru margir og spennandi og geta nýst á ýmsum sviðum og atvinnugreinum.

Hver önn tekur þrjá mánuði og fylgja öll kennslugögn með náminu.
Kennsla fer fram í Tækniskólanum einu sinni í viku frá 18-22.

| 1. Önn | 2. Önn | Starfsmöguleikar: |
|---|---|---|
| | | Innkaupastjóri |
| Fatastíll | Litgreining | Útlitsráðgjafi |
| Fatasamsetning | Förðun út frá litgreiningu | Stílisti |
| Textill | Litasamsetning | Verslunarstjóri |

Erna, stílisti



Ég hef unnið við förðun á Stöð 2 í 6 ár, þar á meðal við förðun keppenda í Idol og annarra sjónvarpsþátta hjá 365. Einnig vinn ég við auglýsingar, mynbönd og myndatökur. Það er óhætt að segja að námið hefur hjálpað mér mikið í starfi mínu í förðun og stíliseringu.

Skjöldur Mio, tískuráðgjafi



Ég taldi mig vita flest allt um tísku og útlit áður en ég fór í skólann. En annað kom á daginn. Ég hef lært heilmikið um fatasamsetningu, textil, litafræði, líkamsbyggingu og flest allt um útlit. Námið nýtist mér frábærlega í því sem ég er að gera.

UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 533-5101

www.utlit.is


# Ánægð með lífið

Leikkonan Jessica Alba sagði í nýlegu viðtali að það að eyða tíma með dóttur sinni hjálpi henni að slaka á eftir erfiðan dag. Hún sagðist jafnframt ekki vera jafn dómhörð á sjálfa sig eftir að hún varð móðir. „Honor er besta ráðið gegn stressi. Þegar ég eyði tíma með henni fæ ég betri yfirsýn á það sem skiptir máli. Ég get verið mjög gagnrýnin á sjálfa mig en eftir að ég eignaðist Honor þá gefst ekki tími í það. Mig langar líka að kenna henni að maður lærir af mistökum sínum og að lífið heldur áfram.“

Aðspurð sagðist leikkonan sátt við líkama sinn eftir barnsburðinn og segist hafa lært að meta sig eins og hún er. „Jafnvel þó maríur mundu telja slitfarið á maganum vera lýti þá er ég sátt við það. Meðgangan var ótrúleg upplifun og þess vegna tek ég slitinu og signu brjóstunum fagnandi.“



**ÁNÆGÐ MÓÐIR** Jessica Alba segir dóttur sína vera besta ráðið gegn stressi.


Viltu hætta að reykja?

Krabbameinsfélag Reykjavíkur hefur um árabil haldið námskeið fyrir einstaklinga eða hópa sem vilja hætta að reykja.

Næsta námskeið hefst mánudaginn 18. janúar 2010.

Hægt er að skrá sig í síma 540 1900 eða á netfangið reykleysi@krabb.is
Nánari upplýsingar á www.krabb.is/reykleysi

Krabbameinsfélagið
www.krabb.is

# Golf í stað rokksins

Rokksveitin Kings of Leon hefur sagt skilið við rokklífernið og leggur nú stund á golf. „Nathan er frábær kylfingur en Caleb nálgast hann óðfluga. Útgefandi þeirra vonast til að þeir muni gefa út aðra plötu nú í ár en þeir fara sér hægt í þeim efnum. Þeim liggur ekkert á. Nú ætla þeir að njóta lífsins fjarri upptökuverinu,“ var haft eftir heimildarmanni sem sagði jafnframt að mikil samkeppni ríkti meðal hljómsveitarmeðlima.

Auk þess að leika golf hefur trymbillinn Nathan einnig hafið innflutning á gæðavíni frá Frakklandi og má því með sanni segja að þeir ætli sér að njóta lífsins til hins ýtrasta.


**LEIKA GOLF** Hljómsveitarmeðlimir Kings of Leon hafa tekið sér frí frá tónlistinni og spila golf.


**HELTEKIN** Heidi Montag gekkst undir tíu lýtaaðgerðir á einum degi.

# Tíu aðgerðir á einum degi

**Sjónvarpsstjarnan Heidi Montag, sem gerði garðinn frægan í þáttunum The Hills, sem sýndir voru á MTV, hefur ekki sést opinberlega undanfarnar níu vikur. Ástæðan er sú að hún gekkst undir tíu lýtaaðgerðir á einum degi. „Undanfarin þrjú ár hef ég velt þessu vandlega fyrir mér. Það mætti segja að ég sé heltekin af lýtaaðgerðum og mig langar að láta lagfæra meira,“ sagði hin 23 ára gamla Montag í viðtali við People. Stúlkan lét meðal annars stækka á sér brjóst og varir, minnkaði hökuna, lét fjarlægja hrukkur og skerpa kinnbeinin.**


**MEÐ KRABBAMEIN** Leikarinn Michael C. Hall, sem fer með hlutverk í sjónvarpsþáttunum Dexter hefur greinst með krabbamein.

# Greindist með krabba

Michael C. Hall, sem fer með hlutverk morðingjans Dexters í samnefndum sjónvarpsþáttum, hefur greinst með eitilfrumukrabbamein af gerðinni Hodgkins. Hinn 38 ára gamli leikari sagði að æxlið hafi greinst snemma og því væru góðar líkur á fullum bata. „Meinið greindist snemma og með strangri meðferð ætti fullur bati að nást,“ sagði leikarinn sem þegar hefur hafið lyfjameðferð. Miklar framfarir hafa orðið í meðferð á krabbameini síðustu ár og hefur árangurinn orðið einna mestur hjá sjúklingum með Hodgkins-sjúkdóminn.





Landvarðanámskeið
Skemmtileg störf í náttúru Íslands
18. febrúar til 21. mars

Kennt er um helgar og á kvöldin á virkum dögum, sjá dagskrá á umhverfisstofnun.is
Námskeiðið er 110 tímar og gjald kr. 120.000

**Umsóknum** skal skilað fyrir 5. febrúar 2010 til Umhverfisstofnunar, Suðurlandsbraut 24 eða í tölvupósti á umhverfisstofnun@ust.is
Í umsókn þarf að koma fram nafn, kennitala, heimilisfang, sími og netfang. Skilyrði er að umsækjendur séu fæddir 1990 eða fyrr.

SÚPER ÁRANGUR Í
40 DAGA



Taktu sjálfa þig í gegn á 40 dögum.

Innifalið:
- Þjálfun og mataræði tekið í gegn
- Þjálfun 3x í viku
- Sérhannað æfingakerfi sem miðar að því að komast úr stöðnun og tryggja að þú komist í þitt allra besta form
- Auka æfingaáætlun til að tryggja þátttakendum hámarksárangur á námskeiðinu
- Aðgangur að glæsilegri útiaðstöðu – jarðsjávarpotti og gufuböðum
- Dagleg hvatning, fróðleikur og uppskriftir frá Ágústu Johnson
- Sérstakt mataræði sem er byggt upp á sama hátt og vinsælt er hjá Hollywood stjörnum sem þurfa að koma sér í toppform fyrir rauða dregilinn –við tryggjum að það er heilsusamlegt og skynsamlegt!
- Mælingar – vigtun og fitumælingar – fyrir og eftir
- Kvöldstund í Blue Lagoon spa

Taktu stökk í átt að nýjum og betri lífsstíl!
HEFST 25. JANÚAR
Þriðjudaga og fimmtudaga kl. 19.30 og laugardaga kl. 11.15 í sal 2.
Verð 24.900 kr.




Mótaðu líkama þinn á mettíma fyrir sumarið með Strive 1,2,3.
4-vikur – 2x í viku.
Aðeins 40 mín í senn.
Fyrir konur og karla.



Árangur / 20+
Komdu út úr vítahringnum – 8 vikna námskeið
Nýttu þér áratuga reynslu okkar og losnaðu við aukakílóin fyrir fullt og allt. Námskeið fyrir konur sem vilja losna við 20kg+.
Námskeiðið samanstendur af gönguferðum, léttri leikfimi, fyrirlestrum, fræðslu, stuðnings- og aðhaldsfundum, vigtun og fitumælingum. Tölvupóstur með stuðningi og fræðslu 5x í viku.
Þú eykur orku þína, þrek og vellíðan til framtíðar.
Nánari lýsingu á námskeiðinu finnur þú á www.hreyfing.is.
Þriðjudaga og fimmtudaga kl. 18.00 - Hressandi útitímar, göngur og æfingar. Laugardagar kl. 11.15 æfingar í sal .
Umsjónarmenn:
Kristjana Sturludóttir og Katrín Sigurbergsdóttir
Forgangsraðaðu, settu þig í fyrsta sæti.
Hefst 25. jan.
Verð 29.900 kr.

Árangur / HRAÐFERÐ
Styrktarþjálfun í Strive 1,2,3 er tækni sem kemur þér í toppform á mettíma.
Hámark 16 manns í hóp – mikið persónulegt aðhald og eftirfylgni.
Ein áhrifaríkasta og virkasta styrktarþjálfunarleið í heimi sem er notuð af bandaríska hernum sökum þess hve hægt er að ná góðum árangri á skömmum tíma.
Festu þér pláss strax í dag.
Skráning á www.hreyfing.is og í síma 414-4000
Hefst 8. feb.
Verð 14.900 kr.
Tímar: 07.25 mán .og mið.
17.25 mán. og mið.
18.15 mán. og mið. (50+)
17.30 þri. og fim.

HREYFING HEILSULIND
BLUE LAGOON ICELAND geothermal spa
Álfheimar 74
Sími: 414 4000
hreyfing@hreyfing.is
www.hreyfing.is




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 — TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu 600 kr.

| | | |
|---|---|---|
| DYHAT MORGANS | kl. 8 - 10.20 | 7 |
| MAMMA GÓGÓ | kl. 1 - 6.20 - 8.20 - 10.20 | L |
| AVATAR 3D 950 kr. KL. 1 | kl. 1-3.40-4.40-7-8-10.20-11.15* | 10 |
| AVATAR 2D LÚXUS | kl. 1 - 4.40 - 8 - 11.15* | 10 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 2 | kl. 1 - 2 - 3.10 - 4.10 - 5.20 | L |
| *Aðeins laugardag | | |

facebook.com/smarabio
AÐDÁENDUR GETA UNNIÐ BÍÓKORT ÚT ÁRIÐ, BOÐSMIÐA Á FORSÝNINGAR O.M.FL.

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu 600 kr.

| | | |
|---|---|---|
| HARRY BROWN | kl. 3 - 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| THE ROAD | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.20 | 16 |
| TAKING WOODSTOCK | kl. 8 - 10.30 | 14 |
| ALVIN & ÍKORNARNIR 2 | kl. 4 - 6 íslenskt tal | L |
| ALVIN & THE CHIPMUNKS 2 | kl. 4 - 6 enskt tal | L |
| JULIE & JULIA | kl. 8 - 10.35 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 — TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu 600 kr.

| | | |
|---|---|---|
| MAMMA GÓGÓ | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| AVATAR 3D 950 kr. KL. 2.30 | kl. 2.30 - 6 - 9.30 | 10 |
| FRUMGRÁTURINN | kl. 3.30 / kl. 8 sun. Enskur texti | L |
| VERNDARGRIPURINN | kl. 3.40 / kl. 10 sun. Enskur texti | L |
| HJÖRTUN | kl. 3.30 / kl. 10 sun. Enskur texti | 12 |
| MORÐKVENDI | kl. 6 / kl. 3.50 sun. Enskur texti | 16 |
| LJÚFA PALOMA | kl. 5.30 / kl. 3 sun. Enskur texti | L |
| EDRÚ | kl. 8 / kl. 3.30 sun. Enskur texti | L |
| GÓÐ LÖGGA, VOND LÖGGA | kl. 8 / kl. 5.30 sun. Enskur texti | 12 |
| NIKULÁS LITLI | kl. 10 / kl. 8 sun. Enskur texti | L |
| ÞAÐ VAR EKKI ÉG, ÉG... | kl. 10.15 / kl. 5.50 sun. Enskur | L |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 — TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu 550 kr.

| | | |
|---|---|---|
| DYHAT MORGANS | kl. 10 | 7 |
| MAMMA GÓGÓ | kl. 8 | L |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 2 | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| AVATAR 2D | kl. 3 - 6 - 9 | 10 |

SÝNINGARTÍMAR FYRIR SUNNUDAGINN OG FRANSKA KVIKMYNDAHÁTÍÐ ER AÐ FINNA Á MIDI.IS




LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| DID YOU HEAR ABOUT THE MORGANS? | kl. 8 | L |
| MAMMA GÓ GÓ | kl. 2, 4, 6, 8 og 10 | 10 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 2- ÍSL TAL | kl. 2 og 4 | L |
| AVATAR 3D - POWER | kl. 4, 6, 9 og 10.10 | 10 |
| ARTÚR 2 - ÍSL TAL | kl. 2 | L |




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| SHERLOCK HOLMES kl. 2:30D - 5:20D - 8D - 9 - 10:20 - 10:40D | | 12 |
| SHERLOCK HOLMES | kl. 2:30 - 5:20 - 8 - 10:40 | VIP |
| WHIP IT | kl. 5:40 - 8 | 10 |
| BJARNFREÐARSON | kl. 1 - 3:20 - 5:40 - 6:20 - 8 - 10:20 | L |
| PRINSESSAN OG FROSKURINN M/ ísl. Tali kl. 1:30 - 2 - 3:30 - 4 - 5:50 | | L |
| OLD DOGS | kl. 2 - 4 | L |
| SORORITY ROW | kl. 8 | 16 |
| TWILIGHT 2 NEW MOON | kl. 10:30 | 12 |

sýningartímar í Álfab. og á AK. gilda sun og lau.
kynntu þér sunnudagssýningartíma Kringlunnar á sambio.is

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| CARMEN Ópera í Beini útsendingu | kl. 6 Uppselt | L |
| SHERLOCK HOLMES | kl. 3D-5:30D -8D-10:20D-10:40D | 12 |
| BJARNFREÐARSON | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | L |
| WHIP IT | sýnd á morgun kl. 8 | 10 |
| PRINSESSAN OG FROSK. M/ ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:30 | L |
| PRINSESSAN OG FROSKURINN M/ Ensku. Tali | kl. 1 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| CHRISTMAS CAROL 3D M/ ísl. Tali | kl 2 | 7 |
| SHERLOCK HOLMES | kl. 4 - 8 - 10:40 | 12 |
| PRINSESSAN OG FROSKURINN | kl 2 - 4 | L |
| BJARNFREÐARSON | kl 5:45 - 8 - 10:20 | L |




**KEPPENDUR KVÖLDSINS**
**Hvanndalsbræður, Haraldur Vignir** úr Mönnum ársins, **Jógvan, Edgar Smári** og **Sigrún Vala**.

# Fjölbreytt popp á boðstólum

**Í kvöld er annar skammtur af þremur í undankeppni Söngvakeppninnar. Síðast komust ballaðan sem Íris Hólm söng og kántrírokklagið sem Matti Matt flutti áfram. Tvö af lögunum fimm í kvöld munu elta þessi lög í aðalkeppnina 6. febrúar eftir símakosninguna.**

Tvö lög eru flutt á íslensku af hljómsveitum, þrjú á ensku af söngvurum. Hljómsveitin Menn ársins flytur „Gefst ekki upp“, sem er stílað inn á að efla baráttuþrek landans í kreppunni. Þetta er kraftballaða eftir Harald Vigni Sveinbjörnsson og textann gerði Sváfnir Sigurðarson.

Hvanndalsbræður frá Norðurlandi koma með fyrsta „flipplag“ keppninnar í ár, „Gleði og glens“. Stofnandi sveitarinnar, Rögnvaldur „gáfaði“ Rögnvaldsson, samdi lag og texta. Hann hætti í sveitinni í fyrra en hefur ekki getað slitið sig frá stuðinu síðan. Selur stundum miða á böllum og ætlar að syngja bakraddir í kvöld ásamt spurningaljóninu Guðmundi Svafarssyni úr Ljótu hálfvitunum. Lagið er hresst popp sem sveiflast frá því að minna á Green Day og Papana.

Þá er það enskan. Samstarf Bubba Morthens og Óskars Páls hefur vakið athygli, enda hefur Bubbi ekki verið ýkja hrifinn af Eurovision fyrr en nú. Það er Færeyingurinn Jógvan Hanson sem flytur lag þeirra og texta, „One More Day“. Lagið ber keim af músík Bubba í gegnum árin, sérstaklega viðlagið, en erindið ber nett áhrif frá R.E.M. Melódían er sterk, en lagið er þó ekki sérlega „Eurovision“-legt og því getur brugðið til beggja vona með afdrif þess í keppninni.

Lagið „Now and Forever“ er eftir Albert Guðmann Jónsson, sem áður hefur tekið þátt í Eurovision, síðast í fyrra með lagi sem eiginkona hans, Kaja, söng. Albert var í hljómsveitinni Kung fú í fimm ár en er nú í hljómsveitinni Íslenska sveitin. Lagið er kraftballaða með nokkuð óvæntum hljómgangi og Edgar Smári Atlason syngur það af festu. Hann hefur sem kunnugt er sungið víða síðustu árin og var í úrslitum í síðustu Söngvakeppni með lagið „The Kiss We never Kissed“.

Eina konan í kvöld er Sigrún Vala Baldursdóttir, sem syngur lag Halldórs Guðjónssonar, „I Believe in Angels“. Sigrún Vala er ung söngkona af Suðurlandi og stundar nám við Tónlistarskóla FÍH. Halldór er mikill keppnismaður í tónlistinni og átta lög eftir hann hafa komist í úrslit Ljósalagskeppni Reykjanesbæjar. Hann vann þá keppni í fyrra og árið 2005. Halldór átti lag í Söngvakeppninni í fyrra sem komst ekki í úrslit.

Á síðasta undankvöldinu eftir viku reyna svo með sér söngvararnir Arnar Jónsson, Sigurjón Brink, Steinarr Logi Nesheim, Anna Hlín og Hera Björk.

drgunni@frettabladid.is










# BJARNFREÐARSON

# 60.000 MANNS!

## ÍSLENSKA ÞJÓÐIN ER Á EINU MÁLI!

## SÝND Í SAMBÍÓUNUM UM LAND ALLT!

„FALLEG SAGA UM ÓMÓTSTÆÐILEGAR PERSÓNUR“
MIDJAN.IS / B. E.

„GOURMET HANDRIT“ ★★★★ „ÞAÐ VAR LAGIÐ“
DV/ DÓRI DNA

„JÓN GNARR Á LEIKSIGUR...“
KVIKMYNDIR.IS / T. V.

„FYNDNASTA MYND Í HEIMI! “
FACEBOOK / K.K.

„FRAMÚRSKARANDI“
FACEBOOK / Á.G.S.

„BJARNFREÐARSON ER GALDUR“ ★★★★

„EINSTÖK“
FACEBOOK / P.G.

„PÉTUR JÓHANN ER ÓBORGANLEGUR“
KVIKMYNDIR.IS / E. R. R.

„FULLT HÚS“

„Fullskapað meistaraverk“
LANDPOSTUR.IS / B. Þ.

„SNILLDARVERK“
FACEBOOK / Á.S.J

„FRÁBÆR Í ALLA STAÐI“
KVIKMYNDIR.IS / I. P. B.

10/10
FACEBOOK / L.H.J

„LÆTUR MANNI LÍÐA VEL... ...MAÐUR FER BROSANDI ÚT.“
SILFUR EGILS / E. H.

„SKILUR MIKIÐ EFTIR SIG“
FACEBOOK / H.K.G.

„FALLEG OG FYNDIN“ ★★★★
FACEBOOK / E.A.

„MEINFYNDIN... ALDREI DAUÐUR PUNKTUR“
FRÉTTABLAÐIÐ / B. S.

„ÞAÐ BESTA Í ÍSLENSKRI KVIKMYNDAGERÐ“
FACEBOOK / P. J. P.

„FIMM STJÖRNUR“
FACEBOOK / J.I.K

„SÁ EKKI SERÍURNAR EN HÆTTI EKKI AÐ HLÆJA“
FACEBOOK / G.S.H

„HRÍFANDI“
FACEBOOK / H.E.



sagafilm · SAMFILM · vodafone

## > Sverrir mögulega með FH í sumar

Góðar líkur eru á að Sverrir Garðarsson muni spila með FH-ingum í sumar en félagið á nú í viðræðum við sænska B-deildarliðið GIF Sundsvall þar sem Sverrir er samningsbundinn í eitt ár til viðbótar. Pétur Stephensen, framkvæmdastjóri FH, staðfesti þetta í samtali við Fréttablaðið í gær. Sjálfur er Sverrir staddur hér á landi og er að æfa með FH þessa dagana. „Það kæmi mér ekki á óvart að þessi mál myndu leysast á næstu dögum. Ef ekki þá fer ég bara aftur til Svíþjóðar," sagði Sverrir. Þess má geta að hann var í láni hjá FH í sumar og lék alls átta leiki í Pepsi-deildinni.



**sport**

sport@frettabladid.is

**GUÐMUNDUR GUÐMUNDSSON:** VIÐ ERUM TILBÚNIR FYRIR EM Í AUSTURRÍKI

## *Strákarnir vita hvað þarf til að ná árangri*



Íslenska handboltalandsliðið leggur um helgina lokahönd á undirbúning sinn fyrir Evrópumeistaramótið í handbolta sem hefst í Austurríki á þriðjudaginn. Liðið fór til Parísar í gær þar sem liðið tekur þátt í æfingamóti. Í dag leikur Ísland við Spán og á morgun við annaðhvort Frakkland eða Brasilíu.

Guðmundur hefur ekki áhyggjur af því að spila tvo æfingaleiki í röð svo skömmu fyrir alvöruna í Austurríki.

„Nei, alls ekki. Þetta fylgir bara. Af hverju ættu til dæmis hinar þjóðirnar að spila um helgina? Ég hef engar áhyggjur af þessum leikjum," segir Guðmundur.

Hann segir að leikmenn munu leggja allt í leikinn í dag. „Við munum spila til sigurs. Þetta er sterkt lið sem við mætum – bronsverðlaunahafarnir frá Ólympíuleikunum – og við þurfum því að nýta leikinn vel."

Sigurvegarinn í leik Íslands og Spánar mætir sigurvegaranum úr leik Frakklands og Brasilíu á morgun annars vegar og tapliðin hins vegar. En sama hver andstæðingurinn verður segir Guðmundur að hann muni dreifa álaginu á milli leikmanna í leiknum á morgun.

Hann segir einnig andlegt ástand leikmanna gott og að mikil tilhlökkun ríki í herbúðum liðsins fyrir mótið í Austurríki.

„Við erum hægt og sígandi að komast í lokagírinn. Við ætlum að nota tímann fram að móti vel, bæði með því að yfirfara okkar leik sem og andstæðinganna. Hluti af því er að nýta þessa æfingaleiki um helgina á sem bestan máta."

Guðmundur segist engar áhyggjur af því hafa þó svo að væntingar fyrir mótið kunni að vera miklar hjá íslensku þjóðinni. „Það er mikilvægt að halda einbeitingunni góðri og hugsa um það sem mestu máli skiptir – hvað við gerum inni á sjálfum vellinum. Þetta eru allt reynslumiklir leikmenn í liðinu og hafa til að mynda gengið í gegnum Ólympíuleika. Þeir vita nákvæmlega hvað þarf til að ná árangri. Ég er sáttur við hvernig undirbúningurinn hefur gengið, bæði í leikjum og á æfingum. Ég hef ekki yfir neinu að kvarta. Við erum bara tilbúnir."



**ÓLAFUR GUÐMUNDSSON** Ein efnilegasta skytta landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þorbjörn um Ólaf:

## Betri en Logi og Aron

**HANDBOLTI** Þorbjörn Jensson, fyrrum landsliðsþjálfari, var gestur Morgunútvarps Rásar 2 í morgun og tjáði sig um íslenska handboltalandsliðið. Þorbjörn sagðist hafa vera mjög ánægður með að sjá FH-inginn Ólaf Guðmundsson í hópnum.

„Ég held að Gummi hafi gert hárrétt með því að taka Ólaf með. Mér finnst persónulega hann vera betri en bæði Logi og Aron. Ég hefði tekið hann umfram þá báða," sagði Þorbjörn sem þjálfaði landsliðið frá 1995-2001.

„Mér hefur alltaf fundist Ólafur mjög efnilegur og það sem hann hefur umfram hina tvo er að hann getur spilað vörn. Hinir tveir geta ekki spilað vörn," rökstuddi Þorbjörn. - óój

# Ólafur og Guðjón með í öll skiptin

**Íslenska karlalandsliðið er á leiðinni á sitt sjötta Evrópumót í röð. Ólafur Stefánsson og Guðjón Valur Sigurðsson eru áberandi á topplistum íslenska liðsins í sögu EM enda hafa þeir alltaf verið með.**

**HANDBOLTI** Það tók íslenska handboltalandsliðið sex löng ár að tryggja sér sæti á fyrsta Evrópumótinu og tókst það ekki fyrr en í fjórðu tilraun. Ísland var ekki með á fyrstu þremur Evrópumótunum sem fóru fram í Portúgal 1994, á Spáni 1996 og á Ítalíu 1998 því liðið sat í öll skiptin eftir í undankeppninni.

Síðan Ísland tryggði sig inn á EM í Krótatíu árið 2000 þá hafa Strákarnir okkar ekki misst úr EM. Besta árangrinum náði íslenska liðið árið 2002 þegar það komst alla leið í undanúrslitin en sá á eftir verðlaunum eftir 11 marka tap fyrir Svíum í undanúrslitaleiknum og 7 marka tap fyrir Dönum í leiknum um 3. sætið.

Tveir leikmenn íslenska landsliðsins sem er á leiðinni á Evrópumótið í Austurríki eru nú á leiðinni á sjötta Evrópumótið í röð. Þeir Ólafur Stefánsson og Guðjón Valur Sigurðsson voru báðir með íslenska liðinu þegar það steig sín fyrstu spor á EM fyrir áratug.

Guðjón Valur var þarna á sínu fyrsta stórmóti og var ekki í hópi í fyrstu tveimur leikjunum. Hann kom síðan inn í hópinn í þriðja leikinn sem var á móti Rússum. Frá þeim tíma hefur Guðjón Valur ekki misst úr leik á stórmóti og þar með leikið síðustu 27 leiki íslenska liðsins á Evrópumóti.

Guðjón Valur hefur aðeins hvílt í 17 mínútur og 36 sekúndur af síðustu fimmtán klukkutímum íslenska landsliðsins á Evrópumótinu. Guðjón Valur er leikjahæstur Íslendinga á EM með 27 leiki eða tveimur leikjum meira en Ólafur Stefánsson. Sigfús Sigurðsson er í 3. sæti með 22 leiki en hann er ekki með íslenska liðinu í Austurríki.

Ólafur Stefánsson lék fyrstu 18 leiki Íslands á EM en hefur misst úr fjóra af síðustu níu leikjum liðsins vegna meiðsla. Ólafur er sá leikmaður sem hefur skorað langflest mörk og gefið flestar stoðsendingar hjá íslenska liðinu á EM.

Ólafur hefur 37 marka og 113 stoðsendinga forskot á Guðjón Val Sigurðsson í báðum þessum tölfræðiþáttum. Hér fyrir neðan má sjá toppleiki Íslands í sögu EM

ooj@frettabladid.is



**REYNSLUMIKLIR** Ólafur Stefánsson og Guðjón Valur Sigurðsson verða í algjöru lykilhlutverki í Austurríki eins og venjulega hjá íslenska landsliðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR


## Tækniþróunarsjóður
## Styrkir til nýsköpunar

Umsóknarfrestur er til 15. febrúar 2010

- Tækniþróunarsjóður er sjóður sem heyrir undir iðnaðarráðherra og starfar samkvæmt lögum nr. 75/2007 um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun.
- Tækniþróunarsjóður fjármagnar nýsköpunarverkefni í samræmi við meginstefnu Vísinda- og tækniráðs.
- Umsækjendur geta verið fyrirtæki, einstaklingar, rannsóknastofnanir og háskólar.
- Sjóðurinn veitir framlög til nýsköpunarverkefna sem eru til þess fallin að auka samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs.
- Forsenda fyrir aðkomu sjóðsins er að fyrir liggi vel mótuð hugmynd um hagnýtt gildi og líklegan ávinning sem þróun viðkomandi verkefnis getur leitt til.
- Tækniþróunarsjóður hefur skilgreint þrjá verkefnisflokka og er umsækjendum bent á að kynna sér þá, ásamt reglum um viðurkenndan kostnað, á vefsíðu sjóðsins.
- Umsóknarfrestur er til kl. 17:00 þann 15. febrúar næstkomandi.

**Umsóknareyðublöð og nánari upplýsingar um Tækniþróunarsjóð eru á www.rannis.is**

Hlutverk Rannís er að veita faglega aðstoð og þjónustu við undirbúning og framkvæmd vísinda- og tæknistefnu Vísinda- og tækniráðs. Rannís er miðstöð stuðningskerfis vísinda- og tæknisamfélagsins. Í vörslu Rannís eru opinberir samkeppnissjóðir s.s. Rannsóknasjóður og Tækniþróunarsjóður. Rannís sér um greiningu á rannsóknum og nýsköpun á Íslandi og gerir áhrif rannsókna og nýsköpunar á þjóðarhag og hagvöxt sýnilegan. Rannís er miðstöð upplýsinga og miðlunar alþjóðasamstarfs vísinda- og tæknisamfélagsins.

rannís
Laugavegi 13, 101 Reykjavík
sími 515 5800, rannis@rannis.is
www.rannis.is


## TOPPLISTAR ÍSLANDS Á EM Í HANDBOLTA 2000 TIL 2008

**Flest Evrópumót:**

| | |
|---|---|
| Guðjón Valur Sigurðsson | 5 |
| Ólafur Stefánsson | 5 |
| Sigfús Sigurðsson | 4 |
| Róbert Gunnarsson | 3 |
| Guðmundur Hrafnkelsson | 3 |
| Patrekur Jóhannesson | 3 |
| Dagur Sigurðsson | 3 |
| Róbert Sighvatsson | 3 |
| Rúnar Sigtryggsson | 3 |
| Snorri Steinn Guðjónsson | 3 |
| Ásgeir Örn Hallgrímsson | 3 |

**Flestir leikir á EM:**

| | |
|---|---|
| Guðjón Valur Sigurðsson | 27 |
| Ólafur Stefánsson | 25 |
| Sigfús Sigurðsson | 22 |
| Guðmundur Hrafnkelsson | 17 |
| Patrekur Jóhannesson | 16 |
| Dagur Sigurðsson | 16 |
| Róbert Sighvatsson | 16 |
| Snorri Steinn Guðjónsson | 15 |

**Flest mörk á EM:**

| | |
|---|---|
| Ólafur Stefánsson | 152 |
| Guðjón Valur Sigurðsson | 115 |
| Snorri Steinn Guðjónsson | 82 |
| Patrekur Jóhannesson | 58 |
| Sigfús Sigurðsson | 45 |
| Valdimar Grímsson | 41 |
| Róbert Gunnarsson | 36 |



**RÓBERT GUNNARSSON** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**SNORRI STEINN GUÐJÓNSSON** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**Flestar stoðsendingar á EM:**

| | |
|---|---|
| Ólafur Stefánsson | 162 |
| Guðjón Valur Sigurðsson | 49 |
| Patrekur Jóhannesson | 47 |
| Snorri Steinn Guðjónsson | 47 |
| Dagur Sigurðsson | 44 |
| Arnór Atlason | 38 |

**Flest mörk og stoðsendingar á EM:**

| | |
|---|---|
| Ólafur Stefánsson (152 mörk + 162 stoðsendingar) | 314 |
| Guðjón Valur Sigurðsson (115 mörk + 49 stoðsendingar) | 164 |
| Snorri Steinn Guðjónsson (82 mörk + 47 stoðsendingar) | 129 |
| Patrekur Jóhannesson (58 mörk + 47 stoðsendingar) | 105 |

**Flest hraðaupphlaupsmörk á EM:**

| | |
|---|---|
| Guðjón Valur Sigurðsson | 44 |
| Ólafur Stefánsson | 20 |

**Flest mörk með langskotum á EM:**

| | |
|---|---|
| Ólafur Stefánsson | 71 |
| Snorri Steinn Guðjónsson | 23 |
| Patrekur Jóhannesson | 22 |
| Dagur Sigurðsson | 21 |

**Flest fiskuð víti á EM:**

| | |
|---|---|
| Róbert Gunnarsson | 21 |
| Sigfús Sigurðsson | 19 |
| Guðjón Valur Sigurðsson | 15 |
| Róbert Sighvatsson | 14 |


BT
DVD - markaður!!!
Skeifan - Smáralind - Akureyri
alla helgina í næstu verslun BT
DVD myndir frá kr. 199 -
Aðeins brot af úrvalinu!
DVD þættir frá kr. 299 -
Úrval í verslunum er breytilegt
- mesta úrvalið er í Skeifunni
Búinn með leikinn?
spilað & skilað
BT
Skeifunni og Akureyri
Við kaupum hann af þér!
Komdu með gamla leikinn þinn í BT og fáðu inneignarnótu eða annan leik í staðinn.
INNEIGNARNÓTUR BT GILDA EINNIG Í
ORMSSON
Við tökum við PS2 – PS3 Wii og DS leikjum
Tökum PS3 og Wii leiki inn á extra góðu verði !
BT SKEIFAN - BT SMÁRALIND - BT AKUREYRI - www.BT.is - 550-4444

Ægir Þór skoraði 33 stig og gaf 13 stoðsendingar:

# Sá fyrsti í tæp sjö ár

**KÖRFUBOLTI** Ægir Þór Steinarsson varð í fyrrakvöld fyrsti íslenski leikmaðurinn í tæp sjö ár til þess að ná því að skora 30 stig og gefa 10 stoðsendingar í einum og sama leiknum. Ægir Þór var þá með 33 stig og 13 stoðsendingar í 111-109 útisigri Fjölnis á Grindavík.

Ægir Þór er aðeins átján ára gamall og á sínu fyrsta ári í úrvalsdeildinni. Síðasti íslenski leikmaðurinn til þess að ná því að skora 30 stig eða gefa 10 stoðsendingar í sama leiknum var Damon Johnson sem gerði það í sigri Keflavíkur á ÍR 27. mars 2003. Damon var með 39 stig og 11 stoðsendingar í leiknum.

Þeir Ægir og Damon eru aðeins í hópi fjögurra annarra leikmanna í úrvalsdeild karla frá og með 1999-2000 tímabilinu sem hafa náð því að leiða sóknarleik sinna liða bæði í skori og sköpun. Meðal þeirra er Tómas Holton en sonur hans, Tómas Heiðar Tómasson, skoraði einmitt sigurkörfu Fjölnis í leiknum í Grindavík eftir stoðsendingu frá Ægi Þór. **- óój**



**FRÁBÆR** Ægir Þór Steinarsson. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




# Stjörnunni var slátrað í Sláturhúsinu í Keflavík

**Keflavík gerði toppbaráttuna í Iceland Express-deild karla enn meira spennandi með stórsigri á Stjörnunni, 118-83, í Sláturhúsinu í gær. Keflavík stöðvaði um leið fimm leikja sigurgöngu bikarmeistaranna úr Garðabænum.**

